

# Bændablaðið

3. tölublað 2026 • Fimmtudagur 12. febrúar • Blað nr. 696 • 32 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: www.bbl.is

## Lagaleg óvissa

Enn eru gerðar alvarlegar athugasemdir við frumvarp til breytinga á búvörulögum.

6



## Taugaeitur í matarolíu

Hexan í jurtaolíuþnaði reynist mun útbreiddara og hættulegra en áður var talið.

18



## Nautin á Efstalandi

Daglegur vöxtur ungneytanna á Efstalandi í Öxnadal var að meðaltali 714,5 grömm á dag.

24



Umfangsmiklar leifar torfhláðinna mannvirkja frá þjóðveldisöld hafa verið kortlagðar, bæði á Norður- og Suðurlandi. Myndin sýnir torfgarðinn mikla á Fljótsheiði. Hann er hluti af miklu kerfi garða á Norðurlandi sem var reist á síðari hluta 10. aldar. Eftir honum gengur Arni Einarsson, líffræðingur og fornvistfræðingur, sem hefur kortlagt um 780 kílómetra af slíkum gördum á Norðurlandi, sem reistir voru ofan byggðar og á landamerkjum milli bæja. Á Suðurlandi hafa nú fundist nokkur vel varðveitt bæjarstæði frá elstu tíð ásamt torfgörðum, ökrum og áveitum.

Mynd / Arni Einarsson

– Sjá frétt á síðu 2 og nánari umfjöllun á síðum 32–33.

## AMOC að veikjast

AMOC-veltírhingrásin er að veikjast og ný gögn segja vaxandi líkur á stigvaxandi hnignun með verulegum áhrifum á Ísland.

Veltírhingrás Atlantshafsins, AMOC, hefur mótað loftslag norðrhvells í þúsundir ára og tryggt mildari aðstæður á norðanverðu Atlantshafi. Rannsóknir síðustu ára benda til að kerfið sé veikara en um langt skeið, sem sést í mælingum á hita, seltu og blöndun sjávar. Líkön gera jafnframt ráð fyrir að áframhaldandi hlýnun auki líkur á vendlipunkti þar sem hringrásin geti stöðvast, með slæmum afleiðingum. Vísindamenn telja að hnattræn hlýnun og aukið ferskvatn frá Grænlandsjökli dragi úr sökkvun hafsins á norðlægum breiddum. Þannig veikist varmaflutningur sem hingað til hefur borið hlýjan sjó norður á bóginn. Merki þessa eru skýr í svonefndum kuldapólli sunnan Íslands, sem hefur kólnað á meðan hafið hlýnar víðast annars staðar.

Afleiðingarnar fyrir Ísland gætu orðið umfangsmiklar: svalari sumur, meiri sveiflur í vetrarhitu, tíðari lægðir og breyttar aðstæður fyrir landbúnað og sjávarútveg. Fiskgengd gæti raskast vegna breytinga á næringarefnaflæði, og hafís gæti orðið oftar fyrir ströndum.

Ný norræn skýrsla telur líklegt að AMOC hægi á sér á öldinni og mögulega stöðvist hlutar hennar. Óvissan er þó mikil, en niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að fylgjast grannt með þróuninni og draga hratt úr losun gróðurhúsalofttegunda til að minnka áhættu. /sá

– Sjá nánar á bls. 20–21

# Dýrahæ áfram urðuð í miklum mæli

Samkvæmt nýjustu tölum Umhverfis- og orkustofnunar fóru á árinu 2024 um 84% dýrahæja ólöglega til urðunar, en um 16% fóru lögformlega leið til brennslu.

Matvælastofnun (MAST) ber ábyrgð á að rétt sé staðið að meðferð dýraleifa og dýrahæja. Dýrahæ flokkast sem „aukaafurð dýra“ í regluverki úrgangsmála. Það er þó á ábyrgð bænda sjálfra og annarra eigenda aukaafurðanna að koma þeim til viðeigandi förgunar.

Hjá MAST fengust þær upplýsingar að í lögunum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sem starfað væri eftir, væru þvingunarúræði og viðlagaákvæði vegna frávika og brota á ákvæðum laganna. Stjórnvöld hafi nú gert ráð fyrir tímabundnu fjárframlagi fyrir árin 2026–2028 til að bjóða út og fjármagna rekstrarkostnað

á samræmdu söfnunarkerfi fyrir dýraleifar. Eftir að heildstætt söfnunarkerfi hefur verið tekið í gagnið muni stofnunin beita sér í þeim tilvikum þar sem ekki er farið eftir ákvæðum laganna um meðhöndlun, vinnslu og eyðingu aukaafurða dýra.

Segir í svari MAST að þrátt fyrir að ýmis sveitarfélög hafi á undanförunum árum sett upp vísi að söfnunarkerfi fyrir dýrahæ sé enn ekki til heildstætt söfnunarkerfi í landinu sem sér um að taka við dýrahæjum og koma þeim í viðeigandi meðhöndlun. Ómögulegt sé því fyrir stóran hluta bænda að uppfylla kröfur regluverksins.

Atvinnuvegaráðuneytið segir um fyrirhugað söfnunarkerfi að ráðuneytið og Matvælastofnun hafi unnið að mótnun fyrirkomulags á landsvísi fyrir slíkt kerfi. Markmið verkefnisins sé að

skilgreina útfærslu þjónustunnar þannig að hún henti öllum aðilum í keðjunni, bændum, flutningsaðilum, móttöku og brennslustöðvum. Fyrirhugað er að bjóða verkefnið út á næstu vikum og er sem stendur unnið að frágangi útboðsgagna vegna málsins. Ekki liggja fyrir dagsetning á því hvenær hægt verður að taka kerfið í notkun.

Í byrjun síðasta árs var fjallað um stöðu þessara mála í Bændablaðinu og sagði Halla Margrét Viðarsdóttir, sérfræðingur á sviði umhverfisgæða Umhverfis- og orkustofnunar, að samráðsettvang vantaði fyrir alla þá aðila stjórnsýslunnar sem koma að málum.

Sumarið 2022 féll dómur EFTA-dómstólsins þar sem fram kemur að fyrirkomulag á söfnun, flutningi og förgun á þessum aukaafurðum

dýra á Íslandi sé ekki í samræmi við ákvæði EES-löggjafar. ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, áminnti svo stjórnvöld í júní 2024 fyrir að hafa ekki aðhafst í málinu frá því að dómurinn féll.

Aðeins brennslustöðin Kalka í Helgúvík á Reykjanesi getur tekið við áhættuúrgangi í flokki 1, hræjum af jörturdýrum. Urðun á viðurkenndum urðunarstöðum er aðeins leyfð fyrir aukaafurðir dýra í áhættuflokki 2, eftir viðeigandi sóttthreinsun. Engin slík sóttthreinsistöð er hins vegar til staðar í landinu. Í umfjöllun Bændablaðsins um Köllu í byrjun síðasta árs var haft eftir Ingbóri Karlssyni, rekstrarstjóra brennslu hjá stöðinni, að stöðin geti tekið við um 90 prósentum af heildarmagni þeirra dýrahæja sem féllu til í landinu. /smh





Rangárvellir:

# Landbúnaðarminjar í fornleifafundi

Fundist hafa sérstakar landbúnaðarminjar í Rangárvallasýslu frá Þjóðveldistíma, sem til stendur að gera grein fyrir í vísindagrein og í kjölfarið í bók.

Árni Einarsson, líffræðingur og fornvistfræðingur, hefur á undanförmum rúmum tveimur áratugum rannsakað landbúnaðarforminjar; fyrst umfangsmikla torfgarða á Norðausturlandi en í seinni tíð helgað sig minjum á Suðurlandi. Þar hefur hann fundið minjar um klasa bæjarstæða og plægða akra, auk þess sem hann hefur með rannsóknum sínum fengið heildarmynd af Keldnaáveitunni – sem til voru heimildir um – og hann kallar „verkfræðilegt undraverk“.

## Fimm bæjarstæði fundin

Árni segir að fundin séu fimm bæjarstæði á Rangárvöllum frá Þjóðveldisöld sem ekki var búið að kortleggja áður og teljast til tíðinda í fornleifaheiminum auk þess sem hann hafi á þessu svæði fundið minjar um plægða akra á nokkrum svæðum.

Hann segir bæjarstæðin vel sýnileg á yfirborðinu og virðast ósködduð. Þrjú þeirra hafi verið aldursgreind með óskulögum.

Þetta séu því tóftir af dæmigerðum langhúsum með víkingaaldarlagi,



Árni Einarsson.

Mynd / Aðsend

tvö til þrjú á hverjum bæ. Eins séu þar stórar tóftir sem líklega séu af fjósum, auk heygarda og ýmissa útihúsa. Akrarminjar séu fullkomlega varðveittir með vel sýnilegum plögforum. Sá stærsti er á Skeiðvöllum, rúmírir tveir hektarar að stærð. Þar séu for frá því síðast var plægt, sem Árni telur að hafa getað verið á 14. eða 15. öld.

## Heilt kerfi fornra akra

Árni segir að til séu heimildir frá síðustu öld um Keldnaáveitu, en hún hafi ekki verið rannsökuð. Hann telur sig nú hafa fengið heildarmynd af þessum merku minjum þar sem finna megi heilt kerfi fornra akra.

Hann segir áveituna hafa virkað þannig að vatni úr Keldnaáveitunni hafi verið veitt yfir Tunguheiðina niður frá Keldum og því dreift um alla heiðina með nettum torfhlöðnum stokkum og stíflugörðum. Með stöllum í aflíðandi heiðinni hafi verið hægt að vökva fjölmarga akra. /smh

- Sjá viðtal við Árna á síðum 32-33.

Búvörulög:

# Óvissa um lagaleg áhrif

Frumvarpsdrög um breytingar á búvörulögum eru til umsagnar hjá atvinnuveganefnd Alþingis. Fjölmargar umsagnir hafa borist um málið og í allnokkrum þeirra er varað við lagalegri óvissu sem áhrif af óbreyttu frumvarpi gætu haft í för með sér.

Í þeim eru þær grundvallar-breytingar gerðar á gildandi búvörulögum að undanþágur afurðastöðva í landbúnaði frá samkeppnislögum um sameiningar eru felldar niður, en heimilt verður áfram að vinna saman í sérstökum framleiðendafélögum bænda. Undanþágur fyrir samvinnu frá samkeppnislögum munu einnig gilda um afurðastöðvar í slátrun sauðfjár, nautgripa og hrossa, en sú breyting verður að heimildirnar ná ekki lengur til slátrunar alifugla og svína, sem einnig er gagnrýnt harðlega í umsögnum.

Í umsögnum er sú gagnrýni áberandi að Samkeppniseftirlitinu séu færðar víðtækar en óskýrar

heimildir frá mörgum hliðum mála. Lýst er lagalegu óvissuástandi sem muni skapast gagnvart afurðastöðvum sem hafa starfað samkvæmt gildandi lögum og hagrætt í krafti þeirra, þar sem Samkeppniseftirlitinu eru færðar heimildir til að grípa til aðgerða gegn þeim samkvæmt samkeppnislögum.

Á þetta er meðal annars bent í umsögnum Samtaka fyrirtækja í landbúnaði, Bændasamtaka Íslands og í álitgerð fyrrum hæstaréttardómaranna Markúsar Sigurbjörnssonar og Þorgeirs Örlygssonar, sem þeir unnu að beiðni Mjólkursamsölnunar.

Segja þeir augljósar lagalegar þversagnir í frumvarpinu og hugsanleg afturvirk áhrif gagnvart þegar starfandi afurðastöðvum í mjólkuriðnaði. Telja þeir fullkomna óvissu vera um gildissvið frumvarpsins gagnvart þegar gerðu samkomulagi um sameiningu, verkaskiptingu eða annars konar samstarf afurðastöðva í mjólkuriðnaði. /smh

- Sjá nánar á síðu 6.

Bændasamtökin:

# Sérstaks frumvarps um landeldi krafist

– Lagareldisfrumvarp sniðið að sjókvíaelði

Bændasamtök Íslands gera alvarlegar athugasemdir við frumvarp ríkisstjórnarinnar um lagareldi og telja að ekki verði við unað að landeldi falli undir sama lagabálk og sjókvíaelði. Í umsögn samtakanna segir að starfsemi landeldis sé allt annars eðlis en sjókvíaelði og séu því fyrirhugað lög bæði óskýr og ófullnægjandi þegar kemur að fyrrnefndu greininni.

Samtökin leggja til að kaflinn um landeldi verði alfarið tekinn út úr frumvarpinu og unnið verði sérstakt og sérstök frumvarp um landeldi. Núverandi drög séu sniðin að sjókvíaelði og taki ekki mið af sérstöðu landeldis, sem fari fram í lokuðum kerfum, hafi afturkræf umhverfisáhrif og byggji ekki á nýtingu takmarkaðrar auðlindar í almannaeigu.

## Flókin stjórnsýsla

Í umsögninni segir að frumvarpið tryggi ekki þá einföldun regluverks sem ráðherra hafi boðað. Leyfisveitingar séu fjölmargar, ábyrgð óljós og ferlar þunglamalegir. Því sé hætt við að rekstraröryggi skerðist, verkefni tejiast og kostnaður aukist. Allt séu þetta þættir sem grafi undan samkeppnishæfni íslenskra landeldisfyrirtækja.

Samtökin leggja áherslu á að eftirlit byggji á hlutlægum mælikvörðum, svo sem CO<sub>2</sub>, O<sub>2</sub> og TAN-gildum, en ekki matskennnum viðmiðum um vatnsgæði sem geti verið ófyrirsjáanleg.

## Frárennislögreglu og þéttleikaviðmið gagnrýnd

Bændasamtökin telja fyrirhugaðar frárennislögreglu óraunhæfar í ljósi íslenskra náttúrulegra aðstæðna, þar sem straumar og hröð tilfærsla efnis dragi verulega úr hættu á uppsöfnun næringarefna. Þá sé langt að miða við hámarksþéttleika í landeldi; leyfi eigi að miða við heildarlífsmassa og vatnsgildi, enda gefi þéttleiki í einstökum kerfum skakka mynd af velferð fiska.

## Afföll og sjúkdómahættur annars eðlis

Í umsögninni er bent á að afföll í landeldi stafi fyrst og fremst af rekstrarþáttum en ekki sníkjudýrum eins og sjólús, og því séu strangar skýrslugjafir og viðmiðunarmörk í frumvarpinu ómarkviss.

## Gildistími leyfa og fjárfestingahindranir

Bændasamtökin segja tímabundið rekstrarleyfi til 16 ára óviðunandi. Slíkt dragi úr möguleikum til fjárfestinga og þróunar, enda sé landeldi fjárfrekt og byggji á langtímaáætlunum. Samtökin óska eftir ótímabundnum leyfum, eða að minnsta kosti 25 ára gildistíma.

Harðlega er einnig gagnrýnt að frumvarpið geri ráð fyrir takmörkunum á erlendum fjárfestingum í landeldi. Landeldi sé sambærileg starfsemi við annan landbúnað og byggji ekki á nýtingu náttúruauðlinda í sameign þjóðarinnar. Slíkar takmarkanir séu skaðlegar fyrir fjármögnun og uppbyggingu greinarinnar.

## Nær því að vera landbúnaður en lagareldi

Lárus Ásgeirsson, formaður búgreinadeildar landeldis í Bændasamtökum Íslands, segir að atvinnugreinin hafi ítrekað kallað eftir sérstöku regluverki.



Lárus Ásgeirsson.

„Nálgun stjórnvalda hefur hingað til verið að aðlaga lög um sjóeldi að okkar starfsemi. En það gengur einfaldlega ekki upp. Við stundum starfsemi okkar uppi á landi. Þetta er nær því að vera landbúnaður en lagareldi.“

Hann útskýrir að landeldisfyrirtækin starfi í lokuðu og stýrðu umhverfi þar sem fóðrun, afföll og rekstur séu sýnileg og rekjanleg á allt annan hátt en í opnum sjókvímum.

„Þetta er allt einangrað og við höfum fulla stjórn á öllum þáttum. Það er ekki sambærilegt við sjóeldi þar sem eftirlit og rekjanleiki eru miklu flóknari,“ segir hann. Því vilji greinin að regluverk taki mið af því að hér sé um að ræða landbundna búgrein.

## Starfsleyfi of skammtímamiðuð

Gagnrýni landeldisbænda á lagareldisfrumvarpið snýr að gildistíma starfsleyfa. „Starfsleyfin eru bara til 16 ára og það er allt of stutt,“ segir Lárus. Uppbygging landeldis taki fimm til átta ár og fjárfestingar séu mjög miklar. „Þegar reksturinn er loksins kominn í fullan gang eru kannski aðeins átta ár eftir af leyfinu. Þetta skapar óvissu fyrir fjárfesta og lánveitendur.“ Að hans mati ættu starfsleyfi frekar að vera sambærileg leyfum í hefðbundnu dýraeldi á landi: ótímabundin, nema ef rekstraraðili brýtur af sér.

## Umhverfisáhrif lítil og kolefnisspor lágt

Spurður um umhverfisáhrif segir hann þau „óveruleg“. Landeldið framleiði mikið magn próteins á litlu og oft gróðurlitlu landi og kolefnissporið sé mjög lágt. „Við notum að mestu raforku úr endurnýjanlegum auðlindum. Aukaafurðirnar eru fódurleifar og úrgangur sem fer aftur inn í náttúrulega hringrás hafsins,“ segir hann og bætir við að unnið sé að því að þróa hliðarstraua til verðmætasköpunar til lengri tíma.

## Þarf skýrari og fyrirsjáanlegri leyfisveitingar

Einnig telur hann mikilvægt að leyfisveitingar verði „skilvirkar og gegnsæjar“. Óvissa og hæg vinnsla undanfarin ár hafi tafið uppbyggingu. „Við viljum einfaldlega fyrirsjáanleika,“ segir Lárus.

## Ísland í fararbroddi

Landeldi sé tiltölulega ungt á heimsvísu, en vaxandi. „Ísland er í raun að verða fremst í heiminum í eldi á landi,“ segir hann. Lagaumgjörð hér gæti því jafnvel haft áhrif á stefnumótun í öðrum löndum. „Lagaumgjörðin í öðrum löndum er stutt á veg komin og því skiptir máli að við vöndum okkur og verðum til fyrirmyndar.“

## Krafan er sérstakt frumvarp um landeldi

Að lokum undirstrikar hann að helsta krafa atvinnugreinarinnar sé skýr: „Við viljum að landeldi verði aðskilið sjóeldinu í lögum. Núna er allt of mikil tenging við lagaumhverfi sjókvíeldis sem á einfaldlega ekki við okkur.“

Að auki telja samtökin að fyrirhugað ákvæði um endurskoðun laganna árið 2030, innan fjögurra ára frá gildistöku, myndi skapa óþarfa réttaróvissu og fæla fjárfesta frá.

## Telja Ísland hafa einstaka möguleika

Í umsögninni er vísað til þess að Ísland hafi sérstakar forsendur fyrir uppbyggingu landeldis: hreinar vatnsauðlindir, jarðhita, endurnýjanlega orku og lágmarks kolefnisspor. Landeldi styðji við dreifðar byggðir, auki framleiðni og fjölbreytni í útflutningi – markmið sem ríma við áherslur stjórnvalda.

Samtökin segja að skýr, einföld og skilvirk löggjöf sé forsenda þess að greinin geti vaxið, skapað störf og verðmæti og nýtt framfariskrafti með ábyrgum hætti. Óljóst regluverk og þung stjórnsýsla muni hins vegar telja verkefni, hækka kostnað og draga úr trausti fjárfesta.

/ph



Tankur í seiðaeldi Laxeyjar í Vestmannaeyjum.

Mynd / al



# SPRAYFO

# KÁLFAMJÓLK



Sprayfo kálfamjólkurduftið er rómað fyrir góða leysni og háan meltanleika.

Skannaðu kóðann fyrir nánari upplýsingar



Akureyri - Blönduósi - Borgarnesi - Reykjavík - Selfossi - Hvolsvelli



# Styrkir til skóg- ræktar



## Milljón plöntur

Nýmörk er sjóður á vegum verslunarinnar sem styrkir skógræktarverkefni einstaklinga og félagasamtaka um land allt.

Markmið verkefnisins er að setja niður eina milljón plöntur á næstu árum og gefa þannig einstaklingum og félagasamtökum kost á að byggja upp eigin skóg þar sem áherslan er lögð á bindingu kolefnis.

Upplýsingar um styrki og ræfrænt umsóknar-eyðublað er að finna á [Nymork.is](http://Nymork.is)



Nýmörk




POKASJÓÐUR

NÝMÖRK ER VERKEFNI POKASJÓÐS SEM HEFUR FRÁ ÁRINU 1996  
VEITT MEIRA EN 3.000 MILLJÓNUM TIL GÓÐRA MÁLEFNA.



## Á að innleiða erlent kúakyn til mjólkurframleiðslu á Íslandi?



Hvað segja bændur?

## Vilja ekki innleiða erlent kúakyn til mjólkurframleiðslu

Um sextíu prósent bænda í Bændasamtökum Íslands eru ósammála eða nokkuð ósammála því að innleiða erlent kúakyn til mjólkurframleiðslu á Íslandi. Um 25 prósent eru sammála eða nokkuð sammála og tæp sextán prósent eru óákveðin.

Þetta er niðurstaðan í skoðanakönnun Bændablaðsins meðal félagsmanna í Bændasamtökum Íslands en þeir eru um það bil 2.600. 396 greiddu atkvæði, eða 18,4 prósent félagsmanna. Könnunin stóð frá 10. til 16. febrúar. /ph

Mjólkurframleiðsla 2025:

## Greitt að fullu fyrir allt að 10,47% af umfram mjólk

Útreikningum á útjöfnun ársins 2025 er lokið hjá atvinnuvegaráðuneytinu annars vegar og mjólkurafurðastöðvunum hins vegar.

Alls koma til útjöfnunar rúmlega 7,6 milljónir lítra og fá þeir kúabændur sem lögðu inn umfram mjólk, sem var allt að 10,47% af greiðslumarki þeirra, hana nú greidda fullu verði, bæði hvað varðar beingreiðslur og afurðastöðvarverð.

Peningalegt uppgjör samkvæmt þessum útreikningum fer fram nú í febrúarmánuði.

### Ónotað greiðslumark

Að sögn Jóhannesar Hr. Símonarsonar, framkvæmdastjóra Auðhumlu svf., samanstanda þessar 7,6 milljónir lítra annars vegar af greiðslumarki þeirra mjólkurframleiðenda sem ekki náðu að framleiða að fullu upp í greiðslumark sitt og hins vegar þeirra mjólkurframleiðenda sem hafa hætt mjólkurframleiðslu en eiga enn hluta af greiðslumarki sínu óselt í árslok.

Framkvæmd útjöfnunar fer fram samkvæmt 11. grein reglugerðar um stuðning í nautgriparekt: „Skal fyrst greitt fyrir fyrsta prósentustig sem greiðslumarkshafi framleiðir umfram eigið greiðslumark og síðan annað prósentustig og svo áfram eftir því sem

ónotað greiðslumark gefur tilefni til.“

### Metframleiðsla mjólkur

Heildarmagn raunverulegrar umfram mjólkur, sem framleitt var umfram heildargreiðslumark, reiknast því alls um fimm milljónir lítra, en var um 2,2 milljónir lítra árið 2024.

Alls voru 156,9 milljónir lítra lagðir inn í mjólkurafurðastöðvar á síðasta ári, sem er metframleiðsla mjólkur á einu ári og rúmlega þremur milljónum lítrum meira magn en árið 2024.

### Hærra útjöfnunarhlutfall undanfarið ár

Jóhannes segir að undanfarið tvö ár hafi hlutfallið sem kom til útjöfnunar á ónotuðu greiðslumarki verið nokkru meiri en áður var, eða um og yfir 16%. Það hafi væntanlega hvatt til aukinnar framleiðslu auk þess sem fóduröflun bænda hafi gengið mjög vel síðasta sumar.

Um síðustu áramót voru 445 kúabú starfandi á Íslandi sem er um helmingfækkun frá aldamótum. Á sama tíma hefur meðalkúabúið stækkað umtalsvert og framleiðir nú rúmlega þrefalt meira en um aldamótin, eða ríflega 330 þúsund lítra. /smh



Vetrarmynd frá Þingvöllum. Þar standa breytingar fyrir dyrum á því svæði þar sem um 99% ferðamanna koma. Mynd / Deiliskipulag, Frá Haki að Leirum, Bláskógabyggð, 2025.

Skipulag:

# Brugðist við vaxandi álagi í Þingvallabjórðgarði

– Stýra á betur flæði gesta og minnka álag af ökutækjum

Deiliskipulag fyrir vesturhluta Þjóðgarðsins á Þingvöllum felur í sér vernd, uppbyggingu og nýtt skipulag sem miðar að því að bæta aðstöðu gesta og tryggja sjálfbæra nýtingu svæðisins til framtíðar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur samþykkt nýtt deiliskipulag sem nær frá Hakinu að Leirum og tekur til helstu aðkomusvæða þjóðgarðsins, þinghelginnar og þjónustusvæða. Skipulagið byggir á stefnu Þingvallanefndar 2018–2038 og er svar við mikilli fjölgun gesta undanfarið ár, auk síaukinnar þarfar fyrir skýra stýringu umferðar og verndun náttúru og menningarminja.

### Vegvísir til framtíðar

Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður og framkvæmdastjóri Þingvallanefndar, segir deiliskipulagið hafa verið nokkurn tíma í vinnslu. „Það má segja að þetta sé vegvísir til framtíðar, byggður á aðalatriðum í stefnumörkun Þingvallanefndar sem endurskoðuð var og samþykkt árið 2018,“ segir hann. Skipulagið nái eingöngu til meginsvæðis heimsókna ferðamanna til Þingvalla og sé ekki skipulag yfir allan þjóðgarðinn.

„Svæðið sem það nær til er þó það svæði sem um 99% gesta okkar heimsækir. Af þeim sökum er það

mjög mikilvægt,“ útskýrir hann.

„Aðalatriðin eru að skýra betur flæði og umferð gangandi og akandi innan þinghelgarinnar. Hluti af því er að skilgreina nýja aðkomu og bílastæði ofan Almagnagjár á tveimur stöðum norðan við Öxarárfoss þar sem hægt verður að ganga niður að mest heimsóttu áningarstöðum innan þinghelgarinnar. Markmiðið er að minnka álag af völdum bíla og hópferðabíla fyrir neðan Almagnagjá,“ segir Einar og heldur áfram:

„Einnig er þarna inni tillaga að nýju menningarhúsi; veitinga- og fundahúsi rétt sunnan við Gestastofuna á Haki, þar sem fallett útsýni er yfir Þingvallavatn og yfir sigdældina. Það má líka kalla það hús þings og þjóðar, þar sem rætt hefur verið þar um aðstöðu fyrir Alþingi um leið að það geti þjónað hlutverki veitingahúss fyrir gesti, veislur, hópa og aðra sem vilja góðan viðurgjörming á Þingvöllum. Það hefur skort verulega á Þingvöllum síðan Hótel Valhöll brann árið 2009.“

### Ekki gert á einni nóttu

Einnig eru tvö önnur mannvirkjavæði á skipulaginu, ofan við Almagnagjá þar sem bílar og rútur geta lagt, um leið og dregið verður úr bílastæðum fyrir neðan Almagnagjá.

„Taka ber fram að þetta deiliskipulag verður ekki innleitt á einu sumri eða stuttum tíma, heldur er þetta eins og fyrr segir ákveðinn vegvísir að framkvæmdum til framtíðar. Það er stórt og mikið og margar útfærslur í því sem kalla á ítarlegri hönnun og yfirlegu,“ segir Einar enn fremur.

/sá



Afmörkun skipulagssvæðisins í þjóðgarðinum á Þingvöllum og staðhættir. Uppdráttur / Deiliskipulag, Frá Haki að Leirum, Bláskógabyggð, 2025.

## Þingvellir: nýtt deiliskipulag

- Gert er ráð fyrir nýrri þjónustumiðstöð austan Þingvallavegar, með stóru bílastæði fyrir 300–350 bíla og 10–15 rútur. Nýjar gönguleiðir verða lagðar frá miðstöðinni niður hliðargjá og áfram í gegnum Furulund, þar sem trjatóppastigur í allt að sex metra hæð mun leiða gesti áfram í átt að þinghelginni. Aðalstígar verða 3 metra breiðir og lagðir með aðgengi fyrir alla þar sem unnt er.
- Rafknúinn strætó mun ferðast um þjóðgarðinn á 15–30 mínútna fresti með stoppstöðvum við helstu svæði, þar á meðal Hakið, Furulund, Leira og nýju þjónustumiðstöðvarnar. Almenn bílastæði innan kjarnasvæðisins, svo sem við Valhallarplan, Þingplan og Nikulásargjá, verða lögð af og þjónusta færð út fyrir helstu minjasvæði.
- Í skipulaginu er lögð rík áhersla á vernd fornleifa, en 347 minjastaðir eru skráðir á svæðinu, þar af 168 friðlýstir. Allar framkvæmdir í eða við minjar krefjast samráðs við Minjastofnun Íslands.
- Auk nýrrar þjónustumiðstöðvar verður byggt menningarhúsi á Hakinu, með veitingaaðstöðu og fundarrými Alþingis. Þá verður aðstaða fyrir köfunarstarfsemi við Silfru endurskoðuð og færð á nýtt svæði.
- Deiliskipulagið gerir jafnframt ráð fyrir skýrum skilmálum um fráveitu, vatnsvernd, lýsingu, byggingarefni og stýringaráform til að tryggja að uppbyggingin rýri hvorki ásýnd né sérstöðu svæðisins.

## PRO OMEGA HUNDAFÓÐUR

Hágæða alhliða hundafóður á frábæru verði!



Adult 15kg.....8.324 kr.

Performance 15kg.....8.453 kr.

Lamb & Rice 15kg.....9.419 kr.

Puppy 8kg.....5.575 kr.

gæði í hverri gjöf...



www.fodur.is  
fodur@fodur.is

FB Reykjavík  
Korngráðar 12  
570 9800

FB Selfoss  
Austurvegur 64 a  
570 9840

FB Hvalsóllur  
Dufþakabraut 1  
570 9850

SENDUM UM  
ALLT LAND





**LANDSHÚS**  
Síðan 2013

**ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ  
FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR**

## FOSSAR EINBÝLISHÚS



Fossar einbýlishús eru útfærð í einingakerfi Landshúsa sem hefur fengið afar góðar viðtökur og hafa húsin okkar risið um allt land með góðum árangri. Kerfið er að hluta til forsmíðaðar einingar og að hluta til forsmíðið efni.

**EFLA**

Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á húsunum okkar samkvæmt íslenskrri byggingar-löggjöf.

**FOSS 1**  
102 fm



**5** staðlaðar stærðir með ýmsum breytinga- og stækkunarmöguleikum.

**FOSS 2**  
119 fm



**FOSS 3**  
145 fm



Markmið okkar hefur frá upphafi verið að bjóða lausnir sem gera fólki kleift að byggja traust hús á einfaldan og hagkvæman hátt.

**FOSS 4**  
180 fm



**FOSS 5**  
211 fm



**Bókaðu fund**  
og við förum yfir  
málin með þér

## HRÍM HEILSÁRSHÚS



Hrím er hús úr smíðju Landshúsa. Húsið er stílhreint, bjart og hannað í nútímastíl. Húsið hentar vel sem sumarhús eða sem heilsárshús. Hægt er að breyta húsinu á ýmsa vegu og ráða stærð þess.

*Húsið á myndinni er af gerðinni Hrím 108 sem reist var í Grímsnesi haustið 2025*

**STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN**  
Landshús - Sími 553 1550 - [www.landshus.is](http://www.landshus.is)



**LANDSHÚS**  
Síðan 2013



# Bændablaðið

Ritstjóri: Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – Sími: 563 0300  
 Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 866 3855  
 Blaðamenn: Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is  
 Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is  
 Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is  
 Vefur blaðsins: [www.bbl.is](http://www.bbl.is) – Netfang blaðsins: [bbl@bondi.is](mailto:bbl@bondi.is)  
 Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf.  
 Upplag: 33.000 Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## Réttaröryggi bænda er ekki aukaatriði

Frumvarp til breytinga á búvörulögum, sem nú liggur fyrir atvinnuveganefnd, er ekki bara tæknilegt plagg um samkeppnisheimildir. Það vekur grundvallarspurningar um stöðu og framtíð íslensks landbúnaðar, um rekstraröryggi bænda og um það hvort afurðastöðvar – og þar með neytendur – búi við fyrirsjáanlegt og sanngjart regluverk. Og enn á ný blasir við sú óþægilega niðurstaða að frumvarpið, eins og það er nú, þjónar þeim hagsmunum illa sem ættu að vera í forgangi.

Það er ekki eins og umsagnir hagsmunaaðila séu tvíærðar. Samtök fyrirtækja í landbúnaði hafna frumvarpinu algerlega í núverandi mynd og benda á að lagabreytingarnar séu illa útskýrðar, matskenndar og skapi réttarfarslega óvissu. Bændasamtök Íslands og tveir fyrrverandi hæstaréttardómarar taka í sama streng: frumvarpið er óskýrt, misvísandi og opnar dyr fyrir afturvirkni sem gæti grafið undan grundvallarréttindum bænda og afurðastöðva.

Í landbúnaði er rekstraröryggi ekki munaðarvara. Það er forsenda þess að bændur geti fjárfest, skipulagt framleiðslu og sinnt þeirri samfélagslegu skyldu að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar. Þegar löggjöf er óljós um hvar mörkin liggja, hvaða reglur gilda og hvenær þær gilda – þá fölna allar framtíðaráætlanir.

Eitt það alvarlegasta sem bent er á í umsögnum er að undanþágur afurðastöðva frá samkeppnislögum verði afnumdar án greinargóðrar röksemdafærslu. Núverandi undanþága hefur skilað verulegri hagræðingu í mjólkuriðnaði og sambærilegar þarfir liggja fyrir í sláturiðnaði. Að ráðast í kerfisbreytingu án þess að svara einföldum spurningum um „hvers vegna nú?“ og „hvaða áhrif mun þetta hafa?“ er óþyrft gagnvart bændum og neytendum.

Sérstaklega er gagnrýnt að mismunandi reglur eigi að gilda eftir tegund sláturdýra: að undanþágur gildi áfram í sauðfjár-, nautgripa- og hrossasláturhúsum, en ekki í alifugla- og svínaslátrun. Slík mismunur, án rökstuðnings, er ekki aðeins óskiljanleg heldur óboðleg. Það er eðlileg krafa að sama lagaumgjörð gildi um alla þá sem búa við sambærilegar aðstæður.

Ítrekað er varað við því að Samkeppnisefirlitinu sé færðar víðtækar valdheimildir án þess að sett séu skýr mörk. Ef eftirlitsaðili getur tekið ákvarðanir sem brjóta upp rekstrarfyrirkomulag í mjólkuriðnaði – jafnvel án þess að brot hafi átt sér stað – þá er verið að opna dyr fyrir óafturkræfu tjóni. Slíkt er ekki einkamála afurðastöðva; það bitnar á bændum sem missa traust á kerfinu og á neytendum sem eiga á hættu að sitja eftir með dýrari og óstöðugri matvælakeðju.

Þegar tveir fyrrverandi hæstaréttardómarar vara við lagalegum þversögnum og mögulegri bótaskyldu ríkisins vegna skerðingar á réttindum afurðastöðva, þá er ástæða til að staldra við. Þetta eru ekki jaðarsjónarmið heldur alvarleg stjórnskipuleg álitafæni. Ef löggjafinn ætlar að breyta grunnstöðum atvinnugreinar sem byggir á leyfisskyldu og fjárfestingum til áratuga verður það að vera gert með skýrleika, fyrirsjáanleika og vönduðum rökum – ekki með pólitískum handabendingum.

Hagræðing í afurðavinnslu hefur skilað íslenskum neytendum stöðugu framboði og hóflegu verði á innlendri framleiðslu. Hún byggir á því að bændur og afurðastöðvar geti starfað í samhentum og skilvirkum kerfi. Að grafa undan þeirri hagræðingu án móttraka er skref í ranga átt.

Ef löggjafinn vill efla samkeppni verður að gera það á upplýstan hátt, með skýrum markmiðum og raunæri greiningu á áhrifum. Sú greining hefur ekki farið fram.

Þröstur Helgason

# Lagaleg óvissa um áhrif nýrra búvörulaga

Fréttaljos | Sigurður Már Harðarson  
[smh@bondi.is](mailto:smh@bondi.is)

Samtök fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) telja ótækt að frumvarp um breytingar á búvörulögum nái fram að ganga í núverandi mynd og leggjast alfarið gegn samþykkt þess. Bændasamtök Íslands og tveir fyrrum hæstaréttardómarar telja lagalega óvissu vera um áhrifin af óbreyttu frumvarpi.

Frumvarpsdrögin eru nú til umsagnar hjá atvinnuveganefnd áður en það fer til annarrar umræðu í þingsal Alþingis. Í þeim eru þær grundvallarbreytingar frá gildandi lögum að undanþágur afurðastöðva í landbúnaði frá samkeppnislögum um sameiningar, eru felldar niður. Áfram er þó gert ráð fyrir samstarfsheimildum afurðastöðva, undanþegnum samkeppnislögum, í sérstökum framleiðendafélögum bænda sem eru í eigu eða undir meirihlutastjórn frumframleiðenda um afmarkaða þætti starfseminnar. Einnig gilda þær um afurðastöðvar í slátrun sauðfjár, nautgripa og hrossa, en sú breyting er að heimildirnar ná ekki lengur til slátrunar alifugla og svína.

Um endurskoðuð frumvarpsdrög er að ræða frá því sem lagt var í samráðsgátt stjórnvalda í október á síðasta ári til umsagnar.

### Matskennd skilyrði

Í umsögn SAFL segir að frumvarpið boði breytingar á gildissviði gildandi undanþága í landbúnaði án þess að gerð sé grein fyrir því eða færður fram rökstuðningur fyrir þeim breytingum í greinargerð frumvarpsins.

Markmiðum búvörulaga sé vikið til hliðar og samkeppnisfyrirvöldum veittar mun víðtækari heimildir til íhlutunar en þekkist í ESB-rétti. Frumvarpið skapi hættu á að núverandi fyrirkomulag í mjólkuriðnaði verði brotið upp með tilheyrandi tjóni fyrir bændur, iðnaðinn og neytendur.

Gagnrýnt er að Samkeppnisefirlitinu sé falið að meta hvort um bein yfirráð frumframleiðenda sé að ræða í framleiðendafélaginu, skilyrðin séu matskennd og byggji ekki á skýrum skilyrðum og reglum. Þá leggjast SAFL gegn því að undanþáguheimild afurðastöðva til sameininga verði afnumin, þar sem núverandi undanþága hafi skilað mikilli hagræðingu í mjólkuriðnaði og sýnt hafi verið fram á mikla þörf á sambærilegri hagræðingu hjá afurðastöðvum í slátrun.

SAFL gera enn fremur alvarlegar athugasemdir við þá breytingu að mismunandi reglur skuli gilda út frá tegund sláturdýra sem um ræðir, að undanþágur verði veittar í slátrun sauðfjár, nautgripa og hrossa en ekki í alifugla- og svínaslátrun. Sé vilji þeirra afurðastöðva að öðlast undanþágur þurfi þær að fara í gegnum hið óþarflega flókna ferli að sækja um skráningu sem framleiðendafélag hjá SKE. SAFL hafa ekki fengið skýringar eða röksemdir fyrir því hvers vegna vilji er fyrir því að ólíkar kröfur gildi um ólíkan búfénað. Segja þau óboðlegt að ekki sé gerð grein fyrir þessum breytingum í greinargerð frumvarpsins með nokkrum hætti.

Loks gagnrýna SAFL að Samkeppnisefirlitinu sé færðar valdheimildir. Samkeppnisefirlitið getur þannig gert núverandi verkaskiptingu í mjólkuriðnaði óheimila. Telja þau



Gagnrýnt er í umsögnum að samstarfsheimildir fyrir afurðastöðvar í slátrun nái ekki til alifugla- og svínaslátrunar. Mynd / smh

ad slík ákvörðun hefði í för með sér óafturkræft tjón í mjólkuriðnaði, fyrir bændur, úrvinnslufyrirtæki bænda og neytendur.

### Taki til slátrunar alls búfjár

Í umsögn Bændasamtaka Íslands er gagnrýni beint að svipuðum ákvæðum og koma fram í umsögn SAFL. Undanþáguheimildir fyrir afurðastöðvar í slátrun ætti ekki að einskorða við ákveðnar tegundir búfjár. Nauðsynlegt sé að heimildin taki til slátrunar alls búfjár.

Talið er að frumvarpið skapi réttaróvissu með almennri tilvisun til þess að Samkeppnisefirlitið geti gripið til „aðgerða samkvæmt samkeppnislögum“ sem sé bæði óljós og víðtæk. Hún skapi óvissu um hvenær samstarf telst ólöglegt, hvaða reglur gilda á meðan samstarf er talið löglegt og hvaða viðurlög geta komið til álita.

Hætta sé á afturvirkni og íþyngjandi íhlutunum þar sem frumvarpið vekur upp spurningar um hvort Samkeppnisefirlitið geti beitt viðurlögum vegna samstarfs sem var löglegt þegar það var stofnað og gripið til úrræða eins og uppskiptingar án þess að brot hafi átt sér stað. Slíkt myndi að mati Bændasamtakanna grafa undan réttaröryggi bænda og neytenda og þeim ávinningi sem núverandi kerfi hefur skilað og vonir eru um að það skili.

### Fullkomin óvissa

Á svipuðum nótum eru fyrrum hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Þorgeir Örlýgsson. Þeir skiluðu inn álitgerð um áhrif fyrirhugaðra breytinga á búvörulögum á stöðu afurðastöðva í mjólkuriðnaði, sem unnin var að beiðni Mjólkursamsölnunar.

Segja þeir að um leyfisskylda starfsemi sé að ræða hjá afurðastöðvum í mjólkuriðnaði. Af því leiði að við mat á svigrúmi löggjafans til breytinga á núverandi skipulagi mjólkurframleiðslunnar eigi sömu sjónarmið við og gildi um leyfisskylda starfsemi varðandi vernd atvinnufrelsis og friðhelgi eignarréttar samkvæmt 75. og 72. greinum stjórnarskrárinnar. Þegar slík réttindi séu með lögum afnumin til frambúðar eða þau skert verulega megi eftir atvikum jafna slíkum skerðingum til eignarnáms og fullar bætur skuli koma fyrir það tjón sem skerðingin hefur í för með sér.

Segja þeir að augljósar lagalegar þversagnir í frumvarpinu og hugsanleg afturvirk áhrif gagnvart þegar starfandi afurðastöðvum í mjólkuriðnaði. Telja þeir fullkomna óvissu vera um gildissvið frumvarpsins gagnvart þegar gerðu samkomulagi um sameiningu, verkaskiptingu eða annars konar samstarf afurðastöðva í mjólkuriðnaði vegna misvísandi staðhæfinga að þessu leyti í greinargerð með frumvarpinu. Fá þeir ekki staðist það sem segir í greinargerðinni að ákvæði þess hafi ekki áhrif á þegar gert samkomulag um verkaskiptingu milli afurðastöðva.

Ekki sé hægt að fullyrða frekar á þessu stigi um hugsanlega bótaskyldu ríkisins gagnvart þegar starfandi afurðastöðvum í mjólkuriðnaði verði frumvarpið óbreytt að lögum. Það stafi fyrst og fremst af þeirri miklu óvissu sem ríkir um að hvaða marki ákvæðum frumvarpsins sé ætlað að ná til þegar gerðra samninga starfandi afurðastöðva um verkaskiptingu og annað samstarf; hvort og þá hvaða valdheimildum Samkeppnisefirlitið gæti beitt gagnvart þeim og hvernig þær hefðu áhrif á eignir afurðastöðvanna.

Pantaðu fóður þegar þér hentar

App Store Google Play

Bústólpi



Náðu þér í Bústólpa appið





Einn skarfur og tveir mávar hvíla sig um stund á tveimur steinsteyptum stöplum í Grafarvoginum í dúnalogni í byrjun febrúar. Veturinn hefur verið óvenjumildur og hafa góðviðrisdagur sem þessi verið margir. Mynd og texti / Ál

## Pistill formanns | Trausti Hjálmarsson

trausti@bondi.is

# Það má alveg velja íslenskt

Íslenskir bændur vita að neytendur eru ánægðir með framleiðsluvörur þeirra, enda hafa skoðanakannanir ítrekað sýnt fram á að neytendur vilja frekar kaupa íslenska matvöru en innflutta. Slagorð á borð við „Veljum íslenskt“ hafa áhrif og endurspegla afstöðu almennings. Tollverndinni er meðal annars ætlað að jafna samkeppnisstöðu íslensku matvörunnar og veita neytandanum raunverulegt val.

En umfjöllunarefni þessa pistils er ekki tollverndin, heldur sú staðreynd að í mörgum tilvikum hefur fólk ekkert val um það hvort það leggur sér íslenska eða innflutta matvöru til munnis. Í mótuneytum fyrirtækja, skóla, sjúkrahúsa og annarra opinberra stofnana eru neytendur sjaldnast uppýstir um uppruna hráefnanna. Og jafnvel ef þær upplýsingar liggja fyrir, getur neytandinn lítið gert annað en að borða eða ekki.

Það er að sjálfsgöðu undir þeim sem stýra mótuneytum einkafyrirtækja komið hvernig þau haga sínum innkaupum, þótt ég myndi alltaf ráðleggja þeim að kaupa íslenskt. Mér þykir hins vegar sérstakt að ekki sé á það lögð nein áhersla í opinberum innkaupum að velja íslenska matvöru fram yfir innflutta.

Þá er ég ekki að segja að íslensk framleiðsla skuli ekki keppa við innflutta matvöru, heldur að það skjóti skökku við að ríki og sveitarfélög skuli ekki sjá hag sínum borgið með því að auka að minnsta kosti hlut íslenskrar matvöru í þeirra innkaupum.

Almenn sátt er um það í landinu að mikilvægt sé að hér sé öflugur íslenskur landbúnaður og matvælaframleiðsla. Þingmenn og ráðherrar tala oft á þessum sömu nótum og segjast vilja íslenskum bændum vel. Því skýtur það skökku við að fyrirtæki og stofnanir ríkisins skuli svo frekar velja innflutta matvöru til notkunar í sínum mótuneytum, en í sumum tilfellum er um stórar stofnanir að ræða og töluvert mikil umsvif í innkaupum mótuneytanna.

Kanadíska ríkisstjórnin kynnti fyrir nokkrum mánuðum nýja innkaupastefnu fyrir stofnanir á vegum alríkisins. Tilgangur hennar er að auka viðnámsþrótt og þolgæði kanadíska hagkerfisins með því að láta kanadíska framleiðendur og kanadíska framleiðsluvöru ganga fyrir í opinberum innkaupum á kostnað innflutts varnings. Þessi stefna nær yfir fleiri og fjölbreyttari þætti en landbúnaðarafurðir, en hún er áhugavert fordæmi engu að síður.

Tilfni þess að nýja stefnan var sett ætti engum að koma á óvart. Þumbaragangur í stjórnvöldum Bandaríkjanna, sem og aukin óvissa í alþjóðamállum almennt, hafa orðið þess valdandi að kanadísk stjórnvöld huga nú frekar en áður að því að tryggja öryggi lands og þjóðar.

Hluti af því er að styrkja innlenda framleiðslu, en markmiðið er ekki að búa svo um hnútana að allar neyslu- og framleiðsluvörur séu unnar innan landamæra Kanada. Ekkert land getur verið algerlega óháð öðrum löndum ... tilraunir í þá átt hafa alltaf endað með skelfilegum ósköpum. Markmiðið er frekar að gera Kanada þrautseigara, betur til þess fallið að þola sveiflur og utanaðkomandi áföll.

Þessi sýn á jafnvel við hér á landi og hjá nágrönnum okkar í vestri. Nýlegar skýrslur og ráðstefnur um fæðuöryggi hafa sýnt fram á að þar er víða pottur brotinn og ýmislegt sem þarf að gera til að auka fæðuöryggi þjóðarinnar. Einfalt, en mjög áhrifaríkt, skref í þá átt væri að auka til muna opinber innkaup á innlendri matvöru.

Ríkið má nefnilega líka „Velja íslenskt“.

Höfundur er formaður Bændasamtaka Íslands.

# Minni skammtar, meira prótein!

Vinkill | Margrét Gísladóttir  
margret@safi.is

Geysimiklar vinsældir þyngdarstjórnunarlyfja undanfarin misseri hafa haft eftirtektarverð áhrif á matvælamarkaðinn. Við notkun slíkra lyfja minnkar matarlyst og því þurfa notendur að huga sérstaklega að næringargildi fæðunnar til þess að koma í veg fyrir rýmun vöðvamassa, með tilheyrandi heilbrigðisáhrættu. Þetta hefur áhrif á hvaða matvæli neytendur velja og hvað þeir eru tilbúnir að greiða fyrir þau. Eftir því sem notendum þyngdarstjórnunarlyfja fjölga eykst eftirspurnin eftir minni matarskömmtum með háu prótein- og næringargildi.

Framleiðendur og smásöluaðilar hafa ekki farið varhluta af þessari þróun. Erlendis hafa stórmarkaðir brugðist við með því að setja á markað máltíðir sem eru sérstaklega hannaðar fyrir þennan neytendahóp og veitingastaðir hafa aðlagð matseðla sína til að mæta aukinni eftirspurn eftir prótein- og trefjarikum valkostum.

Þessi breyting í neysluhegðun hefur einnig áhrif á markaðsverðmæti matvæla, sérstaklega próteinvöru. Í nýlegri umfjöllun The Independent var bent á að auk þess sem öll aðföng til matvælaframleiðslu hafi verið að hækka í verði sökum m.a. óstöðugleika á alþjóðavettvangi, þá eigi aukin eftirspurn eftir próteini til að mæta næringarþörfum notenda þyngdarstjórnunarlyfja sinn þátt í hækkingu matvælavæðis.

## Aukinni eftirspurn fylgja aukin tækifæri

Íslendingar eru duglegir að fylgja hvers konar straumum og því kemur ekki á óvart að notkun þyngdarstjórnunarlyfja hérlandis er nokkuð algengari en í nágrannalöndum okkar. Síðastliðið haust notuðu 20 þúsund Íslendingar þyngdarstjórnunarlyf. Íslenskir matvælaframleiðendur hafa fundið fyrir aukinni eftirspurn eftir próteinríkum vörum og má þar nefna Ísey, en skyr er gott dæmi um vöru sem uppfyllir kröfu um hátt prótein- og næringargildi, þar sem það inniheldur þrisvar sinnum meira prótein en hefðbundið jógúrt.

Hér eru augljós tækifæri fyrir íslenska matvælaframleiðslu, sérstaklega þar sem þegar er lögð áhersla á gæði og hollustu. Rík hefið er fyrir framleiðslu á próteinríkum afurðum á borð við kjöt og mjólkurvörur, svo ekki sé minnst á allan fiskinn. Íslenskir bændur hafa sýnt að þeir geta brugðist liðlega við aukinni eftirspurn eftir mjólk og hefur framleiðslan aukist jafnt og þétt samhliða eftirspurn. Þótt framleiðsluferill kjöts sé lengri, mismunandi eftir tegundum, sýna bæði sölu- og innflutningstölur að svigrúm er til aukinnar framleiðslu.

## Mikilvægi stöðugs og samkeppnishæfs rekstrarumhverfis

Svo að þessi tækifæri geti orðið að veruleika þarf þó að tryggja stöðugt og samkeppnishæft rekstrarumhverfi fyrir matvælaframleiðendur.

Fyrirsjáanleiki í regluverki og hóflegar álögur skipta sköpum þegar ráðist er í fjárfestingar í búnaði, húsnæði og öðru til framleiðsluaukningar. Matvælaframleiðsla krefst alla jafna þolinmóðs fjármagns og á mikið undir því að skilyrði breytist ekki skyndilega. Samkeppnishæfni innlendrar framleiðslu ræður einnig úrslitum um hvort aukinni eftirspurn verði mætt með íslenskum vörum eða innflutningi. Með markvissum aðgerðum stjórnvalda sem styðja við innlenda framleiðslu má tryggja að virðisaukinn verði eftir innanlands, bændum, framleiðendum og neytendum til hagsbóta.

Eftirspurn eftir prótein- og næringarríki fæðu heldur áfram að aukast, líkt og heilbrigðis- og lyfjafyrirtæki telja að verði, þarf samhliða að auka við framboðið. Þessar neyslubreytingar bjóða upp á tækifæri fyrir innlenda framleiðendur til þróa fleiri og fjölbreyttari próteinríkar vörur, hvort sem er að ræða kjöt, egg, mjólkurafurðir eða tilbúna rétti úr íslenskum hráefnum. Slíkt framboð mætir ekki aðeins neysluþörfum þeirra sem nota þyngdarstjórnunarlyf, heldur einnig sívaxandi hóps sem vilja viðhalda háu próteini í fæðu.

Með minnkandi matarskömmtum geta nefnilega falist tækifæri til vaxtar og virðisauka. Oft er minna meira.

Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði.

## Jarmað, hneggjað, baulað ...

Einhver tregða er hjá stjórnvöldum til þess að viðurkenna landeldi sem sérstaka atvinnugrein. Vanskilnings á sérkennum þessarar atvinnugreinar verður vart í lagareldisfrumvarpi atvinnuvegaráðherra. Í fyrsta lagi verður að setja spurningarmerki við það að landeldið sé haft inni í þessu frumvarpi sem, eins og heiti þess ber með sér, fjallar um fiskeldi í sjó. Landeldið verður þar að eins konar neðanmálsgrein sem augljóslega hefði mátt huga betur að. Vanskilningurinn er að minnsta kosti svo mikill að sá grundvallarmunur á sjókvíældi og landeldi að hið síðarnefnda fer fram í lokuðum kerfum, hefur afturkræf umhverfisáhrif og byggir ekki á nýtingu takmarkaðrar auðlindar í almannaeigu kemst ekki til skila í lögum.

Þetta vekur óneitanlega spurningar um þá kunnáttu og ábyrgð sem býr að baki frumvarpsdrögum. Ætla mátti að stjórnvöld og stjórnsýslan hefði metnað til þess að skila af sér betra skjali þegar svo langt er komið í vinnslu málsins að það er sent í samráðsgátt stjórnvalda. Ætla mátti að frumvörp færu í samráð þegar þau væru fullunnin af hálfu ráðuneyta. Í frumvörpum birtist útfærð stefna stjórnvalda í hverjum málaflokki, rökstudd og byggð á bestu þekkingu sem völ er á í hverju tilviki. Sé frumvarpið á hinn bóginn byggt á grundvallarmisskilningi hlýtur það að kalla á sterk viðbrögð í samráðsferlinu. Og kannski

mátti taka tillit til þess að tími og peningar þeirra sem senda þurfa umsagnir í þannig tilvikum séu betur lýttir í annað en að leiðrétta vanskilning á borð við þann sem lagareldisfrumvarpið leiðir í ljós á sérstöðu landeldis.

Bændasamtök Íslands gera alvarlegar athugasemdir við frumvarp ríkisstjórnarinnar um lagareldi og telja að ekki verði við unað að landeldi falli undir sama lagabálk og sjókvíældi eins og fram kemur í frétt í blaðinu í dag. Í umsögninni er bent á að starfsemi landeldis sé allt annars eðlis en sjókvíældi og séu fyrirhuguð lög því bæði óskýr og ófullnægjandi fyrir landeldið. Samtökin leggja til að kaflinn um landeldi verði alfarið tekinn út úr frumvarpinu og unnið verði sérstakt og sérsníðið frumvarp um landeldi. Eru færð margháttuð rök fyrir þessari kröfu eins og lesa má í fréttinni. Þetta er raunar ekki í fyrsta skipti sem kallað er eftir því að sérstaklega verði tekið utan um landeldið í lögum landsins. Lesendur Bændablaðsins hafa til dæmis mátt lesa um slíkar óskir oftast en einu sinni bara á síðastliðnu ári. Í inngangi frumvarpsins kemur sá skilningur reyndar fram að mikilvægt sé „að búa landeldi viðeigandi lagaumgjörð frá upphafi“ enda sé hægt að halda því fram að „tækifærin séu mikil“ í þessari atvinnugrein miðað við þann árangur sem þegar hefur náðst. Augljóslega þarf þó að gera betur.





Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands og blómabóndi, þarf ekki að hækka vöruverð. Mynd / smh

## Raforkukostnaður lækkar hjá garðyrkjubændum

Garðyrkjubændum með vaxtarlýsingu hefur nýlega boðist að lækka raforkukostnað sinn talsvert.

Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands, segir að tímabundið ástand á raforkumarkaði hafi leitt til þess að raforkusalar buðu betra verð. Vísar Axel þar til þess að vegna bilunar í álveri Norðuráls og rekstrarstöðvunar PCC við Húsavík á síðasta ári varð talsvert af umfram raforku til staðar í landinu.

### Bændum boðin 25% lækkun

Óli Finnsson, sem á og rekur garðyrkjustöðina Heiðmörk í Laugarási, segir að hann fylgi sama verði og HS Orka hafi boðið öðrum garðyrkjubændum, sem þýðir 25% lækkun.

Hann telur að langflestir bændur í ylrækt á Íslandi séu hjá HS Orku.

### Hækkuðu ekki vöruverð

„Ég vona að þetta hafi orðið til þess að allir garðyrkjubændur sem eru með vaxtarlýsingu hafi fengið betra verð,“ segir Axel. „Þar sem hver og einn garðyrkjubóndi gerir sína samninga get ég ekki talað hér fyrir alla. Við á Espiflöt, sem erum í blómarekt, vonumst til að þetta verði til þess að ná allt að 5% rekstrarhagræðingu á árinu 2026 ef allt gengur upp.“

Því tókum við þá ákvörðun að hækka ekki vöruverð um áramótin, þrátt fyrir verbólgu síðasta árs og þær launahækkningar sem tóku gildi núna um áramótin.

Þannig viljum við að neytendur njóti þess með okkur að raforkuverð hafi lækkað núna um áramótin.“

/smh

## Matvælastofnun:

# Engin riða í heilasýnum

Engin merki um sauðfjárriðu var að finna í heilasýnum sem tekin voru í sláturhúsum um land allt haustið 2025.

Matvælastofnun tilkynnti um þetta á vef sínum þar sem fram kom að Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hafi staðið að rannsóknunum.

Eitt riðutilfelli var staðfest á árinu 2025, í september á bænum Kirkjubóli í Skagafirði. Greindist það í kind sem sýndi grunsamleg einkenni heima á bæ og fór niðurskurður fram á hluta fjárins fljótlega eftir greiningu.

Í umfjöllun Matvælastofnunar kemur fram að ekki sé enn ljóst hversu margar kindur á bænum voru með riðu, þar sem rannsóknunum á sýnum sé ekki lokið.



Niðurskurður var skipulagður samkvæmt landsáætlun um útrýmingu á sauðfjárriðu og gildandi reglugerðir þar um.

Nokkur hluti fjárins á bænum var með verndandi eða mögulega verndandi arferð gegn riðu sem hafði áhrif á ákvörðunartöku um umfang niðurskurðar.

/smh



Danielle Napier orkuverkfræðingur og Ólafur Ögmundarson, dósent við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands. Samkvæmt útreikningum þeirra er hægt að framleiða alla ávexti og grænmeti sem Íslendingar þurfa með minni orku en áætlað er að fari í gagnaver í framtíðinni. Mynd tekin í Nýja Garði við Sæmundargötu í Reykjavík. Mynd / ál

## Grænmetisrækt:

# Orkunotkun sett í samhengi

Danielle Napier orkuverkfræðingur hefur undanfarið ár unnið að gerð reiknilkans sem hægt er að nota til þess að sjá fyrir orkunotkun grænmetisrækt í gróðurhúsum miðað við ólíkar forsendur þegar kemur að lýsingu og hita.

Rannsóknin gengur út á að meta hversu mikla orku þurfi til þess að framleiða það magn af grænmeti og ávöxtum sem fullnægja myndi næringarþörf landsmanna miðað við ráðleggingar um mataræði frá embætti landlæknis. Þær niðurstöður er svo hægt að setja í samhengi við þá orku sem fer til að mynda í stóriðju og gagnaver. Samkvæmt útreikningum Danielle er tæknilega mögulegt að uppfylla næringarþarfir fólks með innlendri framleiðslu með minni orku en áætlað er að fari í gagnaver og litlu broti af þeirri orku sem fer í álver.

Danielle, sem kemur upphaflega frá New Jersey í Bandaríkjunum, hefur unnið að rannsókninni undir leiðsögn Ólafs Ögmundarsonar, dósents við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands. Útreikningarnir fyrir grænmeti eru hluti af meistarafræðingur Danielle frá Háskólanum í Reykjavík, en vinnan við útreikningana var unnin með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna síðastliðið sumar. Undanfærir mánuðir hafa farið í að finnstilla útreikningana og er stefnt að því að birta niðurstöðurnar í ritryndu tímariti á árinu.

### Fræðilega mögulegt að rækta allt innanlands

Danielle hefur reiknað út hversu mikla orku þyrfti fræðilega í grænmetis- og ávaxtarækt bæði með LED lýsingu og HPS lömpum til þess að uppfylla næringarþarfir Íslendinga með innlendri framleiðslu. Með HPS lömpum, sem er eldri tækni, má áætla að það þyrfti 0,72 teravattstundir í grænmetisrækt, á meðan 0,43 teravattstundir þyrftu til LED lýsingar. Ef byggð væri upp innlend ávaxtarækt sem uppfyllti næringarþarfir Íslendinga þyrfti 1,4 teravattstundir til að lýsa með LED lömpum, en 2,4 teravattstundir með HPS lömpum.

Til þess að setja þessar tölur í samhengi er hægt að skoða orkuna sem nýtt er af álverum og gagnaverum. Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun um raforkunotkun árið 2022 eftir notkunarflokkum fóru 1,2 teravattstundir af rafmagni til gagnavera og 12,5 teravattstundir

til álvera. Áætlað er að orkunotkun gagnavera verði á bilinu þrjár til sex teravattstundir árið 2050. Með öðrum orðum er áætlað að orkunotkun gagnavera verði talsvert meiri en þurfi í ávaxta- og grænmetisframleiðslu sem uppfyllir næringarþarfir Íslendinga í þessum fæðuflokkum að því gefnu að greinin skipti út HPS lömpum fyrir LED lampu.

Danielle studdist við opinberar tölur og fékk gögn frá grænmetisframleiðendum á Suðurlandi sem hún setti í reiknilkan til þess að áætla raforkunotkun grænmetisframleiðenda á landsvísi. Rétt sé að setja fyrirvara við niðurstöður útreikninga sem þessa, en til að auka nákvæmni sé þörf á að bæta við gögnum um raforkunotkun, veðurfar, kyndingu, birtustig, lýsingartíma, einangrun og fleira. Því óska Danielle og Ólafur eftir frekara samstarfi við hagaðila hvað þetta varðar þar sem skortur er á aðgengilegum gögnum um raforkunotkun grænmetisframleiðslunnar þar sem Orkustofnun tekur saman raforkunotkun allrar ylræktarinnar og inni í því mengi séu líka blómaframleiðendur.

### Hiti ódýrari en rafmagn

Danielle segir rannsókn sem þessa skipta máli í ljósi þess að stefnt er að samdrætti í notkun jarðefnaeldsneytis í iðnaði og samgöngum sem muni auka eftirspurn eftir rafmagni. Með rannsókninni sé hægt að sjá hverju það breytir að setja upp sparneytin LED ljós í staðinn fyrir hefðbundin HPS ljós, en umskiptunum fylgja bæði kostir og gallar fyrir grænmetisræktendur.

Þegar grænmetisbændur skipti yfir í LED ljós þurfi þeir að grípa til aðgerða til þess að vega upp á móti minni hita sem LED ljósin gefa frá sér. Það sé gert með því að koma fyrir gardinum sem auki einangrun gróðurhúsanna og með því að skrúfa upp í kyndingunni. Hitinn frá HPS ljósum sé mjög þurr, en raki aukist með jarðvarmkyndingu. Með auknum raka geti sveppir hins vegar náð betri vexti og því getur þurft að lofta betur um gróðurhúsin. Það hefur aftur þau áhrif að koltvísýringurinn sem bændur þurfa að dæla í gróðurhúsin nýttist verr.

„Í útreikningunum gerði ég ráð fyrir því að grænmetisbændur myndu auka kyndinguna um þrjár gráður. Hérna á Íslandi er hiti ódýrari en rafmagn,“ segir Danielle, enda

mörg gróðurhús byggð í nágrenni við góðar jarðvarmauppsprettur. Ólafur bætir við að samkvæmt þessum útreikningum geti verið rökrétt fyrir grænmetisbændur, sem búa á svæðum þar sem aðgengi að hitaveitu er skert, að halda áfram að nota HPS lýsingu vegna hitans sem lamparnir gefa frá sér. „Ef þú ert hins vegar með heitavatsuppsprettu í bakgarðinum þá er mun skynsamlegra að skipta yfir í LED,“ segir hann.

### Ekki hægt að borða ál og geymsluminni

Eins og áður segir höfðu Danielle og Ólafur áhuga á að kanna hversu mikla orku þyrfti til þess að uppfylla næringarþarfir Íslendinga þegar kemur að grænmeti og ávöxtum að öllu leyti með innlendri framleiðslu. „Við erum ekki endilega að segja að það sé rökrétt, heldur viljum við setja orkunotkun landsins í samhengi. Rannsóknir af þessu tagi bæta þekkingu, eru innlegg í umræðuna og geta nýst í mögulega stefnumótun stjórnvalda, til dæmis hvað fæðuöryggi varðar sem hefur verið skilgreint sem hluti af þjóðaröryggi. Því er rétt að skoða hvernig við verðum sjálfbærari á þessu sviði, því að við vitum ekki hvenær aðfangakeðjur geta rofnað,“ segir Ólafur.

Til einföldunar afmarkaði Danielle útreikningana við nokkrar tegundir ávaxta og grænmetis. Jarðarber voru valin þar sem til eru gögn frá íslenskri jarðarberjarækt. Þá valdi hún banana þar sem þeir eru vinsælir og hafa verið ræktaðir hérlendis. Eins valdi hún bláber og mangó þar sem hún taldi tæknilega mögulegt að rækta þær tegundir hér og til voru erlend gögn sem hægt var að yfirfæra á Ísland. Það grænmeti sem tekið var í útreikningana var salat, tómatar, paprikur og gúrkur. Þó svo að þetta úrval geti uppfyllt næringarþarfir Íslendinga sé þetta ekki sú fjölbreynti sem markaðurinn kalli eftir. Eins skoði rannsóknin ekki efnahagslegan fýsileika.

Ólafur segir ósennilegt að svo stöddu að tekin verði sú stefna að rækta alla ávexti og grænmeti hérlendis, en það sé hins vegar ekki ómögulegt með réttum pólitískum vilja að láta innlenda framleiðslu standa undir verulegum hluta þarfanna. Danielle bendir á að álver og gagnaver séu mikilvæg, en fólk geti ekki borðað afurðirnar sem þar eru framleiddar.

/ál

# STÍFLULOSUN

SUÐURLANDS

VIÐ ELSKUM STÍFLUR!

**STÍFLULOSANIR**

**LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKODANIR**

**SÓNUM ÚT LAGNIR**

**LAGNAFÓÐRUN**

**ROTÞRÆR**

**FITUGILDRUR**

**SANDGILDRUR**

**SKÓLPHEINSISTÖÐVAR**

**HOLRÆSAHREINSUN**

ÁRATUGA REYNSLA OG SÉRÞEKKING Á FRÁVEITUMÁLUM

**510 1180 - 669 8441**





Knowledge grows

## Örugg með Yara

Yara einkorna áburður hefur reynt vel til niðurfellingar þar sem hvert korn inniheldur öll áburðarefni, sem tryggir öruggt aðgengi allra næringarefna til plantna



SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

Sláturfélag Suðurlands  
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070  
yara@yara.is - www.yara.is

**Verðskrá 2026**

Upplýsingar á [yara.is](http://yara.is)  
og hjá söluráðgjöfum.







Í ár verður heimilt að veiða 936 hreindýr, þar af 499 kýr og 437 tarfa, sem er veruleg aukning frá fyrra ári.

Mynd / Pixabay

## Veiðar:

# Bætt í hreindýra-veiðikvótann

Hreindýraveiðikvótinn eykst um 40,8 prósent frá fyrra ári á grundvelli þess að sumarstofn hreindýra hefur stækkað um allt að 1.000 dýr.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur tilkynnt veiðiheilmildir fyrir árið 2026 eftir að hafa tekið við tillögum Náttúruverndarstofnunar. Alls verður heimilt að veiða 936 dýr í ár, þar af 499 kýr og 437 tarfa, sem er veruleg aukning frá fyrra ári þegar kvótinn var 665 dýr. Nemur aukningin um 40,8 prósentum. Sumarstofn hreindýra er nú metinn um 5.000 dýr, samanborið við 4.000 á síðasta ári og er það 25 prósent áætluð fjölgun milli ára.

### Nóvemberveiðar til álagsdreifingar

Veiðitími tarfa verður frá 15. júlí til 15. september, en veiðitími kúa frá 1. ágúst til 20. september. Á svæði 8 verður heimilt að veiða allt að 40 kýr til viðbótar í sérstökum nóvemberveiðum til að dreifa álagi á hjarðir. Veiðimenn eru eindregið hvattir til að forðast að fella mylkar kýr fyrstu tvær vikurnar, og eru veturgamlir tarfar alfríðaðir. Kálfveiðar eru óheimilar.

Auk almennra takmarkana eru sett sértæk svæðisbundin skilyrði, t.d. bann við kúaveiðum á hluta veiðisvæðis 2 til að stuðla að stofnvexti og tilmæli um að draga úr hættu á að dýr færist á milli sauðfjárvarnahólfa.

Gjald fyrir veiðileyfi verður 241.600 kr. fyrir tarf og 137.700 kr. fyrir kú, og fer salan eingöngu fram í gegnum Náttúruverndarstofnun. Umsóknarfrestur er til 2. mars.

### Stofnstýring og svæðaskipting

Kvótinn skiptist milli nýu veiðisvæða samkvæmt nánari útlistun í auglýsingu ráðuneytisins. Veiðiheilmildirnar eru veittar með fyrirvara um að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum. Leiðsögumenn bera áfram sérstaka ábyrgð á að leiðbeina veiðimönnum við val á bráð.

Markmið kvótasetningar er að viðhalda heilbrigðum og stöðugum stofni og draga úr neikvæðum áhrifum veiða á kálfa og hjarðir á viðkvæmum svæðum. Jafnframt er reynt að stýra veiðum þannig að þær valdi ekki röskun á viðkvæmum gróðursvæðum.

/sá

# Nýr Íslandsmetshafi í ársafurðum

Kýrin Plóma frá Gunnbjarnarholti mjólkaði 16.779 kílógrömmum af mjólk á síðasta ári, sem er nýtt Íslandsmet. Mest mjólkaði hún 53,3 kílógrömmum á dag.

Í samtali segir Arnar Bjarni Eiríksson, bóndi í Gunnbjarnarholti, Plómu vera vandræðalaus grip sem lítið fari fyrir í fjósinu. „Hún sér um sig sjálf, og þannig virkar það alltaf best. Hún drífur sig í mjaltþjóninn þegar hún þarf á honum að halda, en hún er að mjólkast upp undir fjórum sinnum á dag þegar mest er í henni,“ segir hann.

Plóma er fædd í nóvember 2020 og bar sínum fyrsta kálfi 26 mánaða. Sínum öðrum kálfi bar Plóma 8. september og mánuði síðar var hún komin í 52,7 kílógramma dagsnyt. Hæst fór dagsnytin í 53,3 kílógrömmum í janúar 2025 og hélst dagsnytin yfir 50 kílógrömmum fram í mars. Hún var enn í 16 kílógramma dagsnyt um áramótin en er komin niður í 14 kílóa framleiðslu um þessar mundir. „Hún ætti að fara í geldstöðu um mánaðamótin maí og júní og þá fær hún sína tveggja mánaða hvíld,“ segir Arnar Bjarni.

### Sex nytháar systur

„Hún er komin fram yfir tíma núna, en vegna þess hve mikið hún mjólkaði festi hún ekki fang fyrir en núna rétt undir jól við sjöttu sæðingu. Næsti væntanlegi burður er 7. ágúst ef Guð lofar.“ Aðspurður hvort ekki hafi komið til greina að senda kúna í sláturhús þar sem illa gekk að sæða hana segir Arnar Bjarni hana hafa mjólkað svo gífurlega mikið að því hafi verið sýndur fullur skilningur að hún glímdi við ófrjósemi á meðan. „Við höfum það oft fyrir reglu að þegar kýr mjólka svona mikið reynum við ekki að sæða þær fyrr en þær eru komnar niður í 35 lítra dagsnyt, en Plóma mjólkaði að meðaltali 46 lítra á dag í 365 daga,“ segir hann. Nyttin féll hjá henni skömmu áður en hún festi fang og um leið og hún var með kálfi minnkaði mjólkurframleiðslan enn meira.

Arnar Bjarni segir að Plóma sé undan heimanauti og eigi fimm samfeðra systur í fjósinu sem mjólkuðu yfir tíu þúsund lítra á síðasta ári. Í bæði skiptin hefur Plóma borið nauti og segir Arnar Bjarni að þau hafi verið send í sláturhús.



Kýrin Plóma frá Gunnbjarnarholti sló Íslandsmet í framleiðslu mjólkur á síðasta ári. Aftan við hana standa Haukur Arnarsson, Berglind Bjarnadóttir og Arnar Bjarni Eiríksson, ábúendur í Gunnbjarnarholti.

Mynd / Aðsend

### Einsleitt fóður og gott pláss

Meðalnyt kúna í Gunnbjarnarholti var með besta móti á síðasta ári. Aðspurður hver lykullinn sé að þeirri velgengi segir Arnar Bjarni: „Fyrst og síðast er það stabilitet í allri umhirðu og fóðrun – að það sé einsleitt fóður alltaf allt árið. Lykullinn á bak við mikla mjólkurframleiðslu er að kýrnar fái endalaust að éta og hafi gott aðgengi að fersku vatni og svo snýst þetta um að þær eiga að liggja mikið og jórtra.

Eins þarf aðbúnaðurinn að vera upp á það besta og nógu mikið pláss í fjósinu, opin göngusvæði og ekki troðningur við mjaltþjóna. Sérstaklega svo að minni máttar kvígur eigi auðvelt með að komast að. Ef það er mjög þröngt halda þessar gömlu frekjuhússur kvígum frá.

Þetta snýst líka að miklu leyti um að nýta vaxtartíma kálfanna eins og kostur er og láta kvígurnar ekki vera of gamlar þegar þær bera. Plóma var reyndar 26 mánaða við fyrsta burð og maður vill ekki að kvígurnar séu mikið eldri.“

### Ávaxtaþema þegar Plóma fékk nafn

Arnar segir Plómu vera fallega kú og vel skipaða að flestu leyti. „Blessunin mætti hins vegar vera svolítið

leggjalengri upp á endingu að gera. Það sem verður þessum elskum flestum að aldurtíla er að þær verða of síðjúgra til þess að mjaltþjóninn ráði við þær. Ef allt er í standi ætti hún að geta mjólkað tvö til þrjú mjaltaskeið í viðbót.“

Aðspurður út í ástæðu þess af hverju kýrin fékk nafnið Plóma svarar Arnar Bjarni: „Það var ávaxtaþema þennan mánuðinn hjá betri helmingnum, Berglindi, sem nefnir alla gripi. Þegar það þarf að finna til mörg nöfn er ágætt að leita í eitthvað svona þema.“ Í fjósinu í Gunnbjarnarholti eru samtals um 240 mjólkandi kýr í tveimur aðskildum hjórðum.

Samkvæmt upplýsingum frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) var fyrra Íslandsmet í 12 mánaða nyt íslenskrar kýr frá því 2022 þegar Snúra frá Dalbæ 1 í Hrunamannahreppi mjólkaði 15.971 kílógrammi. Tvær kýr skákuðu henni þó í fyrra og var önnur nythæsta kýr landsins 2025 Húma frá Dalbæ 1 sem mjólkaði 16.517 kílógrömmum og því afar skammt á hæla Plómu. Fyrsta íslenska kýrin sem náði skráðri 12 mánaða nyt yfir 15.000 kílógrömmum var Gola frá Egilsstaðakoti í Flóa sem mjólkaði 15.675 kílógrömmum frá júní 2018 fram í maí 2019. Á síðasta ári voru sjö kýr á Íslandi sem mjólkuðu meira en 15.000 kílógrömmum.

/al

## KOMDU SKIPULAGI Á HJÓLAGEYMSLUNA



Hjólarekkar frá Falco hámarka nýtingu á fermetrum

HJÓLALAUSNIR

hjolalausnir.is

Bændablaðið kemur næst út  
**26. febrúar**

## Markmið um einfaldara og skilvirkara eftirlit

– Heilbrigðisnefndir verða aflagðar

Samkvæmt frumvarpsdrögum um breytingar á fyrirkomulagi eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum verða heilbrigðisnefndir sveitarfélaga aflagðar og færast eftirlit þar með frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar.

Drögin hafa verið sett í samráðsgátt stjórnvalda en markmið þess er aukið samræmi eftirlits, einföldun og skilvirkni.

### Nauðsynlegar breytingar

Það er umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið sem leggur frumvarpsdrögin fram til kynningar og í umfjöllun á vef ráðuneytisins um málið segir að fjöldi greininga og skýrslna liggja fyrir, allt frá árinu 2001, sem sýnt hafa fram á nauðsyn breytinga á fyrirkomulagi eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælaeftirliti. Þar beri hæst skortur á samræmi í eftirliti og þörf á skýrari ábyrgð og yfirstjórn með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælaeftirliti.

Umhverfis- og orkustofnun mun taka við hlutverki heilbrigðinefnda og -eftirlita varðandi útgáfu starfsleyfa, eftirliti með rekstraraðilum og úrgangi, svo dæmi séu tekin. Starfsemi og þjónusta í kringum þessi málefni verður því miðlæg. Þannig verði komið á einu samræmdu upplýsingakerfi fyrir þjónustu og eftirlit á sviði hollustuhátta og mengunarvarna.

### Viðbragð við áminningu ESA

Umsagnarfrestur um frumvarpsdrögin er til 17. febrúar,



Meðal þess sem heilbrigðisnefndir hafa haft umsjón með er útgáfa starfsleyfa fyrir alifuglaeldi.

Mynd / smh

en í umfjöllun ráðuneytisins kemur fram að von sé á sambærilegu frumvarpi um eftirlit með matvællum frá atvinnuvegaráðuneytinu. Það sé viðbragð við áminningarbréfi Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem sent var íslenskum stjórnvöldum í júlí 2024.

Það var sent vegna þess að ítrekað hefur komið fram í niðurstöðum úttekta ESA að opinbert eftirlitskerfi fyrir matvæli, fóður og dýraheilbrigði sé ekki í samræmi við þau viðmið sem sett séu í EES-samningnum.

Með því frumvarpi verður sú breyting að ábyrgð á eftirliti með matvællum verður færð frá heilbrigðiseftirliti til Matvælastofnunar. Með heildarbreytingum er eftirlitsaðilum á sviðum matvæla, hollustuhátta og mengunarvörnum fækkað úr ellefu í tvo, en starfandi heilbrigðiseftirlitsstöðvar eru alls nú í dag um allt land.

/smh



# can-am®



## OUTLANDER 700 6X6

Verð frá 2.540.000 kr + vsk

# ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / [www.brp.is](http://www.brp.is)





Matvælastofnun og Embætti landlæknis staðfestu í byrjun febrúar að H5N1 fuglainflúensa hefði greinst í tveimur dauðum fuglum, álf í Kópavogi og rauðhöfðaönd á Tjörninni.

Mynd / sá

## Fuglainflúensa:

# H5N1 í gangi

Fuglainflúensa af gerðinni H5N1 hefur nú greinst í villtum fuglum á höfuðborgarsvæðinu og stjórnvöld vara við aukinni smithættu fyrir alifugla og fugla í haldi.

Matvælastofnun (MAST) og Embætti landlæknis staðfestu í byrjun febrúar að H5N1 hefði greinst í tveimur dauðum fuglum, rauðhöfðaönd á Tjörninni og álf í Kópavogi. Greiningarnar voru staðfestar af Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Þar með kom fram fyrsta H5N1-smit á Íslandi frá árinu 2023, en á síðustu misserum hafði aðallega greinst H5N5 í villtum fuglum og í nokkrum spendýrum, þar á meðal refum og köttum.

### Óvissustig áfram í gildi

Óvissustig vegna fuglaflensu er áfram í gildi og MAST hvetur alifuglabændur til að herða sóttvarnir og draga úr snertingu við villta fugla. Fuglaeigendur eru eindregið hvattir til að fylgjast grannt með heilsufari fuglahópa og tilkynna veikindi eða óeðlilegan dauða án tafar. Almennungi er jafnframt bent á að tilkynna fund á dauðum fuglum og villtum spendýrum og forðast beina snertingu við hræ án hlífðarbúnaðar.

Sóttvarnalæknir vekur athygli á að engin merki séu um H5-stofna í fólki hér á landi og að inflúensutilfelli í mönnum sem nú sjást tengist öðrum veirustofnum. Stjórnvöld ítreka að engar vísbendingar séu um aukin afföll villtra fugla á suðvesturhorni landsins og að uppruni veirunnar sé óljós uns frekari erfðagreining hefur farið fram.

### Kemur með farfuglum

Samkvæmt MAST gæti veiran hafa borist með farfuglum nýlega eða síðastliðið haust. Erfðagreining muni skera úr um hvort veiran sé af evrópskum eða norður-amerískum uppruna. Embætti landlæknis og MAST fylgjast náið með stöðu mála, og öll tilfelli eru skráð í mælaborði stofnunarinnar.

Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að þótt staðfest tilfelli séu fá séu þau áminning um að veiran sé landlæg á norðlægum slóðum og geti borist með farfuglum á hverjum tíma.

Almannavarnir, MAST og sóttvarnalæknir hvetja því bændur, dýraeigendur og almenning til áframhaldandi varúðar og árétta að fyrri reynsla sýni að góðar sóttvarnir séu helsta vörn gegn smiti í alifuglum.

/sá

Í febrúar 2026 greindu bandarískir og fleiri erlendir fjölmiðlar frá fuglaflensu-faraldri í Norður-Ameríku, þar sem ný tilfelli höfðu greinst bæði á stórum alifuglabúum og í smærri hópum heimaalinnna alifugla. Í Colorado greindust stórar alifuglaeiningar, þar á meðal verksmiðjubú með 1,33 milljónum hænsna, með HPAI H5N1. Yfirvöld hafa hvatt bændur til hertra sóttvarna og áréttað að smit í mönnum sé sjaldgæft en stöðug vöktun nauðsynleg.

Alls hefur 71 smit í mönnum verið skráð í Bandaríkjunum frá 2024, flest tengd vinnu við alifugla eða búfé, en hætta fyrir almenning er áfram talin lítil.



Flaggað á 50 ára afmælishátíð Hringvegjar.

Myndir / Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2024

## Vegagerðin:

# Umferð jókst en ástand vega versnaði enn

– Veðuröfgar og eldgos reyndust áskoranir

Árið 2024 reyndist viðburðaríkt, krefjandi og umfangsmikið fyrir Vegagerðina þar sem náttúruhamfarir, aukin umferð og stórar framkvæmdir mótuðu allt starfsár hennar.

Tólfta ársskýrsla Vegagerðarinnar, fyrir árið 2024, kom út í lok síðasta árs. Þar segir að veðuröfngum, eldgosum og auknu álagi á vegakerfið hafi verið mætt samhliða rekstri, viðhaldi og mikilvægum framkvæmdum.

Jarðhræringar á Reykjaneskaga höfðu veruleg áhrif á verkefni ársins 2024. Alls gaus þá sex sinnum á Sundhnúkagígaraöðinni, og þrisvar sinnum rann hraun yfir Grindavíkurveg, sem krafðist hraðra viðbragða, viðgerða og nýrrar tækni við að leggja vegi yfir nýrunnið hraun. Óveður og vatnsflóð settu einnig mark sitt á árið. Í lok júlí flæddi vatn yfir brú og veg við Skálm og loka þurfti Hringveginum í rúman sólarhring, og í nóvember féll stór aurskriða á Hnífsdalsveg eftir mikið vatnsveður.

### Aukin umferð og sívaxandi álag

Umferðin hélt áfram að aukast og árið varð metár hvað heildarakstur varðar. Umferð jókst um tæp tvö prósent frá árinu áður og samtals voru eknir 3.236 milljón kílómetrar á þjóðvegakerfinu. Mesta umferðin var sem fyrr á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi þar sem eru um 67% allrar umferðar.

Á sama tíma versnaði ástand vegakerfisins víða vegna rýsjóts veðurfars, aukinnar umferðar og uppsafnaðrar viðhaldsskuldur. Holumyndun, slitlagsblæðingar og rof verða sífellt algengari áskoranir. Skv. skýrslunni lagði Vegagerðin á árinu 2024 mikla áherslu á að vekja athygli á skorti á fjármagni til viðhalds og þeim áhrifum sem það hefur á burðarþol og örugga færð.

### Lykilverkefni dreifðust

Á suðursvæði var árið 2024 unnið að styrkingum á Hringvegi, Biskupstungnabraut og fleiri köflum þar sem fræsing, burðarlagefnum og klæðningu var beitt til að bæta sléttleika og öryggi. Á sama svæði var haldið áfram vinnu við nýja Hringvegslínu austan Selfoss og gerð undirganga fyrir gangandi, hjólandi og hestamenn.

Á höfuðborgarsvæðinu hófust eða héldu áfram stór verkefni á borð við breikkun Reykjanesbrautar, undirbúning Sundabrautar og áframhaldandi framkvæmdir við Arnarnesveg, þar sem bæði ný brú og ný undirgöng eru hluti af heildarumferðarþótum.

Á vestursvæði stóðu yfir miklar framkvæmdir við Vestfjarðaveg á Dynjandisheiði og við Fjarðarhornsa og Skálmardalsá, þar sem nýjar brýr og endurbætur á vegum voru meginverkefni. Auk þess fór fram endurbýgging á Karlseyjarbrýggju í Reykhólahreppi.

Á norðursvæði var unnið að styrkingum og endurbótum á m.a. Aðaldalsvegi, Hegranesvegi og Ólafsfjarðarvegi, þar sem burðarlag og slitlög voru endurbætt og öryggisáðgerðir framkvæmdar á mörgum köflum.

Á austursvæði voru umfangsmestu verkin við Hringveg um Hornafjörð og Jökuldal, þar sem fræsing, styrkingu og klæðningu var beitt á tugi kílómetra. Unnið var að viðgerðum í skriðum, endurnýjun ræsa og lagfæringum á lykilkafli milli Breiðdals og Fljótsdals.

### Öryggi og þróun innviða

Fjallað er sérstaklega um umferðar-öryggi í ársskýrslunni. Árið 2024 létust 13 einstaklingar í umferðinni í 10 banaslysum, sem er aukning frá árinu áður.

Sjálfvirkt meðalhraðaefirtill í Hvalfjarðargöngum var tekið í notkun og ný undirgöng við Arnarneshæð opnuð til að bæta öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Þá var ráðist í margvíslegar lagfæringar á öryggissvæðum, vegrið sett upp eða lengd á tugi staða og merkingar bættar.


Á árinu var einnig kynntur til leiks nýr kolefnisreiknir, LOKI, sem metur kolefnisspor framkvæmda á hönnunarstigi. Stafræn umbreyting hélt áfram með uppfærslu veflausna, nýjum upplýsingakerfum og aukinni áherslu á aðgengilegar upplýsingar fyrir vegfarendur.

/sá

**TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR**

**VHE**

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði  
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is





# TILBOÐ

## Kuldagalli vattfóðraður

K2 kuldagalli vattfóðraður EN471 CL.3

Stærðir: XS - 5XL

# 18.594,-

Verð áður 30.990,-



**40%**  
afsláttur


Vefverslun N1 er opin allan sólarhringinn,  
Í vefverslun okkar getur þú skoðað úrvalið  
og gengið frá kaupum þegar þér hentar.

440 1000  
vefverslun.n1.is

\*Tilboðið gildir 26.01.2026 - 27.02.2026

**N1**





Hér má sjá mynd í vinnslu af svæðinu, hvar núverandi skógræktarsvæði er og hvar stendur til að planta meira ef allt gengur upp. Mynd / Aðsend

Galtalækur í Rangárþingi ytra:

## Sækja um leyfi til skógræktar á 415,4 ha svæði

Ragnheiður Aradóttir og Kári Steinar Karlsson á jörðinni Galtalæk í Rangárþingi ytra hafa sótt um framkvæmdaleyfi hjá sveitarfélaginu til skógræktar á um 415,4 hektara svæði úr landi sínu.

Áður hefur verið veitt leyfi fyrir alls 345,4 hektara skógrækt. Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra gerir ekki athugasemdir við veitingu framkvæmdaleyfis vegna nýja svæðisins þegar tilskilin gögn hafa borist, en áður en það

gerist verði umsækjendur að leggja fram matsfyrirspurn til Skipulagsstofnunar, sem metur hvort umrædd framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, þar sem stærð svæðisins er yfir 200 ha.

Nefndin leggur einnig til að gerð verði breyting á landnotkun svæðisins í aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem núverandi óbyggt svæði verði gert að skógræktar- og landgræðslusvæði og skuli sú breyting kostuð af umsækjendum. /mhh

Bláskógabyggð:


## 7.000 krónur fyrir skottið af ref

Bláskógabyggð greiðir nú 7.000 krónur fyrir skottið sé refur veiddur í sveitarfélaginu og 3.000 krónur fyrir unninn mink.

Fyrir yrðlinga hjá refnum eru það 1.600 krónur á dýr en fyrir hvolpafulla læðu hjá mink eru það 15.000 krónur á dýr.

Sveitarfélagið fær endurgreitt frá ríkinu hlutdeild af viðmiðunartöxum í samræmi við heimildir í fjárlögum. Hámarksendurgreiðsla er 700.000 krónur á ári. Ekki eru til skriflegir samningar um veiðar á mink og ref fyrir Bláskógabyggð en óformlegir samningar eru við aðila sem sinna mismunandi svæðum, eins og Þingvallasveit, Laugardal og Biskupstungum.

„Það getur hver sem er komið með skott og fengið borgað, en síðan erum við líka með veiðimenn, sem ganga á greni. Fjöldi veiddra refa frá september 2024 og út ágúst 2025 voru 107 fullorðin dýr og 50 yrðlingar hjá refum og minkarnir, sem voru veiddir voru 21,“ segir Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar.



Íslenskur refur. Mynd / Pixabay

Þá má geta þess að tímakaup til ráðinna veiðimanna er 1.615 krónur á klukkustund og greiddar eru 110 krónur í akstur á hvern kílómetra. Um er að ræða taxa frá Umhverfisstofnun fyrir veiðar á mink og ref frá árinu 2000 og hefur hann ekki tekið neinum breytingum síðan þá. /mhh



„Í lok árs 2025 hófst borun á nýrri holu fyrir hitaveituna í Hveragerði. Sú hola verður virkjuð, enda vitað að þarna er bæði vatn og hiti,“ segja forsvarsmenn Veitna. Mynd / Veitur

Jarðhitaleit:

# Veitur efla jarðhitaleit

– Fókus á suðvesturhluta landsins

Veitur auka jarðhitaleit og boranir á suðvesturhorni landsins.

Veitur hyggjast á næstu misserum og árum efla jarðhitaleit og bora eftir heitu vatni á nokkrum stöðum, m.a. frá Borg á Mýrum til Rangárþings eystra. Markmiðið er að tryggja nægt heitt vatn til húshitunar í takt við ört vaxandi samfélag og áætlaða fjölgun íbúða. Forsvarsmenn Veitna segja lagða áherslu á bæði aukna vinnslu á núverandi lághitasvæðum og þróun nýrra jarðhitaauðlinda.

Mestar vonir eru, skv. fregn af vefsíðu Veitna, bundnar við aukna vinnslu á núverandi lághitasvæðum í Lauganesi og á Reykjum í

Mosfellsbæ, þar sem talið er líklegt að hægt sé að nýta meira heitt vatn til framtíðar. Á Geldinganesi hefur þegar fundist heitt vatn, en magnið hefur hingað til verið takmarkað og því er unnið að frekari borunum til að auka framboð.

Á Brimnesi á Kjalarnesi hefur fundist nýtanlegt magn heits vatns og rannsóknir halda áfram. Á Akranesi og á Borg á Mýrum er talið mögulegt að jarðhiti sé til staðar, en óvissa er um hvort vatnsmagn sé nægjanlegt. Þar beinist leitinn að nýjum borholum til staðfestingar.

„Nýjustu rannsóknir á Akranesi gefa vísbendingar um að við Jaðarsbakka megi finna heitt

vatn og þess vegna verður ein hola boruð þar í vor. Ef heitt vatn finnst á Borg eða við Jaðarsbakka á Akranesi verður það kærkomin viðbót við heita vatnið sem kemur frá Deildartungu og Bæjarsveit,“ segja Veitur.

Borun hófst á nýrri holu í Hveragerði í lok árs 2025 og verður hún virkjuð þar sem bæði vatn og hiti eru þegar þekkt. Í ár standa yfir, eða eru fyrirhugaðar, boranir í Lauganesi, á Reykjum, Geldinganesi og við Jaðarsbakka á Akranesi, sem fyrr segir. Ef holar reynast nýtanlegar geta liðið nokkur ár þar til heitt vatn fer inn á dreifikerfi hitaveitunnar. /sá

Alþingi:

# Landsbyggðarmat verði lögfest


Fyrir Alþingi liggur tillaga til þingsályktunar um innleiðingu landsbyggðarmats í stefnumótun og lagasetningu stjórnvalda.

Lagt er til að landsbyggðarmat verði gert að lögbundinni og skyldubundinni aðferð í allri stefnumótun og lagasetningu ríkisins, með skýru ferli, samþæfingu milli ráðuneyta og reglulegri eftirfylgni. Sveitarfélög fagna skrefinu og telja að það bæti gæði ákvarðanatöku og styrki fjárhagslegt jafnræði.

Í upphafi tilraunaverkefni

Tillagan gerir ráð fyrir að landsbyggðarmat verði innleitt sem formlegt ferli við undirbúning lagafrumvarpa, reglugerða og umfangsmikilla áætlana ríkisins. Ferlið byggir á fjórum skrefum: skimun til að greina áhrif á dreifbýli, ítarlegu mati á umfangi og eðli áhrifa, mótvægisáðgerðum eða aðlögun þegar þörf krefur, og reglubundinni eftirfylgni með gagnasöfnun.

Forsætisráðuneytið á að leiða samþæfingu, hvert ráðuneyti að tilnefna sérstakan dreifbýlistengil og Hagstofan og Bygðastofnun að móta mælikvarða auk þess sem sett verður upp opið mælaborð. Þá á samráð við sveitarfélög og hagsmunaaðila að verða skylda í upphafi vinnu. Ársskýrsla um framkvæmd matsins verði lögd fyrir Alþingi og þriggja ára óháð úttekt tryggji stöðugar umbætur. Mælt er með að tilraunaverkefni í þessa veru hefjist nú í ár og full innleiðing verði árið 2027.



Lagt er til að landsbyggðarmat verði gert að lögbundinni og skyldubundinni aðferð í allri stefnumótun og lagasetningu ríkisins. Teikning / Hlynur Gauti

Styrki jafnræði íbúa

Nái þingsályktunin fram að ganga yrðu áhrif á sveitarfélög einkum að þau fengu skýrari stöðu í lagasetningarferlinu, aukið samráð og tryggara aðhald gagnvart ákvörðunum ríkisins sem kunna að hafa fjárhagsleg eða þjónustuleg áhrif. Með formlegu landsbyggðarmati er talið líklegra að kostnaður, þjónusta og aðgengi verði metið af meiri nákvæmni, sem styrki jafnræði íbúa óháð búsetu.

Fyri umræðu um þingsályktunina er lokið og bíður hún nefndarálits umhverfis- og samgöngunefndar. Flutningsmenn eru þau Ingibjörg Isaksen, Sigurður Ingi Jóhannsson, Stefán Vagn Stefánsson, Halla Hrund Logadóttir og Þórarinn Ingi Pétursson. /sá

**Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.**

Upplýsingar á [vegr.is](http://vegr.is) og í síma 898-5463

**VELSMIÐJA GRUNDRÁÐGAFAR**

G.RUN  
NETAGERÐ



# ÖFLUGAR VINNUVÉLAR FYRIR KREFJANDI VERKEFNI

# SANY



SANY STH1440	LYFTIGETA 4 tonn	VERÐ 13.990.000 kr. án vsk
SANY STH625	LYFTIGETA 2.5 tonn	VERÐ 10.600.000 kr. án vsk
SANY 100% Rafmagns STH625E	LYFTIGETA 2.5 tonn	VERÐ 12.300.000 kr. án vsk
SANY STH742	LYFTIGETA 4.2 tonn	VERÐ 12.600.000 kr. án vsk

SANY SY135C	ÞYNGD 15.000 kg	VERÐ (NÝ GERÐ) 15.000.000 kr. án vsk
----------------	--------------------	---



GERÐ SY18C	ÞYNGD 1.925 kg	VERÐ 3.990.000 kr. án vsk
GERÐ SY35U	ÞYNGD 3.860 kg	VERÐ 5.990.000 kr. án vsk

GERÐ SY26U	ÞYNGD 2.760 kg	VERÐ 4.990.000 kr. án vsk
GERÐ SY50U	ÞYNGD 5.300 kg	VERÐ 7.390.000 kr. án vsk

SANY SY155U	ÞYNGD 16.000 kg	VERÐ 15.000.000 kr. án vsk
SANY SY80U	ÞYNGD 8.800 kg	VERÐ 11.500.000 kr. án vsk

Mikið úrval af: Rótortiltum, Fleygum, Skóflum, Þjöppum, Grjótklóm, kröbbum og að sjálfsgöðu fleiri stærðir af gröfum.

**Allt til á lager**

**ELFOSS EHF.**

Flugvallarbraut 731, 262 Reykjanesbær | [elfoss@elfoss.is](mailto:elfoss@elfoss.is) | [www.elfoss.is](http://www.elfoss.is) | Sími 893-4020

**LEIÐANDI  
ÁBYRGÐ  
Á GRÖFUM** | **5 ÁR**  
OG/EDA 10.000 VST





Ræktun er hafin á burnirót í Hnífsdal til framleiðslu á fæðubótarefnum.

Myndir / Aðsendar

## Hnífsdalur:

## Ræktun á burnirót til fæðubótarframleiðslu

Hafin er ræktun á burnirót í Hnífsdal í þeim tilgangi að framleiða fæðubótarefni úr henni til markaðssetningar á Íslandi.

Verkefnið fékk nýlega styrk úr Sóknaráætlun Vestfjarða. Um fjölskyldufyrirtækið Hjartarót er að ræða sem stendur á bak við það, í eigu þeirra Hörpu Kristjánsdóttur, Kjartans Árnasonar og Ránar Kjartansdóttur. „Síðustu þrjú haust var fræjum safnað og sáð í hólfabakka. Síðasta sumar voru fyrstu plönturnar svo gróðursettur í beð. Þar sem burnirót er hægvaxta planta þarf hún að vaxa í 5–6 sumur áður en hún er uppskorin. Því er búist við fyrstu uppskeru sumarið 2028 eða 2029. Ræktunin er því aðeins á byrjunarstigi og búist við að næstu árin fari í að prófa sig áfram með mismunandi leiðir í ræktuninni,“ segir Harpa.



Harpa Kjartansdóttir.

Á Íslandi er burnirót fánleg sem fæðubótarefni og jurtaf. Harpa segir að hún sé farin að sjást líka á orkudrykkjemarkaðnum og þar sé gert ráð fyrir mikilli aukningu. Lífvirk efni í rótum og jarðstönglum burnirótar séu aðallega salidrosíð og rosavín. „Burnirót er talin hjálpa líkamanum að takast á við streitu, draga úr þreytu og bæta andlega og líkamlega afköst. Hún er almennt notuð til að bæta einbeitingu, minni og skap, en einnig til að auka orkustig og styðja við þrek og þol. Rannsóknir benda til þess að hún geti einnig dregið úr einkennum kvíða og vægs þunglyndis.“

### Ein verðmætasta lækningaplantan

Að sögn Hörpu er burnirót talin vera ein verðmætasta lækningaplantan í íslensku flórunni. „Hún er fjölder af helluhnoðraett sem myndar þáfur og vex á norðurslóðum og til fjalla. „Burnirót vex á norðurhveli

jarðar og á Íslandi finnst hún í öllum landshlutum, allt frá sjávarmáli og upp í þúsund metra hæð. Hún er þó ekki algeng, þar sem hún er bæði mjög eftirsótt beitarrjútt sauðkindarinnar, auk þess sem undanfarin ár hefur færst í vöxt að henni sé safnað til nýtingar í fæðubótarefni, jurtaf og snyrtivörur. Ofnýting hefur því leitt til hnignunar plöntunnar og er hún komin á valista í sumum löndum.

Þar sem ræktunin er enn á byrjunarstigi hefur ekki verið ákveðið nákvæmlega hvaða leið verður farin í markaðsmálum, en líklegt að einblínt verði á fullvinnslu afurða svo sem tinkúru á innlendan markað.“

### Bætir einbeitingu og eykur orku

Á Íslandi er burnirót fánleg sem fæðubótarefni og jurtaf. Harpa segir að hún sé farin að sjást líka á orkudrykkjemarkaðnum og þar sé gert ráð fyrir mikilli aukningu.

Lífvirk efni í rótum og jarðstönglum burnirótar séu aðallega salidrosíð og rosavín. „Burnirót er talin hjálpa líkamanum að takast á við streitu, draga úr þreytu og bæta andlega og líkamlega afköst. Hún er almennt notuð til að bæta einbeitingu, minni og skap, en einnig til að auka orkustig og styðja við þrek og þol. Rannsóknir benda til þess að hún geti einnig dregið úr einkennum kvíða og vægs þunglyndis.“

/smh

## Ölfus:

# Reykjaböðin verða opnuð í vor

Nú stýttist óðum í að Reykjaböðin opni, en um ræðir nýtt náttúruhlíf og heilsulind við rætur Reykjadal í Hveragerði.

Þar verður boðið upp á fjölbreytt upplifunarsvæði þar sem hver og einn finnur sitt athvarf frá öllum æsingnum. Þrjú félög fjárfesta eiga böðin en það eru fyrirtækin Hveraberg, Dionysus og Kynniferðir. Undirbúningur hefur staðið yfir í nokkur ár en framkvæmdir við byggingu baðanna hófust haustið 2024. Jóhanna Hreiðarsdóttir er framkvæmdastjóri baðanna en hún er mjög spennt fyrir opnuninni í vor.

„Já, hvort ég er. Hér munu gestir okkar geta notið augnabliksins, endurnærst í heitum lindum og fundið orkuna sem býr í íslensku náttúru, hvort sem það er á björtum sumarkvöldum eða undir dansandi norðurljósum. Okkar markmið er að skapa eftirminnilega upplifun í einstöku umhverfi þar sem stórbrotin náttúrufræðingur, kraumandi jarðhiti, íslensk menning og vellíðan renna saman,“ segir Jóhanna.

### Sérstakt upplifunarsvæði

Í böðunum verður sérstakt upplifunarsvæði, en hvað þýðir það? „Já, við ætlum að leggja áherslu á að skapa heildræna vellíðunarupplifun þar sem áhrif íslenskrar náttúru og menning landsins leika lykilhlutverk.

Markmiðið er að skapa athvarf og rými, sem fadmar gesti með hlýju og mykt. Hvert rými er hannað til að vekja skynfærni og leiða þig inn í ferðalag slökunar og endurnýjunar. Við nýtum innblástur frá japönskum onsen-heilsulindum, sérstaklega aðdáun okkar á einfaldleika og hreinleika sem þar ríkir og tvinnum saman við íslenska baðmenningu og norrænar baðhefðir,“ segir Jóhanna.

### Steinefnaríkt jarðhitavatn

Í Reykjaböðunum verða heitu lindirnar um 900 fm að stærð, með steinefnaríku



Hér er góð yfirlitsmynd af Reykjaböðunum og útliti þeirra. Kostnaður við byggingu baðanna er um 2,5 til 3 milljarðar króna en verkefnið er að fullu fjármagnað með eigin fé frá eigendum og lánsfjármögnun frá Arion banka.

jarðhitavatni þar sem gestir geta valið sér sinn stað, hvort sem það er að tengjast náttúrunni undir berum himni eða njóta með drykk í hönd við arineld í skjóli fyrir veðri og vindum. Á útsvæði verður viðburðasána með sjálfvirkum búnaði til að halda jöfnu hitastigi, tveir kaldir pottar fyrir byrjendur og lengra komna ásamt „Kneipp“ vaðlaug með sjávarsteinum sem örva blóðrásina.

„Við verðum með frábært og einstakt baðhús en húsið hvetur fólk til að ganga í gegnum margs konar vellíðunarathafnir við mismunandi hitastig, áferð og ilm. Í boði verður snjóherbergi, gufubað, jurtaf, upplifunartúrur, sána, kaldur pottur, flotlaug og slökunarpottur með arineld. Upplifunin er því ólík eftir því hvort gestir kæla sig niður í ískalda snjóherberginu eða sitja í jurtafottinum og anda að sér ilminum af íslenskum jurtum úr umhverfinu,“ segir Jóhanna og bætir við að þeir, sem vilja láta dekra við sig geti bætt við völdum meðferðum á borð við slakandi nuddi, endurnærandi andlits- og líkamsmeðferðum eða flotmeðferðum í vatni.

### Lónsbar og útisvið

Lónsbar verður bar á staðnum þar sem gestir geta fengið svalandi drykki meðan þeir baða sig. Við hlið barsins verður útisvið með hljóðkerfi og skjávarpa. Reglulega verður boðið upp á fjölbreytta viðburði, þar á meðal flot, gusur, lífandi tónlist og fleira. Í upphafi eða lok heimsóknar er tilvalið að njóta ljúffengra veitinga á veitingastaðnum þar sem boðið verður upp á léttu rétti ásamt úrvali heitra og kaldra drykkja.

### Opnað í maí

En hvenær er stefnt að því að opna böðin? „Stefnt er að því að opna Reykjaböðin í maí 2026. Framkvæmdir eru í fullum gangi og miðar vel áfram. Við hlökkum mikið til að taka á móti fyrstu gestum og vonum svo sannarlega að heitu lindirnar og baðhúsið muni slá í gegn, bæði hjá Íslendingum og erlendum ferðamönnum. Við gerum ráð fyrir að þurfa að ráða í 25 til 35 stöðugildi fyrsta árið,“ segir Jóhanna að lokum.

/mhh



LED-ljós á blómabúinu Espiflöt í Reykholti.

Mynd / Espiflöt

## Áfram stutt við LED-væðingu garðyrkjubænda

– Sparnaður á við notkun 3.900 heimila

Loftslags- og orkusjóður úthlutaði nýverið rúmlega 118 milljónum króna í styrki til orkusparandi verkefna í gróðurhúsum.

Styrkirnir renna til 11 býla og miða að því að draga úr raforkunotkun og bæta orkunýtni íslenskra gróðurhúsa. Fyrst og fremst er þar um að ræða innleiðingu á LED-ljósabúnaði og annars orkusparandi búnaðar, sem getur dregið úr raforkunotkun í gróðurhúsum um 40–60%.

Sambærileg úthlutun var síðasta sumar þegar sjóðurinn úthlutaði sömu fjárhæð til tíu verkefna. Í umfjöllun umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins kemur fram að samanlagt

er gert ráð fyrir að verkefnið geti náð fram raforkusparnaði sem nemur 17,8 gígavattstundum á ári. Það samsvari árlegri raforkunotkun 3.900 heimila eða árlegri notkun 5.900 rafbíla.

Haft er eftir Jóhanni Páli Jóhannssyni umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að þetta sé í fyrsta skiptið í áratugi sem stjórnvöld ráðist í skipulegan fjárfestingastuðning við framleiðendur garðyrkjuaufurða. „Styrkirnir skila sér í lækkanði raforkukostnaði og þannig aukinni framleiðni og samkeppnishæfni ylræktar á Íslandi, sem aftur skilar sér til neytenda og samfélagsins alls.“

/smh



## Ítalíudraumur

12. – 26. júní 2026

Fararstjórn: Hólmfríður Bjarnadóttir

Verð 669.900 kr. á mann í tvíbýli

Ferðin hefst í Pescara en þaðan er ekið til undurfagra bæjarins Vieste í Puglia héraði. Bærinn Alberobello er heillandi en hann er einn áhugaverðasti staður Trulli svæðisins. Við komum líka í hvítu borgina Ostuni og eins er mögnuð upplifun að koma til hellaborgarinnar Matera. Vart er hægt að hugsa sér betri endi á Ítalíudraumi en í Sorrento við Napólfíla.

bænda  
FERÐIR

Bókaðu núna á [baendaferdir.is](http://baendaferdir.is)

Sími 570 2790 • [bokun@baendaferdir.is](mailto:bokun@baendaferdir.is) • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík





TILBOÐ 1 - Grár, paradiso eða svartur.

Sett eins og á mynd 610.000 kr. Án blómaramma 510.000 kr.



# VETRARTILBOÐ

Janúar og febrúar

Innifalin er uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi.  
Sendum frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.



Rúmar vel tvö nöfn

TILBOÐ 2 - Grár Drangi 80cm hár.  
Sett eins og á mynd 640.000 kr.  
Án blómaramma 540.000 kr.



TILBOÐ 3 - Steinn 170, 53cm hár.  
Paradiso eða grár.  
Sett eins og á mynd 270.000 kr.  
Hentar líka á duftleiði.

s: 466 2800 / 899 9370

sala@minnismerki.is

steinsmidjaakureyrar.is





Stjórnvöld á Möltu komu á fót bændamarkaði árið 2011 til þess að bændur gætu selt neytendum afurðirnar sínar milliliðalaust. Mikil ánægja er með fyrirkomulagið, en 40 aðilar eru með fasta viðveru á stærsta markaðnum og tíu aðilar á minni markaði. Mynd / Ál

Malta:

## Ríkisrekinn bændamarkaður

Á eyjunni Möltu stendur hið opinbera fyrir rekstri bændamarkaða til þess að auðvelda milliliðalaus viðskipti milli bænda og neytenda.

Bændamarkaðurinn starfar samkvæmt lögum sem stjórnvöld settu árið 2011. Matvælastofnun Möltu sér um reksturinn og er stærsti markaðurinn með fjörutú sölubásnum heldinn tvisvar í viku á stað sem nefnist Ta' Qali. Þá hefur matvælastofnunin opnað minni markað á stað sem nefnist Kottonera sem er vikulega og þar eru tíu sölubásar að jafnaði.

### Vettvangur fyrir innlenda framleiðslu

Josephine Schembri, framkvæmdastjóri á sviði markaðsregluverks hjá matvælastofnun Möltu, segir hugmyndina upphaflega frá bændunum sjálfum sem hafi þrýst á stjórnvöld að koma bændamarkaðnum í lög. Áður þurftu flestir bændur að koma sínum vörum sjálfir á markað beint til verslana og veitingastaða eða í gegnum milliliði.

Þar sem bændamarkaðurinn er ríkisrekinn voru upphaflega sett þau skilyrði að þátttakendur væru bændur sem seldu framleiðslu úr nærumhverfinu. Var það gert til þess að gefa þeim færi á að verða sér úti um auknar tekjur í gegnum beina sölu. Eins var mikið ákall meðal neytenda að gefa þeim betra tækifæri til að kaupa hágæða innlend matvæli á hagstæðu verði.

„Þetta eru ekki bara ávextir og grænmeti,“ segir Andre Vella, sem starfar á markaðssviði matvælastofnunarinnar. „Við reynum að vera með söluaðila sem framleiða matvæli á Möltu og helst úr innlendum hráefnum. Eins eru sjómenn og svinabændur með sölubása. Enn fremur eru framleiðendur að hefðbundnum sætindum og handverksbakkelsi með sölubása þó svo að hráefnið sé ekki endilega að öllu leyti maltneskt,“ segir hann.

### Vilja reisa markaðnum hús

Mikil skuldbinding fylgir því fyrir bændur að taka þátt í markaðnum, en þeir þurfa að vera tilbúnir með sínar vörur fyrir dagrenningu og vera með viðveru fram yfir hádegi. Því eru oft lítil samvinnufélög bænda sem taka sig saman í kringum hvern sölubás. Ef tiltekni söluaðilar geta ekki útvegað uppskeru allan ársins hring þurfa þeir að tilkynna það til matvælastofnunarinnar til þess að hægt sé að gera ráðstafanir til að gefa öðrum plássid.

Bændamarkaðurinn í Ta' Qali er undir berum himni á stóru bílplani, en stjórnvöld útvega söluaðilum aðgang að salernum og rafmagni, ásamt því að matvælastofnunin sinnir markaðsstarfi. Bændurnir koma sjálfir með sölubása og tjöld. Þar sem markaðurinn hefur fest sig í sessi hafa stjórnvöld ákveðið að reisa hús yfir markaðinn sem mun rísa á næstu árum á sama stað. Andre segir að með nýju byggingunni verði hægt að bjóða upp á veitingasölu á staðnum. Eins verði starfsumhverfið ekki fyrir eins miklum áhrifum af veðri og vindum, en það geti verið erfitt fyrir bændur að standa vaktina þegar úti er rok og rigning.

### Árgjald afar hagstætt

Aðspurð segir Josephine bændurna mjög ánægða með markaðinn og þegar þeir þurftu að endurnýja leyfin sín fyrir skemmstu sóttu allir um áframhaldandi pláss, enda árgjaldið ekki nema 77 evrur á ári og þurfa bændurnir ekki að borga neina þóknun af sinni sölu. Hún bætir við að nú sé unnið að því að breyta lagasetningunni í kringum bændamarkaðinn til þess að gefa matvælastofnuninni aukid frelsi í útfærslu markaðarins.

Árgjaldið sé til að mynda fest í lög og ekki hægt að breyta því sem stendur. /ál

# Hættuleg efni í jurtaolíu

– Hexan undir smásjóni

Hexan í jurtaolíuðnaði reynist mun útbreiddara og hættulegra en áður var talið, að mati franskrar þingnefndar sem krefst þegar í stað skýrari merkinga og nýrra úrræða.

Frönsk þingnefnd hefur eftir fjögurra mánaða rannsókn og um þrjátíu yfirheyrslur komist að þeirri niðurstöðu að banna verði hexan, leysiefni unnið úr jarðolíu, í jurtaolíuframleiðslu hið fyrsta. Efnið hefur lengi verið notað til að hámarka olíunýtingu úr fræjum og er talið menga fjölda matvæla. Það er flokkað sem taugaeitur af Evrópsku efnaöryggisstofnuninni ECHA (e. The European Chemicals Agency). Franski þingmaðurinn og veitingahúsarýnirinn Richard Ramos hyggst nú leggja fram sérstakt lagafrumvarp sem skyldar framleiðendur til að upplýsa neytendur. Franska vikublaðið Le Canard enchaîné greindi frá.

Málið komst í sviðsljósið eftir útgáfu bókar blaðamannsins Guillaume Coudray, „De l'essence dans nos assiettes“, (Bensín á diskum okkar), sem sýndi fram á óhóflega notkun hexans í matvælaúnaði þrátt fyrir heilsufarsáhættu sem hafi verið þekkt frá árinu 2014. Greenpeace staðfesti síðar viðtæka notkun efnisins; samtökin fundu hexan í tveimur þriðju af 56 matvælum sem voru rannsökuð.

### Iðnaðurinn heldur að sér höndum

Framleiðendur jurtaolíu hafa hins vegar brugðist seint við og telja notkun hexans vera innan öruggra marka. Samtök iðnaðarins fullyrða að efnaleifar séu „afar litlar“ og innan reglna sem heimila eitt milligramm á hvert kíló. Þingnefndin segir reglurnar hins vegar gamaldags og ófullnægjandi – sérstaklega þar sem engin mörk eru skilgreind í afleiddum dýraafurðum, svo sem mjólk og kjöti.

Svo dæmi sé tekið notar franska stórfyrirtækið Avril um fjórar milljónir lítra af hexani árlega við framleiðslu á um einni milljón tonna jurtaolíu og tveimur milljónum tonna af próteinkökum, skv. Le Canard enchaîné. Arnaud Rousseau, stjórnarformaður Avril Gestion og bóndi og forseti landssambands franska landbúnaðarins, hafnaði boði um að koma fyrir rannsóknarnefndina. Ramos gagnrýnir afstöðu Avril og annarra iðnaðarissa og bendir á að til séu öruggari valkostir, meðal annars efnið 2-methýloxólan. Þingnefndin leggur til að innleidd verði skýr merkingarskylda, auk þess sem stjórnvöld styðji rannsóknir og fjárfestingu í lausnum sem gætu leyst hexan af hólmi.

### Áhyggjur af fleiri efnunum

Hexan er litlaust, rokgjarn og mjög eldfimt lífrænt leysiefni (C<sub>6</sub>H<sub>14</sub>) sem unnið er úr hráolíu. Efnið er mikið notað í olíuúnaði til að draga sem mest magn út úr jurtafræjum og getur náð allt að 97% af olíunni úr hráefninu. Þetta gerir efnið ódýrt og skilvirkt í framleiðslu en hefur sem fyrr segir verulega heilsufarsáhættu.

### Vinnsluaðferðir jurtaolíu

Tvær aðferðir eru notaðar til að vinna olíu úr fræjum, hnetum eða baunum: þ.e. háþrýstipressun og að leysa olíuna upp í uppleysara, sem síðan er fjarlægður við eimingu (solvent extraction). Háþrýstipressunin (sem stundum er nefnd kaldpressun) er vélræn aðferð þar sem olían er pressuð úr fræinu við gífurlegan þrýsting (allt að 3 tonn á fersentimetra eða 3.000 loftþ.). Nokkurs konar snigill er látinn snúast og pressa hráefnið saman þannig að olían pressist úr. Uppleysaraaðferðin er mjög mikið notuð, aðallega vegna þess að upplausnarefnið sem notuð er gera mögulegt að ná mestri olíu úr sama magni hráefnis. Aðferðin byggir á því að blanda saman við hráefnið uppleysara t.d. hexan (efni skylt bensíni). Olían í hráefninu leysist upp í uppleysaranum og olíunni er síðan náð úr upplausninni með suðu á henni (uppleysarinn sýður við mikið lægra suðumark en olían). Gufan af uppleysaranum er síðan þétt og hann endurnotaður. (heilsuhringunni.is)



Evrópa glímur almennt við auknar áhyggjur af eiturefnum í matorolíu þar sem gögn sýna að mengun frá steinefnaolíum (e. Mineral Oil Hydrocarbons, MOH) og skyldum efnunum sé bæði útbreidd og vanmetin. MOH eru lífræn kolvetnissambönd sem verða til við vinnslu hráolíu, en geta einnig átt uppruna í kolum, gasi eða lífmassa. Greining á evrópskum matvælum sýnir að steinefnaolíur geta borist í olíur við uppskeru, vinnslu, gegnum vélar, eða úr umbúðum.

Evrópskar eftirlitsstofnanir og neytendasamtök hafa undanfarna mánuði varað við hættu af MOH, sérstaklega MOAH (e. Mineral Oil Aromatic Hydrocarbons), sem geta innihaldið krabbameinsvaldandi sameindir og valdið DNA-skemmdum. Samkvæmt Foodwatch leiddu ný gögn í ljós að spænsk olíufuolía fór 26 sinnum yfir mörk fyrir mengun, sem jók þrýsting á að herða reglur.

Viðamikil yfirferð í Bretlandi um gerviefnamengun í matorolíu sýndi einnig að umtalsverðar rangfærslur og fölsun eigi sér stað á mörkuðum, þar á meðal tilfelli þar sem steinefnaolía fannst í fjölmörgum olíum frá ólíkum upprunalöndum. Þrátt fyrir þetta er mikið andstaða meðal margra stærri framleiðenda, einkum í olíufuolíugeiranum á Ítalíu og Spáni, sem krefjast undanþága frá strangara regluverki og lengri aðlögunartíma. /sá

### Innflutningur á jurtaolíum til matargerðar árið 2024 skv. tollskrá

Danmörk	– 1.892.849 kg
Holland	– 1.285.759 kg
Þýskaland	– 518.178 kg
Belgía	– 462.611 kg
Ítalía	– 450.418 kg
Spánn	– 442.479 kg
Svíþjóð	– 278.987 kg
Frakkland	– 278.365 kg
BNA	– 182.091 kg
Bretland	– 173.464 kg
Pólland	– 72.387 kg
Sri Lanka	– 13.908 kg
Mexíkó	– 11.566 kg
Kanada	– 9.978 kg
Filippseyjar	– 7.243 kg
Taívan	– 4.246 kg
Grikkland	– 3.983 kg
Úkraína	– 3.614 kg
Egyptaland	– 2.269 kg
Japan	– 1.949 kg
Kína	– 1.532 kg
Singapúr	– 911 kg
Litáen	– 639 kg
Ghana	– 636 kg
Víetnam	– 568 kg
Níger	– 244 kg
Portúgal	– 242 kg
Líbanon	– 215 kg
Tyrkland	– 138 kg
Tailand	– 124 kg
Búlgaría	– 102 kg
Austurríki	– 98 kg
Hong Kong	– 89 kg
Suður-Kórea	– 61 kg
Marokkó	– 12 kg
Malasía	– 6 kg



### Íbúafundur



Sveitastjórn Húnabyggðar leggur fram tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi fyrir Húnabyggð sem kynnt verður á opnum kynningarfundum **þriðjudaginn 24. febrúar kl 17** í Félagsheimilinu á Blönduósi.

Fulltrúar úr skipulagsnefnd og sveitastjórn verða á staðnum sem og skipulagsráðgjafar sem munu fara yfir helstu atriði sem taka breytingum, hvað þetta þýðir fyrir íbúa sveitarfélagsins og hvernig almenningur geti haft áhrif og sett fram sínar skoðanir.

Allir hvattir til að mæta, kynna sér gögningu og taka þátt í umræðum um framtíð Húnabyggðar.

Gögnin má finna á skipulagsgátt undir númeri **1293/2024** þar sem einnig skal skila athugasemdum og ábendingum.



# ERTU AÐ FARA AÐ BYGGJA?



## Sökkulkerfi fyrir allar tegundir húsa

Myglar ekki!




CE vottað



Stuttur afhendingartími



Einfalt  
Fljótlegt  
Endingargott  
Ódýrt



- Íslensk hönnun, íslensk framleiðsla fyrir íslenskar aðstæður
- Haltu kyndikostnaði niðri með húskubbum frá Polynorth
- Eigum húskubba fyrir bæði sökkla og veggi á lager

Prófaðu nýju  
reiknivélina okkar  
og sjáðu strax  
kostnaðinn við að byggja.  
[www.polynorth.is/reiknivel](http://www.polynorth.is/reiknivel)



 polynorth.

Óseyri 4 - 603 Akureyri - Sími 857 7799 - Kt: 660887-1649 - [polynorth@polynorth.is](mailto:polynorth@polynorth.is) - [www.polynorth.is](http://www.polynorth.is)



AMOC:

# Veltihringrás Atlantshafsins veikist

– Ísland í miðju atburðanna

Steinunn Ásmundsdóttir  
steinunn@bondi.is



Veltihringrás Atlantshafsins, AMOC, er að veikjast og rannsóknir benda til aukinnar áhættu á stigvaxandi hnignun hans. Það gæti haft umtalsverð áhrif á Íslandi þegar fram í skair.

Veltihringrás Atlantshafsins, AMOC, er eitt mikilvægasta flutningskerfi hafsins og hefur mótað loftslag norðrhvæls jarðar í þúsundir ára. Kerfið flytur heitt og salt yfirborðsvatn norður á bóginn og dregur kalt djúpsjávratn til baka til suðurs, og þessi stöðugi hringur gegnir lykilhlutverki í að jafna hitamun og tryggja stöðug veðurfarsmynstur yfir Norður-Atlantshafi. Án hringrásarinnar væri Evrópa mun kaldari og sveiflukenndari, og lífsskilyrði við norðanvert Atlantshaf hefðu tekið allt aðra stefnu.

Á síðustu árum hafa vísindamenn þó tekið eftir breytingum í bæði styrk og stöðugleika strauma, og samhljómur er meðal fjölmargra rannsókna um að AMOC-velthringrásin sé nú veikari en hún hefur verið um langt skeið. Þessi þróun kemur í ljós í seltu-, hitastigs- og blöndunargögnum hafsins og samræmist reiknilíkönum sem vara við því að hætta á frekari hnignun muni aukast ef hlýnun jarðar heldur áfram.

Leitt hefur verið að því líkum að haldi losun koltvíoxíðs og annarra efna sem valda hnattrænni hlýnun áfram að aukast, verði 70% líkur á algjöru hrúni straumsins en ef losunin helst óbreytt verði líkurnar 37%. Vendipunktinum, sem geri hrun AMOC óumflýjanlegt, verði mögulega náð innan nokkurra áratuga þó svo að hrúnið sjálft yrði líklega ekki fyrr en 50 til 100 árum síðar og straumurinn dvínaði þá smám saman. Skyldi losunin minnka í samræmi við Parísarsamkomulagið verði nærfellt 25% líkur á falli straumsins.



Mynd / NASA

Líkankeyrsla í fyrra sýndi fram á að vendipunktur, þar sem ekki fengist við neitt ráðið, gæti orðið innan nokkurra áratuga, jafnvel við hóflega losun CO2. Ísland gæti því verið í hlýnun allra næstu áratugi, hægja myndi á henni undir aldamót en eftir það tæki mjög að síga á ógæfuhliðina.

Talið er að fari AMOC yfir vendipunktinn muni hann smám saman deyja út á 50–100 árum. Mikil óvissa er í spám um hvort og hvenær slíkt rof yrði en fyrir liggur að hlýni um 2 gráður eða meira á heimsvísu stigmagnast líkurnar. Vísbendingar eru um að styrkur AMOC hafi minnkað um 15% frá árinu 1950. Um 2015 voru komin fram skýr merki um að hlýir hafstraumar sem

streyma norður Atlantshafið væru að hægja á sér.

## Hringrásin er mikilvæg

Til að skilja mikilvægi hringrásarinnar þarf að huga að því hvernig hún verður til og hvers vegna hún er viðkvæm. Þegar heitt og salt vatn flyst norður Atlantshafið kólnar það við nálægð pólanna og verður þéttara. Þyngdin veldur því að vatnið sekkur til botns og rennur til suðurs á miklu dýpi. Þetta sökkvunarferli heldur hringrásinni gangandi og tryggir að varmi berist norður til Evrópu. Með þessu móti dregur AMOC úr hitamun milli svæða og stuðlar að mildara loftslagi á norðanverðu Atlantshafi en ella væri.

Til að útskýra hrun AMOC nánar er átt við að djúpsjávarmyndun í Norðrhöfum gerist á þremur stöðum, í Labradorhafi, í Irmingerhafi og í Noregshafi. Þessi djúpsjávarmyndun er lykilmáttur sem heldur AMOC-hringrásinni gangandi. Djúpsjávarmyndun í Labrador og Irminger (hlutar af svaltempraða hringstreyminu, SPG) virðist viðkvæmari og hefur truflast af og til á undanföllum áratugum, en alltaf farið í gang aftur. Varanleg stöðvun í Labrador og Irminger gæti dregið úr hlýnun, eða valdið kólnun, á Norður-Atlantshafi. Það færi eftir umfanginu hversu mikil áhrifin yrðu á Íslandi.

Í Noregshafi er líklegra að djúpsjávarmyndun haldi lengur áfram. Óljóst er hversu stöðugt það ferli er en stöðvist það líka þá dregur úr styrk AMOC á næstu áratugum til áhrundruða. Þá gæti orðið veruleg kólnun á Norður-Atlantshafi.

Veltihringrásin er viðkvæm fyrir breytingum í hita og seltu. Þegar bráðnun Grænlandsjökuls eykst og meira ferskvatn berst út í hafið, verður yfirborðslagið eðlisléttara. Það sekkur síður og hægir þannig á þeim varmaflutningi sem hingað til hefur borið mildari strauma til norðurs. Ef þetta ferli heldur áfram gæti það leitt til þess að sökkvunarsvæðin veikist og jafnvel stöðvist, sem hefði víðtækar afleiðingar fyrir loftslag í kringum Norður-Atlantshaf.

Verði þessar breytingar á AMOC-straumnum myndi Golfstraumurinn

„Stærsta spurningin er hvort AMOC sé eingöngu að veikjast eða hvort kerfið sé að nálgast vendipunkt óafturkræfra breytinga ...

ekki stöðvast heldur breyta um stefnu og hita Suður-Evrópu meira, en kæla Norður-Evrópu, sérstaklega Ísland, Noreg og Bretlandseyjar.

## Kuldapollur skýrasta merkið

Eitt skýrasta yfirborðsmerkið sem bendir til hnignunar í AMOC er svokallaður kuldapollur suður af Íslandi. Um er að ræða hafsvæði sem hefur kólnað um meira en gráðu á meðan hitastig sjávar hækkar víðast hvar annars staðar í heiminum. Þessi kuldapollur samræmist líkönum sem gera ráð fyrir að minni varmaflutningar berist norður með hringrásinni, og vísindamenn hafa á síðustu árum fengið staðfestingu á að hann sé ekki tímabundin skekkja heldur stöðugt mótað mynstur sem samsvarar veikari veltihringrás.

Kuldapollurinn hefur bæði staðbundnar og víðtækar afleiðingar. Hann hefur mótað vetrarhita á Íslandi og virðist tengjast aukinni úrkomu og snjókomu á tímabilum. Jöklar virðast einnig bregðast við þessum sveiflum, þar sem rýrnun jókst skarpt um miðjan tífunda áratug síðustu aldar en dróst síðan tímabundið saman í takt við kólnun kuldapollsins um 2010. Rannsóknir á hafraenu næringarkerfi benda jafnframt til að kuldapollurinn geti haft áhrif á blöndun sjávar og þar með á frumframleiðni í hafinu, sem er grunnur fæðukeðjunnar.

## Óvissan um vendipunkt

Stærsta spurningin sem vísindamenn glíma við er hvort AMOC sé aðeins að veikjast eða hvort kerfið sé að nálgast vendipunkt þar sem breytingar verða óafturkræfar. Mörg hermílikön benda, eins og áður kom fram, til þess að slíkur vendipunktur gæti orðið innan nokkurra áratuga ef hlýnun jarðar heldur áfram með sama hætti og hingað til. Sum þeirra gera ráð fyrir að jafnvel hófleg losun gróðurhúsalofttegunda geti valdið því að kerfið missi stöðugleika sinn og dragist verulega saman á tiltölulega skömmum tíma.

Önnur líkön sýna minni líkur á hrúni á þessari öld, þótt þau spái áframhaldandi veikingu





**allt fyrir öryggið**

**TILBOÐ**

**843.200,-**


**m/vsk**

Áreiðanleg loftpressa frá hinum virta framleiðanda ELGi. Kemur með þurrkara sem getur náð daggarmarki + 3°C og 270 l loftkút með tímastilltu dreni. Stærð í mm: L: 1825 x B: 773 x H: 1405 5 ára ábyrgð með þjónustusamning.

- Loftpressa 5,5 kW
- Afkastageta 650 l/mín
- Þurrkari + 3°C
- 270 l loftkútur
- Hámarksþrýstingur 10 bar
- Hljóðstyrkur aðeins 64 dB (A)
- Þriggja fasa / 400 V

Fánleg með matvælavottaðri olíu og í öðrum stærðum. Einnig hægt að ná ISO 8573-1 gæðastaðli 1:4:1 með tveimur þrýstiloftssíum.

Dynjandi ehf. | Skeifunni 3 | 108 Reykjavík | Sími 588 5080 | dynjandi.is | hafsteinn@dynjandi.is



Hnattrænn yfirborðshiti miðað við meðaltal árinna 2015 til 2019. Mynd / NASA



veltíhringrásarinnar. Enn önnur líkón benda til að duttlungar náttúrulegra sveiflna geti verið meiri en áður var talið og að kuldapollurinn geti verið hluti slíkra sveiflna. Engu að síður benda nýjustu gögn til þess að jafnvel þótt náttúruleg sveifla spili nokkurt hlutverk, sé manngerð hlýnun sá drifkraftur sem hraðar öllu ferlinu.

Það sem gerir stöðuna flókna er að lofthjúpur og haf vinna saman á margþætta vísu. Þau bregðast hvort við öðru á ólíkum hraða og með ólíku móti. Þegar ferskvatn frá bráðnun jökla léttir yfirborð hafins sekkur það síður og myndar stöðugt yfirborðslag sem hamlar blöndun, og þetta ferli getur sett af stað vítahring sem yfir undir veikari sökkvun.

Vísindamenn hafa varað við því að þegar tilteknu marki er náð breytist hringrásin hraðar en hægt er að stöðva með losunarsamdrætti. Þar liggur röt óttans við vendipunkt: ekki vegna þess að hrun sé endilega talið líklegt í bráð, heldur vegna þess að áhrifin væru gifurlega víðtæk ef af yrði.

#### Rannsóknir hniga í sömu átt

Á undanförunum árum hafa birst fjölmargar rannsóknir sem varpa ljósi á þróun AMOC með mismunandi nálgunum. Sumar þeirra byggja á samanburði hitagagna og seltuupplýsinga síðustu hundrað ára og sýna að aðeins þau líkón sem gera ráð fyrir veikari hringrás samræmast raunverulegum mælingum á hafinu. Slíkar rannsóknir benda jafnframt til þess að vatn djúpt í Norður-Atlantshafi eldist hraðar en áður, sem gefur til kynna slakari endurnýjun djúpvatns og minni sökkvun á norðlægum breiddargráðum. Eldra vatn merkir lélegri súrefnisflutning, verri blöndun og skýr merki um slakari nýliðun djúpvatns, sem er eitt af meginhlutverkum AMOC.

Niðurstöður gefa einnig til kynna að breytingamar séu ekki samræmanlegar náttúrulegum sveiflum einum saman. Samþætting mæligagna og líkana sýndi að stórauðinn „vatnsaldur“ og vaxandi súrefnisnotkun (AOU, e. apparent oxygen utilization) passa fyrst og fremst við hlýnun af mannavöldum.

Aðrar rannsóknir, meðal annars frá Caltech og breska Met Office, telja þó að hrun AMOC á þessari öld sé ekki líklegt, þótt veiking geti orðið á bilinu 18–40% fyrir lok aldarinnar.

Þeir vísindamenn sem hafa verið hvað varfærnastir í spám sínum leggja áherslu á að mælingar á innstremmi hlýs Atlantshafssjávar sýni ekki afgerandi breytingar. En jafnframt viðurkenna þeir að hafið sé að breytast á annan hátt: ferskvatn við yfirborð hefur aukist og súrnun sjávar eykt stöðugt. Þá hafa rannsóknir frá UCL og öðrum háskólum bent á að djúpsjór á fyrri jökulskeiðum hafi haldið virkni sinni þrátt fyrir mikinn kulda og breytta hafisdreifingu. Slíkar niðurstöður benda til að hringrásin sé að sumu leyti þrautseig og geti lagað sig að breyttum skilyrðum.

Samhliða þessu hafa umfangsmiklar greiningar í ritrýndum tímaritum varað við því að stöðugleiki hringrásarinnar sé að minnka. Vísindamenn keppa þannig sín á milli, en heildarmyndin eru engu að síður áhyggjuefni: kerfið er á niðurleið hvort sem það á eftir að hrynja eða ekki.

#### Áhrif á Ísland veruleg

Staða Íslands gerir landið að lykilmáli í vöktun á AMOC. Landið stendur, bókstaflega, á mörkum heitra og kaldra hafstrauma. Hér er blöndun vatns frá Atlantshafi og Norður-Íshafi mikil og sökkvunarsvæði djúpsjávar nálæg. Þess vegna koma breytingar í hringrásinni fyrir fram hér en víða annars staðar.

Veiking AMOC gæti haft áhrif á vetrarhita, úrkomu og tíðni lægða á Íslandi. Áhrifin gætu komið fram í styttri og svifari sumrum, meiri líkum á skörpum kólnunarárum og aukinni sveiflukennndri tíðni vetrarlægða. Slíkar breytingar myndu hafa stórfelld áhrif á allt líf í landinu. Hafis gæti einnig nálgast Ísland oftar en undanfarna tvo áratugi.

## Getum ekki stungið höfðinu í sandinn

Áhyggjur vegna hruns eða verulegrar hnignunar veltíhringrásar Atlantshafsins (AMOC) hafa aukist jafnt og þétt á undanförunum árum, og í íslenski og norræni umræðu hefur þessi þróun fengið aukna þýðingu sem þjóðaröryggismál.

Í grein sem birtist á visir.is og í Dagens Nyheter síðla janúarmánaðar skrifuðu Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Johan Rockström, forstjóri Potsdam Institute for Climate Impact Research, ítarlega um þessa ást. Þetta markar eitt af skýrustu viðvörðunarkerkjum sem stjórnvöld hafa gefið út um málið.

„Íslendingar kannast flestir við Golfstrauminn sem er hluti hafstraumakerfis í Norður-Atlantshafi og gegnir lykilhlutverki í að gera Ísland byggilegt“, segir í grein Jóhanns Páls og Rockströms. Þeir lýsa hnignun AMOC sem sé „ein alvarlegasta ógnin sem við stöndum frammi fyrir vegna loftslagsbreytinga“, og bæta við að „áhættan á hruni AMOC og geigvænlegum afleiðingum þess er þegar orðin óásættanlega mikil“.

Jóhann Páll og Rockström vara einnig við því að áhættan sé samfélagsleg, efnahagsleg og vistfræðileg: „Um sé að ræða áhættu sem ógni langtímaöryggi þjóða.“ Þeir hvetja Norðurlönd til að efla samstarf sitt og byggja upp „sterk og samþætt kerfi til eftirlits, vöktunar, líkanagerðar og viðbúnaðar“ vegna breytinga á AMOC og öðrum vendipunktum loftslagsins.

Á meðan stjórnvöld hnykkja á mikilvægi viðbúnaðar hafa vísindamenn lagt fram sífellt alvarlegri vísendingar. Stefán Rahmstorf, einn fremsti hafaðlisfræðingur Evrópu, hefur ítrekað varað við þróuninni og segir hann niðurstöður rannsókna vera „sláandi“ og að hrun yrði „katastrófa fyrir Ísland og önnur Norðurlönd“.

Hann bendir á að hafsvæðið suður og suðvestur af Íslandi sé „eina svæðið á jörðinni sem hefur kólnað frá 19. öld“, og að það sé „sterk vísending um minnkandi varmaflutning norður á bóginn“. Rahmstorf metur áhrif mögulegrar veikingar þannig að „vetrarhiti á Íslandi yrði allt að 9 °C lægri en nú og við stendur Noregs gæti hiti lækkað um 20°C“, auk þess sem fiskgengd og landbúnaður á norðurslóðum gætu tekið miklum breytingum.

Áslaug Geirsdóttir, prófessor við jarðvísindadeild Háskóla Íslands, er á meðal þeirra sem hafa rannsakað kuldapollinn sunnan við Ísland og tengsl hans við veikari AMOC. Hún sagði í umfjöllun Bændablaðsins um AMOC árið 2024 að „bæði hermanir og mælingar á styrkleika AMOC benda til að um staðbundinn kaldan blett sé að ræða í hafinu sunnan við Ísland í dag“, og útskýrir að „mælingar benda til að þessi kaldi blettur sé afleiðing af veikari styrk AMOC“. Hún varar við því að ef veikingin heldur áfram gætu „sumur [orðið] styttri og kaldari, minni spretta og auknar líkur á kali og jarðvegsrofi“, og að slíkt hefði „slæm áhrif á vistkerfi hér á landi“. Ef hringrásin stöðvast alfarið yrði, að sögn Áslaugar, „áberandi kólnun yfir norðanverðu N-Atlantshafi ... hafis ykist stórlega ... [og] jöklar myndu áfram ganga fram og magna hitalækkunina.“

Þrátt fyrir gagnrýni sumra vísindamanna á „dramatískar“ sviðsmyndir er ljóst af þessum samhljómi orðræðu stjórnvalda og leiðandi sérfræðinga að hnignun AMOC er talin raunveruleg og að áhrifin fyrir Ísland gætu orðið djúpstæð. Grein Jóhanns og Rockströms endar á skýru ákalli: að nálgast hættuna með ábyrgð og alvöru og að líta á viðbúnað ekki sem hræðsluáróður, heldur sem skynsamlega stefnumótun „á tímum loftslagsvárs“.

Þöggung eða það að stinga höfðinu í sandinn og láta sem þetta sé ekki að gerast er sem sagt ekki valkostur.




Aslaug Geirsdóttir.

Halldór Þorgeirsson.



Jóhann Páll Jóhannsson.

Johan Rockström.



Hér má sjá veltíhringrás vatns í hafi jarðarinnar. Hlýrri, ferskari yfirborðssjór er táknaður með rauðum örvum en kaldari, saltari djúpsjór með bláu örvum. Í Norður-Atlantshafi berst heitt yfirborðsvatn í norðaustur, áður en það kólnar og sekkur og snýr aftur suður á bóginn. Þetta er Atlantic Meridional (norður-suður) Overturning Circulation, eða AMOC.

Teikning / MetOffice

Ef AMOC veikist frekar getur kalt yfirborðsvatn borist sunnar en áður og vaxandi hafsisjaðar náð nær siglingaleiðum.

Vísindamenn telja jafnframt að breytingar í höfum geti haft áhrif á fiskgengd. Spurningin er ekki aðeins hvort hitastig lækki eða hækki heldur hvernig næringarflutningar í hafinu breytast þegar blöndun minnkar. Yfirborð sem verður ferskara verður einnig stöðugra og heldur næringarefnum frá ljósriku efrri lögum. Slíkt getur dregið úr frumframleiðni, sem hefur keðjuverkandi áhrif á dýrasvif, loðnu og stærri nytjafiska. Breytt samsetning fæðugrunns getur valdið sveiflum í stofnstærðum og haft áþreifanleg áhrif á sjávarútveg.

Stjórnvöld á Íslandi hafa á undanförunum árum bent á að þróun AMOC hafi raunverulegt þjóðaröryggisgildi. Truflun á hafstraumum gæti haft áhrif á allt frá orkuöflun til aðfangakeðja og efnahagslegs stöðugleika. Það er í þessu samhengi sem Ísland þarf að fylgjast sérstaklega vel með þróuninni og byggja upp viðbúnað sem miðast við fjölbreytilegar sviðsmyndir, allt frá hægri hnignun til hraðari breytinga.

#### Splunkuný skýrsla

Skýrslan A Nordic Perspective on AMOC Tipping kom út í byrjun mánaðarinnar. „Meginatriði skýrslunnar eru að veltíhringrásin (AMOC) mun líklega hægja á sér á öldinni. Þessi samdráttur getur síðan leitt til þess að veltíhringrásin stöðvist, fyrst sá hluti hennar sem myndar djúpsjó suðvestan við landið, og síðar sá hluti sem er norðaustan við landið. Vítar er að hlýnun jarðar eykur líkurnar á því að þetta gerist en ekki er vitað við hvaða mörk hlýnunar þessi atburðarás verður óstöðvandi,“ segir Halldór Björnsson, fagstjóri veðurs og loftslags hjá Veðurstofu Íslands, og einn höfundar skýrslunnar, í samantekt sem birtist á Veðurstofuvefnum vedur.is

„Mat á þeim mörkum liggur á bilinu 1,4 - 8 °C hnattrænnar hlýnunar. Eins er ekki vitað hversu hratt

hringrásin stöðvast, mat á því nær frá 15 árum til 300 ára. Atburðarás sem þessi myndi líklegast gerast á næstu öld þó að ekki sé hægt að útiloka að hún hefjist fyrr. Líkurnar eru óþekktar en skýrslan rekur mögulegar afleiðingar fyrir Norðurlöndin,

bæði hvað varðar vistkerfi í sjó og efnahag. Í verstu sviðsmyndum eru afleiðingarnar mjög neikvæðar. Þó að óvissa um mögulegt hrun AMOC sé mjög mikil má draga verulega úr líkum þess með því að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda.

Skýrslan tekur því undir ákall 44 loftslagsvísindamanna sem afhent var Norrænu ráðherranefndinni á Arctic Circle árið 2024 að Norðurlönd beiti sér fyrir áköfum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda,“ segir Halldór enn fremur.

# FULLKOMINN DÚETT

Hágæða vatnsrofið íslenskt þorsk kollagen

Íslensk nýsköpun síðan 2015



NORDIC NUTRITION  
PROTIS



# Hestur í kvöldmatinn?

– Íslendingar varfærir í hrossakjötsáti

Íslenskt hrossakjöt er takmarkað og verðmætt hráefni þar sem framboð er sveiflukennt, útflutningur vaxandi og neyslumynstur héraðs mótast bæði af tilfinningum og hefðum.

Íslensk framleiðsla á hrossakjöti er tiltölulega lítil miðað við aðrar kjöttegundir og nam 910 tonnum árið 2023 og 982 tonnum árið 2024, samkvæmt upplýsingum Matís á Kjötbókinni. Hrossakjöt er þar með aðeins um 3,4% af heildarkjötrframleiðslu landsins, sem undirstrikar hversu takmörkuð auðlind það er í íslenskum landbúnaði.

Talið er að á bilinu 70–80 þúsund hestar séu á Íslandi en árið 2021 voru 91.872 hross skráð á lífi í landinu og átti Ísland þá metfjölda hrossa í heiminum. Þýskaland kom næst með 66.450 hross.

Hrossakjöt hefur verið fremur lítið sýnilegt í íslenskum verslunum, óstöðugt í framboði og oft á afslætti vegna stutts geymsluþols. Þetta var staðfest í heildstæðum rannsóknnum Evu Margrétar Jónudóttur, sérfræðings hjá Matís, sem hafa leitt í ljós að hrossakjöt er viðkvæmt fyrir þránun og upplitun og þarf sérhæfða þökkun og meðhöndlun.

Í megindlegri könnun meðal 853 neytenda kom fram að hrossakjöt sé iðulega smakkað af neytendum en lítið markaðssett, og að flestir sem kaupir geri það úr kæli í verslunum eða beint frá bændum. Flestir eru líklegir til að kaupa steikur, gúllas og snitsel, en síður grafnar eða reyktar afurðir, skv. Matís.

Neytendur tengja hrossakjöt oft við hreina, náttúrulega fæðu án sýklalyfja og aðskotaefna, sem telst lykilatriði í mynd vörunnar. Hins vegar spilar tilfinningaleg afstaða stórt hlutverk í viðhorfum – sumum finnst óþægilegt að borða dýr sem almennt er lítið á sem svokölluðu félagsskapardýr.

## Útflutningur dregist saman


Árið 2024 var flutt út 331 tonn af hrossakjöti, samkvæmt Hagstofu Íslands. Árið 2023 voru 216 tonn flutt út og jukust verðmæti útflutningsverulega milli ára. Helstu útflutningsmarkaðir eru Kasakstan, sem er nýtt og stórt viðtökuland; 52 tonn fóru þangað bæði 2022 og 2023. Sömuleiðis Ítalía, sem greiðir hæsta verð fyrir íslenskt hrossakjöt; um 3.390 kr/kg. Kasakstan er land þar sem hrossakjöt er löngu rötgróin dagleg fæðutegund, sem skýrir stöðuga eftirspurn. Ítalía tekur við minna magni en mun verðmætara.

Útflutningur hrossakjöts frá Íslandi hefur þó minnkað markvert á síðustu árum, samkvæmt gögnum FAOSTAT Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, og innlendum tölum um ferskt hrossakjöt fyrir árið



Það fer enn dálítið þversum í Íslendinga að borða hrossakjöt enda var það bannað fyrr á tíð. Sumum finnst óþægilegt að borða „þarfasta þjóninn“. Þegar öllu er botninn hvolfir er hrossakjöt þó holl gæðafæða en kjötið þarf nokkuð aðra meðhöndlun frá framleiðanda til neytandans en annað kjöt.


Mynd / Pixabay



Áætluð hlutföll innanlandsmarkaðar og útflutnings hrossakjöts árið 2024.

2023. Árið 2019 voru flutt út um 337 tonn af hrossakjöti, en árið 2023 hafði magn útflutnings lækkað í rúm 216 tonn, sem fyrr segir. Þetta jafngildir rúmlega 35% samdrætti á fimm árum.

Sala á hrossakjöti var um eða undir eitt þúsund tonn á ári á tímabilinu frá 1980 til 2000. Útflutningur var oft nokkur hluti þar af, ekki síst til Japan. Til að mynda var útflutningur á hrossakjöti tæplega 50% af heildarsölu ársins 1999.



Framleiðsla hrossakjöts á Íslandi (2023–2024).

## Meyrara en lambakjöt

Rannsóknir Matís sýna að folaldakjöt er náttúrulega meyr, jafnvel meyrara en lambakjöt, og þorni ekki eins við eldun. Það þykir hrein og umhverfisvæn afurð með háu hlutfalli fjölmættaðra fitusýra, sem einnig gerir það viðkvæmt. Þessi sérstaða – meyrni, bragð og hreinleiki – gæti verið sterkur grunnur markaðssetningar.



Girnilegt ungfóldakjöt.

Mynd / Bbl

Í skýrslum Matís er sérstaklega bent á að tækifæri séu mikil í markaðssetningu hrossakjöts, en framboð og þróun umbúða hafi verið ómarkviss. Ekki hefur farið fram samræmd markaðsherferð á landsvísi, en Matís, rannsóknaraðilar og nokkur sláturhús hafa unnið að því að auka þekkingu og bæta vinnslu. Eva Margrét hefur bent á að meiri fræðsla og sýnileiki geti skipt sköpum, og að jafnvel mætti auka vinsældir kjötsins með áhrifavöldum eða kokkum sem kynni hráefnið betur.

## Djúpstæð andstaða

Á Íslandi ríkti um aldir sterkt bann við hrossakjötsáti og var það bæði trúarlegt og menningarlegt fyrirbæri. Bannið byggðist á túlkun á Biblíunni, þar sem aðeins var leyft að neyta kjöts klaufdýra. Í fyrstu kristniöldum Íslands var hrossakjötsát sett í sama flokk og alvarlegustu syndir, svo sem barnaútburður og skurðgoðadýrkun, og var slíkt athæfi talið ósiðlegt, jafnvel þótt fólk borðaði ekki kjötið heldur kæmi aðeins nálægt slátrun eða vinnslu þess.

Staða hestsins sem ómissandi vinnu- og samgöngutækis styrkti einnig viðhorfið. Hesturinn var grundvallarhluti atvinnulífs og samfélags fram á 20. öld og því þótti óhugsandi að neyta hans sem matvæla.

Á 18. öld, þegar harðir langvinnir kulda-kaflar og hungur herjuðu á þjóðina, jókst þrýstingur á fólk að neyta hrossakjöts til að lifa af. Þrátt fyrir það töldu margir prestar slíkt át óafsakanlegt, jafnvel í neyð. Í ritum Hannesar Finnssonar (1739–1796) Skálholtsbiskups sést að hrossakjötsát var enn lítið alvarlegum augum og tengt síðferðislegu hruni. Þannig var andúðin á hrossakjöti svo djúpstæð að hún hélt velli jafnvel þegar fólk stóð frammi fyrir hungursneyð. /sá

## Vetrarbúnaður

### Hilltip

Snjótennur, fjölplógar, salt- og sanddreifarar

Wendel



Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is

## Feitur ostur getur minnkað hættu á heilabilun

Samkvæmt nýrri rannsókn við Háskólann í Lundi er hægt að tengja neyslu á feittum osti við minni líkur á að eldri einstaklingar þrói með sér heilabilun.

Emily Sonestedt, lektor í faraldsfræði og samstarfsmenn hennar við Háskólann í Lundi, vildu kanna hvort neysla á feittum osti gæti minnkað líkurnar á heilabilun. Fylgst var með tæplega 28 þúsund einstaklingum yfir 25 ára tímabil, en meðalaldur þátttakenda við upphaf rannsóknarinnar var 58 ár. Meðan á rannsókninni stóð þróuðu 3.208 þátttakendur með sér heilabilun. Eftir að leiðrétt hafði verið fyrir lífsstílsþáttum, eins og hreyfingu, matarvenjum, reykingum og áfengisneyslu, sáu rannsakendurnir að þeir sem áttu að jafnaði 50 grömm af feittum osti á degi hverjum voru 13 prósent ólíklegri til að þróa með sér heilabilun, samanborið við hópinn sem át minna en 15 grömm á dag. Á gögnunum mátti jafnframt sjá neikvæða fylgni milli neyslu á rjóma og að þróa með sér heilabilun. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna ekki sömu verndandi áhrif á heilsu heilans af neyslu mjólkurvara með lágt fituinnihald.

Þátttakendur svöruðu spurningum um matarvenjur og fengust upplýsingar um heilabilun úr sjúkraskrá. Fjórðungur þátttakenda borðuðu að jafnaði meira en 50 grömm af feittum osti á dag, en þá er átt við ost með meira en 20 prósent fitu. Í frétt á heimasíðu Háskólans í Lundi segir Emily Sonestedt að þegar horft er til tiltekinna tegunda af heilabilun þá eru 29 prósent minni líkur á æðaheilabilun hjá hópnum sem borðaði meira af feittum osti. Eins minnkaði neysla á feittum osti verulega líkurnar á Alzheimer-sjúkdómi hjá þeim sem báru ekki APOE e4 genabreytinguna sem er áhættuþáttur fyrir Alzheimer. /ál



Osti pakkað hjá Mjólkursamsölu. Mynd / ál



# SUMARHÚS

Með rætur í náttúruna fyrir heilbrigðan lífsstíl



Sæktu í kyrrð og heilbriggt umhverfi í bjálkahúsunum frá Völundarhúsum. Húsin eru unnin úr náttúrulegum efnum sem tryggir góð loftgæði. Nútíma bjálkahús sem standast íslenskt veðurfar.

## TUUMA 91, 89m<sup>2</sup> + verönd

Verð miðast við 202x220 mm bjálka  
Verð á efnispakka kr. 22.900.000 / Tilboðsverð á reisingu kr. 11.900.000. Samtals kr. **34.800.000** m/vsk.

45% afsláttur okkurtur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar

**BJÁLKAHÚSIN** henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Nánari upplýsingar um **BJÁLKAHÚSIN** á heimasíðu og í síma **864 2400**

volundarhus.is

## NUUNA M 70, 70m<sup>2</sup> + verönd

Verð miðast við 202x220 mm bjálka  
Verð á efnispakka kr. 18.900.000 / Tilboðsverð á reisingu kr. 11.900.000. Samtals kr. **30.800.000** m/vsk.



  
**völundarhús.is**  
Vel valið fyrir húsið þitt

# EININGAHÚS

Stórglæsilegt einbýlishús á frábæru verði



Völundarhús býður efnispakka fyrir einbýlishúsið Brimklöpp, stórglæsilegt 218 m<sup>2</sup> einbýlishús, á frábæru verði með flutningi á byggingarstað og samsetningu. Byggt samkvæmt íslenskum byggingarreglugerðum.

## Brimklöpp, 218m<sup>2</sup>

Tilboðsverð kr. **46.950.000** m/vsk

<https://volundarhus.is/einingahus/brimklopp218>

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda

**EININGAHÚSIN** henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Nánari upplýsingar um **EININGAHÚSIN** á heimasíðu og í síma **864 2400**

volundarhus.is

  
**völundarhús.is**  
Vel valið fyrir húsið þitt







Bændurnir á Efstalandi í Öxnadal hafa náð miklum árangri í nautgriparrækt. Hér sjást Rúnar Þór Ragnarsson og Júlía Sgorsaly ásamt Ísaki Mána Rúnarssyni í húsi sem áður var hlaða en þau innrétuðu sem uppeldisaðstöðu fyrir naut.

Mynd / Aðsend

# Nautin uxu hraðast á Efstalandi

Daglegur vöxtur ungneytanna á Efstalandi í Öxnadal var að meðaltali 714,5 grömm á dag. Bændurnir þar eru með 120 kýr sem munu bera í vor.

Eins var það einstaka naut sem náði hraðasta vexti á síðasta ári frá Efstalandi. Á listanum yfir tíu bestu nautin þegar kemur að vaxtarhraða voru sjö frá þeim bæ. Rúnar Þór Ragnarsson, bóndi á Efstalandi, segir í samtali að kynbætur og rétt fóðrun hafi skipt miklu til að ná þessum árangri. „Ég hef nýtt mér nýja angus-

kynið í botn. Bæði sæði ég stóran hluta af kúnum hjá mér og hef keypt mér kynbótanaut árlega,“ segir hann. Rúnar segir að með réttu vinnulagi og góðri aðstöðu sé hægt að sæða kýrnar, en á landsvísu er talsverður minnihluti kúa á holdanautabúum sæddur.

## Vigtar alla gripi reglulega

„Við erum með kýrnar úti í hólfi rétt við bæinn og rekum þær inn í gerði á hverjum einasta morgni þegar við

sæðum í ágúst og byrjun september. Við erum með SenseHub beiðslisgreini á kúnum og ég tni þær úr sem eru yxna og set í tókubásinn og sæðir frjótnaknirinn þær þar. Þetta snýst aðallega um að kýrnar séu yfirvegaðar. Af rúmum 80 kúum sem voru sæddar náðu 78 prósent fanghlutfalli núna í ár, sem er mjög gott,“ segir hann. Hreinræktað angus-naut sér um að koma kálfi í rest.

Allar kýr sem hafa fæðst á bænum eru með yfir 50 prósent angus-erfðaefti

og var erfðaefti stórs hluta gripanna sem fæddust í fyrra með yfir 75 prósent angus. Rúnar gerir sér vonir um að ná hreinræktuðum angus-stofni innan örfárra ára, en hann segir nautgripi af því kyni vera með mun betra geðslag og vaxtarhraða samanborið við önnur holdanaut. Spakir gripir skipti miklu máli upp á öryggi við alla umhirðu.

„Við vigtum öll nautin og kvígurnar reglulega og stillum fóðrun eftir því, en ég held að það sé það sem ég geri öðruvísi en margir aðrir. Gripirnir sem eru inni eru teknir upp í fóðurgang og reknir í gegnum vigt. Hún sýnir mér bæði daglegan vöxt frá fæðingu og frá síðustu vigtun, sem er yfirleitt með 45 til 60 daga millibili. Þannig get ég fylgst með hvernig gripirnir bregðast við fóðruninni.“ Hann leggur mikið upp úr að ná góðum heytum og segist Rúnar hafa endurræktað mörg af sínum tünnum. Þeir gripir sem þurfa aukna orku fá bygg og þeir gripir sem þurfa meira prótein fá kjarnafóðurlöndu.

## Mikil tækifæri í holdanautarrækt

Rúnar segir miklu skipta að ná réttum takti til að nýta aðstöðuna sem best. Kýrnar bera í maí og eru kálfarnir teknir undan kúnum í nóvember. Þeir vaxa inni í húsi fram í október á næsta ári þegar þeir eru sendir í sláturhús. Með því skapast rými fyrir næsta hóp kálfa og þannig gengur þetta ár fram af ári. „Við sendum nautin frá okkur í tveimur hollum í fyrra. Ég byrjaði á því að senda þyngstu nautin í sláturhús í september til þess að fá aðeins meira vaxtarými fyrir hin nautin sem voru send í október.“

Rúnar, sem á rætur að rekja til Kvernár í Grundarfirði, hóf búskap að Efstalandi árið 2021. Hann nær að hafa fulla atvinnu af búrekstrinum, á meðan eiginkona hans, Júlía Sgorsaly, starfar utan bús sem bókar. Hann segir mikil tækifæri vera í holdanautarrækt. „Með alls konar brögðum er þetta hægt og tækifærin eru þarna,“ segir hann. /ál

# RAFGEYMAR

Græjurnar þurfa að komast í gang!  
Rafgeymar í allar gerðir farartækja



Sendum um land allt

**TUDOR**

**SKORRI**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 577-1515 • Vefverslun: [www.skorri.is](http://www.skorri.is)

## 111 bæir sérhæfa sig í eldi holdanauta

Kýr á holdanautabúum eru 3.333 og fæddust 2.466 kálfar á þessum búum á síðasta ári. Nautakjötsframleiðsla á holdanautabúum árið 2025 dróst saman um 54 tonn í fyrra samanborið við 2024.

Meðalfjöldi kúa á hverju holdanautabúu var 30. Af þeim 111 búum sem sérhæfa sig í nautakjötsframleiðslu eru 90 með kýr af erlendu kyni. Heildarfjöldi slátraðra gripa frá þessum búum á síðasta ári var 2.909, sem er 265 gripum færri en árið áður. 9.307 ungneytum var slátrað á landinu öllu ef tekin eru með naut frá hefðbundnum kúabúum.

Meðalfallþungi ungneytta á landinu öllu var 261 kílógramm við 737 daga aldur. Sé horft til þeirra 111 búna sem sérhæfa sig í nautakjötsframleiðslu var fallþungi ungneytta að meðaltali 277 kílógrömm og þeim fargað að jafnaði 706 daga gömlum. Þessi 111 bú framleiða nálægt 17 prósent nautakjöts á landinu.

Frá þessu er greint í samantekt Guðmundar Jóhannessonar og Sigurðar Kristjánssonar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins um skýrsluhaldsárið í nautakjötsframleiðslunni 2025 á síðum 40–41 í þessu blaði. Þeir segja þau bú sem sérhæfa sig í nautakjötsframleiðslu ná betri árangri en önnur kúabú og að bilið milli þessara gerða búa fari vaxandi. Eins var meðalflokkun ungneytta frá þessum búum 6,4, samanborið við 5,1 yfir landið allt. Sé horft til afkomutalna eru mestar framfarir á þeim búum sem notast við angus-erfðaefti.

Sæddar kýr á holdanautabúunum voru 478, af þeim voru 396 af erlendu kyni. Að jafnaði voru kýrnar sæddar 1,3 sinnum og að meðaltali liðu 92,3 dagar frá burði til fyrstu sæðingar. Þær kýr sem voru sæddar voru því nálægt því að bera á 12 mánaða millibili, sem Sigurður og Guðmundur segja gott að stefna að. Til samanburðar eru að jafnaði 15 mánuðir milli burða sé horft til allra kúa á holdanautabúum. /ál



SKRÁÐU ÞITT FYRIRTÆKI Á **RUBIX.IS** - YFIR 80.000 IÐNAÐARVÖRUR



Rubix er leiðandi í Evrópu á sviði viðhalds, viðgerða og rekstrarvara (MRO).  
Fyrir þig býðir það óviðjafnanlegt vöruúrval, hagstæðari kjör og hámarks uppitíma.

# RUBIX

Traustur félagi í iðnaði

Dalvegur 32a | Kópavogi | s: 522 6262 | [rubix.is@rubix.com](mailto:rubix.is@rubix.com) | [rubix.is](http://rubix.is)

Skannaðu og  
skráðu þitt  
fyrirtæki.



## Límtréshús, bogahús og færarlegar byggingar

### Hýsi.is



Færarlegar byggingar



Bogahús



Límtréshús

# H SI

BYGGJUM BETUR





Doktor Björn S. Gunnarsson, vörubrunarstjóri hjá Mjólkursamsölunni, stillir sér upp innan um skyr á lager MS á Bitruhálsi. Hann segir að með þróun skyrans hafi vinsældir þess aukist umtalsvert. Myndir / ál

„Við höfum varðveitt þessa gömlu aðferð við framleiðslu skyr sem við viljum ekki missa,“

því að setja skyr í poka og er notaður ostahleypir í Óhræða skyr. Því að setja skyr í poka og er notaður ostahleypir í Óhræða skyr.

„Við höfum varðveitt þessa gömlu aðferð við framleiðslu skyr sem við viljum ekki missa,“ segir Björn og vísar til Óhræða skyr frá Akureyri. Salan á því er hins vegar mun minni en á KEA eða Ísey skyr og færst Óhræða skyr oft ekki nema í stærstu verslunum. Ein skýring á því kann að vera að geymsluþol þess er fimmtán dagar, samanborið við fimmtú daga hjá Ísey og KEA skyr.

#### Ostahleypir ekki nauðsynlegur

Í skyrgerð eru notaðir hefðbundnir ostahleypar sem eru einnig notaðir í aðra osta. Áður var ostahleypir búinn til úr kálfamaga, en núna er hægt að framleiða ensímín sem þarf með öðrum aðferðum.

Björn bendir á að heimildir séu fyrir því að fólk hafi ekki alltaf notað ostahleypa til þess að framleiða skyr á árum áður. Eins sé skyr ekki eini osturinn sem hægt er að gera án ostahleypis, heldur nefnir hann kvar, mascarpone, paneer og fleiri ferskosta í því samhengi. Þegar notast sé við örsún sé ostahleypirinn ekki endilega nauðsynlegur, en helsta hlutverk hans sé að auðvelda aðskilnað skyr og mysu.

#### Gamla skyr framleitt á Akureyri

Hjá Mjólkursamsölunni má tala um þrjár meginvörulínur þegar kemur að skyr. Ísey skyr og KEA skyr er hvort tveggja framleitt á Selfossi og þar er beitt svokallaðri örsún til þess að skilja frá mysuna. Eins eru notaðir hreinræktaðir bakteríustofnar sem skyrþéttir í staðinn fyrir gamalt skyr. Í KEA skyr er notaður ostahleypir, en ekki í Ísey skyr.

Þá er þriðja vörulínan Óhrætt skyr sem framleitt er af MS á Akureyri. Við framleiðslu þess er beitt eldri aðferðum, eins og að nálgast skyrgerlana úr eldra skyr. Eins er mysan látin leka frá með

sem tryggði einsleitni skyrans, jók afköst við framleiðslu, gerði áferð skyrans rjómakennari, kom í veg fyrir að mysuprótein tapaðist ásamt því að auka geymsluþol vörunnar. „Við þá breytingu náðum við miklu betri nýtingu á mjólkinni og héldum við mysupróteininu skrymegin við vinnsluna,“ segir Björn.

Neytendur tóku afar vel í þessar breytingar og jókst sala skyrans, en Björn bendir á að fyrir aldamót hafi sala skyrans verið á niðurlægi. Skyr.is var markaðssett þannig að fólk var hvatt til að neyta skyrans beint úr plastbikarnum, en áður var gert ráð fyrir að skyr væri hrætt með mjólk heima. Vörumerkið Skyr.is vék fyrir Ísey fyrir nokkrum árum, en varan er sú sama.

# Skyrið hefur þróast

Ástvaldur Lárusson  
astvaldur@bondi.is



#### Þrjár kynslóðir í seinni tíð

Doktor Björn S. Gunnarsson, vörubrunarstjóri hjá Mjólkursamsölunni, segir að skyr hafi gengið í gegnum þrjár meginvörulínur í seinni tíð. Fyrsta kynslóðin sé hefðbundna skyr sem var gert á heimilum eða í mjólkurbúum. Önnur kynslóðin hafi komið þegar farið var að framleiða skyr á mjólkurbúum með skilvindu á sjöunda áratugnum. Um svipað leyti var farið að pakka skyr í dósar, en áður hafði það aðeins verið selt í skyrpappír.

Þriðja kynslóðin hafi svo komið um aldamótin þegar Skyr.is og nýtt KEA skyr komu á markað. Þá hafi verið innleidd svokölluð örsún

Vinsældir skyr jukust eftir að teknar voru upp nútímalegar framleiðsluaðferðir um aldamót, en Mjólkursamsalan (MS) framleiðir skyr líka með eldri aðferðum.

Skyr er ein af þeim matvörum sem hefur hvað mesta íslenska sérstöðu og er því oft haldið fram að þessi ferskostur hafi fylgt þjóðinni frá landnámi. Fjölbreytni í skyr er hins vegar mikil og hefur það þróast í gegnum aldirnar. Í seinni tíð hefur framleiðslan nær alfarið færst til örfárra mjólkurbúa, en heimaframleiðsla á skyr var almenn fram yfir miðja síðustu öld.



Þrjár meginvörulínur skyr Mjólkursamsölnnar. Óhræða skyr, sem er lengst til hægri, er framleitt með gömlum aðferðum á Akureyri.

#### Lög um skyr

Fjallað er um skyr í opinberu regluverki, en í viðauka 1 við reglugerð um mjólkurvörur segir: „Skyr er framleitt úr gerilsneyddri og/eða endurunninni undanrennu sem hituð hefur verið upp í minnst 72-78°C í 15-20 sek. Undanrennan er sýrd með skyrþétti og jafnvel hleypt með ostahleypa. Mysan er skilin frá. Skyrhlaupið má hita í allt að 68 °C í 15-20 sek. þannig að mestur hluti skrybaktería lifi af hitunina (gerilskert skyr). Skyr skal innihalda minnst 16% af mjólkurþurefni.“

Í skýrslunni Sérstaða hefðbundins skyr, sem gefin var út af Matís árið 2011, færa skýrsluhöfundar, Þóra Valsdóttir og Þórarinn E. Sveinsson, rök fyrir því að skilgreining skyr í reglugerðinni sé ekki endilega fullkomin. Til að mynda er hægt að búa til skyr úr fullfærri mjólk (nýmjólk) í stað undanrennu.

Meðfylgjandi er uppskrift að skyr sem birtist í áður nefndri skýrslu og getur sá sem þetta ritar staðfest að skyrgerð heima er vel möguleg.

#### Uppskrift að hefðbundnu skyr

**Hráefni**  
- 10 lítrar undanrenna  
- 150 g þynnt skyr úr fyrri lögum  
- 0,6 ml ostahleypir

**Aðferð**  
Undanrennan er hituð upp í 90 °C í 30 mín. Látin kólna í 39-40 °C. Hleypir og skyr og fyrri lögum bætt út í og hrætt rösklega. Látið standa í 5 klst. Kælt í 4-10°C og látið standa í sólarhring. Síð í soðinni grisju sem er strengd á grind, eða í grisjupoka, í um 8 klst.

Áður en skyr er borið fram er það hrætt vandlega, ýmist með mjólk eða vatni, ásamt sykri. Oft eru höfð ber út á skyr, og það borðað með mjólk eða rjóma.



HÁGÆÐA HESTAKERRUR - GOTT VERÐ

**Topplausnir**

www.topplausnir.is • S: 517 7718



Bændur athugið! ~~~~~

# 100% endurunnið heyrúlluplast



**ecoAGRO** er fyrsta heyrúlluplastið í heiminum sem er 100% endurunnið. Plastið hefur verið **prófað við íslenskar** aðstæður síðustu ár þar sem gæði hefungs, slitþol og vinnsluhæfni hafa verið sannreynd og aðlöguð að íslenskum aðstæðum. Á bak við **ecoAGRO** liggur áralöng þróunarvinna sem nú skilar **umhverfisvænsta heyrúlluplasti** sem völ er á þar sem gæði eru samtvinnuð umhverfisvitund.

Plastið er einnig 100% **endurvinnanlegt** sem gefur íslenskum bændum kost á að taka aukinn þátt í **hringrásarhagkerfinu**. Framleiðslan fylgir ströngum gæðastöðlum (ISO9001) og evrópskri vottun um endurvinnslu plasts (Recycless).

**Umhverfislegur ávinningur** þess að nota 100% endurunnið heyrúlluplast er verulegur fyrir íslenskt samfélag, en með notkun þess má lækka kolefnisspor (Co2) um allt að 80%. Íslenskir bændur geta þannig staðið í **fremstu röð í heiminum** hvað varðar lágmörkun á kolefnisfótspori í tengslum við heyverkun.



Sérstakt kynningarverð:  
**13.390**  
(án VSK) pr. rúlla.



Erum að taka á móti pöntunum fyrir sumarið.

Frekari upplýsingar í síma **551 0070** eða [silfraberg@silfraberg.is](mailto:silfraberg@silfraberg.is)



## ecoAGRO

Fáanlegt í hvítu, grænu og svörtu  
Þykkt: 25 micron — Breidd: 750 mm  
Lengd: 1.500 m. — Strekkingarþol: 70%

# Husqvarna®

Há Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi

- Eigum jarðvegsþjoppur á lager uppí 500 kg
- Þjónustuverkstæði og varahlutir

ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5



Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög  
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög  
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél  
150mm Max



Husqvarna K970 16" Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa  
97 kg, 500 mm plata



Husqvarna FS 400 LV gólfsög bensín  
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer Hoppari LT6005 bensín  
230mm plata, 69kg



Husqvarna Trowel BG 245 Slípivél, vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna K4000 Steinsög, 230v Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600 Steinsög, vökvadrifin Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Ring rafmagnssög Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut rafmagnssög Sögunardýpt 14,5 cm



Lynghálsi 5, 110 Reykjavík  
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17  
S. 588-0028  
[haverslun@haverslun.is](mailto:haverslun@haverslun.is)  
[haverslun.is](http://haverslun.is)

## Husqvarna Construction Products

Gólfsagir, jarðvegsþjoppur, kjarnaborvélar, borstandar, hoppaparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílur, garðsláttuvélar og margt fleira!  
Kíktu á úrvalið á [haverslun.is](http://haverslun.is) eða til okkar að Lynghálsi 5







Í Svartaskógi í Þýskalandi. LIFE-áætlunin hefur haft jákvæð áhrif á loftslag og umhverfi, en fær gagnrýni fyrir ógagnsæi.

Mynd / Mikka Luotio

## Evrópusambandið:

# LIFE-styrkirnir ógagnsæir

Endurskoðunarréttur Evrópusambandsins segir erfitt að átta sig á áhrifum af styrkjum LIFE-áætlunarinnar, sem fjármagnar verkefni á sviði loftslags- og umhverfismála.

Eftir að hafa framkvæmt endurskoðun á 22 verkefnum sem fjármögguð voru með LIFE-styrkjum í Finnlandi, Póllandi og Spáni segir rétturinn áhrifin óljós. Skortur á gagnsæi grafi undan áhrifum í þeim löndum þar sem verkefni hafa farið af stað. Euro News greinir frá.

Reynslunni sé sjaldan deilt öðrum til gagns, sem komi í veg fyrir að verkefni hafi víðtæk samfélagsleg áhrif. Eins gagnrýndi endurskoðunarrétturinn að mörg verkefni fái framgang án þess að tekin sé til greina þau loftslags- og umhverfismál sem séu mest aðkallandi í hverju landi. Margir veikleikar séu þegar kemur að forgangsriðun, eftirliti með framgangi og miðlun niðurstaða. Eins er oft mjög óljóst hver langtímaáhrif verkefnanna eru.

Jafnframt bendir rétturinn á að Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins veiti ekki upplýsingar um það fjármagn sem farið að

lokum í hvert verkefni, heldur séu aðeins aðgengilegar upplýsingar um fjárhagsáætlunir. Gagnrýni endurskoðunarréttarins kemur á sama tíma og Evrópuráðið tilkynnti að 132 LIFE-verkefni hafi hlotið samtals 358 milljóna evra styrk.

Samkvæmt skýrslu Evrópuráðsins árið 2024 hafði LIFE-áætlunin haft ýmis jákvæð áhrif, eins og að bæta ástand stofna 435 tegunda á sama tíma og dregið hefur verið úr losun á gróðurhúsalofttegundum og köfnunarefnisoxíði. Styrkfjármagnið sem var veitt á árunum 2013 til 2020 hafði skilað sér tífalt til baka samkvæmt skýrslunni.

Í sumar tilkynnti Evrópuráðið áætlunir um að fella LIFE-áætlunina inn í hinn nýja Evrópska samkeppnishæfnissjóð. Þær áætlunir hafa verið gagnrýndar þar sem óttast er að áhersla á líffræðilegan fjölbreytileika og umhverfismál verði undir í áherslu á iðnaðaruppbyggingu, sérstaklega á þeim tíma þegar þörfin sé mest. Kostnaðurinn af aðgerðaleyfi í þeim málum verði að lokum meiri. LIFE-áætlunin hefur veitt styrki frá árinu 1992 og er Ísland eitt þáttökuríkjá.

/ál



Uppsæra á sojabönum. Hluttur bandarískra sojaböna á heimsmarkaði hefur minnkað um helming á undanfönum árum.

Mynd / James Baltz

## Bandaríkin:

# Óttast hrun í landbúnaði

Í opnu bréfi sem fjöldi áhrifamanna í bændastétt sendi þingmönnum í landbúnaðarnefndum beggja deilda þingsins í Washington er miklum áhyggjum lýst.

Segjast þeir óttast að samkeppnishæfni bandarísks landbúnaðar til frambúðar muni minnka, enda hafi gjaldþrotum fjölgað meðal bænda og er því spáð að minna en helmingur bújarða skili hagnaði á árinu.

### Tollastefnan skilar ekki árangri

Viðskiptahalli á landbúnaðarvörum sé í sögulegu hámarki, samanborið við metútlutning á bandarískum landbúnaðaravörum og góða afkomu fyrir nokkrum árum. Ástæðurnar fyrir þessu séu margar, en þyngst vegi stefna stjórnvalda sem hafi aukið rekstrarkostnað, skemmt aðgang að mörkuðum erlendis og takmarkað aðgang að erlendu vinnuafli sem skipti bændur og afurðastöðvar máli. Eins sé búið

að skera niður framlög til rannsókna á sviði landbúnaðar.

Í bréfinu segir að tollastefna Bandaríkstjórnar hafi ekki orðið til þess að efla innlendan iðnað og landbúnaðarframleiðslu, þvert á það sem ráðamenn hafa haldið fram. Tollarnir hafi hækkað verð á tilbúnum áburði, plöntu- og dýralyfjum ásamt varahlutum í vélbúnaði. Þar með sé framleiðslukostnaður á landbúnaðaravörum orðinn hærri en markaðsverð. Nýlega hafi verið horfið frá tollum á áburð, en höfundar bréfsins spyrja sig af hverju það sama sé ekki gert með önnur aðföng.

### Önnur ríki græða

Í bréfinu er komið inn á viðskiptastríð Bandaríkjanna og Kína sem hefur haft neikvæð áhrif á framleiðslu sojaböna. Áður en stríðið hófst árið 2018 framleiddu bandarískir bændur 47 prósent af sojabönum á heimsmarkaði, en í dag er

markaðshlutdeildin komin niður í 24,4 prósent. Á sama tíma hefur hluttur brasilískrar sojabönaframleiðslu af heimsmarkaði aukist um meira en 20 prósent. Nú séu brasilískir bændur orðnir stærstu framleiðendur heims á sojabönum, bómull, nautakjöti og kjúklingi.

Eins hafa bændur í Argentínu og Ástralíu hagnast á viðskiptastríði Bandaríkjanna. Helstu viðskiptaríki Bandaríkjanna séu farin að leita annað og nefna bréfritarar í því samhengi fríverslunarsamning Evrópusambandsins við Mercosur-ríkin í Suður-Ameríku og fríverslunarsamning Kanada og Kína.


Í frétt New York Times um málið er sagt að meðal aðilanna 27 sem skrifa nafn sitt við bréfið séu margir fyrrum formenn öflugra bændasamtaka í landinu, eins og samtaka sojabönaframleiðanda og maísræktenda. Eins störfuðu nokkrir bréfritarar fyrir stjórnvöld á valdatímum forsetanna Bush og Reagan.

/ál

# Flokkunargangur

Flokkunargangur fyrir sauðfé.

Hægt að þrengja ganginn að neðan til að varna því að gripir snúi við inni í ganginum.



WWW.KB.IS

Kaupfélag Borgfirðinga / Egilsholti 1 / 310 Borgarnesi / S: 430 5500 / verslun@kb.is

## Bandaríkin:

# Brottflutningur innflytjenda skaðar bændasamfélag

Í október gerðu fulltrúar innflytjendaeftirlits Bandaríkjanna atlögu að Wilder í Idaho, sem er afskekkt landbúnaðarhérad sem reidur sig á erlent vinnuafli.

Harðar aðgerðir stjórnvalda koma heimamönnum á óvart, enda kusu 91 prósent íbúa Wilder Donald Trump til forseta í kosningunum 2024. Undanfarið hefur forsetinn gripið til harðra aðgerða gegn innflytjendum í borgum eins og Minneapolis, Chicago og Los Angeles, þar sem stuðningsmenn Demókrata eru í meirihluta. Frá þessu er greint á vef New York Times.

Á samkomu í október á veðhlaupahringi í Wilder, sem sótt var af fólki sem á uppruna sinn að rekja til Rómönsku Ameríku, var nokkur hundruð manns smalað saman. Aðeins fjórir hafa verið ákærðir vegna ólöglegar veðmálastarfsemi, en 105 einstaklingar voru teknir í varðhald vegna gruns um að vera ólöglegir innflytjendur. 75 hafa verið sendir úr landi. Alríkisstjórnin hefur verið ásökuð um að nota baráttu gegn ólöglegum veðmálum sem yfirvarp til að beita hörðum aðgerðum gegn innflytjendum. Í aðgerðum stjórnvalda voru viðstaddir ekki spurðir út í hvort þeir hefðu verið



Bygging skammt frá Wilder í Idaho. Bændurnir þar reida sig mikið á erlenda verkamenn. Mynd / Ian Poellet

vitni að veðmálastarfsemi, heldur hvar þeir væru fæddir.


Í Wilder búa 1.725 manns og segja íbúar aðgerðir stjórnvalda valda ótta og óryggi. Varað er við neikvæðum áhrifum þegar kemur að vorverkum á bújörðum í vor. Byggðin var sett á fót af bændum snemma á tuttugustu öldinni. Til að byrja með var þar mikið af farandverkamönnum frá Mexíkó sem unnu árstíðarvinnu störf, en með tíð og tíma hefur það þróast yfir í varanlega búsetu. Í bænum er stórt samfélag íbúa með uppruna frá Rómönsku Ameríku, ýmist með ríkisborgararétt, dvalarleyfi eða óskráðir og stór hluti starfar fyrir bændur á svæðinu í kring.

/ál



# Heildarlausnir í fráveitu

Málmsteypan



## Þarft þú að láta bora??

*Heitt vatn? Kalt vatn?? Varmaskiptir??*

**Við hjá Finni ehf. búum yfir tækjakosti af allra nýjustu gerð.**

**Við borum niður allt að 600 metrum með beltabor sem auðvelt er að koma að á erfiða staði.**

**Við borum um allt land.**

Fyrir frekari upplýsingar, sendið á [finnur@finnurehf.is](mailto:finnur@finnurehf.is) eða hringið í síma 897-1490

**FINNUR EHF**  
VERKTAKAR - VÉLALEIGA



Alþjóðlegi viðburðurinn LIFE platform:

# Upplýsingum miðlað um reynslu af hringrásarverkefnum

Á alþjóðlega viðburðinum LIFE platform sem haldinn var í Bologna á Ítalíu í desember, voru tveir íslenskir þátttakendur komnir meðal annars til að miðla af reynslu sinni af tilraunaverkefni um nýtingu á lífrænum hliðarstráum landeldis og landbúnaðar.

Viðburðurinn snérist um framtíðarþróun evrópsks landbúnaðar og virðisæðju matvæla. Það voru þau Gyða Pétursdóttir og Sigurður Trausti Karvelsson, sem starfa að íslenska verkefni Terraforming LIFE. Það snýst um framleiðslu á áburði og lífgasi úr fiskeldismykju frá landeldi og öðrum lífrænum hliðarstráum úr landbúnaði. Á viðburðinum fræddust þau um hvernig slík verkefni geti stuðlað að sterkari landbúnaði í Evrópu og flýtt fyrir innleiðingu lausna sem byggja á hringrás, jarðvegsvæðing, fódursjálfbærni og endurnýtingu á lífrænum hliðarstráum.

## Flýtt fyrir hringrásarlausnum

Að sögn Gyðu stóð LIFE að viðburðinum, sem er Umhverfis- og loftslagsáætlun Evrópusambandsins. Þar hafi komið saman fulltrúar frá fjölmörgum Evrópulöndum, sérfræðingar í landbúnaði, umhverfismálum, hringrásarhagkerfi og nýsköpun, auk verkefnateyma sem vinna að því að efla sjálfbærni og loftslagsþol á öllum stigum virðisæðjunnar.

Terraforming LIFE er fjármagnað með styrk frá LIFE og segir Gyða að tilgangur viðburðarinnar hafi verið að ræða hvernig LIFE-verkefni geti stuðlað að sterkari landbúnaði í Evrópu og hvernig þau geta flýtt fyrir innleiðingu lausna sem byggja á hringrás, jarðvegsvæðing, fódursjálfbærni og endurnýtingu lífræna hliðarstráa.



Gyða Pétursdóttir, verkefnastjóri Terraforming LIFE og tengiliður landeldis hjá Bændasamtökum Íslands, og Sigurður Trausti Karvelsson, verkefnastjóri þróunar og rannsókna hjá First Water og yfirumsjónaraðili Terraforming LIFE.

„Á viðburðinum fengum við tækifæri til að kynna þær regluverksbreytingar sem nauðsynlegar eru til að

hringrásarlausnir eins og Terraforming LIFE geti færst af tilraunastigi og orðið hluti af innviðinum. Þar var lögð



Sigurður hér ásamt öðrum þátttakendum í LIFE Platform viðburðinum í Bologna. Myndir / Aðsendar

áhersla á að skýra stöðu vörunnar, eða áburðarinnar, og að samræma gæðastaðla auk þess að koma upp samræmdu mati á nýjum lífrænum áburði þannig að samþykktarferlið verði bæði fjárfestingarleg og hraðvirkt.“

## Mikilvægi verndaðra vörumerkja

Gyða segir að á viðburðinum hafi fjölmörg verkefni verið kynnt sem læra hafi mátt af á einn eða annan hátt. „Þar mætti nefna verkefnið IMAGE LIFE, sem miðar að því að gera Parmigiano Reggiano-virðisæðjuna loftslagsvænni með því að skipta hluta af maís í fóðri kúna út fyrir þurrkþolnara korn, spara vatn, bæta jarðveg og draga úr losun – án þess að skerða mjólkurafköst og gæði.

Hluti af dagskrá fundarinnar var vettvangsferð í lífræna ostabúð Bio Sant'Anna, þar sem gestir fengu góða innsýn í hvernig Ítalir halda utan um vörumerkið Parmigiano Reggiano.

Í því felst meðal annars PDO-vernd, sem þýðir að aðeins ostur framleiddur á ákveðnu afmörkuðu svæði á Ítalíu getur borið nafnið. Þar að auki er hvert ostahjól rekjanlegt, virkt eftirlit er með mögulegum efulríkingum og mikill kraftur er lagður í fræðslu og miðlun í gegnum Parmigiano Reggiano Academy. Þessi heildstæða nálgun sem felur í sér rekjanleika, gæðastaðla, verndað upprunamerki og öflug fræðslu sýnir hvernig vörumerki getur orðið sterkur drifkraftur fyrir bæði gæði og verðmætasköpun.

Það væri áhugavert að skoða nánar hvort og hvernig við hér á Íslandi gætum nýtt okkur svipaða nálgun, bæði hvað varðar vörumerkjavæðing og hvernig gæðakeðja er byggð upp í kringum uppruna, framleiðslu og hefðir. Þetta geti reynst gagnlegt í umræðu um þróun íslenskrar matvælaframleiðslu og vörumerkjastýringu til framtíðar.“

/smh

## HITASJÓNAUKAR Í ÚRVALI FRÁ NOCPIX

### TOPP GÆÐI



**NOCPIX ACE H50R**  
Thermal sjónauki  
m. fjarlægðarmæli

**NOCPIX SLIM H35**




**NOCPIX QUEST H50R**



**NOCPIX LUMI-L35**

Sími: 551 6770  
[www.vesturröst.is](http://www.vesturröst.is)

**Nocpix Vesturröst**



Með könnuninni var reynt að leggja mat á áætlaða fjárfestingapörf í nautakjötsframleiðslu hérlendis.

Könnun:

## 3.750 holdakýr eru í landinu

Bændasamtök Íslands í samvinnu við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarinnar (RML) stóðu fyrir könnun um nautakjötsframleiðslu á Íslandi nú í janúar 2026.

Tilgangur könnunarinnar var tvíþættur, að sögn Guðrúnar Bjargar Egilsdóttur hjá Bændasamtökunum.

„Já, það var að reyna að leggja mat á áætlaða fjárfestingapörf í nautakjötsframleiðslu á Íslandi en könnunin er einnig hluti af verkefni RML, sem ber nafnið „Framtíðaraðstaða fyrir holdakýr – greining, hönnun og áhrif á búrekstur“ en það verkefni er styrkt af þróunarsjóði nautgripaþráttarinnar.

Hitt er markmið RML vegna hluta verkefnisins en það er að greina og meta raunverulega þörf

á uppbyggingu á aðstöðu fyrir holdakýr, sem nýtist til að meta fjárfestingapörf þeirra nautakjötsframleiðenda sem eru með slíkan búskap,“ segir Guðrún Björg.

Könnunin var lögð fyrir alla nautakjötsframleiðendur á Íslandi og valkvætt var að svara henni. Sömuleiðis er valkvætt að svara ekki öllum spurningum. Allar niðurstöður, sem birtar verða, verða órekjanlegar til einstakra svarenda. Samkvæmt upplýsingum frá RML voru holdakýr í nóvember 2025 3.750 talsins í landinu.

/mhh



Guðrún Björg Egilsdóttir.



H. HAUKSSON EHF.



# Stöðluð hús úr límtré og yleiningum

1 x Iðnaðarhurð

2 x Gönguhurðir

1 x Gluggi


- Burðarvirki úr lýmtré
- Þak klætt 80mm PIR yleiningum
- Veggir klæddir 60mm PIR yleiningum
- Úrval lita á þak og veggj
- Aðaluppdrættir og teikningar af sökklí og burðarvirki fylgja
- Festingar og efni til uppsetningar innifalið
- Finnsk framleiðsla

## Stærðir

BREIDD	LENGD	VERÐ M. VSK.
12m	20m	17.300.000 kr.*
14m	20m	19.978.000 kr.*
14m	25m	22.330.000 kr.*
16m	25m	25.490.000 kr.*

\*Tilboðsverð gilda til 31.03.2026

\*Afreiðslutími ca. 14 vikur



H. HAUKSSON EHF. Ögurharfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

## SEGWAY AT6 fjórhjól



Til  
afgreiðslu  
strax!

570cc - 44 hestöfl - 48Nm tog  
14" Beadlock felgur - 26" dekk  
**1.599.000 með vsk.**

Öll Segway fjórhjólin eru tveggja manna og götuskráð (T3 dráttarvél), með læsanleg mismunadrif framán og aftan, rafmagnsstýri og tengingu við app í síma, með dráttarkúlu og spili, handahlífum og sætisbaki. **Við sendum öll hjól án aukakostnaðar á næstu afgreiðslustöð Samskipa.**

### Tilboðspakki #1

**1.699.000 m/vsk.**

- Farangursbox að aftan
- Hiti í handföng og þumal
- Aksturstölva

### Tilboðspakki #2

**1.799.000 m/vsk.**

- Farangursbox að aftan
- Hiti í handföng og þumal
- Aksturstölva
- Uppfærsla í 27" Bulldog dekk

### OZZ ljósapakki

**150.000 m/vsk.**

- 20" LED bar með stöðuljósi
- Tveir 9" vinnukastarar aftan
- Auxbeam fjögurra rofa borð



Hafnarfjörður: Selhella 1 - Sími 546 0415 | Akureyri: Frostagata 2 - Sími 415 6415

Nánari upplýsingar á [hesja.is](http://hesja.is) og [segway.is](http://segway.is) | [hesja@hesja.is](mailto:hesja@hesja.is)





# Blómlegt landbúnaðarsamfélag á þjóðveldistíma

– Landbúnaðarforminjar rannsakaðar á Norðausturlandi og Rangárvallasýslu

Efsti hluti Keldnaáveitunnar fornu. Fremst er Tunguheiðin sem veitt var á. Keldnalækurinn vinstra megin rennur í Eystri-Rangá. Honum var veitt upp á heiðina og haldið þar með stíflugörðum sem girtu mestalla heiðarbrúnina og skiptu heiðinni í ótal ræktaðar skákir. Stóra flötin hægra megin við miðja mynd hefur verið kornakur, í réttri birtu sjást þar för eftir akuryrkjuverkfæri. Vatnsdalsfjall og Eyjafjallajökull í baksýn.

**Sigurður Már Harðarson**  
smh@bondi.is



**Árni Einarsson, líffræðingur og fornvistfræðingur, hefur á undanförunum rúmum tveimur áratugum rannsakað fornminjar bæði á Norðausturlandi og í Rangárvallasýslu. Fornaldarbærir hafa verið fundnir í þeim rannsóknum.**

Hann hefur komist að merkmum niðurstöðum um landbúnað á söguöld, meðal annars kortlagt fjölda bæjarstæða – og áveitu á Keldum sem hann kallar „verkfæðilegt undraverk“.

Sem líffræðingur starfaði hann að rannsóknum við Mývatn um árabíl, sem forstöðumaður náttúruvannastöðvarinnar

þar, en hefur jafnhliða starfað að fornminjarnannsóknum. Hann er nú með grein tilbúna til birtingar í vísindatímariti um niðurstöðurnar.

## Saga umhverfisins lesin

„Ég hef alltaf haft áhuga á fornminjum, og fornvistfræði er næsti bær við,“ svarar Árni þegar hann er spurður um hvaðan áhugi hans sé kominn. „Í henni eru setlög könnuð til að lesa sögu umhverfis, þar á meðal mannvistar, langt aftur í aldir eða árpúsund. En það var hópur fornleifafraeðinga og fornvistfræðinga sem var að vinna í Mývatnssveit þar sem ég starfaði sem kom mér á bragðið. Ég fór að gefa minjum meiri gaum en áður og tók eftir þessum eldfornu og mögnuðu torfgörðum sem liggja um þingeyskar heiðar þverar og endilangar og enginn hafði rannsakað til hlítar.“

Hann segir að garðarnir á Norðausturlandi séu stórmerkilegir og mikil mannvirki. Þetta hafi verið þess tíma girðingar til að halda búfé í skefjum. Þeir liggja þarna um allt, frá utanverðum Eyjafirði og austur að Kópaskeri og séu frá um 960 til um 1200. Hann segir að skylda hafi verið lögð á jarðeigendur að reisa slíka garða ef nágrannar kröfðust þess.

Vinna við þessa garða hafi verið gríðarleg mikil, en þeir hafi margir verið mannhæðarháir þegar niðurgröfturinn beggja megin er tekinn með og hlaðnir úr torfi og notuð til þess frumstæð verkfæri.

Árni metur að hann hafi kortlagt yfir 700 kílómetra af gördum á Norðausturlandi, en að heildarumfang þeirra hafi líklega verið þúsundir kílómetra. Hann telur þessi mannvirki vera með þeim umfangsmestu í sögu þjóðarinnar – og þau markverðustu þar til skurðir Flóaáveitunnar voru grafnir í byrjun 20. aldar.

## Skuggamynd af heilu fornsamfélagi

Að sögn Árna er ekki auðvelt að koma auga á þessar minjar frá jörðinni eða kortleggja þær með þeim hætti.

„Ég gafst fljótt upp á að labba eftir gördunum því það var engin yfirsýn. Ég prófaði því að skoða þá úr lítilli flugvél í sólarupprás þegar skuggar eru langir. Eftir stutta flugferð yfir heiðalöndin norður af Mývatni gat ég séð menjar heils samfélags – garðlög, bæjartóftir, götur og mógrafir. Það var líkast því að skuggamynd af heilu fornsamfélagi risi upp úr jörðinni í morgunbirtunni.“



Árni Einarsson. Mynd / smh

Margt af því sást varla um miðjan dag. Þetta er vel þekkt aðferð við að leita uppi og kortleggja fornminjar erlendis, en hafði aðeins lítið verið reynd hér á landi. En allir ljósmyndarar vita hve hliðarbirta er mikilvæg þegar sóst er eftir áferð hluta eða andlitsdráttum til dæmis.

Ég ákvað að kortleggja garðakerfið úr flugvélinni og fékk fornleifafraeðinga í lið með mér til að aldursgreina garðana vítt og breitt í Þingeyjarsýslum og í Svarfaðardal þar sem svipuð garðlög eru. Afraksturinn birtist í bókinni Tíminn sefur, sem Mál og menning gaf út árið 2019.“

## Garðarnir frá seinni hluta 10. aldar

„Eitt af því merkilegasta í niðurstöðunum var að flest allt sem leit út fyrir að vera fornt reyndist vera það,“ heldur Árni áfram.

„Garðarnir höfðu undantekningarlítið verið lagðir seint á 10. öld, þjóðveldisöldinni. Og flestallar fornar bæjartóftir féllu að reitamynstri sem garðarnir mynduðu. En það þýddi að hægt var að benda á allmarga fornbæi sem áður voru ókunnir. Garðakerfið entist ekki lengur en fram á 11.–12. öld. En það var furðu heillegt, og þannig birtist okkur mynd af byggðinni eins og hún hafði verið stuttu eftir landnám. Það var söguldarfólkið sem lagði þessa garða. Þetta voru þeirra landamerkja- og fjallsgirðingar.“



Fornaldarbærinn nýfundni á Skeiðvöllum. Hægra megin er tóftabyrpingin, íveruskálinn líklega yst til hægri, ofan við hann hlöður og fjós ef að líkum lætur. Akurinn tekur við þar sem húsunum sleppir og nær alveg út fyrir vinstri jaðar myndarinnar. Plógför sjást greinilega. Þarna hefur verið stunduð kornrækt um allnokkurt skeið. Akurinn er á stærð við þrjá fótboltavelli.

Myndir / Árni Einarsson





Girðingakerfi frá fornöld á Bergvaði við Eystrí-Rangá. Rétt handan girðinganna eru að minnsta kosti þrjú samliggjandi akrar. Girðingarnar virðast benda til talsverðrar nautgriparæktar, en kúamykja var forsenda farsællar akuryrkju.



Horft niður á Keldnaáveituna. Þarna sjást stallar, gerðir með mjóum stíflugörðum og hefur korn, líklega bygg, verið ræktað á þeim. Rákir eftir jarðyrkjuverkfæri sjást greinilega. Tvær kringlóttar tóftir eru fyrir miðri mynd, líklega stakkgarðar. Garðhleðsla er á gljúfurbarminum. Bílför efst á myndinni gefa gagnlegan mælikvarða.

### Skarpar gervihnattamyndir

Árni segir að þessari vinnu hafi hann mest sinnt í hjáverkum með öðrum störfum við Mývatn, en síðan fór hann að beina sjónum sínum að Suðurlandi. „Ég var búinn að fara yfir allt landið, bæði skoðað loftmyndir og farið í eigin persónu og sá mjög lítið af gördum víðast hvar, nema í Þingeyjarsýslum og utanverðum Tröllaskaga.

En ég varð var við garðlög í Rangárvallasýslunni sem líktust þeim þingeysku og lofuðu góðu. Þetta var um 2015 og á þessum tímum voru að birtast á netinu skarpar gervihnattamyndir, teknar í láréttri birtu, og drónar voru að ryðja sér til rúms. Ég sá þarna tækifæri til að fá samanburð við norðlensku garðlögin hvað varðar tilgang, byggingarlag og aldur, án þess að leggja í mikinn kostnað.“

### Verri varðveisla á Suðurlandi

Þegar hann svo fór að skoða nánar kom í ljós að líkindi voru með þeim og þeim norðlensku, þeir voru torfhlaðnir og frá sama tíma en minjarnar um garða ekki jafnsamfelldar og þær fyrir norðan. „Hafi verið víðfeðmt girðingakerfi á Suðurlandsundirlendinu eins og á Norðausturlandi hefur það ekki varðveist vel.

Yfirleitt er ekki hægt að rekja garðana á Suðurlandi nógu langt hvern og einn til að sjá eitthvert mynstur. Hins vegar sjást víða flókin girðingakerfi sem hafa verið bundin við einstaka býli.

Dæmi um það eru í Pulu, Bjalla og Móeiðarhvoli. Hólfin í þessum kerfum eru oft hornskökk svo að þeim virðist ætlað að halda skepnnum, frekar en að vera akrar, til dæmis,“ útskýrir Árni.

Hann bendir á að í Landeyjum, einkum í landi Kálfsstaða og Forsætis, séu afar flókin garðlög sem mynda þétt net hólfa á rimum sem staðið hafa upp úr votlendinu.

„Garður sem við aldursgreindum þar var frá elstu tíð. Þar er talsvert verk óunnið við að rekja garða og aldursgreina. En það sem gerir Suðurlandsminjarnar sérstakar – og einstaklega merkilegar – er þrennt. Það eru klasar af bæjarhúsum, það eru plægðir akrar og það er áveitan á Keldum, allt minjar frá þjóðveldistímanum. Minjarnar eru á tiltölulega vel afmörkuðu beltis sem liggur norðan og niður í Landeyjar, um 330 ferkílómetrar samtals. Jarðvegseyðing í boði vinds og vatna hefur auðvitað eyðilagt minjar norðan og austan þessa beltis, en mér er hulin ráðgáta hví svo fáar minjar eru vestan

Þjórsár, og sunnan þjóðvegarins milli Hellsu og Þjórsár.“

### Ný tíðindi af fornum bæjarstæðum

„Ef við lítum á bæjarstæðin fyrst, þá eru sex bæjarstæði frá þjóðveldisöld sem virðast ósködduð og vel sýnileg á yfirborðinu,“ heldur hann áfram. „Þau eru á jörðunum Gíslholti, Skeiðvöllum, Lunansholti, Árbakka, Árbæjarhelli og Efrahvolshellum. Hvert eitt um sig myndi teljast frétt í fornleifaheiminum. Hið síðastnefnda hefur þó verið þekkt um skeið.

Þrjú hafa verið aldursgreind með óskulögum, og aldur hinna leynir sér varla af útlitinu einu saman. Séð úr lofti með auga drónans í morgun- eða kvöldskímu, eða nýföllnum snjó, líkjast bæirnir heilum þorpum.

Þarna eru tóftir af dæmigerðum langhúsum með víkingaaldarlagi, tvö til þrjú á hverjum bæ. Eins eru stórar tóftir – og sumar mjög stórar – sem líklega eru af fjósum, auk heygarða og ýmissa útihúsa. Ástæðan fyrir þessum fjölda tófta á hverjum bæ er án efa sú að húsin hafa verið endurnýjuð svo og svo oft meðan bærinn var í byggð og húsin færð um set í hvert sinn.

Sú ályktun er meðal annars studd rannsókn Þórs Magnússonar og Þjóðminjasafnsins í Hvítárholti á sínum tíma þar sem þrjár misgamlar skálatóftir voru grafnar upp.“

„Það kerfi er svo merkilegt að um það mætti skrifa væna bók. Það byggðist á tveggja kílómetra áveitu sem hefur verið verkfræðilegt undraverk. Vatni úr Keldnalæknum, sem er vatnsdrjúg og frjósöm á, hefur verið veitt yfir Tunguheiðina niður frá Keldum og því dreift um alla heiðina með nettum torfhlöðnum stokkum og stíflugörðum.

### Myndarlegt fjós á Skeiðvöllum

Árni tiltekur sérstaklega fornbyggðina á Skeiðvöllum sem einstaka, vegna þess að þar séu líka vel varðveittir akrar frá því í fornöld. „Þetta er nýbýli úr Holtsmúlajörðinni og þetta eru reyndar þrjú akrar, sá stærsti rúmir tveir hektarar að stærð, sem jafngildir þremur fótboltavöllum í keppnisstærð.

Akrarnir eru fullkomlega varðveittir með vel sýnilegum plógförum. Torfgirðing um stærsta akurinn er frá tíundu öld. Akuryrkja af þessari stærðargráðu þarf mikinn áburð og talsverðan mannskap. Áburðurinn hefur verið á formi mykju og má ætla að stærsta tóftin, um 33 metra löng, hafi verið æði myndarlegt fjós á þeirrar tíðar mælikvarða. Ekkert örnefni eða sagnir vísuðu á þennan bæ eða akuryrkjuna sem þar hefur verið stunduð – og það merkilega er að allt er óraskað. Akrar hafa líka fundist í Lunansholti. Ég hef líka séð greinileg plógför á allstórum bletti á Móeiðarhvoli, þar sem flókið og vel varðveitt girðingakerfi bendir til stórgriphalds.

### Akuryrkja og áveita á Keldum

Að sögn Árna er heilt kerfi fornra akra á Keldum. „Það kerfi er svo merkilegt að um það mætti skrifa væna bók.

Það byggðist á tveggja kílómetra áveitu sem hefur verið verkfræðilegt undraverk. Vatni úr Keldnalæknum, sem er vatnsdrjúg og frjósöm á, hefur verið veitt yfir Tunguheiðina niður frá Keldum og því dreift um alla heiðina með nettum torfhlöðnum stokkum og stíflugörðum. Með þessu móti hafa verið gerðir stallar í aflíðandi heiðina til að vökva fjölmarga akra og ef til vill tún. Rákir eftir jarðverkfæri sjást þarna víða.

Aldursgreining bendir á síðari hluta 10. aldar og örnefni benda til fjósa á svæðinu. Áveitan hefur án efa tilheyrð Keldum, en á öðrum jörðum í nágrenninu eru ummerki um litlar áveitur af sama tagi. Svona áveitur nefnast brekkuveitur og eru ólíkar þeim sem tíðkuðust mest á 19. og 20. öld þegar vatnsstaða á votlendi var hækkuð tímabundið með stíflugerð. Áveitu- og akurminjarnar ættu að vera á heimsmínjaskrá, en þær eru því miður í hættu vegna áforma um virkjun Keldnalækjar.“

### Vísindagrein og bók

Sem fyrr segir er grein tilbúin um helstu niðurstöður rannsókna Árna og samstarfsfólks hans sem mun birtast innan tíðar. Um leið er komið að ákveðnum kaflaskilum í þessum rannsóknum. „Nú er búið að aldursgreina margar af þessum minjum og kominn tími til að gera grein fyrir þeim í ræðu og riti. Ég hef skýrt frá þeim á tveimur fundum í héraðinu og fleira er í bígerð. Vísindagrein er í burðarliðnum svo að fréttirnar berist með víðeigandi hætti til fræðasamfélagsins.

Við erum fleiri saman um hana, bæði var hópur sem vann með mér að skráningu og aldursgreiningu jarðlaga og annar sem hefur verið að skrá fornminjar fyrir sveitarfélögin í Rangárvallasýslu, en það er skylda vegna skipulagsmála. Sá hópur hafði einnig tekið eftir mörgum af þeim minjum sem ég hef gert hér að umtalsfni. Þá er ný bók í undirbúningi,“ segir Árni.

Hann bætir við í lokin að minjarnar í Rangárvallasýslu, líkt og garðlögin fyrir norðan, hljóti að skerpa hugmyndir okkar um þjóðveldisöldina. Ekki sé annað að sjá en á Íslandi hafi á þeim tíma að mörgu leyti verið nokkuð blómlegt landbúnaðarsamfélag.





Jón Guðmundsson stendur fyrir sýningu á Eiðistorgi á munum sem hann rennir úr tré. Rennismíðin heillar hann þar sem átökin eru mikil og hægt er að ná miklum afköstum. Sýningin stendur til 15. febrúar.

Myndir / Ál

# Rennir aðeins úr íslensku timbri

Ástvaldur Lárusson  
astvaldur@bondi.is



Jón Guðmundsson trérennismíður opnaði fyrir skemmstu sýningu á verkum sínum á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi. Þar gefur að líta skálar, bikara og fleiri muni sem hann hefur rennt úr íslensku timbri.

„Ég er 72 ára, þannig að núna eiga smíðarnar hug minn allan,“ segir Jón í samtali. Hann starfaði áður sem plöntulífefðlisfræðingur hjá RALA, Landbúnaðarháskólanum og Matvælastofnun. Hann byrjaði að renna úr víði snemma á þrítugsaldrinum og ákvað strax í upphafi að notast eingöngu við innlendan efnivið. „Ég ákvað að ég skyldi kynna íslenskum við almennilega og verða sérfræðingur í

innlendum trjátegundum og miðla því til annarra,“ segir Jón. Til að byrja með hafi framboðið á góðu timbri verið minna en það er í dag.

## Reynir í uppáhaldi

„Ég held að reyniviðurinn sé uppáhaldið hjá mér, en hann er glerharður og það vantar ekki bein tré sem er hægt að nota í borðvið. Þá er eiginlega engin önnur þjóð sem notar

hann að neinu viti – og við reyndar ekki heldur. Ef eitthvert tré ætti að verða einkenni íslenskrar handavinnu, þá er það reyniviðurinn.“ Jón segir Finna nota mikið birki, Danir beyki og Svíar furu í handverk og húsgagnsmíði.

Jón heldur jafnframt mikið upp á selju, sem er víðitegund. „Hún er jöfn og þétt og gott að renna úr henni. Svo er ég tiltölulega nýfarinn að nota öspina. Hún er erfið þar sem hún trosnar mikið þegar maður er að vinna hana og því nauðsynlegt að vera með mjög beitt verkfæri,“ segir Jón. Aðspurður segist hann ekki forðast neina viðartegund.

## Nánast allt nytjahlutir

Rennismíðin heillar Jón þar sem hægt er að ná miklum afköstum, samanborið við annað handverk úr timbri. „Þetta eru miklu meiri átök og allt miklu þyngra. Ef maður er að tálga er allt léttara og finna. Ég leitast eftir því að renna stóra muni, ekki smáhluti eins og penna, skaft á ausur og slíkt.

Það eru ákveðin takmörk á því hvað er hægt að gera í rennibekk. Ég geri allt sem er hringlaga, eins og skálar, pílara í handrið, súlur og slíkt. Eins er ég mjög íhaldssamur með þá olíu sem ég ber á viðinn, en ég nota eingöngu kaldpressaða línolíu og loka yfirborðinu með bývaxi.“

Nánast allir hlutirnir eru nytjahlutir, en Jón segir flestar skálarnar

henta til að bera fram matvæli, fyrir utan nokkrar sem séu hugsaðar helst til skrauts. Þá hefur Jón rennt muni sem hann kallar hnyklatrog sem eru til að geyma þrjónadót. Enn fremur hefur hann smíðað skip sem hann telur að getu til að mynda nýst til að bera fram þorramat eða annað slíkt.

## Plantar trjám sem henta í handverk

Jón byrjaði með sína eigin skógrækt á Rangárvöllum árið 1990. „Árið 2005 gat ég byrjað að nýta viðinn. Fyrst notaði ég elrið, en þá voru það orðin þrjú til fjögurra metra há tré. Svo hefur tegundunum fjölgað koll af kolli,“ segir Jón. Hann hefur markvisst plantað trjám sem henta í handverk.

Jón geymir trén oft á jörðinni eftir fellingu til þess að fá svepp í þau. Með því kemur litur í viðinn sem getur skapað áhugaverða áferð. Þegar ásættanlegum sveppavexti hefur verið náð tekur Jón trén til þurrkunar. „Þetta er rosalega skemmtilegt í birkinu, en það er með vatnsæðar og sveppurinn æðir eftir þeim. Þá myndar sveppurinn sterka flekki.“ Jón segist selja mest af sínu handverki á sýningum, en hann bendir þeim sem missa af sýningunni, sem lýkur 15. febrúar, á að hafa samband við sig í gegnum síma eða Facebook-síðuna Gallery Tré.

Uppbod.com

Reykjavíkurborg býður til sölu færanlega húseiningu sem staðsett er á lóð leikskólans Jörfa, Hæðargarð 27a, 108, Reykjavík. Einingin er 62,7 m<sup>2</sup> og er úr timbri, byggð 1998.

Byrjunarverð: 2.500.000  
Uppboði lýkur: 15. feb kl 20:00



Tvö víkingaskip úr smíðju Jóns.



# KGM

Gæði á sterkum grunni



Bíll á mynd er með  
37" breytingarpakka


## Eigum örfá bíla eftir á gamla verðinu!

KGM Rexton Premium, fjórhjóladrifinn lúxusjeppi með háu og lágu drifi og öflugri dísel vél.

Rexton premium, verð 11.590.000 kr.

**Tilboðsverð 9.890.000 kr. - Örfá eintök.**

- Byggður á grind
- 8 þrepa sjálfskipting
- Sjálfstæð fjöðrun
- 202 hestöfl
- Með háu og lágu drifi
- Allt að 3.500 kg. dráttargeta



Skannaðu QR kóðann  
fyrir nánari upplýsingar



Reykjavík  
Krókháls 9  
S: 590 2000

**Bílabúð**  
**Benna**  
Sérfræðingar í bílum í fimmtíu ár



# Óæskilegt atferli nautgripa

**Snorri Sigurðsson**

snorri.sigurdsson@outlook.com



Nautgripir eru almennt frekar róleg og fyrirsjáanleg dýr og daglegt atferli þeirra endurspeglar að miklu leyti eðlilegar og náttúrulegar þarfir þeirra í tengslum við fódru, hvíld, mjaltir og félagsleg samskipti sín á milli. Þegar húsnaði, umönnun eða heilsufar eru ófullnægjandi geta nautgripir byrjað að sýna atferli sem er talið óásættanlegt eða óeðlilegt. Slíkt atferli hjá nautgripum felur oft í sér staðlaðar, endurteknar eða skaðlegar athafnir sem geta haft áhrif á velferð, framlegð eða jafnvel öryggi á kúabúinu. Þetta atferli er ekki einungis einhvers konar slæmur ávani, heldur mikilvægt viðvörunarmerki um að eitthvað í umhverfi eða umönnun dýrsins uppfylli ekki þarfir þess. Því er nauðsynlegt að þekkja og skilja svona atferli fyrir snemmtæka íhlutun og árangursríka bústjórn.

## Tveir aðalflokkar

Það má í raun flokka óæskilegt atferli upp í nokkra undirflokkar til aðgreiningar og verður hér gerð tilraun til þess að lýsa tveimur helstu flokkum, þar sem óæskilegt atferli tengt múlnum er annar flokkurinn og hinn eru óæskilegar hreyfingar, leguatferli eða hreinlega hreyfingarleysi. Það eru til fleiri flokkar óæskilegs atferlis, t.d. sem tengjast félagslegri hegðun og hreinlæti gripa en ekki verður nánar fjallað um þá hér.

## 1. Múllinn

Algengasta óæskilega atferlið tengt múl nautgripa er tunguvelta, þ.e. þegar gripir rúlla eða velta tungunni fram og til baka. Líklega kannast flestir kúabændur við svona tungukæk eða tunguleik hjá einstaka grip. Önnur atriði sem tengjast munni er svokölluð svikatugga, þ.e. gripir tyggja án fódurs, þegar gripir bíta eða reyna að naga innréttingar og svo sleikiárátta t.d. veggja og/eða annarra gripa. Þá má í raun flokka sjálfssog og sog á öðrum gripum undir óæskilegt atferli sem tengist munni. Framangreint atferli þekkist meðal ólíkra aldurshópa en



Að þrýsta grönum upp að hörðu yfirborði er óæskilegt atferli sem er nokkuð algengt að nautgripir sýni.

Mynd / Ida Marie Gjersem (Buskap 2023)

oft má tengja hluta af svona hegðun við gripi undir fódruarálagi en það er þó ekki algilt.

Þegar horft er til þeirra þátta sem hafa mögulega áhrif á tilurð

framangreinds óæskilegs atferlis er líklega algengast að rekja megi þróun svona hegðunar til fódruar. Nautgripir eru „hannaðir“ til þess að vera á beit og að verja miklum tíma í að jórta en sé

fóðrunin með þeim hætti að jórtrunin taki skemmri tíma, eða t.d. sog smákálfa við mjólkurdrykkju, getur komið upp þörf til þess að fá einhvers konar útrás sem getur sem sagt mögulega brotist út með framangreindum hætti. Sé litið til þess hvað sé til ráða er oftast talað um, í erlendum heimildum, að horfa til tréniðfóðrunar þ.e. að stilla af tuggutíma fódursins svo það henti þörfum gripanna en oft er talað um að hverja tuggu við jórtrun eigi nautgripur að tyggja þetta 60–70 sinnum áður en hann kyngir henni á ný.

Takmarkað aðgengi að fódri er annað atriði sem getur haft áhrif á óæskilegt atferli tengt munni. Takmarkað pláss fyrir gripina, langt milli fódurgjafa eða mikil samkeppni um fódrið getur neytt gripina til þess að éta hratt. Síðan standa þeir hálf aðgerðarlausir á eftir og þar sem ekkert er að tyggja geta endurteknar hreyfingar með tungu og munni tekið við.

Þá má nefna að ójafnvægi vambar getur einnig leitt til óæskilegs atferlis svo sem þarfir gripa til þess að sleikja en það er talið tengjast atriðum eins og orkumiklu fódri, fódurflokkun gripa á fódurgangi eða rangrar heilfóðurbloðu svo dæmi sé tekið. Gripirnir geta þá fengið „í magann“ og sleikja og tyggja án fódurs oft sem einhvers konar viðbrögð við því fyrir utan að það verður þunnt á þeim og jórtrunin minnkar.

Að lokum getur mjólkurfóðrun smákálfa haft áhrif á sog þeirra síðar meir en það hefur legið fyrir í áratugi að kálfa sem fá litla mjólkurskammta, eru fódraðir í fötu án túttu eða eru skyndilega vandir af túttu/spena, hafa stundum óuppfyllta sogþörf. Þetta getur haft áhrif á sogvenjur kálfanna, þ.e. sjálfssog eða sog á öðrum gripum og einnig valdið tunguveltu en hvoru tveggja getur fylgt þeim fram á fullorðinsár.

## 2. Hreyfing / líkamsstaða / lega

Sé horft til óæskilegs atferlis með tilliti til hreyfingar eða líkamsstöðu þá er líklega algengasta atferlið það þegar gripur stendur kyrr og þrýstir grönum eða múl upp að hörðu yfirborði (sjá mynd). Annað dæmi um óæskilegt atferli tengt hreyfingu eða líkamsstöðu er þegar gripur sveifla hausnum til hliðar og til baka en þetta atferli er líklega þekkara hjá hrossum en nautgripum. Þá má nefna atferli sem innifelur endurteknar hreyfingar fram og til baka án augljósrar ástæðu eða óvenjulega eða undarlega legu, svo sem ef gripur hvílir á hnjúm eða situr líkt og hundur. Enn fremur ef gripur stendur hálfur upp í bás en leggst ekki, þá er það einnig flokkað undir óæskilegt atferli.

Allt framangreint bendir til einhverra vandamála við nærumhverfi gripanna eða einhverja óþæginda/verkja hjá viðkomandi grip. Sé sérstaklega horft til þess sérstaka atferlis þegar gripir standa hreyfingarlausir og þrýsta múlnum eða grönum upp að t.d. vegg, öðrum gripum eða upp að t.d. innréttingu þá bendir það oft til þess að velferð gripsins sé skert með einhverjum hætti, s.s. ef gripur hefur ekki getað legið lengi eða er kvalinn af sársauka. Það er því mikilvægt að bregðast skjótt við sé gripur að sýna svona atferli og reyna að lesa í skilaboðin sem gripurinn er að senda.


Sé aftur á móti legan eða leguatferlið óvenjulegt, s.s. þegar gripur eða gripir standa hálfur upp í bása, eða liggja óvenjulega, þá bendir það oftast til þess að um þrængsli sé að ræða eða til þess að innréttingarnar passi ekki nógu vel. Þetta getur þannig bent til of stuttra eða þröngra legubása, eða rangt staðsettrar herðakambsslár svo dæmi sé tekið. Þá getur gripurinn ekki „skellt“ sér í legu og/eða staðið snögg og eðlilega upp sem svo aftur skilar sér í því að gripurinn sýnir óæskilegt leguatferli.

## Af hverju skiptir þetta máli?

Það er skiljanlegt að sumir kunni að spyrja sig hvort þetta skipti í raun einhverju máli fyrir kúabændur. Sé um einstaka tilfelli að ræða er e.t.v. ekki mikil hætta á ferð enda nautgripir margbreytilegir og upplifa hlutina misjafnlega. Á mörgum kúabúum er vandinn ekki heldur algengur né einsleitur meðal gripa, heldur samansafn af mörgum smáatriðum sem telja svo upp í hina stóru mynd sem gefur bóndanum mikilvæga yfirsýn yfir stöðu mála. Það er því mikilvægt að vera vakandi yfir þeim merkjum sem gripirnir gefa frá sér enda getur óæskilegt atferli haft í raun nokkuð viðtæk áhrif, svo sem vegna minni jórtrunartíma og verri fódurnýtingar, styttri legutíma og lakari hvíld gripa. Þá benda sumar rannsóknir einnig til þess að ending gripa sé lélegri þar sem óæskilegt atferli er til staðar. Allt þetta er í raun óbein mæling á einhverju sem er að og því er mikilvægt að líta á óæskilegt atferli sem viðvörn áður en áhrifin leiða t.d. til framleiðslutaps.

Óæskilegt atferli grips er því ekki eitthvað sem tengist sérhlund grips heldur ber að líta á það sem eins konar skilaboð frá nautgripnum um óuppfylltar þarfir. Þannig gefur óæskilegt atferli í munni gripsins vísbendingu um það að skoða þurfi trefjafóðrun, fódurmagn, aðgengi að fódri og/eða mjólkurfóðrun kálfanna. Þá gefur óæskilegt atferli hreyfingar og legu vísbendingar um að nærumhverfi grips sé ábótavant með einum eða öðrum hætti.

Í stuttu máli sagt þá má líta svo á að þegar nautgripir byrja að sýna óæskilegt atferli, þá sé þess virði að taka vel eftir því, þeir eru í raun að segja nokkuð nákvæmlega frá því hvað sé að.



Við erum með sex verstanir á landinu með mikið úrval af rekstrarvörum og lyftibúnaði fyrir landbúnað, sjávarútveg, matvælavinnslur, byggingariðnað og aðra starfsemi.

# HAMPIDJAN

hampidjan.is/verslun · <https://vefverslun.hampidjan.is>

**Reykjavík**

Skarfaragá 4  
Sími 530 3333

**Ólafsvík**

Ólafsbraut 19  
Sími 436 1214

**Ísafjörður**

Suðurtangi 14  
Sími 470 0830

**Akureyri**

Norðurtangi 1  
Sími 841 1322

**Neskaupstaður**

Naustahvammur 49  
Sími 470 0807

**Vestmannaeyjar**

Friðarhöfn  
Sími 664 3340



## Lífverur í jarðvegi, hinn ósýnilegi grunnur lífs á landi

Þegar talað er um líffræðilega fjölbreytni á landi hugsa margir um spendýr, fugla, skordýr eða plöntur. Hinnir áhugasömustu leiða jafnvel hugann að mosategundum eða fléttum. En undir fótum okkar er annar heimur sem flestir sjá aldrei og fáir hugsa um, jarðvegslífið. Til að setja það í samhengi er stundum sagt að í einni teskeið af jarðvegi geti leynst milljarðar lífvera. Prófaðu að loka augunum og ímynda þér milljarð fugla, plantna og dýra. Hugurinn nær ekki utan um stærðargráðuna og kannski er það ein ástæða þess að jarðvegslíf fær oft minna vægi í umræðu um náttúruvernd. Þrátt fyrir það er jarðvegslífið undirstaða þess sem gerist ofanjarðar.

Í jarðvegi lifa örverur og jarðvegsdýr, allt frá bakteríum og sveppum til frumdyra, þráðorma, ánamaðka og skordýra. Þessar lífverur brjóta niður dauð lauf og rætur, umbreyta lífrænum leifum í jarðveg, endurvinnna næringarefni og auka þannig frjósemi jarðvegs. Jafnframt mótir jarðvegslífið kolefnishringrásina, bæði hversu hratt kolefni losnar út í andrúmsloftið og hversu mikið binst í jarðvegi til lengri tíma. Sumar örverur, einkum bakteríur, geta jafnvel tileinkað sér nýja eiginleika með láréttum genaflutningi, þ.e. þegar erfðaeefni flyst milli lífvera. Þannig geta gen færst á milli ólíkra lífvera og breytt því hvaða hlutverk örverur gegna, til dæmis hvaða efni þær geta brotið niður eða hvernig þær bregðast við álagi.

Þetta skiptir miklu máli á Íslandi. Jarðvegur hér er víða ungur, oft næringarsnaudur og mótaður af harðneskjulegu veðurfari. Sums staðar hefur land einnig orðið fyrir rofi og raski. Þegar vistkerfi veikist eða breytist hverfa ekki bara plöntur, jarðvegslífið breytist líka. Þá getur orðið erfðara fyrir gróður að festa sig í sessi. Margar plöntur ná til dæmis

síður fótfestu ef samskipti þeirra við sveppi og bakteríur eru takmörkuð. Þess vegna skiptir heilbrigður jarðvegur og virkt jarðvegslíf miklu máli, ekki bara fyrir endurheimt vistkerfa, heldur líka fyrir ræktun og sjálfbæra nýtingu lands.

Á síðustu árum hefur orðið bylting í því hversu aðgengilegt og nákvæmt er að greina jarðvegslíf. Með raðgreiningu á erfðaeefni sem finnst í umhverfinu má lesa örtiltar leifar af DNA sem lífverur skilja eftir sig, til dæmis úr frumum, gróum eða rotandi vefjum. Þannig má greina hvaða lífverur eru til staðar í jarðvegi án þess að rækta þær á rannsóknarstofu, sem skiptir máli því stóran hluta jarðvegslífvera er erfitt eða jafnvel ómögulegt að rækta með hefðbundnum aðferðum. En hér þarf gagnrýna hugsun. DNA segir ekki alla söguna. Það sýnir hvaða lífverur eru eða voru til staðar nýlega, en ekki endilega hvað þær eru að gera núna, og getur jafnvel verið frá dauðum lífverum.

Meiri fjölbreytni er heldur ekki sjálfkrafa betri. Stóra spurningin er hvaða lífverur og hvaða samsetning skilar mestri virkni, jarðvegi sem bindur kolefni, styður gróður og bætir þol vistkerfa og stendur af sér áföll. Ef við ætlum að endurheimta land og byggja upp heilbrigð vistkerfi verðum við að skoða jarðvegslífið, ekki sem aukaatriði heldur sem grunnkerfi. Ástand jarðvegsins mótir lífið ofanjarðar, hvaða plöntur ná fótfestu og hvaða skordýr, fuglar og spendýr fylgja á eftir.

*Höfundur er sérfræðingur hjá Landi og skógi.*



Hilmar Njáll Þórðarson.

# Rafmagns Tjakkar



## Rafmagns pallettutjakkur

- CBD15J-Li3 1500kg Verð **269.000** kr + vsk
- CBD20J-Li3 2000kg Verð **325.000** kr + vsk
- CBD20-BLIH 2000kg Verð **380.000** kr + vsk

## Rafmagns staflari Heli CDD 1,2 tonn

- 3.0 metrar Verð **620.000** kr + vsk
- 3.5 metrar Verð **690.000** kr + vsk



# HELI



**Skrifstofa**  
544-4210  
Bugðufjót 11  
270 Mosfellsbær

**Ólafur**  
892-9399  
ob@vkv.is

**Gunnþór**  
864-4222  
gts@vkv.is



## Húsin okkar

Bambahús eru einstök hönnun sem henta í alla ræktun hvort sem er til heimilis eða atvinnu. Bambahús eru smíðuð úr galvaniseraði stálgrind, klædd með 10mm. einangruðu gróðurhúsaplásti og koma með sérsníðadri stálhurð, ásamt loftglugga með stormjarni.

Bambahús smíða falleg gróðurhús, nídsterk og notendavæn. Gróðurhúsin koma fullbúin og hagkvæm til notkunar allt árið um kring. Þau er létt og meðfærileg og alltaf hægt að bæta við einingum.

Bambahús eru hönnuð til að rækta fæðu í mold og auðvelt að umbreyta í alla tegundir ræktunar ásamt plássi fyrir kósýsvæði.

Bambahús koma með gróðurkerjum í vinnuhæð og það má tvöfalda ræktunarplássið með því að nýta rýmið fyrir neðan gróðurkerin. Bambahús eru einstök, lítið viðhald er á húsunum, einfalt í uppsetningu, lágt verð og hefur jákvæð umhverfisáhrif.

## Eiginleikar

- Bambahús þurfa aðeins sléttan flöt og engin þörf eru á jarðfestu
- Bambahús þola vind og snjópunga betur en flest önnur gróðurhús
- Bambahús koma með gróðurkerjum
- Bambahús nýtir fermetrapláss betur en önnur gróðurhús
- Bambahús henta betur fyrir hreyfihamlaða
- Bambahús er islenkst hugvit og framleiðsla
- Bambahús er hringrásarhagkerfið í allri sinni mynd
- Bambahús eru færanleg, hægt að færa þó það sé í fullri notkun



**www.bambahus.is**  
bambahus@bambahus.is  
s.862-5008



# Umfang greininga og staða innleiðingar í ársbyrjun 2026 – ræktun gegn riðu

Arfgerðar-greiningar ársins 2025 voru þær umfangsmestu fram til þessa í sauðfjárræktinni. Niðurstöður skiluðu sér fyrir u.þ.b. 79 þúsund sýni. Þetta er fjölgun um 9% milli ára. Sýnin tilheyrja 996 búum, þar af voru 822 bú sem létu greina 5 eða fleiri. Megnið af þessum sýnum voru tekin að vorinu, eða um 70%. Þetta gekk í raun allt eins og í sögu.




Eyþór Einarsson.

með græn flögg og þar til viðbótar eru gimbrar sem hafa grænröndótt flögg í Fjávís, sem þýðir að út frá ætterni er hægt að fullyrða að þær beri einhverja vernd. Fullgild greining er á 41% gimbranna sem settar voru á í haust. Á næstu 6 til 8 árum þarf að halda siglingunni áfram og stefna á þeim tíma að því að yfir 90% ásetningsgimbra beri græn flögg.

Lifandi hrútar samkvæmt Fjávísi á búum sem skilað hafa skýrsluhaldi fyrir 2025 eru 16.447. Í heildina eru 36% af þessum hrútum sem bera V og MV arfgerðir. Þetta hlutfall er þó raunverulega aðeins betra þar sem á einstaka búum hefur ekki verið hirt um að „fella“ hrúta sem eru þó raunverulega gengnir til fedra sinna. Skora þarf á bændur að taka til í þessu svo draugarnir séu ekki að skekkja myndina. Ef yngsti árgangurinn er skoðaður sérstaklega þá voru settir á í haust rétt um 6.600 lambhrútar. Af þeim eru 48% með V eða MV arfgerðir. Nú eru skráðir á lífi (lambhrútar og fullorðnir) 3.756 hrútar sem bera ARR samsætuna og þar af 258 arfhreindir. Fjöldi þeirra nánast fimmfaldast á milli ára. Hrútar með MV/N eða MV/MV arfgerðir eru 2.254. Hrútar sem bera tvö græn flögg (V/V, V/MV eða MV/MV) fjölga um nærri 450 milli ára en þeir eru nú 1.054.

Landsáætlun um útrýmingu riðuveiki kom út sumarið 2024. Þar var lagt upp með að skipta búum í áhættuflokka m.t.t. riðuveiki og sett fram markmið um innleiðingu



Mynd 1. Skipting ærstofnsins, samkvæmt skráningum í Fjávís í ársbyrjun 2026. Um 11% ána í landinu bera verndandi (V) eða mögulega verndandi (MV) arfgerðir. Í heildina hafa um 26% ána fullgilda arfgerðargreiningu.

## Staðan á innleiðingu verndandi arfgerða

Á hverju hausti eru tekin stór skref í þá átt að byggja upp sauðfjárstofn í landinu sem hefur móttöðu gegn riðuveiki. Mörg bú setja nánast eingöngu á gimbrar sem bera einhverja vernd og á móti er lógað fullorðnum ám sem aðallega bera villiarfgerðina eða eru ógreindar. Ef horft er á ærstofninn í heild þá bera nú 11% ána V (verndandi) eða MV (mögulega verndandi) arfgerð. Um 73% ána eru ógreindar, líkt og fram kemur á mynd 1, en líklegast er að megnið af þeim ám beri villigerðina. Sá hluti ána sem hefur greiningu og ber V eða MV arfgerðir er fyrst og fremst yngsta féð en breytingin hefur nánast öll átt sér stað með þrem yngstu árgöngunum. Í ásetningshópnum frá því í haust eru 27% gimbranna

verndandi arfgerða fyrir hvern flokk. Um síðustu áramót var síðan gefin út reglugerð sem byggir á landsáætluninni. Í kjölfarið hefur Matvælastofnun kunnert bændum hvernig bú þeirra eru flokkuð m.t.t. áhættu. Þegar því verður lokið er gert ráð fyrir að í Fjávísi opnast mælaborð þar sem bændur geta skoðað stöðuna á sínu búi, hver

markmiðin eru fyrir búið og hvernig gangi að ná þeim.

Í töflu 1 er gerður samanburður á stöðu ræktunar gegn riðu milli áhættuflokkanna samkvæmt gögnum í Fjávísi í ársbyrjun. Niðurstöður sem þarna birtast byggja á upplýsingum frá 1.407 búum sem skilað hafa gögnum fyrir framleiðsluárið 2025. Í töflunni er þó sleppt fjórða flokknum, sem eru riðubú. Til að gefa einhverja mynd af því hversu mörg bú eru eitthvað komin af stað þá er skoðað hlutfall búa sem hafa yfir að ráða a.m.k. einum hrút sem er arfgerðargreindur með V eða MV arfgerð. Í heildina finnast slíkir hrútar á 72% búa. Áhættubúin eru lengst komin í innleiðingunni, þar er þriðjungur búanna með alla hrúta greinda með V eða MV og í heildina eru 69% af hrútunum sem tilheyrja áhættubúunum með græn flögg og 26% ána. Hins vegar er aðeins lítil hluti búa í þessum flokki sem ná markmiðum þeim sem sett voru í landsáætlun um ásetning haustið 2025. Það er vegna þess að fyrir þennan flokk eru markmiðin háleitust. Hrútastofn þessara búa á að vera 100% með V eða MV og þar af 25% með V/V eða V/MV. Þessi markmið eru sett fram sem einföld mælistika til að hvetja menn áfram. Vissulega er þó meginmarkmiðið að setja sem flestar gimbrar á sem bera V eða MV og því geta bændur breytt stöðunni með því hversu mikið þeir nota einstaka hrúta og með því að nota sæðingar.

Hér eru margir sem eru að standa sig afar vel en á hluta búanna þarf að herða róðurinn og skerpa á stöðunni gagnvart markmiðunum.

## Áframhaldið

Gangur í innleiðingu á verndandi arfgerðum gengur í raun afar vel. Þátttaka í sæðingum og í arfgerðargreiningum hefur verið geysilega góð. Innleiðingin er á fullri ferð og hratt stækkar sá hluti stofnsins sem ber hin góðu gen. Á þessu ári er búist við að umsvif í riðuarfgerðargreiningum haldi áfram að aukast þar sem hrútum fjölga sem eru arfblendnir og enn er hlutfall arfhreinna hrúta tiltölulega lágt. Lagt er upp með að fyrirkomulag sýnatökunnar verði með sama hætti og síðustu ár, þ.e.a.s. að hægt er panta sýnahylki í gegnum heimasíðu RML. Öllum sýnum skal síðan skilað inn til RML, þar sem áfram eru það starfsstöðvarnar á Hvanneyri og í Reykjavík sem safna sýnunum saman og munu koma þeim í greiningu hjá Mátis, sem nú hefur tekið við keflinu af Íslenskri erfðagreiningu. Uppfærðar reglur um hvatastyrki og verð ársins 2026 verður kynnt á vef RML á næstu dögum. Ópið er fyrir pantanir á hylkjum og bændur hvattir til að huga að því fyrir en seinna að tryggja sér sýnatökubúnað fyrir vorið.

Höfundur er ráðunautur á búfjárræktar- og þjónustusviði RML.

	Fjöldi		A.m.k. 1 V eða MV hrútur	Hlutfall gripa með V og MV arfgerð		Bú sem standast markmið landsáætlunar
	Hrútar	Ær		Hlutfall búa	Hrútar	
Áhættubú	1,201	26,959	90%	69%	26%	12%
Önnur bú í áhættuhólfi	3,374	70,416	89%	56%	18%	56%
Bú utan áhættuhólfa	11,707	227,108	66%	26%	7%	22%
Alls	16,282	324,483				

Tafla 1. Samanburður á stöðu innleiðingar verndandi og mögulega verndandi arfgerða milli áhættuflokka.

# VARAHLUTIR Í KERRUR

**Bílubúðin**  
**Stál og stansar**

Sími 517 5000  
Vagnhöfða 7, 110 Rvk.  
[stalogstansar.is](http://stalogstansar.is)



Á þessu ári er búist við að umsvif í riðuarfgerðargreiningum haldi áfram að aukast þar sem hrútum fjölga sem eru arfblendnir og enn er hlutfall arfhreinna hrúta tiltölulega lágt.

Mynd / Pixabay



# Landbúnaðurinn okkar

Á næstu misserum og árum reynir á það hvort við sem þjóð lítum á landið okkar sem brotthætt samfélag eða sem land tækifæra. Ég er sannfærð um hið síðara. Landbúnaður og þar með matvælaframleiðsla skiptir þar lykilmáli. Þetta er ekki aðeins atvinnugrein í hefðbundnum skilningi, heldur málaflokkur sem snertir öryggi þjóðarinnar, heilbrigði og byggðastefnu í senn.



Lilja Dögg Alfreðsdóttir.

„Þegar áföll dynja yfir skiptir máli að við getum staðið á eigin fótum að minnsta kosti að hluta. Þess vegna er hugmyndin um matvælandið Ísland liður í sjálfstæði okkar og öryggi.“

## Matvælandið Ísland

Við þurfum að geta treyst á stöðugt framboð innlendra matvæla. Ekki aðeins heilsunnar vegna, heldur einnig vegna óvissu í alþjóðamálum. Heimurinn hefur sýnt okkur að aðfangakeðjur eru brotthættar og skyndilegar truflanir geta haft viðtak áhrif.

Þegar áföll dynja yfir skiptir máli að við getum staðið á eigin fótum að minnsta kosti að hluta. Þess vegna er hugmyndin um matvælandið Ísland liður í sjálfstæði okkar og öryggi.

## Ný atvinnustefna og tækifæri fyrir ungt fólk

Ný atvinnustefna stjórnvalda, sem er í mótun, verður aðeins trúverðug ef hún leggur grunn að raunverulegum tækifærum fyrir fólkið okkar þvert á landshluta. Í því ljósi þurfum við að leggja sérstaka áherslu á að virkja ungt fólk til búsetu og frumkvöðlastarfs á landsbyggðinni. Við getum ekki ætlast til þess að ný kynslóð setjist að úti á landi ef aðgangur að landi, fjármagni og innviðum er of takmarkaður. Þar þurfum við hvata sem eru einfaldir, sanngjarnir og raunhæfir.

Hugmynd Framsóknar um Nýjar rætur er dæmi um slíka lausn. Hún felur í sér að ríkið geti, í gegnum Bygðastofnun, gengið inn í kaupsamning um jörð þegar nýliði (frumkvöðull) hefur tryggt sér samþykkt kauptilboð. Nýliðinn leigir jörðina og byggir upp rekstur, en fær síðan kauprétt að fimm árum liðnum. Þannig verður mögulegt að brúa bilið milli metnaðar og fjármagns og opna dyr fyrir nýja kynslóð ræktenda matvæla og frumkvöðla.

## Innviðir sem gera tækifærin raunveruleg

Samhliða þessu verðum við að horfast í augu við þá staðreynd að þjónusta er ekki alls staðar nægilega góð. Atvinnustefna stjórnvalda þarf þannig að taka mið af ólíkum aðstæðum um allt land.

Fjarvinna, fjarlækningar, gervigreind og nýjar leiðir í samskiptum fólks og þjónustukerfa geta jafnað stöðuna. En tæknin dugur ekki ein og sér. Við þurfum betri vegi, betri samgöngur og sterkari innviði.

Þá skipta orkumál grundvallarmáli fyrir landsbyggðina: þriggja fasa rafmagn, aukin flutningsgeta og kerfi sem stenst verulegt álag. En við þurfum líka sanngjarnt og fyrirsjáanlegt orkuverð. Kostnaður rafmagns hefur hækkað síðustu misseri og er víða orðinn íþyngjandi. Hverjum hefði dottið þetta í hug í landi endurnýjanlegrar orku Og hvers eiga ræktendur grænmetis, af öllum vörum, að gjalda þegar orkan er sjálfur grunnurinn að innlendra framleiðslu og fæðuöryggi? Hér þurfum við lausnir sem tryggja samkeppnishæfni, hvetja til fjárfestinga og styðja við fæðuöryggi til lengri tíma.

Og við þurfum að hugsa ferðþjónustuna áfram með gæði að leiðarljósi. Getum við eft millilandaflug um Akureyrarflugvöll enn frekar og byggt upp reglulegar millilandaþengingar um Egilsstaði? Slík sókn myndi dreifa álagi, styrkja atvinnulíf og bæta tengingar fyrir íbúa og fyrirtæki á bæði Norður- og Austurlandi og vitanlega fyrir landið allt.

Tækifærin okkar eru í kringum landið. Alls staðar. En við verðum að grípa þau. Hafa hugrekki til að segja hvað má betur fara og hafa getu til að koma fram með hugmyndir og lausnir. Velmegun er lykilorð í þessu samhengi, en hún er ekki aðeins peningalegs eðlis. Hún snýst um öryggi, traust og þá einföldu tilfinningu að framtíðin sé byggjanleg, um allt land.

*Höfundur er varaformaður framsóknarflokksins.*

## EIN VÉL – MÖRG TÆKI



MULTIHOG er fjölnota vél sem býður uppá endalausa möguleika á fylgihlutum. Multihog byggir á einni grunnvél þar sem notandinn velur þá fylgihluti sem hentar viðkomandi rekstri í hvert sinn. Með Multihog gefst kostur á að nýta sömu vélinu fyrir allar árstíðir. [www.multihog.com](http://www.multihog.com)



VALLARBRAUT.IS S - 4540050

# BOLTALAUSAR HILLUR AUÐVELDAR Í SAMSETNINGU

BOLTALAUSAR HILLUR FRÁ BITO ERU AUÐVELDAR OG FLJÓTLEGAR Í SAMSETNINGU ÁN ÞESS AÐ NOTA BOLTA, SKRÚFUR EÐA ÖNNUR VERKFÆRI

Hillurnar eru einnig stillanlegar til að mæta og aðlagast mismunandi geymsluþörfum. Fjölbreytt úrval fylgihluta og notkun í fjölhæða geymslum víkkar notkunarsviðið.

HVER STÖK HILLA ER MEÐ 100 KG BURÐARGETU

## BITO



FÁÐU FREKARI UPPLÝSINGAR HJÁ SÖLURÁÐGJÖFUM OKKAR Í VERSLUN EÐA Í SÍMA 595-6200

DRAGHÁLSI 22 BVT.IS

BVT BAKO VERSLUNAR TÆKNI

# Dekkjadagur

## LAGERHREINSUN

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR



Frábær tilboð á fjórhjóra- og buggydekkjum út febrúar. Kíkið á úrvalið á [nitro.is](http://nitro.is).



Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - [nitro.is](http://nitro.is)



# Niðurstöður skýrsluhaldsársins í nautakjötsframleiðslunni 2025

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í nautakjötsframleiðslunni 2025 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, www.rml.is. Hér verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörinu.

Uppgjör fyrir nautakjötsframleiðsluna nær til þeirra bóa sem halda holdakýr. Enn er þetta yfirlit þeim annmörkuð háð að niðurstöður ná ekki yfir þær holdakýr sem eru á búum þar sem einnig er um að ræða mjólkurframleiðslu. Þetta hefur sína kosti og galla. Kosturinn er sá að uppgjörð tekur til sérhæfðra bóa með holdakýr en gallinn er hins vegar að ekki eru allar holdakýr með í uppgjörinu.

Skýrsluhald nautakjötsframleiðslunnar árið 2025 nær til 111 bóa og þar af er að finna holdakýr af erlendu kyni á 90. Búunum fækkar því um eitt milli ára en fjöldi bóa þar sem er að finna holdakýr af erlendu kyni stendur í stað. Kýr á þessum búum voru við uppgjör ársins 3.333 talsins, sem er fjölgun um 39 frá árinu áður. Meðalfjöldi kúa á bú var 30,0 samanborið við 29,4 árið áður og reiknast þessar kýr yfir í 27,3 árskýr á bú en voru 27,7 árið 2024. Alls var um að ræða 2.466 skráða burði á þessum búum á árinu 2025 sem jafngildir 0,74 burðum/kú. Þetta er fækkun um 253 burði eða um 0,08 burði á kú milli ára.

## Kjötsframleiðsla og flokkun ársins 2025

Heildarframleiðsla ársins á þessum 111 búum nam um 786 tonnum og því nær uppgjörð til 54 tonnum minna kjöts en árið áður. Þetta þýðir að þessi bú framleiða nálægt 17% alls nautgripakjöts á landinu. Meðalfframleiðsla á bú var 7.079 kg en heildarfjöldi slátraðra gripa var 2.909. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru 7.501 kg og 3.174 gripir. Meðalfallþungi kúa frá þessum búum var 234,1 kg, en hann reyndist 227,1 kg árið áður og meðalþungi unguneyta var 277,1 kg en þau vógu til jafnaðar 273,9 kg 2024. Til jafnaðar var unguneytunum fargað 705,9 daga gömlum eða 6,1 degi eldri að meðaltali en á árinu 2024. Það jafngildir vexti upp á 382,7 g/dag, reiknuðum út frá fallþunga, en sambærileg tala frá fyrra ári var 381,3 g/dag. Til samanburðar var slátrað 9.307 (9.558) unguneytum á landinu öllu sem vógu 260,5 (257,1) kg að meðaltali við 736,4 (732,0) daga aldur. Tölur innan sviga eru frá 2024. Þessi sérhæfðu bú sem yfirlitið nær til ná því gripunum þyngrir við lægri aldur að jafnaði, eins og undanfarin ár, og fer bilið vaxandi. Heilt yfir eru unguneyti þyngrir en árið áður og örfáum dögum eldri við förgun.



Guðmundur Jóhannesson.

Sigurður Kristjánsson.

Ef litið er á flokkun gripanna var meðalflokkun unguneyta á þessum búum 6,4 (6,3) á meðan meðalflokkun unguneyta yfir landið er 5,1 (5,0). Flokkun er því mun betri á þessum búum til jafnaðar, rétt eins og árið áður. Rétt er að hafa í huga að meðalflokkun er reiknuð þannig að flokkunum er gefið tölugildi þar sem P = 2, O = 5, R = 8, U = 11 og E = 14. Meðalgripurinn á landinu öllu er því nálægt því að flokkast í O.

## Frjósemi

Á árinu 2025 fæddust 2.466 kálfar á þessum búum og reiknast meðalbil milli burða 458 (457) dagar. Bil milli burða er því rúmlega 15 mánuðir sem er töluvert lengra en svo að meðalkýrin nái einum burði á ári. Framleiðsla nautakjöts með holdakúm verður tæpast arðbær hérlendis nema að þessi þáttur taki breytingum til batnaðar. Við þetta bætist að hlutfall dauðfæddra kálfa við 1. burð er 11,1% (12,2%), 3,7% (4,3%) við aðra burði og vanhöld frá 0-6 mánaða 2,9% (2,6%) þannig að fjöldi kálfa til nytja verður töluvert langt innan við kálf á kú á ári. Tölur í svigum hér eru frá fyrra ári. Í heildina dregur umtalsvert úr vanhöldum sem er af hinu góða.

Notkun sæðinga á þessum búum dróst heldur saman hlutfallslega milli ára. Þannig voru sæddar 478 kýr á árinu 2025 samanborið við 476 kýr árið áður en hlutfall sæddra kúa fór úr 14,5% í 14,35. Sæddar kýr af erlendu kyni voru 396 af þessum 478 sem sæddar voru. Til jafnaðar voru kýrnar sæddar 1,3 (1,3) sinnum og að meðaltali liðu 92,3 (108,6) dagar frá burði til 1. sæðingar. Þar hafa mál færst til betri vegar og þær kýr sem eru sæddar eru nálægt því að ná að bera með 12 mánaða millibili. Þrátt fyrir það er þetta þáttur sem huga þarf alvarlega að.

Tölur úr skýrsluhaldinu ber saman við afkomutölur. Búum fer nú fækkandi, meðalbúið stækkar og þau bú sem notfæra sér anguserfðæfnið eru greinilega að ná stórstígum framförum.

## Árangur einstakra bóa

Það bú sem náði mestum meðalþunga gripa á nýliðnu ári, eins og árið áður, var Breiðaból á Svalbarðsströnd þar sem meðalfallþungi 35 gripa var 379,0 kg.

Uppgjör fyrir síðustu 12 mánuði	Vesturland og Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra og Austurland	Suðurland	Landið allt
Fjöldatölur					
Fjöldi bóa með kýr til kjötsframleiðslu	20	24	25	42	111
Fjöldi bóa með holdakýr af erl. kyni	15	22	23	30	90
Fjöldi kúa	717	764	596	1.256	3.333
Meðalfjöldi kúa á bú	35,9	31,8	23,8	29,9	30,0
Árskýr á bú	37,4	28,0	21,0	25,8	27,3
Fjöldi burða	551	563	541	811	2.466
Meðalfjöldi burða á bú	27,6	23,5	21,6	19,3	22,2
Fjöldi 1. kálfs kúa	177	214	195	315	901
Fjöldi kvigna eldri en 24 mán	214	123	78	297	712
Endurnýjunarhlutfall	24,7	28,0	32,7	25,1	27,0
Hlutfall kúa með förgunarástæðu	88,8	97,3	95,6	86,1	90,4
<b>Kjötsframleiðsla síð. 12 mán.</b>					
Fjöldi slátraðra gripa	826	690	503	890	2.909
Hlutfall með sláturgögn	87,8	94,7	95,3	87,4	90,5
Meðalfframleiðsla á bú	10.031,0	8.503,2	5.711,1	5.672,2	7.078,5
Meðalþungi					
Kýr	235,1	228,8	259,7	222,3	234,1
Ungneyti	245,5	304,3	287,4	274,9	277,1
Meðalflokkun					
Kýr	5,3	4,4	5,2	3,6	4,7
Ungneyti	5,4	7,1	6,4	6,8	6,4
Meðalaldur við slátrun					
Kýr	2.005,2	3.071,3	1.973,8	2.896,8	2.408,4
Ungneyti	702,0	720,4	719,5	689,6	705,9
Vaxtarhraði, g/dag	332,1	418,2	392,9	389,3	382,7
Öll bú Ungneyti 12 - 30 mán.					
Fjöldi	1.395	1.683	2.584	3.645	9.307
Meðalflokkun	4,7	5,5	4,9	5,2	5,1
Meðalþungi	244,9	272,3	270,6	253,8	260,5
Meðalaldur	737,0	735,3	739,8	734,3	736,4
<b>Heilsufar síð. 12 mán</b>					
Hlutfall með sjúkdómaskráningu	6,8	14,5	47,8	9,5	14,8
Kýr					
Fjöldi sjúkdómstílfella á árskú	0,0	0,0	0,1	0,0	0,1
Bráðadauði/slys, hlutfall	0,7	0,4	0,2	1,6	0,9
Kálfar					
Hlutf. dauðra og dauðf. við 1. burð	6,5	14,9	15,4	7,4	11,1
Hlutf. dauðra og dauðf. aðrir burðir	3,4	3,9	5,1	3,0	3,7
Hlutf. dauðra á 1-180 daga	2,7	3,4	4,1	2,0	2,9
<b>Frjósemi síð. 12 mán</b>					
Fjöldi fæddra kálfa	551	563	541	811	2.466
Bil milli burða	466	440	418	482	458
Aldur við 1. burð	32,6	26,5	27,6	31,4	29,9
Fjöldi sæðinga	49	87	295	197	628
Fjöldi sæddra kúa	40	83	205	150	478
Fjöldi sæddra holdakúa	14	70	175	137	396
Sæðingar á kú	1,2	1,0	1,4	1,3	1,3
Dagar frá burði til 1. sæðingar	106,8	123,0	83,7	88,9	92,3
Hlutfall kálfa undan sæðinganautum	23,8	28,8	33,8	24,9	27,5

Tafla 1. Ársuppgjör nautakjötsframleiðslunnar 2025.

Heimild og töflur / Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

## Þyngru unguneyti (365-730 daga) á árinu 2025 (yfir 425 kg fall)

Gripur	Bú	Faðir	Stofn	Aldur, dagar	Þungi, kg	Flokkun
Lundi 23403	Stóra-Ármót	Laurens av Krogedal	AA	720	490,9	UN U3+
0681 (naut)	Arakot	Jóakim 21403	AA x Li x Ga x IS	667	453,4	UN R3
0753 (naut)	Lækjartún	16378711278	AA x Li x Ga x IS	652	453,4	UN R3-
1572 (naut)	Sandhóll	16343113396	AA x Li x Ga x IS	689	449,3	UN R2
1219 (naut)	Svertingsstaðir 2	Jenni 21405	AA x IS	644	445,0	UN R+2+
0752 (naut)	Efstaland	Janssen 21404	AA x IS x Ga	555	443,7	UN U3+
1575 (naut)	Nýibær	Jenni 21405	AA x Li x IS	569	437,7	UN U3
0006 (naut)	Ytri-Hólmur I	13593110003	AA x Li x Ga x IS	725	436,3	UN R+2+
1413 (naut)	Nýibær	16378711204	AA x IS x Li	655	436,5	UN U3-
1080 (naut)	Laugardalshólar	16378711193	AA x Li x IS	707	432,3	UN U2+
0256 (naut)	Reykir	Jöfur 21406	AA x Ga x IS	551	429,1	UN U3-
0382 (naut)	Saurbær	14621810319	AA x IS x Li	707	426,4	UN R+2

Tafla 5.

## Ungneyti með mestan daglegan vöxt á árinu 2025, 10 efstu

Gripur	Bú	Faðir	Stofn	Aldur, dagar	Þungi, kg	Flokkun	Vöxtur, g fall/dag
0010 (naut)	Efstaland	Laki 22403	AA x Li x IS	453	396,9	UN U3	832,0
0241 (naut)	Reykir	Jöfur 21406	AA x Li x Ga x IS	461	402,0	UN U2+	828,6
0003 (naut)	Efstaland	Laki 22403	AA x Li x Ga x IS	472	387,2	UN U3-	778,0
0217 (naut)	Reykir	Jöfur 21406	AA x Li x Ga x IS	470	385,5	UN U2+	777,7
0016 (naut)	Efstaland	Laki 22403	AA x IS	467	381,4	UN U3-	773,9
1576 (naut)	Nýibær	Jenni 21405	AA x Li x IS	512	415,9	UN U+3-	773,2
0762 (naut)	Efstaland	Janssen 21404	AA x IS	495	402,6	UN U3-	772,9
0008 (naut)	Efstaland	Laki 22403	AA x Li x Ga x IS	477	387,6	UN U2+	770,6
0004 (naut)	Efstaland	Janssen 21404	AA x Ga x IS	395	323,2	UN U3	767,6
0752 (naut)	Efstaland	Janssen 21404	AA x Ga x IS	555	443,7	UN U3+	763,40

Tafla 6.



### Bú með mestan meðalfallþunga árið 2025, 10 efstu

Búsnr.	Bú	Fjöldi gripa	Meðalaldur, dagar	Meðalþungi, kg	Meðalvöxtur g/dag
1528841	Breiðaból	35	812	379,0	447,4
1462131	Reykir	25	536	376,1	676,6
1336941	Ytri-Hólmur I	12	726	370,7	492,8
1524321	Efstaland	35	485	361,3	714,5
1637871	Nýibær	72	538	357,5	642,6
1633581	Herjólfsstaðir 2	12	870	352,7	388,3
1525931	Fellshlíð	11	687	347,8	486,8
1261431	Kiðafell	15	734	344,5	455,5
1540451	Hóll	19	671	343,3	488,5
1464071	Hofsstaðasel	220	643	341,9	523,9

Tafla 2.

### Bú með mestan meðalvaxtarhraða árið 2025, 10 efstu

Búsnr.	Bú	Fjöldi gripa	Meðalaldur, dagar	Meðalþungi, kg	Meðalvöxtur g/dag
1524321	Efstaland	35	485	361,3	714,5
1462131	Reykir	25	536	376,1	676,6
1637871	Nýibær	72	538	357,5	642,6
1665822	Minni-Mástunga	15	607	340,1	544,3
1464071	Hofsstaðasel	220	643	341,9	523,9
1446221	Litla-Ásgeirsá	14	550	296,3	522,5
1526561	Hríshóll	11	636	327,7	497,3
1336941	Ytri-Hólmur I	12	726	370,7	492,8
1540451	Hóll	19	671	343,3	488,5
1525931	Fellshlíð	11	687	347,8	486,4

Tafla 3.

### Bú með hæstu holdflokunareinkunn árið 2025, 10 efstu

Búsnr.	Bú	Fjöldi gripa	Meðalaldur, dagar	Meðalþungi, kg	Meðalholdflokun
1524321	Efstaland	35	485	361,3	10,29
1590981	Berufjörður	10	658	326,0	10,20
1462131	Reykir	25	536	376,1	9,56
1637871	Nýibær	72	538	357,5	9,21
1633581	Herjólfsstaðir 2	12	870	352,7	9,00
1665822	Minni-Mástunga	15	607	340,1	8,73
1664371	Birnustaðir 1	25	609	295,0	8,72
1464071	Hofsstaðasel	220	643	341,9	8,42
1446221	Litla-Ásgeirsá	14	550	296,3	8,36
1528281	Ytra-Fell	17	647	290,7	8,29

Tafla 4.

Annað búið á þessum lista er Reykir í Tungusveit með meðalfallþunga upp á 376,1 kg og þriðja í röðinni er Ytri-Hólmur I undir Akrafjalli þar sem meðalfallþunginn var 370,7 kg. Í töflu 2 má sjá þau 10 bú sem náðu mestum meðalfallþunga á árinu 2025.

Eitt er að ná sláturgripum þungum, annað er að ná þeim sem þungast á sem skemmstum tíma. Góður mælikvarði á það er vaxtarhraði. Í töflu 3 er listi yfir þau bú sem náðu mestum meðalvaxtarhraða gripa á árinu 2025 og er meðalvöxturinn reiknaður út frá aldri og fallþunga.

Kjötmatið á að gefa góða vísbendingu um kjötgæði og í töflu 4 er að finna lista yfir þau bú sem náðu hæstri einkunn í holdflokun á árinu 2024. Þar er eins og svo oft holdflokun umreiknuð í eina tölu þar sem P = 2, O = 5, R = 8, U = 11 og E = 14.

#### Mestur þungi og vöxtur

Þungsta unguneytið, þ.e. gripur á aldursbilinu 365 til 730 daga (12-30 mán.), sem slátrað var á árinu var sjálft kynbótanautið Lundi 23403 frá Nautís á Stóra-Ármóti. Lundi var að sjálfsgöðu hreinræktaður angus og vóg 490,9 kg er honum var slátrað við 720 daga aldur. Lundi flokkaðist í UN U3+. Í töflu 5 má sjá þau unguneyti sem náðu yfir 425 kg fallþunga á árinu 2025 en þau voru tólf talsins og frá ellefu búum. Þetta eru allt gripir sem hafa náð sérlega miklum vexti og þar með þunga en athygli vekur að þarna skila nýju angus-nautin ákaflega góðu. Rétt er að taka fram að 16378711278, 16378711193, 16378711204 eru synir Vísis 18400, 16343111396 og 14621810319 eru synir Draums 18402 og 13593110003 er sonur Val's 19402.

Í töflu 6 má sjá þau unguneyti sem náðu mestum daglegum vexti reiknuðum út frá fallþunga. Miðað er við að gripirnir hafi náð a.m.k. 365 daga aldri við slátrun og reiknað er með 20 kg fallþunga við fæðingu. Mestum eða

hröðustum vexti ársins náði naut númer 0010 á Efstalandi í Öxnadal. Sá gripur var holdablendingur, undan Laka 22403, 70% angus, 12% íslenskur, 10% limousine og 8% af arfshlut hans ekki skráð á kyn. Vöxtur þessa gripis reiknað miðað við áðurnefndar forsendur 832,0 g/dag sem er geysigóður vöxtur og meiri en við höfum áður séð. Þessar tölur og listar yfir þá gripi sem eru þungstir og ná mestum vexti sýna vel hve holdablendingarnir skara fram úr, einkum og sér í lagi synir og afkomendur yngri angus-nautanna frá einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti. Allir gripirnir í töflum 5 og 6 eru synir eða sonarsynir nautanna frá Stóra-Ármóti. Þá verður ekki hjá því komist að nefna þann glæsilega árangur sem náðst hefur í Nýjabæ undir Eyjafjöllum, á Efstalandi í Öxnadal og á Reykjum í Tungusveit. Ef rýnt er í tölur má glögg sjá að stefnan er að framleiða gripi sem skila miklum vexti og kjötgæðum en ekki endilega gríðarmiklum þunga. Fremur er horft til þess að gripirnir nái góðum sláturþunga á þeim tíma sem hentar og þá þurfi ekki að ala nema einn vetur á húsi. Þannig næst mun meiri framlegð eftir hvern grip sem er undirstaða þess að nautakjötsframleiðsla geti staðið undir sér.

Tölur ársins 2025 gefa til kynna að eldi sláturgripa tekur framförum og vegur þar tilkoma nýja angus-erfðaefnisins án efa þungt en tilkomu þess er farið að gæta svo um munar í sláturtölum. Hins vegar er breytileikinn alltof mikill. Því miður nær mikill fjöldi unguneyta ekki 200 kg fallþunga við slátrun. Það vantar því töluvert upp á að eldi gripa til kjötframleiðslu sé nægilega gott þó töluvert hópur nái orðið mjög góðum árangri á því sviði.

Að lokum er full ástæða til þess að óska þeim framleiðendum sem náð hafa góðum árangri við framleiðslu á nautakjöti til hamingju með þann árangur.

Höfundar eru ráðunautar hjá RML

**PVC GLUGGAR OG HURÐIR**  
EKKERT VIÐHALD - ENGIN MÁLUN - FÚNAR ALDREI

**510-9700**

Hringdu í okkur eða sendu tilboðsbeiðni í gegnum heimasíðu [www.pgv.is](http://www.pgv.is)

**PGV**  
FRAMTÍÐARFORM EHF  
PLASTOLUGGAVEKKEMIDJA

**21.990 kr. pakkatilboð**

**FRAMLENGDU FERÐALAGIÐ Á KONVIN HOTEL**

Tveggja manna herbergi Morgunverður  
Bílastæði á meðan ferð stendur  
Skutl í morgunflug

[konvin.is/is](http://konvin.is/is)

**KONVIN HOTEL**

**Tímasetning deildafunda Sláturfélags Suðurlands svf.**

Dagsetning 2026	Deild	Staður
Föstudagur 20/2 kl. 12:00	Daladeild	Dalabúð
Þriðjudagur 24/2 kl. 20:00	Gaulverjabæjardeild, Árborgardeild, Ölfusdeild & Villingaholtsdeild, Hraungerðisdeild	Þingborg
Miðvikudagur 25/2 kl. 20:00	Biskupstungna-, Laugardals-, Skeiða-, Gnúpverja-, Hrunamanna-, Grímsnes- & Þingvalla-/Grafningsdeild	Aratunga
Fimmtudagur 26/2 kl. 20:00	Hvamsdeild, Dyrhóladeild, A-Eyjafjalladeild, V-Eyjafjalladeild, A-Landeyjadeild, V-Landeyjadeild, Fljótshlíðardeild & Hvolhreppsdeild	Heimland
Þriðjudagur 3/3 kl. 12:00	Kjósar-, Hvalfjarðar-, Borgarfjarðar- og Mýrardeild	Hótel Borgarnes
Miðvikudagur 4/3 kl. 20:00	Holta- & Landmannadeild, Rangárvalladeild, Ása- & Djúpárdeild	Laugaland
Fimmtudagur 5/3 kl. 20:00	Öræfideild & Kirkjubæjardeild, Hörgslandsdeild, Skaftártungudeild & Álftavers- & Meðallandsdeild	Kirkjuhvoll, Klaustri

Aðalfundur SS verður haldinn föstudaginn 20. mars 2026 í Goðalandi í Fljótshlíð.

Sláturfélag Suðurlands / Fosshálsi 1, 110 Reykjavík / S: 575 6000 / [www.ss.is](http://www.ss.is) / [ss@ss.is](mailto:ss@ss.is)



# Fæðuöryggi og varnir Íslands

Alþingi samþykkti í síðustu viku þingsályktun um nýja stefnu á sviði öryggis- og varnarmála. Þar sem fæðuöryggi er óaðskiljanlegur þáttur í áfallapoli og viðnámsþrótti þjóðarinnar tel ég ríkt tilefni til að fá fram bæði afstöðu utanríkisráðherra og upplýsingar um hvort fæðuöryggi hafi fengið nægjanlegt rými í nýrri öryggisstefnu. Í þessu ljósi sendi ég í síðustu viku bréf til utanríkisráðherra sem er birt hér að neðan. Efni bréfsins hefur jafnframt verið lagt fram sem skrifleg fyrirspurn til utanríkisráðherra á Alþingi.



Halla Hrund Logadóttir.

## Hæstvirtur utanríkisráðherra

Á síðustu mánuðum hefur þróun heimsmála varpað nýju ljósi á stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Óvissa á alþjóðavettvangi er meiri en í marga áratugi og edlilegt að íslensk stjórnvöld leggi aukna áherslu á öryggismál Íslands.

Mánudaginn 2. febrúar sl. fór fram umræða á Alþingi um þverpólitíska tillögu til þingsályktunar um nýja stefnu í öryggis- og varnarmálum. Sú umfjöllun staðfesti mikilvægi gegnsærrar samræðu um hlutverk Íslands og skyldur í breyttum heimi. Aukin áhersla á öryggis- og varnarmál endurspeglar einnig í verulegri aukningu útgjalda til verkefna á þessu sviði. Í fjárlögum ársins 2026 voru framlög til samstarfs- og varnarmála aukin um 3,4 milljarða króna miðað við árið 2025 og heildarfjárheimild til þessara mála er nú yfir 10 milljarða króna.

Öryggismál þjóðarinnar snúast þó ekki einungis um hafnir og aðbúnað herskipa, flugvelli og loftrýmisgæslu. Á tímum áfalla eða ófriðar getur rof í alþjóðlegum aðfangakeðjum orðið jafn áhrifamikil og önnur ógn. Innviðir



Mynd / smh

fæðuöryggis er því lykilforsenda þess að samfélagið geti haldið uppi nauðsynlegri starfsemi. Þetta er grundvallaratriði í borgaralegum viðbúnaði og þjóðaröryggi.

Margar skýrslur og áætlanir hafa verið unnar á undanföllum árum um matvæli, matvælakefni og fæðuöryggi. Hins vegar virðist síður liggja fyrir heildstæð greining á tengslum fæðuöryggis við öryggis- og varnarmál, þ.e. hvernig innlend matvælaframleiðsla, aðfangakeðjur og rekstrarhæfi kerfisins falli inn í heildstæða viðbúnaðaráætlun ríkisins á sviði þjóðaröryggis.

Í ljósi aukinnar áherslu á þjóðaröryggi og verulegrar aukningar fjárheimilda til samstarfs- og varnarmála er edlilegt að spyrja hvort fæðuöryggi sé nægjanlega skilgreint sem hluti af heildstæðri stefnumótun í öryggis- og varnarmálum með skýrum fjármögnuðum aðgerðum. Víða erlendis hefur verið lögð vaxandi áhersla á að hluti varnatengdra skuldbindinga snúi að borgaralegum viðbúnaði og seiglu, vernd mikilvægra innviða, netöryggi, nýsköpun og styrkingu varnatengdra innviða. Í því ljósi er mikilvægt að fá upplýsingar um

” Hafa ber í huga í samhengi við fæðuöryggi að innviðir landbúnaðar á Íslandi eru víða veikir. Mörg útihús, svo sem fjárhús, fjós og gróðurhús, voru byggð tímabilinu frá 1940 til 1980 og þarfnast endurbóta.

hvort og með hvaða hætti aðgerðir sem styrkja innlenda innviði innlendrar matvælaframleiðslu, aðfangakeðjur og rekstrarhæfi landbúnaðar geti talist til slíkra óbeinna varnatengdra verkefna, þar á meðal innan þess ramma sem stundum er nefndur sem allt að 1,5% af landsframleiðslu til varnar- og öryggismála.

Hafa ber í huga í samhengi við fæðuöryggi að innviðir landbúnaðar á Íslandi eru víða veikir. Mörg útihús, svo sem fjárhús, fjós og gróðurhús, voru byggð tímabilinu frá 1940 til 1980 og þarfnast endurbóta. Slíkar fjárfestingar eru dýrar og takmörkuð afkoma landbúnaðar í dag ber hana illa sem ýtir undir þá þróun að fleiri kjósa að yfirgefa búskap og færri taka við.

Innviðafjárfesting í útihúsum svo sem stuðningur við nýbyggingar, gluggaskipti og bætt einangrun í eldri húsum, og innleiðing tækni við fódurgjöf eða ræktun gæti lækkað orkukostnað, aukið skilvirkni og afköst, bætt starfsumhverfi og heilt yfir gert starfsemi ólíkra búa hagkvæmari í rekstri. Þar með væru innviðir landbúnaðar sterkari og áfallapólnari og þekking á framleiðslu bæði viðhélldist og eflidist með nýrri tækni og betri aðbúnaði. Fjárfestingar í nútímavæðingu innviða landbúnaðar er því eitt dæmi um hvernig ráðstöfun aukinna fjárheimilda til öryggis- og varnamála gæti eflt fæðuöryggi og þar með áfallapól Íslands.

Með vísan til framangreinds og í tilefni af umræðu um stefnu ríkisstjórnarinnar í öryggis- og varnarmálum óska ég því eftir

upplýsingum um eftirfarandi atriði:

a. Er stefnt að því að nýta fjárheimild til varnar- og öryggismála að hluta til þess að efla innviði landbúnaðar, svo sem með stuðningi við endurbætur útihúsa, bættum aðbúnaði, betri tækjabúnaði og aukinni framleiðslugetu, með það að markmiði að styrkja hagkvæmni greinarinnar, nútímavæða innviði og auka þar með viðnámsþrótt samfélagsins?

b. Stendur til að nýta hluta hækkunar fjárframlaga til varnarmála, eða eftir atvikum aðrar fjárheimildir, til að tryggja nýliðun í matvælaframleiðslu og viðhalda framleiðslugetu landsins?

c. Kemur til greina að grípa til tímabundinna aðgerða til að styrkja fjárhagsstöðu bænda og rekstrarskilyrði matvælaframleiðslu, svo sem með sérstöku einskisframlagi eða öðrum skuldaléttandi úrræðum, í því skyni að sporna við frekari samdrætti í greininni og efla þannig fæðuöryggi og áfallapól þjóðarinnar?

d. Hafa aðföng til matvælaframleiðslu verið kortlögð og metin til að tryggja starfsemi hennar í ákveðinn tíma komi til rofs á aðfangakeðjum líkt og nauðsynlegt að gera í löggjöf á sviði eldsneytismála?

Virðingarfyllst,  
Halla Hrund Logadóttir

(afrit sent á atvinnuvegaráðherra)

## Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

### Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

# Bilskurshurdir.is

Vagnhöfða 9, 110 Reykjavík. Sími: 660-1819. Netfang: olafur@gastec.is





## Jarðvegsheilbrigði

Jarðvegur er einn af lykilþáttum þurrlandis vistkerfa þó við leiðum sjaldnast hugann að honum eða þeim hlutverkum sem hann gegnir. Fyrir flestum er jarðvegurinn sjálfgefin staðreynd og um leið líka allur sá ávinningur sem við höfum af honum. Jarðvegur er forsenda þess að gróður fái þrífist því hann miðlar bæði vatni og næringarefnum. Þar fer fram niðurbrot lífræns efnis og þar safnast kolefni fyrir og varðveitist. En jarðvegur er misvel fallinn til að sinna þessum hlutverkum sem jafnframt eru grunnþarfir okkar og nánast alls lífs. Við þurfum að temja okkur að virða jarðveginn sem lifandi efni því með virkni sinni og öllum þeim flóknu ferlum sem þar eiga sér stað er hann í raun lifandi. Jarðvegurinn erfrir eiginleika landsins þar sem hann er að finna og ber merki veðurfarsins, sögunnar og nýtingarinnar. Hann getur verið frjósamur og haft getu til að sinna sínu hlutverki vel en hann getur líka tapað hæfni sinni og þar með getu til að veita þjónustu sem við ætlum honum. Í raun bregst hann við breytingum í tíma og rúmi eins og lífvera og getur verið í misgóðu ástandi eða misheilbrigður.

Landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna skilgreinir heilbrigðan jarðveg á þann veg að hann geti viðhaldið gróður- og dýrasamfélagum og séð okkur fyrir nauðsynlegum vistkerfisþjónustum. Hann getur ekki staðið undir líku nema nýting hans sé sjálfbær.

Það er áskorun að nýta land þannig að hún sé sjálfbær til lengri tíma og heilbrigði jarðvegs sé viðhaldið. Það getur nægt að mæla líkamshita manns til að átta sig á ástandi hans en hvað skoðum við og mælum ef meta á heilbrigði jarðvegs? Þessari spurningu er mikilvægt að svara svo hægt sé að átta sig á ástandi hans og heilbrigði.

Markmið norræns samstarfsnets, TerraNordica, er einmitt að skoða með hvaða hætti má meta heilbrigði jarðvegs með aðferðum sem eru einfaldar og tryggja jafnframt að það sé samþætta á milli svæða og landa. Fulltrúar frá Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi taka þátt í þessu samstarfi og af hálfu Íslands eru þátttakendur þau Þórey Gylfadóttir hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Jóhann Þórsson hjá Landi og skógi. Síðastliðið vor komu þátttakendur saman og sátu vinnufund og í kjölfarið var gefin út stefnuyfirlýsing þar sem tekin var saman staða þessara mála og fjallað um mikilvægi jarðvegsheilbrigðis á Norðurlöndunum. En þar er einnig að finna ráðleggingar um hvernig megi stuðla að auknu jarðvegsheilbrigði. Þetta plagg er hægt að nálgast hér: <https://nordicagriresearch.org/news/nordic-approach-advances-soil-health/>.



Þórey Gylfadóttir.



Jóhann Þórsson.

Í þessari vinnu kom skýrt fram hversu mikilvægt er að horfa til staðbundinna aðstæðna varðandi stöðu, þróun og viðmið þegar kemur að mati á jarðvegsheilbrigði.

Hvernig stuðlum við að heilbrigðum jarðvegi?

Veður og náttúrhamfarir eru okkur ekki hliðholl þegar kemur að þáttum sem stuðla að jarðvegsheilbrigði og staða mála ber þess, oftast en ekki, merki. Við breytum ekki því sem orðið er en við getum lært af fortíðinni og breytt betur í framtíðinni. Öll okkar nálgun að landnýtingu þarf að miða að sjálfbærni, stuðla að því að jarðvegur haldi, eða auki, getu sinni til að standa undir landnýtingu framtíðar og geti þannig áfram stutt frjósöm og fjölbreytt vistkerfi. Tap á lífrænu efni, þjöppun, rof, mengun og útskolun næringarefna eru þeir þættir sem líklegast er að ógni heilbrigðri jarðvegs hér á landi. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir stöðunni og hvernig við getum lágmarkað hættuna á að því að jarðvegur missi mikilvæga eiginleika.

Það er brýnt að safna saman upplýsingum um ástand jarðvegs með tilliti til þessara þátta og þá sérstaklega á svæðum þar sem nýting hefur verið langvarandi þannig að hægt sé að meta núverandi stöðu. Nýting breytir alltaf umhverfinu, líka jarðvegi. Það er ekki þarf með sagt að nýtingin valdi skaða en nýtalend er aldrei eins og ósnortin náttúran var í upphafi. Með því að gefa gaum að þeim þáttum sem eru mikilvægir fyrir viðhald heilbrigðis jarðvegs tryggjum við sjálfbærni og nýtingu til langs tíma. Það er ein af okkar mikilvægustu undirstöðum fæðuöryggis. Við þurfum sérstaklega að horfa til aukinnar þekkingar á ræktunarjarðvegi hvað þessa þætti varðar og vakta þá til framtíðar. Án þekkingar er ekki hægt að vita núverandi stöðu, bregðast við ef þörf er á eða fylgjast með þróun. Samtal og samstarf allra hagsmunaaðila er stór þáttur í því að skilja við hvað er að eiga en jafnframt þarf að fjárfesta í mælingum og rannsóknum svo hægt sé að vakta áhrif landnýtingar á jarðveg og leiðbeina með réttum hætti sé þess þörf.

Þórey er ráðunautur í jarðrækt hjá RML og Jóhann er sérfræðingur hjá Landi og skógi.

# EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF EFNI OG ÁHÖLDUM TIL FLUGU HNÝTINGA



Sjáðu allt efni og áhöld til fluguhnýtinga í vefverslun Veidihornid.is.



**VEIDIHORNID**  
Síðumúla 8 • 108 Reykjavík • S: 568 8410  
veidihornid.is



TRAUST FJÓLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998



**Grundarfjarðarbær**

## Vilt þú verða verkefnastjóri tækni- og byggingarmála í Grundarfirði?

Grundarfjarðarbær leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi til að annast fjölbreytt verkefni á sviði tækni- og byggingarmála. Í gangi eru mörg spennandi verkefni. Um er að ræða fjölbreytt starf sem býður upp á einstakt tækifæri í lifandi bæjarfélagi í mikilli þróun.

Leitað er að einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á tæknimálum og færni til að leiða faglega vinnu við framkvæmdir og viðhald mannvirkja bæjarins. Þá er kostur að viðkomandi geti einnig sinnt lögbundnu hlutverki byggingarfulltrúa eða sé reiðubúinn að afla sér þeirra réttinda innan umsamins tíma.

Á tæknisviði starfa einnig skipulagsfulltrúi, verkefnisstjóri skipulags- og umhverfismála og aðstoðarmaður sviðsins. Verkefnastjóri tækni- og byggingarmála er jafnframt yfirmaður þjónustumiðstöðvar bæjarins. Starfsaðstaða er í Ráðhúsi Grundarfjarðar.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Yfirumsjón og eftirlit með verklegum framkvæmdum bæjarins, bæði nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum, s.s. við endurbætur fasteigna, gatna- og stígagerð og fráveitumál.
- Gerð verk- og kostnaðaráætlana, umsjón með verðkönnunum og útbodsmálum, samningum við verktaka og hönnuði.
- Samskipti og upplýsingagjöf um framkvæmdir og verkefni á verk-sviði starfsmanns.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, s.s. á sviði byggingarmála eða tæknifræði.
- Farsæl reynsla af sambærilegum verkefnum.
- Metnaður til að vinna vel og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Frumkvæði, fagmennska, skipulagshæfni og lausnamiðuð hugsun.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Þekking á góðum stjórnsýsluháttum, lögum og reglum er varða starfssviðið er kostur.
- Framúrskarandi tölvukunnátta sem nýtist í starfi, s.s. land-upplýsingakerfi, teikniforrit, o.fl.
- Góð færni í íslensku, í töluðu og rituðu máli, og góð enskukunnátta.

Umsækjendur skulu senda inn ferilskrá ásamt kynningarbréfi, hvoru tveggja á íslensku. Þar skal gera grein fyrir þeirri þekkingu, reynslu og hæfni umsækjanda sem nýtist til að sinna starfinu í samræmi við hæfniskröfur sem tilgreindar eru í auglýsingunni. Umsóknir á erlendum tungumálum, án kynningarbréfa eða án ferilskráa verða ekki teknar til greina.

Við ákvörðun um boðun í starfsviðtal verður sérstaklega horft til gæða umsóknargagna.

Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Leiguhúsnæði er í boði í sveitarfélaginu. Aðstoðað verður með úttegun húsnæðis, ef til kemur.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsjón með ráðningu hafa Garðar Óli Ágústsson ([gardar@vinnvinn.is](mailto:gardar@vinnvinn.is)) og Auður Bjarnadóttir ([audur@vinnvinn.is](mailto:audur@vinnvinn.is))



**Sótt er um starfið á vef Vinnvinn.is.**  
Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2026.  
Skannaðu kóðann til að skoða nánar.





# Landsbyggðarþing Evrópu í Skotlandi



Hildur Þórðardóttir.

Dagana 20.–23. október var haldið Landsbyggðarþingi Evrópu í 6. sinn í Inverurie í Skotlandi. Nær 400 manns sóttu þingið frá 40 löndum og fór stór hópur frá Íslandi á vegum samtakanna Landsbyggðin lifi. Einnig sóttu þingið fulltrúar frá Armeníu og Georgíu.

Þingið, sem haldið er annað hvert ár, bauð upp á mikilvægan vettvang fyrir forsvarsmenn stofnana, félagasamtök, frumkvöðla, fræðimenn og stjórnálmenn víðs vegar að úr Evrópu til að skiptast á reynslu og ræða stefnumál.

Á þinginu voru áhugaverðar málstofur um málefni, eins og til dæmis frumkvöðlastarfsemi og þrautseigju, viðbrögð heimamanna í hamförum, fjármögnun landsbyggðarframtaks, samvinnu milli bænda og þriðja geirans (frjálsra félagasamtaka), samgöngumál á landsbyggðinni og hvernig má mögulega sporna við fólksfækkun á eyjum.

Þá var hægt að velja um 11 vettvangsferðir til að skoða alls kyns samfélagsframtak. Undirrituð heimsótti Cabrach samvinnuverkefnið, sem miðar að því að endurvefja svæði sem var að leggjast í eyði. Cabrach er lítið strjálbýlt landsvæði, uppi á heiðum í Morey-sýslu, mitt á milli Inverness og Aberdeen, og var orðið ansi fámenn, barnaskólinn hættur og bara einn bóndi eftir. Fjórsterkur aðili með tengsl við svæðið ákvað að kaupa stórt land sem var til sölu og stofna sjálfseignarstofnun með það markmið að endurbyggja húsinn og koma á legg úrvals viskiframleiðslu og áfangastað í kringum um það til að búa til störf á svæðinu.

Viskifrugghúsið er tilbúið og menningarmíðstöð er næst. Til að efna samstöðu er íbúum boðið upp á alls kyns námskeið í handverki, eins og til dæmis hönnun, körfugerð og prentun og afraksturinn seldur í verslun á staðnum til að afla



Íslenski hópurinn á þinginu.

tekna fyrir framtakið. Á einu slíku námskeiði var hannað köflótt ullarefni með litum sveitarinnar og treflar og sjöl úr efninu eru seld í versluninni.

Annar félagi í Landsbyggðin lifi heimsótti samfélagsverkefnið í Udny þar sem heimamenn ákváðu sjálfir að bæta aðstæður. Þeir keyptu m.a. vindmyllu sem nú er tengd raforkunetinu og skapar tekjur fyrir sveitarfélagið sem notuð eru í ýmis samvinnuverkefni. Meðal annars var keypt stórt samkomuhús þar sem er skiptibúð og kaffihús og einu sinni í mánuði hittast íbúar til að hjálpast að við að gera við biluð tæki. Þetta eflir samstöðu íbúa og sýnir að oft er betra að heimamenn kaupi frekar sjálfir eina vindmyllu heldur en að breyta Íslandi í vindmyllugarð þar sem tekjum renna allar í burtu til ótengdra fjárfesta.

Á þinginu var að sjálfsögðu rætt mikið um að fá langtímatryggt fjármagn út á landsbyggðina til að hægt væri að hrinda í framkvæmd hugmyndum og uppbyggingu. Vandamálið var að ekki var hægt að ráðast í ýmis samfélagsverkefni vegna þess að fjármagn var stopult



Efnið sem konurnar í Cabrach hönnuðu út frá litum í náttúrunni á svæðinu. Hauskúpan er af dádýrtafni sem var að stelast til að éta byggjó sem átti að fara í viskiframleiðsluna.

og óáreiðanlegt. Þrátt fyrir Brexit fjármagna landsbyggðarmenn verkefni aðallega með Evrópusambandsjóðum sem sótt var í áður en Bretland gekk úr sambandinu og bresk stjórnvöld hafa ekki enn séð sér



Heimsókn í brugghúsið í Cabrach, sem er samfélagsverkefni til að viðhalda byggjó á svæðinu og skipa ný störf.

fært að láta fjármagn renna til landsbyggðarinnar, þrátt fyrir loford þar um.

Skotland er að mörgu leyti eins og Ísland, 98% landsvæðis þeirra er „rural“ þ.e. sveit, fjöll, vötn, strjálbýlar eyjar, skógar, býli og lítil þorp, en 70% þjóðarinnar býr í Edinborg og Glasgow og á svæðunum þar í kring. Á Íslandi er hlutfall óbyggða, býla og þorpa 99% og 70% íbúa býr á höfuðborgarsvæðinu eða innan klukkutíma aksturs þar frá.

Hér á landi má nefna framtakið Brothættar byggðir sem stofnað var til að styðja við viðkvæm svæði á landsbyggðinni og upphaflega prufukeyrt á Raufarhöfn. Í framhaldi sótti fjöldinn allur af sveitarfélögum um að taka þátt og var það mjög árangursríkt. Því miður er framtakið í takmarkaðan tíma og ekki háar fjárhæðir.

Annað hugtak sem oft var nefnt á þinginu var „Rural Proofing“, þ.e. „Framkvæmd áhrifamats fyrir dreifbýlið“. Með áhrifamati er átt við skyldu til að meta áhrif lagasetninga og stjórnvaldsáðgerða á dreifbýlið skipulega áður en þau taka gildi eða koma til framkvæmda. Lög og reglugerðir geta einmitt haft mjög hamlandi áhrif á landsbyggðina og gert svæði enn brothættari. Þó svo að minnihluti íbúa búi nú á landsbyggðinni þýðir það ekki að yfirvöld megi gera líf þeirra erfiðara í krafti meirihlutans.

Í lok Evrópuþingsins í Skotlandi var samin yfirlýsing, undirrituð af félagasamtökunum fjórum sem stóðu að þinginu, svo og skoskum stjórnvöldum. Yfirlýsingin er ákall um að stjórnvöld um alla Evrópu m.a.:

- Viðurkenni að landsbyggðar-samfélög séu mikilvæg og jafnvel lykilaðilar í viðbrögðum við náttúruhamförum og öðrum áföllum;
- Skuldbindi sig með langtímasýn fyrir landsbyggðina með skýrri stefnu og fullnægjandi fjárveitingum, sem henta hverju svæði;
- Fjárfesti í uppbyggingu staðbundinnar færni sem eykur þrautseigju og styrkir dreifbýlisfólk til að knýja áfram frumkvöðlastarfsemi og sjálfbæra þróun;
- Láti af niðurfellingu þjónustu og neikvæðri þróun í brothættum byggðum;
- Stuðli að jákvæðu hugarfari gagnvart lífi í dreifbýli og styrki samfélög til að laða að og halda í íbúa, hæfileikaríkt fólk og fjárfestingar;
- Að tekið sé tillit til þarfa landsbyggðarinnar í öllum reglugerðum og stefnumótunum og að íbúar landsbyggðar séu ávallt með í stefnumótun, skipulagningu, hönnun og framkvæmd verkefna;
- Við biðjum ekki um hjálp; við biðjum um stuðning á jafningjagrunnvelli.

Samtökin Landsbyggðin lifi eru 20 ára gömul, byggð á sjálfbodastarfi fólks sem vill efla byggð um allt land. Við tökum þátt í alls kyns Evrópusamstarfi með systurfélögum okkar í Evrópu og höfum alltaf sent fulltrúa á þingið. Í þetta sinn fóru 10 manns sem er met og vorum við stærsti hópurinn á þinginu. Allir sem unna landsbyggðinni eru velkomnir í samtökin.

Höfundur er formaður Landsbyggðin lifi.

SNJÓKEÐJUR

GÆÐI Á GÓÐU VERÐI



☎ 862 4046

✉ skralli@skralli.is

SKRALLI

Lilleseth Kjetting





Félagsheimilið Vonaland á Ingjaldssandi í ágúst 2025.

Mynd / ál

## Opið bréf til atvinnuvegaráðherra

Í grunnstefnu Viðreisnar um atvinnumál segir: „Viðreisn vill styðja við fjölbreytni, nýsköpun og kynslóðaskipti í landbúnaði.“



Pétur Kristinnsson.

Á þeim 14 mánuðum sem Viðreisn hefur verið í ríkisstjórn hef ég ekki orðið var við aðgerðir til að styðja við nýsköpun og kynslóðaskipti í landbúnaði.

Bújarðir eru nú, og hafa lengi verið, verðsettar langt umfram greiðslugetu þess sem hefðbundinn landbúnaður til matvælaframleiðslu býður upp á. Verðmiðinn miðast ekki við rekstur fjölskyldubúa, heldur ferðaþjónustu.

Innlendir sem erlendir auðmenn kaupa jarðir í síauknum mæli til að byggja hótél, baðlón og annars konar ferðaþjónustu, mannaða með ódýru innfluttu vinnuafli. Ferðaþjónusta er mikilvæg atvinnugrein, en hún má ekki ganga þannig fram að hún ryðji bændum burtu og geri búskap að forréttindum fjársterkra aðila en ekki að lifibrauði þeirra sem vilja framleiða matvæli. Því jú öll þurfum við að borða og flest viljum við velja íslenska framleiðslu.

Staðreyndirnar tala sínu máli. Samkvæmt rekstraryfirliti RML fyrir árið 2024 var tap á hvern framleiddan mjólkurlíttra 12 krónur og tap á hvert kíló af nautakjöti 19 krónur. Við slíkar aðstæður gefur augaleið að ekki er hægt að byggja upp sjálfbæran búrekstur, hvað þá að bjóða ungu fólki raunhæfan möguleika á að hefja búskap.

Afleiðingarnar blasa við. Margar jarðir enda í eigu auðmanna, standa

auðar stóran hluta ársins eða eru leigðar út. Leiguliðarnir bera áhættuna, standa undir taprekstri og neyðast til að vinna utan bús til að lifa af. Er þetta sú framtíð sem atvinnuvegaráðherra telur samræmast yfirlýstri stefnu Viðreisnar um nýliðun? Er verið að byggja upp öflug og sjálfstæða bændastétt eða er verið að endurvekja samfélag húsbænda og vinnuhjúa?

Ríkissjóður Íslands á um 450 jarðir. Árið 2019 voru aðeins 111 þeirra í ábúð og 114 eyðijarðir í einhvers konar nýtingu. Að mínu mati er ríkið stærsti búskussi landsins. Á sama tíma og stjórnvöld tala linnulaust um fæðuöryggi og nýliðun í grein þar sem meðalaldur bænda nágast eftirlaunaaldur, liggja ríkisjarðir í eyði eða grotna niður.

Ríkisjarðir hafa verið seint og illa auglýstar árum saman, með fyrirsjáanlegum afleiðingum: bústofni er slátrað, jarðir fara í eyði, húsakostur grotnar niður, tún fara í órækt og blómlegt mannlíf sveitanna lognast út af. Þetta er ekki náttúruleg þróun, þetta er afleiðing stefnu og aðgerðarleysis.

Ungt fólk vill stunda landbúnað. Vandinn er ekki skortur á vilja ungs fólks, stærsti vandinn er kerfi sem útilokar nýliðun og stjórnvöld sem horfa aðgerðalaus á.

Ef stjórnvöldum er alvara með fæðuöryggi, nýliðun og fjölbreytta byggð á landsbyggðinni, er kominn tími til að sanna það í verki.

Skrifað á Austfjarðamiðum í janúar 2026.

Höfundur er 24 ára vélfræðingur og starfar til sjós.

## BÆNDUR ERU FREMSTIR Í ENDURVINNSLU

Fyrsta skref við endurvinnslu á heyrúlluplasti er að huga að gæðum þess til endurvinnslu við kaup. Þar skiptir litaval máli.

Eftir notkun þarf að ganga vel um heyrúlluplastið og sundur-greina það frá öðrum úrgangi. Minnka umfang þess og gæta að geymslu fyrir hirðu.

Þessi fyrstu skref við meðhöndlun skipta miklu máli við endurvinnslu á heyrúlluplasti.

Hringrásarhagkerfið byrjar á þínu býli.



## Landbúnaðarverðlaun atvinnuvegaráðuneytisins

Úthlutunarnefnd á vegum atvinnuvegaráðuneytisins óskar eftir tilnefningum um bændabýli, önnur landbúnaðarfyrirtæki eða félög sem talin eru hafa verið á einhvern hátt til fyrir-myndar í íslenskum landbúnaði á næstliðnu ári.

Stutt greinargerð skal fylgja með tilnefningum. Þar skulu koma fram helstu upplýsingar um starfsemi tilnefndra ásamt rökstuðningi fyrir tilnefningunni. Verðlaunahafar geta verið allt að þrjú og mun úthlutunarnefndin velja verðlaunahafa.

Við valið er litið til þátta eins og frumkvöðlastarfs, nýjunga í starfsháttum eða annars árangurs sem getur verið öðrum fyrirmynd í landbúnaði svo sem á sviði umhverfisstjórnunar, loftslagsmála, ræktunarstarfs eða annarra þátta í starf-seminni. Verðlaunin hafa verið veitt síðan 1997.

Tillögur skulu berast eigi síðar en **3. mars 2026**, merktar „Landbúnaðarverðlaun“ á netfangið [atrn@atrn.is](mailto:atrn@atrn.is)

Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra mun veita landbúnaðarverðlaunin á Búnaðarþingi 2026.

Stjórnarráð Íslands  
Atvinnuvegaráðuneytið



**Þú** skráir sjálf/sjálfur inn smáauglýsinguna þína á [www/bbl.is/smaauglysingar](http://www/bbl.is/smaauglysingar)





Myndin sýnir ásýnd á vindorkuverið í Garpsdal frá Gilsfirði sem er í um 10 km loftlínu frá iðnaðarsvæðinu.

# Kapphlaupið um Ísland – vindorka

Í fréttum RÚV 28. janúar síðastliðinn voru kynnt áform um uppbyggingu á vindorkuveri í Garpsdal. Um er að ræða 21 vindrafsröð sem hver um sig er í um 160 metra há, í um 450 metra hæð yfir sjávarmáli. Afar áhugavert var að heyra í viðtali við Ríkharð Örn Ragnarsson hjá vindmyllufyrirtækinu EM Orku, sem stendur að þessum hugmyndum og er að sjálfsögðu í erlendri eigu, að ekki er búið að útvega þá jöfnunarorku sem þarf að vera til staðar til að taka við framleiðslu um 60% orku þegar vindurinn gerir það ekki og ekki er heldur búið að finna kaupendur af þeirri vindorku sem vindorkuverinu er ætlað að framleiða. Það er sem sagt



Anna Sofía Kristjánsdóttir.

fyrirhugað að byggja iðnaðarsvæði undir vindorku í ósnortinni íslenskri náttúru án þess að þörf hafi kallað á það. Ríkharður hélt því fram að fyrirtæki í viðskiptum við vindorkuverið gætu í framtíðinni sjálf útvegað sér jöfnunarorkuna. Ég sé ekki fyrir mér að það geti verið hagkvæmt fyrir nokkurt fyrirtæki að borga aukalega fyrir óörugga orkugjafa þegar fyrirtækið er þegar tengt öðrum, öruggari orkugjafa.


Það á sem sagt að sprengja fjöll, ryðja fyrir vegum og skurðum upp á heiði til að koma fyrir vindorkuveri sem enginn hefur beðið um nema erlendu framkvæmdaraðilarnir sjálfir.

Það var fyrir aðeins tæpu ári að félagar í samtökunum „Sól til framtíðar“ héldu íbúafund á Hvanneyri, þann 20. ágúst 2025, þar sem Jóhann Páll umhverfis- og orkumálaráðherra mætti ásamt


sveitarstjórnarmönnum og íbúum. Það var alveg kýrskýrt á þessum fundi að íbúar í Borgarfirði óska ekki eftir vindorkuveri í sveitinni.

Jóhann Páll tilkynnti skýrt og skörinort undir lok fundar að ekki yrði samþykkt að fara í byggingu vindorkuvera á Íslandi fyrr en lagafrumvarp og stefnumörkun um vindorkuver hefði verið samþykkt á Alþingi. Í salnum voru yfir 200 manns og létti þeim stórlega við þessi orð ráðherrans. En hvað svo? Var ráðherra að gefa loford sem hann ætla ekki að standa við? Hvar er samþykkt stefnumótunarfrumvarp þingsins í þessum málum?

A öðrum íbúafundi fyrir vestan í boði framkvæmdaaðilans í Garpsdal heyrði ég og sá að íbúar voru skelfingu lostnir yfir þessu máli; mikill kvíði og óryggi ríkti meðal þeirra. Gestgjafar fundarins gáfu því lítinn gaum en minntu þess í stað fundargesti



Myndin sýnir dæmi um áhrifsvæði, í þessu tilviki sýnileika vindorkuvers.



Áform um vindorkuver á Íslandi merkt með gulum tigli.

föðurlega á að við Íslendingar yrðum að standa við skuldbindingar okkar í loftslagsmálum!

Er í lagi að brjóta niður náttúruna fyrir orkuíðnað sem enginn hefur beðið um? Höfum það á hreinu að náttúran á alltaf að njóta vafans. Þörfin þarf að vera raunveruleg, þjóna hagsmunum landsmanna og gefa arð.

Fyrirtæki sem þessi segjast vera í fararbroddi „grænu umbreytingarinnar“ en byggja í raun allt viðskiptalíkan sitt á einu, sem hefur ekkert með samfélagslega jákvæðan og sjálfbærann rekstur að gera: Styrkjum frá skattgreiðendum og ESB. Þetta er sníkju-kapitalismi, þar sem frumkvöðlar kynna hugmyndir sínar ekki fyrir viðskiptavinum, eins og edlilegt væri, heldur fyrir stjórnmalámonnum, embættismönnum og sveitarstjórnarfólki. Með þessum hætti verður til veruleiki sem getur aðeins skapast vegna þess að stjórnmalámennt láta blekkjast og senda reikninginn á skattgreiðendur – í gegnum ríkissjóð. Bók Peter Skeel Hjorth, „A Hidden Power“, skráir hvernig vindmylluiðnaðurinn hafði virk áhrif á störf yfirvalda. Í bókinni kemur fram hvernig lög og reglur eru hannaðar til að henta sem best vindorkuiðnaðinum, hagsmunir íbúa lenda í öðru sæti.

Vindorkuver þurfa gríðarlega mikið landsvæði. Ef öll núverandi og þekkt áform um vindorku verða samþykkt verður náttúru Íslands að stórum hluta breytt í iðnaðarsvæði. Nú þegar eru áform um hátt í 50 vindorkuver og líklega bætur í á næstu árum. Ef gert er ráð fyrir að hvert vindorkuver sé með 25 túrbínum, þarf um 15 km<sup>2</sup> lands auk áhrifsvæðis sem margfaldar stærðina.

Plastmengun og eiturefnamengun breiðist um allt land frá búnaðinum. Það er raunhæft að mengun berist lengra en sem nemur 3 km radíusnum. Dýr geta virkað sem „vistfræðilegir flutningsaðilar“ og vindar flytja mengun langar leiðir. Raunveruleg áhrifsvæði vindorku geta því augljóslega verið stærri en jarðvegsmælingar einar gefa til kynna.



Lítill sveitarfélög hafa ekki bolmagn, hvorki faglegt né fjárhagslegt, til að sporna við ágangi vindorkufyrirtækja sem geta auðveldlega keypt sig inn í sveitarstjórnir. Sömu aðferðum var beitt til að fá sveitarstjórnarmenn á sitt band þegar erlend sjókvíaldisfyrirtæki fengu að koma fyrir sjókvíum í fjörðum allt í kringum landið. Þessar aðferðir virka og eru óspart notaðar. Lofa peningum í nærsamfélagið og kaupa sig inn. Öllum er talin trú um að náttúran sé afturkræf. Þessa eru ótal dæmi, m.a. í Noregi, í sjókvíaldi fyrst og vindmyllusvæðum síðar.

Af hverju læra ekki stjórnvöld á Íslandi af reynslu nágrennaríkja? Mótstaðan í Noregi, Svíþjóð, á Írlandi og víðar er mikil. Afleiðingarnar af vindorkunni eru þegar komnar í ljós annars staðar. Hærra, óstöðugt orkuverð er eitt. Annað er töpuð náttúra, beitiland og dýralíf, tapað útsvæði, hávaði, ljósaflökt og mengun frá búnaði og spöðum auk veikindatíðni fólks í nágrenni vindorkuveranna. Ferðaþjónusta flytur annað, eignaverð lækkar og sveitarfélög tapa mikilvægri tekjulind.

Höfundur er meðlimur í Landvernd og Facebook-hópnum Mótvind Ísland og Motvind Norge.




## Klippur og beygjuvélar



Stroffur  
Naglar  
Viralásar  
Járnabakkar  
Plastlistar og stjörnur  
Kambar

Klippum og beygjum rúllustál í sjálfvirkri beygjuvél

Vir og lykkjur ehf • viroglykkjur@internet.is • 772-3200




Garpsdalur.



# Bústjórn framtíðarinnar hefst hjá okkur sjálfum

Íslenskur landbúnaður stendur á tímamótum. Umræða um loftslagsmál, sjálfbærni og rekstrarhæfni hefur sjaldan verið jafnábærandi og nú. Oft er sú umræða sett fram eins og hún sé knúin áfram af utanaðkomandi kröfum – frá stjórnvöldum, neytendum eða alþjóðlegum skuldbindingum. Staðreyndin er þó sú að stærstu tækifærin liggja innan búanna sjálfra, í bættri bústjórn, markvissu kynbótastarfi og nákvæmri fýðrun.



Sigurbjörg Ottesen.

Góð bústjórn er ekki aukaverkefni

Bústjórn snýst ekki um það að „láta hlutina ganga“ heldur að stýra rekstri af skýrri sýn og ábyrgð. Með vel skilgreind markmið, reglulega greiningu á rekstri og vilja til að laga sig að breyttum aðstæðum skapast sterkur grunnur fyrir afkomu búans.

Hvort sem um er að ræða mjólkurframleiðslu, sauðfjárrækt eða hvaða aðra búgrein sem að nefnd er þá eiga búgreinarnar það sameiginlegt að hagkvæmni næst ekki af tilviljun. Með betri yfirsýn yfir kostnaðarliði búans, afurðir og afkomu getum við tekið upplýstari ákvarðanir. Þjónusta eins og Rekstrarverkefni Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins gegnir þar lykilhlutverki. Smáar umbætur í skipulagi, tæknivæðingu og nýtingu aðfanga geta haft meiri áhrif en margir gera sér grein fyrir.

Kynbótastarf er fjárfesting til framtíðar

Kynbótastarf er eitt öflugasta verkfæri bænda til að bæta rekstur bóa til lengri tíma. Með markvissu vali á gripum sem skila góðum afurðum, nýta fýður vel, eru endingargóðir og með auknu heilbrigði hjarðarinnar erum við að byggja upp bú sem er bæði arðbærara og sjálfbærara. Oft föllum við í þá freistni að horfa aðeins á skammtímaárangur en raunverulegur ávinningur kynbóta kemur fram yfir margra ára tímabil. Heilbrigðir, endingargóðir og afkastamiklir gripir draga úr kostnaði, minnka afföll og bæta dýravelferð. Um leið lækka kolefnisspor hverrar framleiddrar einingar, sem er sífellt mikilvægari þáttur í umræðunni um loftslagsmál.

Fýður tengir saman afkomu og loftslag

Fýður er einn stærsti kostnaðarliður bú og jafnframt einn áhrifamesti þátturinn í umhverfisáhrifum landbúnaðar. Með því að hámarka nýtingu heimaþingens fýðurs, bæta gæði heyja og stilla fýðurgjafir betur að þörfum gripanna er hægt að ná betri árangri á mörgum sviðum í einu. Rétt fýður skilar sér í betri afurðum, heilbrigðari skepnun og minni sóun. Hún getur einnig dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. með betri meltanleika fýðurs og jafnari framleiðslu afurða. Þetta eru ekki fjarlæg fræðileg markmið, heldur aðgerðir sem margir bændur sjá nú þegar ávinning af.

Loftslagsmál – áskorun eða tækifæri?

Loftslagsmál eru oft sett fram sem aukin byrði á herðum bænda en ef við horfum á heildarmyndina má líka sjá þau sem tækifæri til að styrkja íslenskan landbúnað. Með því að sýna fram á ábyrg vinnubrýgd, góða nýtingu auðlinda og stöðugar umbætur í rekstri getum við aukið traust samfélagsins og stöðu greinarinnar. Það er mikilvægt að við tökum virkan þátt í þessari umræðu sjálf, byggð á reynslu og staðreyndum. Enginn þekkir búrekstur betur en bændur sjálfir. Með samvinnu, miðlun þekkingar og opnum huga gagnvart nýjungum getum við mótað framtíðina í stað þess að láta aðra skilgreina hana fyrir okkur.

Ábyrgðin – og tækifærið – er okkar

Framtíð landbúnaðar ræðst ekki af einni aðgerð eða einu verkefni, heldur af heildstæðri nálgun. Bústjórn, kynbætur, fýður og loftslagsmál eru allt samofnir þættir. Þegar við vinnum markvissst með alla þessa þætti skapast grundvöllur fyrir öflugan, arðbæran og sjálfbæran landbúnað á Íslandi. Að lokum snýst þetta allt um að gera betur í dag en í gær – ekki vegna þrýstings utan frá, heldur vegna þess að það er skynsamlegt fyrir búin okkar, landbúnaðinn í heild og samfélagið allt.

Framtíðina byggjum við saman.

Höfundur er nautgripa- og sauðfjárbóndi og situr í stjórn Bændasamtaka Íslands.

## MÁLÞING UM STÖÐU OG FRAMTÍÐ SMÁFRAMLEIÐENDA

Laugardaginn 7. mars

Klukkan 10:00 - 15:00

Miðgarði Varmahlíð



Takið daginn frá Nánari dagskrá auglýst síðar



Farskólinn

miðstöð smáframleiðenda & Norðurland vestra



## Löggilding, skoðun og ísetningar á ökuritum og hraðatakmörkurum



Við erum með nýjustu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analong ökuritum



Mælir á allar gerðir vagna



Endilega hafið samband og sjáið hvort við getum ekki leyst ykkar mál. Agúst Magni, sími 896 1083, agustm@vikverkstaedi.is, vikverkstaedi.is

Vík verkstaði

Einhella 6,221 Hafnarfirði

GÁMATJÖLD

GÁMATJÖLD  
EINFÖLD LEIÐ TIL AÐ AUKA PLÁSS



- Sterkt tjald sem festist á gáma
- Norsk uppskrift, þykkur dúkur og öflug grind
- CE og brunavottun
- Yfir 15 ára reynsla á Íslandi
- Festist á 20" eða 40 feta gáma
- Breidd á milli gáma 8, 10 eða 12 metrar
- Engin fasteignagjöld
- Tjöld vítt og breitt um landið
- Hægt að einangra
- Hægt að setja í glugga

Upplýsingar: gamatjold@gmail.com – 660 6707



Gámatjöld



Kaffi á ferðinni  
Fjölnota kaffibolli  
4.990 kr. með áfyllingu

olis



# Kyrrstaða rofin í samgöngumálum

## Samgönguáætlun 2026–2040

### – seinni hluti

Ég kynnti samgönguáætlun í byrjun desember sl. og í seinni hluta janúar mælti ég á Alþingi fyrir tillögu til þingsályktunar um hana. Að lokinni fyrstu umræðu hófst hin þinglega meðferð í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Þetta er langþráður áfangi enda hefur samgönguáætlun ekki verið samþykkt á Alþingi síðan árið 2020.



Eyjólfur Ármannsson.

Samgönguáætlun felur í sér samgöngustefnu til 15 ára (2026–2040) og tillögu að aðgerðaáætlun fyrir fyrstu fimm ár áætlunarinnar, og tekur hún mið af fjármálaáætlun 2026–2030.


Í fyrri grein minni, sem birtist 29. janúar 2026, gerði ég grein fyrir viðtæku samráði og fullfjármögnun áætlunarinnar. Þar ræddi ég stofnun innviðafélags, uppsafnaða innviðaskuld og stórsókn í viðhaldi vega. Einnig fjallaði ég um öryggi sem leiðarljós samgönguáætlunar, þar með talið fækkun einbreiðra brúa og malarvega. Að lokum fór ég yfir stöðu Sundabrautar, flugs, hafna og strandsiglinga.

Í þessari grein kynni ég nýja jarðgangaáætlun og leiðir til að rjúfa kyrrstöðuna í þeim málaflokki. Að auki fer ég yfir helstu nýframkvæmdir í hverjum landshluta fyrir sig.

#### Jarðgangaáætlun – ný forgangsröðun

Algjör kyrrstaða hefur ríkt í jarðgangagerð undanfarin fimm ár og engar nýjar framkvæmdir hafist síðan Dýrafjarðargöng voru opnuð árið 2020. Samhliða því að rjúfa kyrrstöðu í jarðgangagerð munum við stórauka framlög til undirbúnings og rannsókna.

Á kjörtímabilinu verður unnið að fjórum jarðgangakostum samhliða. Markmiðið er einfalt: Að eiga ávallt



Fljótagöng eru efst í forgangi, en stefnt er að því að hefja framkvæmdir ekki síðar en í byrjun ársins 2027. Syðri gangamunni Hvalfjarðarganganna sést á meðfylgjandi mynd.

Mynd / al

tilbúin verkefni sem hægt er að bjóða út þegar fjármagn leyfir. Fjórir kostir eru settir í forgang, sem samtals fela í sér sex jarðgöng en ellefu aðrir verða skoðaðir nánar.

Við mat á forgangsröðun er horft til ýmissa þátta, svo sem styttingu ferðatíma, öryggis og mikilvægis fyrir byggðir. Umræðan hefur verið lýðræðisleg og ákall eftir jarðgöngum er hávært úr mörgum áttum. Eg hef meðal annars tekið við undirskriftalistum vegna Fjarðarheiðarganga og Fjarðarganga.

Forgangsröðun í jarðgangagerð krefst þess að horft sé til heildarhagsmuna þjóðarinnar. Þá er nauðsynlegt að horfa til sérstakra aðstæðna á Norðurlandi

og Vestfjörðum, á svæðum sem búa við sérstaklega hættulega náttúruvá. Við mat á kostum er einnig tekin sú erfiða en nauðsynlega ákvörðun að horfa til þess hvað er fjárhagslega forsvaranlegt og hvað skilar mestum samfélagslegum ábata.

Fljótagöng eru efst í forgangi, en stefnt er að hefja framkvæmdir ekki síðar en í byrjun ársins 2027. Þetta verkefni er í forgangi vegna sérstaklega hættulegrar náttúruvá; jarðsigs og ofanflóða. Auk þess leysa göngin af hólmi Strákagöng sem uppfylla ekki lengur nútímakröfur.

Saman í öðru og þriðja sæti eru verkefni sem fara strax í undirbúning: Annars vegar Fjarðargöng og hins vegar Súðavíkurgöng. Fjarðargöng

(einnig nefnd Mjóafjarðargöng) eru tvönn göng milli Seyðisfjarðar, Mjóafjarðar og Norðfjarðar. Þau eru valin fram yfir Fjarðarheiðargöng á faglegum forsendum.

Greiningar (hér átt við nokkrar skýrslur, m.a. frá 2019, tvær 2023, og skýrslu lok nóvember sl.) sýna að Fjarðargöng skila umtalsvert meiri samfélagslegum ábata og jákvæðri arðsemi. Þau skapa hringtengingu um Austfirði og tryggja tengingu milli byggðakjarna 350 daga á ári. Göngin rjúfa vetrareinangrun Seyðisfjarðar og stórbætir öryggi íbúa, ekki síst með því að stytta ferðatíma að héraðssjúkrahúsínu í Neskaupstað, Verkmenntaskóla Austurlands og stærsta vinnustað fjórðungsins, sem er álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði. Opnun Mjóafjarðar skapar einnig skilyrði fyrir aukna verðmætasköpun og nýja atvinnustarfsemi, þar sem horft er til möguleika í fiskeldi.

Súðavíkurgöng tengja Súðavík og Ísafjörð. Þau leysa af hólmi vegkafla þar sem hættu á grjóthruni og snjóflóðum er mikil og ógnar öryggi vegfarenda. Með Fljótagöngum og Súðavíkurgöngum er haldið áfram að láta jarðgöng taka við af hættulegustu hlíðarvegum landsins, með sama hætti og þegar Ólafsfjarðargöng (1990) tóku við af veginum um Ólafsfjarðarmúla og Bolungarvíkurgöng (2010) leystu Óshlíðina af hólmi.

Í fjórða sæti eru göng um Mikladal og Hálfðán. Þau tengja saman þrjá byggðakjarna; Patreksfjörð, Tálknafjörð og Bíldudal. Byggðakjarnarnir eru nátengdir hvað varðar þjónustu og vinnusókn og mikill hluti umferðar sem þar fer um er „innanbæjar“ umferð. Vegurinn er oft snjóþungur og farartálmi að vetri. Jarðgöng hafa mjög jákvæð áhrif á öryggi og myndu hafa jákvæð áhrif á byggðapróun á svæðinu.

Til nánari skoðunar koma ellefu aðrir mikilvægir jarðgangakostir sem eru til frekari skoðunar. Þar á meðal Fjarðarheiðargöng, Hvalfjarðargöng II og göng á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Við höfum ekki fest röðina á þessum verkefnum. Við höfum því sveigjanleika til að velja hvaða kostur verður næstur í röðinni þegar þar að kemur. Við munum halda áfram rannsóknum og undirbúningi á þessum kostum. Þannig tryggjum við að þegar svigrúm skapast, eða þegar Innviðafélagið hefur bolmagn til, liggi fyrir fullrannsakaðir valkostir sem hægt verður að setja í útboð.

#### Nýframkvæmdir – áhrif á daglegt líf

Nýframkvæmdir í samgönguáætlun byggja meðal annars á grunni samráðsferlis. Rétt er að taka fram að upptalningar hér er ekki tæmandi. Nánari umfjöllun, sem áhugasamir ættu að kynna sér, er að finna á heimasíðu Stjórnarráðsins í greininni Samgönguáætlun 2026–2040 (þingsályktunartillaga), þar sem finna má samgönguáætlun, upptöku af kynningarfundum og önnur helstu atriði varðandi áætlunina, svo sem um innviðafélag, jarðgöng, markmið og viðfangsefni, samráð og fleiri gögn. Þar má sjá yfirlitsskort (glæra 28) helstu nýframkvæmda á heildartímabili áætlunarinnar 2026–2040

#### Vesturland

Ástand vega á Vesturlandi hefur verið sérstakt áhyggjuefni. Viðbótarframlag ríkisstjórnarinnar til viðhalds vega síðastliðið sumar nýttist þar því mjög vel. Margir vegakaflar voru lagaðir íbúum til hagsbóta, eða 45 km.

Framkvæmdir á Snæfellsnesveg um Skógarströnd er forgangsmál. Þar ferðast íbúar og skólabörn daglega á hættulegum malarvegi. Við ætlum að klára þennan veg, tryggja öryggi íbúanna og opna um leið flöskuháls í þróun á ferðaþjónustu.

Frá Kjálarnesi upp í Borgarnes sjáum við fram á mikla fólksfjölgun og aukna umferð með tilkomu Sundabrautar. Við bregðumst við þessum vexti með því að aðskilja akstursstefnur og tryggjum bæði aukið öryggi og greiðari umferð

Við beitum sömu nálgun við Borgarnes. Þar hefur umferðarþunginn aukist verulega. Vegurinn verður breikkaður og akstursstefnur aðskildar. Loks bætum við tengingu milli Suðurlands og Vesturlands með því að laga Uxahryggjaveg.

#### Vestfirðir

Við sjáum fram á mikilvægar úrbætur í samgöngum á Vestfjörðum. Við ljúkum við Vestfjarðaveg um Gufudalssveit og Dynjandisheiði á næstu tveimur árum. Milli Reykjavíkur og Ísafjarðar stýttist leiðin um 22 kílómetra í viðbót, og hefur þá stýst um alls 52 kílómetra á fáum árum.

# BÚNAÐARÞING 2026

🕒 23. - 25. mars

📍 BERJAYA HÓTEL NATURA REYKJAVÍK

**SKRÁNING Á DEILDARFUNDI BÚGREINA STENDUR TIL HÁDEGIS 16.FEBRÚAR**

bondi.is

**BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS**



Við höldum áfram uppbyggingu á Bíldudalsvegi með framkvæmdum á veginum ofan í Trostansfjörð á árunum 2027–2030 í framhaldi af gerð nýs vegar yfir Dynjandisheiði. Þetta er mikilvægt fyrir íbúa og lífæð fyrir atvinnulífið á svæðinu og styttr flutningsleiðir með eldisfisk verulega.

Á Ströndum setjum við bundið slitlag á Innstrandaveg og endurgerum Strandaveg um Veidileysuháls. Öryggið er líka í fyrirrúmi við Flateyrarveg, þar sem við færum veginn til að verjast snjóflóðahættu.

#### Norðurland

Á Norðurlandi afléttum við takmörkunum á vöruflutningum og tryggjum öryggi á fjölförnum leiðum.

Við ráðumst í nauðsynlega endurnýjun á brúm sem hafa verið flöskuhálsar í flutningskerfinu. Brúin yfir Jökulsá á Fjöllum og brúin yfir Skjálfandafljót á Norðausturvegi eru barn síns tíma og bera ekki nútímaflutninga. Við ætlum að endurgera veginn í Aðaldal um Skjálfandafljót á árunum 2026–2029 og aflagðar verða tvær einbreiðar brýr yfir Skjálfandafljót og Rangá hjá Ófeigsstöðum. Með nýrri brú yfir Skjálfandafljót bætum við umferðarflæði á Hringvegi við Fosshól – en núverandi einbreið brú veldur umferðarhnútum við Goðafoss þar sem ferðamannastraumur er mikill.

Á Vatnsnesvegi og Bárðardalsvegi vestri mætum við ákalli heimamanna og ferðafjónustu. Við leggjum bundið slitlag á þessa vegi til að tryggja öryggi, ekki síst vegna skólaaksturs og vaxandi umferðar ferðamanna.

#### Austurland

Á Austurlandi horfum við til framtíðar með stórum samgöngubótum sem styrkja bæði innviði landsfjórðungsins og tengingar Íslands við umheiminn.

Við eflum Egilsstaðaflugvöll verulega með nýrri akbraut og endurbótum á aðflugsljósum.

Í vegakerfinu verður uppbygging heilsársvegur um Öxi ein stærsta framkvæmdin. Þetta er bylting í samgöngum sem styttr Hringveginn milli Egilsstaða og Djúpvogs um rúma 60 kílómetra.

Við ráðumst einnig gegn flöskuhálsum í flutningakerfinu. Ný brú yfir Sléttuá í Reyðarfirði er aðkallandi, enda hefur núverandi brú hamlað þungaflutningum verulega.

Við endurnýjum brúna yfir Lagarfljót og höldum áfram vegabótum og fækkum einbreiðra brúa á Hringvegnum um Suðurfirði og Lón. Við mætum stórauðum umferð ferðamanna við Studlagil með bundnu slitlagi á Jökuldalsveg. Loks greiðum við götu nýrrar miðbæjaruppbyggingar á Egilsstöðum með nýju og glæsilegu hringtorgi.

#### Suðurland og Suðurnes

Á Suðurlandi og Suðurnesjum erum við að bregðast við miklum umferðarþunga og fólksfjölgun með öryggi að leiðarljósi. Á Suðurlandi er bygging nýrrar brúar yfir Ölfusá eitt stærsta framfarasporið.

Á Reykjanesbraut klárum við síðasta kaflann í fullum aðskilnaði akstursstefna milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar. Við höldum áfram að auka öryggi á Suðurlandsvegi með aðskilnaði akstursstefna.

Við færum Hringveginn milli Varmár og Kamba, sem eykur ekki aðeins öryggi heldur skapar svigrúm fyrir Hveragerði til að þróa byggð sunnan bæjarins. Að lokum breikkum við Þrengslaveg í Skógarhlíðarbrekkum til að mæta vaxandi vöruflutningum um Þorlákshöfn og byggjum nýja brú yfir Þjórsá við Búðafoss.

#### Höfuðborgarsvæðið

Stórframkvæmdir verða á höfuðborgarsvæðinu á grundvelli samgöngusáttmála. Á höfuðborgarsvæðinu höfum við rennt styrkari stöðum undir Samgöngu-

sáttmálann til framtíðar og framlengt gildistímamann til ársins 2040.

Það gerum við til að tryggja raunhæfan tímaramma fyrir þessar stóru framkvæmdir og fjármögnun þeirra. Jafnvægi er í fjárfestingum á höfuðborgarsvæðinu sem sátt ríkir um.

Við setjum 42% fjármagnsins í stofnvegi til að leysa flöskuhálsa og greiða fyrir bílaumferð. Sama hlutfall, eða 42%, fer í innviði almenningsgangna. Þá renna 13% beint til uppbyggingar hjóla- og göngustíga, en umfang þeirra hefur verið aukið verulega í nýrri áætlun.

Við munum ráðast í umsvifamiklar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Miklabraut fer í jarðgöng og Sæbraut í stökk. Við bætum einnig flæðið á Reykjanesbraut með framkvæmdum milli Setbergs og Álftanesvegur og setjum Hafnarfjarðarveg í stökk í Garðabæ.

Ríkið kemur nú með auknum þunga að rekstri almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu. Stofnað hefur verið sameiginlegt félag með sveitarfélögum um reksturinn, þar sem ríkið tekur ábyrgð á þriðjungi kostnaðar. Þessi sterka innkoma ríkisins hefur skipt sköpum. Hún hefur gert okkur kleift að bæta þjónustuna strax og auka tíðni ferða.

Samanlagt skila verkefni Samgöngusáttmálans og Sundabrautar ríflega 1.330 milljörðum króna í samfélagslegan ábata. Hver króna sem við setjum í þessi verkefni skilar sér því nærri fjórfalt til baka til samfélagsins.

Samgönguáætlun markar tímamót sem ég tel að þjóðin hafi lengi beðið eftir. Við snúum vörn í sókn með sögulegum framkvæmdum, stórauðum viðhaldi og nýrri nálgun í fjármögnun. Við ætlum að rjúfa kyrrstöðuna og skila þjóðinni öruggara og samkeppnishæfara samgöngukerfi til framtíðar.

*Höfundur er innviðaráðherra*

Allt landið - Allt fyrir þig.  
Ert þú ert í söluhugleiðingum?  
Hafðu samband!

ALLT@ALLT.IS | 560-5501  
WWW.ALLT.IS

**ALLT**  
FASTEIGNASALA

VETRARSÓL er umboðsaðili



Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is

**VETRARSÓL**



Hvatningarverðlaun skógræktar 2026:

## Tilnefningar óskast

Hvatningarverðlaun skógræktar verða veitt þriðja sinni á alþjóðlegum degi skóga, 21. mars. Verðlaunin eru veitt árlega til að hvetja til dáða einstaklinga, hópa, fyrirtæki, félög eða stofnanir sem vinna óeigingjarnt starf í þágu skógræktar á Íslandi. Hvatningarverðlauninum er ætlað að hvetja viðkomandi áfram til nýrra afreka.

Að verðlauninum standa Skógræktarfélag Íslands, Land og skógur og Bændasamtök Íslands.

Tilnefningafrestur er til 16. febrúar. Tilnefningu má fylla út á vef Skógræktarfélags Íslands:

[skog.is/hvatningarverdlaun-skograektar](http://skog.is/hvatningarverdlaun-skograektar)

Endilega sendu inn tilnefningu ef þú veist um fólk sem vinnur framúrskarandi starf að skógræktarmálum og á skilið hvatningu til að halda áfram á sömu braut!



**OSO**  
HOTWATER



**OSO Hitakútar**  
**Vörukaup ehf**  
Lausnir fyrir iðnað og heimili

516-2600  
www.vorukaup.is  
vorukaup@vorukaup.is

**VK vörukaup**

**Vélaskólinn**

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



[www.velaskolinn.is](http://www.velaskolinn.is)



Kristján B. Jónasson  
kbjonasson@gmail.com



Framarlega í Blönduhlíð í Skagafirði liggja saman tveir bæir, Uppsali og Kúskerpi. Kúskerpi utar en Uppsali fram. Næsti bær framán við Uppsali er svo Bóla, sú sem skáldið Hjálmar Jónsson er kenndur við. Árin 1885 og 1886 fæddust á þessum slóðum piltur og stúlka sem bæði rituðu um æsku sína og uppvöxt á óvenju hreinskilinn og opinskáan hátt. Vart er ofmælt að frásagnir þeirra séu einar merkustu sjálfsævisögur íslenskrar ritlistarsögu. Hvorugt vildi þó af hinu vita.

Árin 1945–46 kom út í fjórum heftum bók sem ber þann eftirminnilega titil Harmsaga ævi minnar. Hvernig ég varð auðnuleysingi eftir Jóhannes Birkiland (endurskoðuð útgáfa var svo gefin út 1948). Þessi bók er fyrir löngu orðin kunn, ef ekki alræmd, fyrir óvenju berorðar lýsingar á æskuheimili höfundar. Lesendur grípa líka andann á lofti yfir skrykkjóttri vegferð Jóhannesar um heiminn, svo sem þegar hann hryggist við að fréttu að hann muni ekki geta boðið sig fram til embættis forseta Bandaríkjanna þar sem hann sé ekki fæddur þar í landi. Sannfæring hans um að hann sé rétti maðurinn fyrir djöbbið er hins vegar óhögguð sem fyrr. Þessir þankar bætast svo ofan á ótal aðrar hugdettur sem Jóhannes fær og drauma sem hann dremmir. Það sem er hins vegar svo hrifandi við þetta allt saman er að sagan er rituð af einstökum þrótti og geymir stílgaldur sem heldur lesandanum negldum við hvert axarskaftið af öðru sem þessi sjálfskipaði auðnuleysingi fremur á krókóttum lífsvegi sínum.

Af einhverjum ástæðum, kannski vegna tregðu höfundarréttihafa, hefur sjálfsævisaga Jóhannesar ekki verið endurútfarin, hvorki á pappír, á neti eða í upplestri, og afar erfitt er að verða sér úti um hana. Fyrir vikið svifur enn yfir henni leyndardómsfull ára. Jóhannes lést í Reykjavík árið 1961 og því þarf væntanlega að bíða til ársins 2031 þegar gildistími höfundarréttarins rennur út til að fá almennilegan aðgang að sögunni á ný.

Lýsingar Harmsögunnar á lífinu hér áður fyrr hafa oft verið vatn



Kúskerpi er nú eitt af stærstu kúabúum landsins.

Sagnabáttur:

# Stúlka og piltur

á myllu gagnrýnenda íslenskrar sveitamenningar. Því er oft haldið fram að þar megi sjá sönnun þess að sveitirnar hafi verið forarvilpa ómennsku og illsku. Og raunar er auðvelt að leggjast á þá sveif við lesturinn. Fyrsta heftið er nefnilega meistaraverk í sinni deild. Í því ríkir hitasóttarkennd ákefð sem grípur lesandann og togar hann með sér. Frásagnir Jóhannesar af baðstofulífinu vega þó sífellt salt milli myndni og hryllings. Kostuleg er til að mynda lýsing hans á því þegar heimilisfólkið í fjölmennri baðstofunni á Uppsölum leysir vind í tilkomumikilli skotkeppni á kvöldin og ýmis hnyttir eru höfð á hraðbergi, svo sem: „Sæt er lykt úr sjálfs sín rassi.“

En svo fylgja æði dapurlegar frásagnir af vanrækslu og ofbeldi, líka kynferðislegu ofbeldi sem Jóhannes var ekki feiminn við að segja frá. Jóhannesi fannst æska sín misheppnuð og hann kenndi foreldrum sínum um þær ófárir. Þaðan rynni svo öll hans ógæfa. Við vitum nú raunar að margt af því sem Jóhannes segir frá úr æsku sinni er þeim sem slíkt reyna myllusteinn um háls.

## Á Uppsölum

Jóhannes var Stefánsson, Birkilandsnafnið tók hann upp þegar hann fór til Kanada upp úr tvítugu en þar og í Bandaríkjunum dvaldi hann í um tvo áratugi. Hann var sonur

mektarbóndans Stefáns Sveinssonar á Uppsölum og ráðskonu hans, Steinunnar Lárusdóttur. Þau Stefán og Steinunn héldu saman heimili á Uppsölum um margra ára skeið, höfðu bæði misst maka sína en giftust aldrei. Þau áttu bæði börn fyrir en eignuðust aðeins Jóhannes saman. Eins og Jóhannes greinir frá í Harmsögunni eru Uppsali stólpajörð og var heimilið fjölmennt yfir sumartímann þegar hvað mest var af vinnufólki á bænum. Segir Jóhannes frá heimilisbragnum á sinn einkennandi frumlega hátt. Við fáum ekki að kynnast neinum persónulega, linsan er aldrei dregin að smáatriðum, heldur birtist vinnufólkið sem ósundurgreinanlegur flokkur furðumenna. Uppsalaheimilið var þó í reynd ekkert mikið fjölmennara eða þéttsetnara en flest stærri heimili í Blönduhlíð á árunum 1890 til 1905. En ímyndunarafli Jóhannesar stækkaði það.

## Fósturbarnið

Jóhannes ólst að eigin sögn upp við fádæma eftirlæti. Hann borðaði kjöt í hvert mál, hann drakk fyrst og fremst rjóma, og ef ekki rjóma þá kaffi, sem hann fór að hvolfi í sig ótæpilega strax um fimm ára aldur. Síðan bættist brennivínið við, ekki síst eftir að hann fór að spila á harmonikku á böllum um tólf ára aldur. Hann vann aldrei handtak, mátti það ekki því faðir hans bannaði honum það, og þótt hann þætti afburðagreindur tímdi stórbóndinn faðir hans heldur ekki að senda hann í skóla.

Stúlkan á næsta bæ, Kúskerpi, minnst hins vegar varla einu orði á þennan jafnaltra sinn í æviminningum sínum, ekki frekar en hann minnst raunar á hana. Myndin af Stefáni Sveinssyni, föður Jóhannesar, verður hins vegar miklu skýrari hjá henni en syninum, en það gildir raunar um flest í Blönduhlíð, bæði staðhætti og fólk. Hún hafði einfaldlega áhuga á öðrum, ekki bara á sjálfri sér. Þessi stúlka hét Ólína Jónasdóttir. Hún var eins og fyrr segir næstum ári eldri en Jóhannes, fædd á Silfrastöðum en ólst upp hjá afa sínum og ömmu á Bólu. Þegar hún var níu ára var henni komið í fóstur hjá frænku sinni á Kúskerpi, Kristrínu Hjálmsdóttur og manni hennar, Ólafi Hallgrímssyni, og þar var hún fram yfir ferming og svo aftur síðar þegar hjónin misstu einkadóttur sína úr berklum.

Árið 1946 komu endurminningar Ólínu út undir heitinu Ég vitja þín æska (endurútfarin og aukin árið 1980 og gefin út á hljóðbók á Storytel 2026) og er óhætt að segja að viðtökurnar hafi verið glæsilegar. Sigurður Nordal taldi til að mynda bókina eitt best stílaða íslenska rit sem komið hefði út áratugum saman.

Endurminningar Ólínu eru raunar sýnidæmi um íslenskan stíl eins og hann verður einna fallegastur. Þetta er alþýðumál, látlaust og eðlilegt og sagt er frá atburðum af svo yfirlætislausri hreinskilni að maður þykist skilja allt, en samt skynjar maður þó meira en maður skilur. Allt þetta rann úr penna konu sem aldrei naut annarrar menntunar en fermingarundirbúnings. Hún lærði einfaldlega að skrifa og yrkja af sjálfri sér. Hún hlustaði á konungasögur, Íslendingasögur og Fornaldarsögur Norðurlanda á vökunni, las Passíusálma, postillur og Torfhildi Hólm, hlýddi á kvæðamenn kveða heilu rímurnar og nam vísur sem gestir og heimafolk kastaði fram. Þetta hámenningarfóður gerði úr henni rithöfund.

## Forneskjan

Minningar Ólínu hverfast um þá þrjá staði þar sem hún dvaldi frá bernskuárum og fram undir tvítugu. Í fyrsta lagi heimili foreldra hennar og fjölskyldu á Fremri-Kotum í Norðurárdal í Skagafirði sem var áningarstaður á Þjóðleiðinni yfir Öxnadalsheiði. Síðan fjallar Ólína um þann tíma sem hún var vinnukona á Laxamýri í Suður-Þingeyjarsýslu og lýsir þar vinnulagi, búskap og samskiptum húsbænda og hjúa á sannkolluðu stórbýli. En lengsta og ítarlegasta frásögn Ólínu er af árunum á Kúskerpi og þar er í forgrunni húsfreyjan Kristrún.

Kristrún var afar forn í háttum og hörð í skapi. Á heimilinu var haldið uppi einhvers konar 17. aldar húsgaga þar sem flest sem til skemmtunar og ánægju gat orðið var bannað og smáð, til að mynda var Kristrínu sérlega uppsigað við hlátur og yrði henni á að hlæja sagði hún alltaf: „Guð fyrirgef mér hláturinn.“ Refsingar voru ekki sparaðar, aftur og aftur lýsir Ólína hvernig hún var atyrt og henni gert að gera hitt eða þetta í refsingarskyni fyrir eitthvað fullkomið smáatriði. Kristrún var einnig með eindæmum sparsöm og illa við að skammta um of og vinnufólkið kvartaði yfir að fá ekki etið nægju sína en gagnrýni beit lítt á Kristrínu og hún kaus frekar að fólk gengi úr vist en að hún bakkaði með sitt. Ótrúlega hugvitssamar sálfræðihrellingar hennar eru sumar svo ótrúlegar að maður er eiginlega himindottinn. Þessi vinnuharka, sparsemi, hjátrúarringl og fjandskapur út í þörf barnsins Ólínu fyrir að fá að lesa, skrifa og læra er slíkt sammelsúrúum að lesandinn spyr sig stundum: í hvaða heilviti er barnið eiginlega stadd? En Ólína snýr svo allt í einu öllu á haus. Sýnir allt aðra hlið á heimilisfólki, gerir göðlátlegt grín að því. Vindur upp á frásögnina með sinni lágstemmu, mannlegu kímni.

Ólína átti ekki góða ævi. Hún varð ekkja ung, varla voru tvö ár liðin frá því að hún gifti sig að maður hennar druknaði í vesturósi Héraðsvatna. Hún þvældist með son sinn milli bæja, var í vinnumennsku og húsmennsku og stóð loks fyrir búi á sínum gamla stað, Kúskerpi. Þar veiktist hún af berklum og varð að láta frá sér allar sínar eignir upp í skuldir og var eftir það sjúklingur. Hún lá lengi á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki, bjó síðan við þröngan kost á Króknum og lést þar árið 1956. Hún er í hópi helstu hagarðinga Skagafjarðar fyrr og síðar og enn kunna þau sem fara með vísur margt eftir hana. Í herberginu sínu við Suðurgötuna á Sauðárkróki var hún með bókaskáp og þar raðaði hún ritunum eftir álitu sínu á innihaldi þeirra. Í neðstu hillu, þar sem óæðri höfunda var að finna, var Harmsaga ævi minnar eftir Jóhannes Birkiland.

**KGM**  
Gæði á sterkum grunni

Bit með fyrirvara um mynd- og textabreytingar.

**Eigum örfáa bíla eftir á gamla verðinu!**

**KGM Musso Grand Premium, fjórhjóladrifinn pallbíll, með háu og lágu drifi og öflugri dísel vél.**

**Musso Grand Premium, verð 8.990.000 kr. m. vsk.**

**Tilboðsverð 7.890.000 kr. m. vsk. - Örfá eintök.**

Kolefnisjafnaður

4x4

benni.is

Reykjavík  
Krókháls 9  
S: 590 2000

**Bilabúð Bennna**  
Sérfræðingar í bílum í fimmtíu ár



## Vísnaðhornið

Í síðasta þætti eignaði ég **Einari Sæm**. vísuna, Brestur vín og brotnar gler, en vísan mun vera eldri en svo að hann hafi ort. En Einar orti þessa um Blesa:

*Blesi hefur búið mér bestar yndisstundir sem ég fundið hefi hér háum fjöllum undir.*

**Páll Ólafsson** orti margar vísur um sín hross og urðu fleygar margar. Þannig lýsir Páll góðhryssu sinni:

*Hleypur geyst á allt hvað er, undur reist að framan þjóta neistar þar og hér, -Þetta veistu er gaman!*

Nú þegar liðið er bæði á vetur og þorra, sem verið hefur með góða tíð reyndar, má alveg minna á brag **Þórarins frá Skúfi** um þorrann:

*Oft er frost og fönn á þorra. Felur slóðir á vorra, tímans mjöll í Kaldbakskleif. Heljardals úr heiðardrögum hylur spor úr gengnum sögum fönnin, sem á fjöllin dreif.*

*Oft er frost og fönn á þorra. Fjölgar ljósum byggða vorra. Lengis dagur, ljómar sól. Áfram þokast upp á móti ýmislegt þó tefja hljóti, að takmarkinu, tímans hjól.*

Og eftir þorra fylgir góa, en þessi vísa er úr göuvísu Þórarins:

*Skríkjan syngur sólar ódinn sinn um morgunstund. Hún er að æfa ástaróðinn undir vinafund.*

Þessi vísa Þórarins Þorfinnssonar Skúfi lýsir kannski tilfinningu vina Epsteins:

*Froðu bragðdauft finnst mér allt fæði hverdags anna ef ekki væri synða salt í súpu lífdaganna.*

Forðum daga var þorrinn erfiður heylitlum bændum víðs vegar. **Baldvin skáldi Jónsson** segir:

*Dal í þröngum drífa stíf, dynur á svöngum hjörðum, það er öngum ofgott líf upp í Gönguskörðum.*

Og Baldvin skáldi segir líka:

*Blómin hrynja banasjúk, brim við drynja stendur. Það er kynja frost og fjúk, féð í brynjum stendur.*

**Séra Björn Halldórsson** í Laufási var kunnur hagræðingur á sinni tíð, hann lýsti þorrahreti með þessum orðum:

*Þorri kaldur þeytir snjá þylur galdra stríða. Linnir aldrei ýmir sá illu skvaldri hríða.*

Nýlega var þáttarritari með öðrum á hagræðingakvöldi sem Hestakráin á Skeiðum stóð fyrir. Um þá æðstu í heimsmálum sagði **Dagbjartur Dagbjartsson** vísnaðgrúskari:

*Þó friðardúfan forlög sín forðist oft að vana. Ofurmennið Trumpútín tók að grilla hana.*

Dagbjartur sagði þetta um þann sem þátt þennan ritar til hróss að talið er:

*Þó gáfan sé frá guði send og gleðji marga að vonum þvælist minnimáttarkennd mikið fyrir honum.*

**Þórdís frá Hrísum** segir um nýafstaðið Evrópu-meistaramót í handbolta:

*Um úrslit móts í ölglas margur spáir með aðferðir og dómgæsluna mishress Þjálfun stunda furðulega fáir svo fjölmargir sem virðast kunna til þess*

**Þórdís úr Flókadal** segir, spurð um rígg á milli Borgfirðinga og Sunnlendinga:

*Um suðurland er sitthvað rætt svoleiðis er staðan, að fólkið mitt í fœðurætt forðaði sér þaðan.*

Úr óði **Gunnars J. Straumland** til himinljósanna frá fundi kvæðamannafélags Íðunnar sem var á Þjóðminjasafninu:

*Norðurljósabjarmabál bylgjast yfir heiði. Allt sem vekur von í sál vex af sama meiði.*

Umsjón: Magnús Halldórsson mhalldorsson0610@gmail.com



**Við klæðum þig í hveli**  
Vetrarfatnaður í miklu úrvali

**KH VINNUFÖT**  
khvinnufot.is | Netthylur 3 | Sími 577 1000

**JOBMAN**



**Stíflubjónusta Sævars Selfossi**  
Sími: 861 1919  
stifla.selfoss@gmail.com

**Stíflulosun úr lögnum Myndun lagna Rótarskurður o.fl. Yfir 20 ára reynsla**

**Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði**  
Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.






**KAUPLAND** www.kaupland.is sími 8449484

**SÚLUR**  
STÁLGRINDARHÚS

**ALLT FRÁ FYRSTU HUGMYND AÐ FULLBÚNU HÚSI**

- ▶ Hönnun og ráðgjöf
- ▶ Framleiðsla
- ▶ Uppsetning
- ▶ Verkefna- / byggingastjórn

Súlur stálgrindarhús fyrir atvinnu-, iðnaðar- og íbúðarverkefni

✉ kristjan@sulurehf.is

🌐 www.sulurehf.is

☎ 669 0803

**MITSUBISHI ELECTRIC**  
Changes for the Better

- Loft í loft
- Loft í vatn
- Vatn í vatn

**Varmadælar Vörukaup ehf**



516-2600  
vorukaup@vorukaup.is

**VÖRUKAUP**



# Sumargleði

Falleg peysa fyrir börn prjónuð úr DROPS Fiesta sem nú er á 30% afslætti hjá Handverkskúnni. Mjög skemmtilegt garn að prjóna úr. Peysan er prjónað ofan frá og niður með hringlaga berustykki og sléttu prjóni.

**DROPS Design: Mynstur fs-010-bn**  
**Stærðir:** 2 (3/4) 5/6 (7/8) 9/10 (11/12) 13/14 ára

Hæð á barni í cm: 92 (98/104) 110/116 (122/128) 134/140 (146/152) 158/164

**Garn:** DROPS FIESTA fæst í Handverkskúnni

200 (250) 250 (300) 350 (400) 450 gr litur á mynd nr 27, Vetrar Karneval

**Prjónar:** Hringprjón 40 og 60 cm nr 3 og 4. Sokkaprjónar nr 3 og 4

**Prjónfesta:** 21 lykkja x 28 umferðir = 10 x 10 cm á prjóna nr 4

**LEIÐBEININGAR ÚTAUKNING** (jafnt yfir): Til þess að reikna út hvernig auka eigi jafnt út, teljið fjölda lykkja í umferð (t.d. 84 lykkjur) og deilið lykkjum með fjölda útaukninga sem á að gera (t.d. 20) = 4,2. Í þessu dæmi er aukið út jafnt yfir með því að slá 1 sinni uppá prjóninn á eftir ca 4. hverja lykkju. Í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður snúinn - svo ekki myndist gat.

**LEIÐBEININGAR ERMÍ:** Þegar prjónaðar eru upp lykkjur fyrir miðju undir erminni getur myndast lítið gat í skiptingunni á milli lykkja á fram- og bakstykki og ermi. Hægt er að loka þessu gati með því að taka upp þráðinn á milli tveggja lykkja - þráðurinn er prjónaður snúinn saman með fyrstu lykkjunni á milli fram- og bakstykkis og erma, þannig að gatið lokist.

**LEIÐBEININGAR ÚRTAKA:** Fækkið um 1 lykkju hvoru megin við merkibráð þannig:

Prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir á undan merkibráði, prjónið 2 lykkjur slétt saman, prjónið 2 lykkjur slétt (merkibráðurinn situr á milli þessa 2 lykkja), lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, 1 lykkja slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð (= 2 lykkjur færri).

**PEYSA - STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:** Í uppskriftinni eru notaðir prjónar af mismunandi lengd, byrjað



**DROPS DESIGN®**  
www.garnstudio.com

er á þeirri lengd sem hentar fjölda lykkja og breyttu eftir þörfum. Kantur í háls máli og berustykki er prjónað í hring á hringprjóna frá hægri öxl að aftan og prjónað er ofan frá og niður. Þegar berustykki hefur verið prjónað til loka, skiptist stykkið fyrir fram- og bakstykki og ermar.

Fram- og bakstykki er prjónað til loka niður á við í hring á hringprjóna, á meðan ermarnar bíða. Síðan eru ermarnar prjónaðar niður á við í hring. Ef það stendur 0 í valinni stærð, þá þýðir það að hoppað er yfir leiðbeiningar fram að næstu leiðbeiningum.

**KANTUR Í HÁLSMÁLI:** Fitjið upp 80 (80) 84 (88) 88 (92) 96 lykkjur á sokkaprjóna / hringprjón nr 3 með DROPS Fiesta. Prjónið 1 umferð slétt. Prjónið síðan stroff (= 1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið) í 3 (3) 3 (3) 4 (4) 4 cm. Byrjun umferðar er við hægri öxl að aftan. Setjið 1 merki eftir fyrstu 27 (27) 28 (29) 29 (31) 32 lykkjur í umferð (= ca fyrir miðju að framan), stykkið er nú mælt frá þessu merki.

**BERUSTYKKI:** Skiptið yfir á hringprjón nr 4. Prjónið 1 umferð slétt og aukið út 16 (20) 20 (20)

24 (24) 24 lykkjur jafnt yfir – lesið LEIÐBEININGAR ÚTAUKNING = 96 (100) 104 (108) 112 (116) 120 lykkjur. Prjónið hringinn í sléttprjóni og aukið út eins og útskýrt er að neðan. Munið að fylgja prjónfestunni.

Þegar stykkið mælist 2 (2) 3 (3) 3 (3) 3 cm frá merki aukið út 24 (25) 26 (27) 28 (29) 30 lykkjur jafnt yfir, þ.e.a.s. sláðið 1 sinni uppá prjóninn á eftir 4. hverja lykkju umferðina hringinn = 120 (125) 130 (135) 140 (145) 150 lykkjur.

Þegar stykkið mælist 4 (4) 5 (5) 5 (5½) 5½ cm frá merki aukið út 24 (25) 26 (27) 28 (29) 30 lykkjur jafnt yfir, þ.e.a.s. sláðið 1 sinni uppá prjóninn á eftir 5. hverja lykkju = 144 (150) 156 (162) 168 (174) 180 lykkjur.

Þegar stykkið mælist 6 (6) 7 (7) 7 (8) 8 cm frá merki aukið út 24 (25) 26 (27) 28 (29) 30 lykkjur jafnt yfir, þ.e.a.s. sláðið 1 sinni uppá prjóninn á eftir 6. hverja lykkju = 168 (175) 182 (189) 196 (203) 210 lykkjur.

Þegar stykkið mælist 8 (8) 9 (9) 9 (10½) 10½ cm frá merki aukið út 24 (25) 26 (27) 28 (29) 30 lykkjur jafnt yfir, þ.e.a.s. sláðið 1 sinni uppá prjóninn á eftir 7. hverja lykkju = 192 (200) 208 (216) 224 (232) 240 lykkjur.

Þegar stykkið mælist 10 (10) 11 (11) 11 (13) 13 cm aukið út 24 (25) 26 (27) 28 (29) 30 lykkjur jafnt yfir, þ.e.a.s. sláðið 1 sinni uppá prjóninn á eftir 8. hverja lykkju = 216 (225) 234 (243) 252 (261) 270 lykkjur. Í næstu umferð er aukið út um 0 (1) 0 (1) 0 (1) 0 lykkjur = 216 (226) 234 (244) 252 (262) 270 lykkjur.

Prjónið síðan sléttprjón án útaukninga þar til berustykkið mælist 13 (14) 15 (16) 17 (18) 18 cm frá merki við miðju að framan skiptist stykkið fyrir fram- og bakstykki og ermar.

**SKIPTING FYRIR FRAM- OG BAKSTYKKI OG ERMAR:** Jafnframt sem næsta umferð er prjónuð, skiptist berustykkið fyrir fram- og bakstykki og ermar þannig:

Setjið fyrstu 46 (48) 48 (50) 51 (52) 53 lykkjur á þráð fyrir ermi, fitjið upp 6 (6) 8 (8) 8 (10) 10 nýjar lykkjur í umferð (= í hlið fyrir miðju undir ermi), prjónið 62 (65) 69 (72) 75 (79) 82 lykkjur í sléttprjóni (= framstykki), setjið næstu 46 (48) 48 (50) 51 (52) 53 lykkjur á þráð fyrir ermi, fitjið upp 6 (6) 8 (8) 8 (10) 10 nýjar lykkjur í umferð (= í hlið fyrir miðju undir ermi) og prjónið síðustu 62 (65) 69 (72) 75 (79) 82 lykkjur í sléttprjóni (= bakstykki). Fram- og bakstykki og ermar er síðan prjónað hvert fyrir sig.

**FRAM- OG BAKSTYKKI:** = 136 (142) 154 (160) 166 (178) 184 lykkjur. Setjið 1 merki í aðra hliðina á stykki (= fyrir miðju 6 (6) 8 (8) 8 (10) 10 lykkjurnar sem fitjaðar voru upp undir ermi). Prjónið fram að merki, umferðin byrjar við merkið og prjónað er í hring. Prjónið sléttprjón hringinn þar til stykkið mælist 26 (29) 33 (37) 40 (42) 43 cm frá merki fyrir miðju að framan.

Skiptið yfir á hringprjón nr 3, prjónið stroff (= 1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið) JAFNFRAMT sem er aukið út um 24 (30) 30 (32) 34 (34) 36 lykkjur jafnt yfir í umferð 1 – munið eftir LEIÐBEININGAR ÚTAUKNING = 160 (172) 184 (192) 200 (212) 220 lykkjur.

Þegar stroffið mælist 3 (3) 3 (3) 4 (4) 4 cm fellið af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur. Peysan mælist 29 (32) 36 (40) 44 (46) 47 cm frá merki fyrir miðju að framan.

**ERMAR:** Setjið 46 (48) 48 (50) 51 (52) 53 lykkjur frá ermi af þræði á hringprjón nr 4 og prjónið að auki upp 1 lykkju í hverja af 6 (6) 8 (8) 8 (10) 10 lykkjum sem fitjaðar voru upp undir ermi – lesið LEIÐBEININGAR ERMÍ = 52-54-56-58-59-62-63 lykkjur.

Setjið 1 merkibráð fyrir miðju í 6 (6) 8 (8) 8 (10) 10 nýjar lykkjur undir ermi – umferðin byrjar við merkibráðinn. Prjónið sléttprjón hringinn – JAFNFRAMT þegar ermin mælist 2 cm frá skiptingunni, fækkið lykkjum fyrir miðju undir ermi – lesið LEIÐBEININGAR ÚRTAKA og fækkið lykkjum þannig: Fækkið um 2 lykkjur í hverjum 3 (4) 5 (5½) 7½ (7) 10 cm alls 6 (6) 6 (6) 5 (6) 5 sinnum = 40 (42) 44 (46) 49 (50) 53 lykkjur.

Prjónið síðan þar til ermin mælist 20 (25) 29 (32) 35 (39) 44 cm frá skiptingunni.

Skiptið yfir á sokkaprjóna nr 3 og prjónið stroff (= 1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið) JAFNFRAMT sem aukið er út um 8 (6) 8 (6) 7 (8) 7 lykkjur jafnt yfir í umferð 1 – munið eftir LEIÐBEININGAR ÚTAUKNING = 48 (48) 52 (52) 56 (58) 60 lykkjur.

Þegar stroffið mælist 3 (3) 3 (3) 4 (4) 4 cm fellið af.

Takk fyrir samfylgdina s.l. 11 ár,

Prjónakveðja  
Stelpurnar í Handverkskúnni  
www.garn.is

**B**  
BÆNDASAMTÖK  
ÍSLANDS

**VILT ÞÚ HAFA BEIN  
ÁHRIF Á FRAMTÍÐ  
ÍSLENSKS  
LANDBÚNAÐAR?**

Frestur til framboðs **formanns** Bændasamtaka Íslands stendur til **2. mars.**

Frestur til framboðs **stjórnar** og **varastjórnar** Bændasamtaka Íslands stendur til **25. mars.**

Framboðsform má finna á [bondi.is](http://bondi.is)

Allar upplýsingar veitir  
[kjorstjorn@bondi.is](mailto:kjorstjorn@bondi.is)



## Tímamót á hannyrðasiðunni

Yfir fjölda ára hafa fyrirtækin Handverkskúnni og Ullarverslunin Þingborg skipst á að bjóða lesendum upp á úrval prjónauppskrifta, en nú bregður við að bæði vilja þau hleypa nýju fólki að. Því hvetjum við áhugasamt prjónafólk og íslenska lopaunnendur til að taka við keflinu – en það felur í sér að skila inn 700–1.000 orða uppskrift hálfsmánaðarlega, mánaðarlega ef tveir eru um síðuna, auk myndar – og munsturs ef vill.



Nánari upplýsingar má fá á netfanginu  
[sigrunpeturs@bondi.is](mailto:sigrunpeturs@bondi.is).

Hlökkum til að heyra frá ykkur!



# Könnuðurinn Hörður

Hrifla | Þróstur Helgason  
throstur@bondi.is

Nú stendur yfir áhugaverð og tímabær sýning í Gerðarsafni í Kópavogi um Hörð Ágústsson, myndlistarmann, hönnuð og fræðimann. Á sýningunni eru verk sem birta nálgun hans á form- og lítafræði á árunum 1955 til 1978. Í sýningarskrá segir að verkin á sýningunni þveri það sem hefðbundið er að flokka sem myndlist og hönnun. Sýningunni tekst þó umfram allt að leiða í ljós hversu miklu könnun og tilraunir skiptu í list Harðar. Segja má að hann hafi verið síleitandi þó að einnig sé að finna í verkum hans fastan grundvöll í geometrískri abstraktlist.



Sýningunni tekst þó umfram allt að leiða í ljós hversu miklu könnun og tilraunir skiptu í list Harðar.

Hörður var einn af stofnendum og ritstjórum menningartímaritsins Birtings sem kom út á árunum 1955 til 1968 og átti stóran þátt í því að flytja alþjóðlegan modernisma inn til landsins. Í tímaritinu má sjá hvernig Hörður er í senn staðfastur í trú sinni á mikilvægi strangflatarlistarinnar sem hann hafði tekið ástfóstri við í námi sínu úti í Evrópu og sífellt leitandi og opinn fyrir nýjum straumum og stefnum.

Eitt áhugaverðasta dæmið er markviss innflutningur hans á umræðu um ljóðræna abstraktið sem átti sér stað í París á sjötta áratugnum. Innflutningurinn fór fram í greinum sem Hörður birti í Birtingi þar sem hann flutti fréttir af umræðunni, þýddi greinar og tók viðtöl við persónur og leikendur í París. Skrifin settu íslenska myndlist í beint samband við það sem var að gerast í einni af mikilvægustu miðjum evrópskrar myndlistar á sjötta áratugnum. Þau skiptu íslenska myndlistarmenn miklu máli á þeim tíma. Ekki skipti þó minna máli að á sama tíma gerði Hörður tilraunir í sinni eigin myndlist með ljóðræna abstraktið.

Á sýningunni er Birtingi gerð góð skil en Hörður var hönnuður tímaritsins auk þess að skrifa mikið í það. Eitt af áhugaverðustu dæmunum um þann opna hug sem Hörður hafði gagnvart nýjungum í myndlist og hönnun

á þessum tíma tengist einmitt því. Árið 1957 hannar Dieter Roth eitt af heftum Birtings í samvinnu með Herði. Heftið átti eftir að verða sögufrægt enda hristi sú róttæka fagurfræði sem Dieter stóð fyrir. Hann var undir sterkum áhrifum frá konkretmyndlistinni sem var harðsoðnari útgáfa strangflatarlistarinnar og átti upptök sín í úrvinnslu á konstruktívismannum frá því á fyrri hluta aldarinnar. Þetta hitti í mark hjá Herði. Heftið sem þeir hönnuðu saman olli hins vegar deilum innan ritstjórnar Birtings. Thor Vilhjálmsson átti sérlega erfitt með að sætta sig við breytingar sem Dieter gerði á uppsetningu texta í heftinu. Thor var ekki jafn opinn fyrir þeirri róttæku fagurfræði sem Dieter færði inn í tímaritið með hönnun sinni, jafnvel ekki þó að hún ætti ýmislegt skylt við þá fagurfræði sem Thor útfærði í sinni eigin róttæku sagnagerð á sjötta og sjöunda áratugnum.

Hvað sem þessu öllu líður þá er sýningin um Hörð í Gerðarsafni afar áhugaverð um þennan leitandi listamann. Sýningarstjórar eru Brynja Sveinsdóttir ásamt þeim Arnari Frey Guðmundssyni og Birnu Geirfinnsdóttur hjá hönnunarstofunni Stúdíóstúdíó. Á sýningunni er að finna fjölda verka eftir Hörð en einnig upplýsingar sem varpa nýju ljósi á þennan merka listamann. Eg mæli eindregið með því að áhugafólk um myndlist og hönnun fari á sýninguna.



## ÓDÝR

gleraugu  
umgjörð og gler



Gleraugu með glampa og rispúvörn

### 19.900 kr.

Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu

### 39.900 kr.

Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

**Hamrahlíð 17**  
Hús Blindrafélagsins  
Sími • 552-2002



SIJÓNTÆKJAVERSLUN

## Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.  
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali,  
s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is

**Eignatorg**

Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur



## Led perur fyrir flúrlampa!

3 stærðir:

60 cm - kr. 1.500  
150 cm - kr. 1.500  
120 cm - kr. 2.000



**SMH Gróðurhús ehf.**  
Sími: 866-9693  
Facebook: Gróðurhús SMH ehf.



Priggja arma ledljós sem skrufast í venjuleg perustæði og hentar vel í stærri byggingar og skemmur. 80w - 8000 Lúmen. Verð kr. 8.000 -

## Öflugar og fjölhæfar vöruhúsalausnir



### Umhverfissvæn, hagkvæm og endingargóð vinnutæki!

- Rafmagnslyftarar
- Rafmagnstjakkar
- Tínslutæki
- Handtjakkar
- Skotbómulyftarar

Hafðu samband **Adolf P. Andersen** í **590 5135** eða **adolff@klettur.is** og kynntu þér lausnir sem henta þínum rekstri.




## MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA



Íslenskt lambakjöt auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn vegna 2026. Styrkhæf eru verkefni sem stuðla að aukinni verðmætasköpun íslenskra sauðfjárafurða. Nýsköpun, vöruþróun, kynningar- og markaðsstarf er styrkt.

**Umsóknarfrestur til og með 5. mars. n.k.**

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá [hafliði@icelandiclamb.is](mailto:hafliði@icelandiclamb.is)





# Kýr og landgræðsla

Jörðin sem ég bý á, Garður í Mývatnssveit, er hraunjörð. Fyrir nokkur hundruð árum hófst uppblástur í byggðum S-Þingeyjarsýslu. Hófst að líkindum á hálandi sunnan



Kári Þorgrímsson.

núverandi byggðar í Bárðardal og gekk norður í Mývatnssveit og ef vel er skoðað allt til sjávar. Nágrannajörð mín, Brjánsnes, missti allt sitt land að kalla un 1750 og fór í eyði. Garður slapp að mestu, fór samt í eyði í þrjú ár en byggðist aftur og þá með Brjánsneslandið undir. Landgræðslustarf að einhverju marki hófst í Garðsbruna á tíunda áratug síðustu aldar. Tvíþýlt er á jörðinni og unnum báðir að því eins og við gátum. 1996 var svo gerður samningur við Landgræðslu ríkisins um uppgræðslu, gerð beitarhólfa og friðun nokkurs hluta landsins og er enn unnið eftir því sem þá var lagt upp með. Ég var með blandað bú nautgripa og sauðfjár á þeim tíma, en mótbýlingurinn eingöngu sauðfé.

Ég á að baki langt starf og aðkomu að landgræðslustarfi, bæði á heimavelli og sem verktaki hjá Landgræðslunni, blessuð sé minning hennar. Gæti og þyrfti að skrifa um það málefni langt mál, vonandi kem ég því í verk, margt sem ég ætla að gera þegar ég verð stór! En ekki núna. Læt nægja að segja að viðfangsefni landgræðslu snýst um jarðveg, verndun hans og endurheimt þar sem hann hefur tapast. Að rækta gras, lúpínu eða hvað eina annað á auðn er einungis verkfæri til að ná markmiði jarðvegsverndar og jarðvegsvistkerfis sem sér um sig sjálf. Endurheimt jarðvegsvistkerfis á auðn tekur aldrei minna en 30 ár. Sem bóndi hlaut ég því að leita leiða í búskap mínum og landmeðferð sem þjónuðu þessu viðfangsefni, jafnframt því að skila einhverju mér nýtanlegu.

## Leitaði og fann

Tvennt hefur reynst mér best í landgræðslustarfi: 1. Að skipta



2005 skipti ég kindunum út fyrir holdakýr. Keypti þrjár Galloway kvígur og eitt naut vestur við Hrutafjörð og drap eða seldi sauðpeninginn."

kindum út fyrir kýr. Beitarlag kinda og kúa er gjörólíkt. Kýr bita, kindur kroppa og naga. 2. Að taka upp beitarstjórnun sem felur í sér reglulega og algjöra beitarhvíld heilt ár í senn. Hvort tveggja skilar bóndanum ávinningi strax. Ekki eftir 30 ár eða meir.

2005 skipti ég kindunum út fyrir holdakýr. Keypti þrjár Galloway kvígur og eitt naut vestur við Hrutafjörð og drap eða seldi sauðpeninginn. Nautgripirnir komu ekki í hús næstu sjö árin, hvorki sumar né vetur, nema nautið utan þess tíma sem því var ætlað hlutverk með kúnum. Kálfarnir fæddust úti á vorin og gengu undir kúnum langt fram á vetur, eða alla vega í sex mánuði. Í hjörðina bættust svo þeirra eigin afkvæmi, blendingskvígur undan mjólkurkúm

og uxar af sama uppruna. Uxi er naut sem hefur verið gelt, er bæði ófrjór og náttúruleaus. Gott líf! Þessi hjörð átti heimkynni sín mestan part í Garðsbruna, í hólfinu sem með landgræðslusamningunum var ætlað sauðfé og ausið í það 10 tonnum af tilbúnum áburði árlega auk 500 tonna af húsdýraáburði. Kom þeim þó af svæðinu yfir sumartímann á annað land sem gaf beit. Þetta hljómar einfalt og auðvelt, en því fer fjarrí að svo sé. Að hirða útgangshjörð nautgripa er til muna meiri vinna og flóknari en að hirða sauðfé í húsum inni. Heyþörfin er mikil og talsvert meiri en fyrir nautgripa á húsi. Hins vegar sparast mikil vinna við að dreifa skít.

Þessi aðferð, að nota nautgripa til landgræðslu er ekki mín

uppfinning. Hún var m.a. notuð til fjölda ára í Gunnarsholti og gripirnir sem ég keypti í Hrutafirði voru einmitt þaðan ættaðir. Þóttu aldrei auðveldir í samskiptum en hins vegar harðgerðar skepnur. Svörtu Galloway kýrnar eru frekar smávaxnar, lágfættar og loðnar. Engin veður bita þær, ef allt er með felldu. Auk þess að vera heilbrigðar þurfa þær að vera í sémilegum holdum og með heilan feld að hausti, eigi þær að ganga úti. Kýr ganga úr hárum snemma vors. Eigi kýr að ganga úti yfir veturinn þarf nýi feldurinn að vaxa á þeim úti allt sumarið og haustið. Hættulegasti tíminn gagnvart veðráttu er hins vegar þegar þær sem fara að ganga úr hárum á vorin. En ef allt er í góðu lagi með feldinn bræða kýrnar ekki af sér snjó og þær hrista hann heldur ekki af sér. Feldurinn má því alls ekki skitna og kleprast. Þess vegna þarf þess stöðugt að gæta að kýrnar hafi hreint legusvæði. Og vindskjól.

Landgræðsluáferðin byggir á því að fódra gripina á svæðinu og breyta því fódri þar með annars vegar í kjöt = peninga og hins vegar í húsdýraáburð. Með því eru flutt inn á svæðið meira af nýtanlegum næringarefnum fyrir gróður og jarðveg en það sem brott er numið með beit. Að auki fylgir fódriun fræframboð, klaufir kúnna sjá um að koma því fræi niður í mold. Eða sand öllu heldur í mínu tilfalli. Fóðrunar- og viðverustaðina þarf að færa látlaut. Ég notaði gjafagrindur til fóðrunar, en ef jörð var ófrosin setti ég baggana lausa á rofabörð sem kusur tröðkuðu þá niður og lokuðu. Líka til að búa til legusvæði á frosinni jörð eða í snjó. Kýr þurfa nefnilega mikið að liggja, þær geta ekki sofandi standandi eins og hestar. Svo vel vill til að á svæðinu er gott vatnsból, aðgangur að lindum sem aldrei frjósa. En í snjóþyngslum gat þurft að leggja slóð með dráttarvélinni að vatnsbólunni.

Landgræðsluverkefnið í Garðsbruna hefur heilt yfir ekki gengið vel, allavega ekki með tilliti til kostnaðar og tíma, hvorki í friðuðu landi né í beitarhólfum. Vissulega er þó gróðuraukning mjög mikil, en náttúrulegt landnám gróðurtegunda og nýmyndun jarðvegs gengur rólega. Gerð var úttekt á þessum hólfum fyrir nokkrum árum. Í

” Tvennt hefur reynst mér best í landgræðslustarfi: 1. Að skipta kindum út fyrir kýr. Beitarlag kinda og kúa er gjörólíkt. Kýr bita, kindur kroppa og naga. 2. Að taka upp beitarstjórnun sem felur í sér reglulega og algjöra beitarhvíld heilt ár í senn. Hvort tveggja skilar bóndanum ávinningi strax. Ekki eftir 30 ár eða meir.

ljós kom, eins og reyndar blasir við, að beitarhólf kúnna er það sem mestri framför hefur skilað, sérstaklega í nýmyndun jarðvegs. Framför gróðurs er þar það mikil að ég er farinn að hafa not fyrir svæðið fyrir mjólkurkýrnar. Hálfu beitarhólfinu, samanlagt um 300 hektarar skipti ég í tvennt 2011. Alfríðaði þann hlutann sem fjær er og plantaði þar birki og víði samkvæmt samningi við Skógræktina og með stuðningi hennar. Þá þegar hafði ég tekið upp beitarstjórnun á öllum úthaga sem ég nýti. Grundvallaratriði hennar er alfríðun þriðja hvert ár, heilt ár í hvert skipti. Á friðunarárinu ber ég lítinn áburðarskammt á þann hluta sem höllum fæti stendur en aldrei undir beitinni. Árleg áburðarnotkun gamla beitarhólfsins var 10 tonn en er nú 7 tonn þriðja hvert ár. Húsdýraáburðurinn nýtist mér nú að verulegu leyti á slægnaland eins og vera ber.

Búfjárbætt er mikið inngríp í gróðurvistkerfi og býður, ef illa er að staðið, heim hættunni á jarðvegshnignun og uppblæstri. Landgræðsla sem afleiðing rangrar beitarframkvæmdar og óviðeigandi búskaparháttar á ekki að vera sjálfsagt viðvarandi viðfangsefni um alla tíð. Gera verður þá kröfu til alls landbúnaðar að hann auðgi en ekki eyði. Þær aðferðir sem ég hef hér notað og lýst að nokkru, urðu mér lærdómsríkar. Því miður mun það ekki öðrum notast, ég verð að viðurkenna að mér er ekki með öllu ósárt hve algjöru tómlæti því hefur verið sýnt, bæði af öðrum bændum og þeim sem að landgræðslu standa. En sitja mun hver að sínu.

Hlutverki holdakúnna minna er lokið. Þær yfirgáfu kálfana sína frá í vor og þennan heim í gær. Ég bauð þær engum til kaups. Lauk þá slíkum búskap hér í Mývatnssveit, hafði staðið í tuttugu ár, erfið, lærdómsrík ár. Einhver mun kannski sakna þess að sjá ekki lengur ungan kálf sjúga svarta jórtrandi móður sína í sumarkvöldslól.

Þegar ég verð stór ætla ég að fjölga mjólkurkúnum í þeirra stað.

(Greinin er færsla sem birtist á bloggi höfundar 30. janúar sl.)

Höfundur er bóndi í Garði í Mývatnssveit.

## ÚTVARP

# Bændablaðið

Í SAMSTARFI VIÐ **KRAFTVÉLAR**



Blóm mánaðarins:

# Tannhvassa tengdafjölskyldan

Á árum áður var pottaplöntu- tegundin tannhvassa tengdamamma alengt stofustáss á íslenskum heimilum. Eitthvað hefur menningin breyst hjá landanum og tengdamömmur orðið blíðari á manninn, að minnsta kosti þótti alls ekki lengur við hæfi að væna tengdamæður landsmanna um áhrifaríkt orðbragð. Íslenskt heiti tegundarinnar var því mildað verulega og í orðabanka íslenskrar málstöðvar hefur henni verið fundið gjörólíkt og fremur lýsandi heiti, indíánafjöldur. Í pottaplöntubók sinni, Allt í blóma, kýs Hafsteinn Hafliðason að nefna þessa tegund tengamömmusverð og verður nú hver og einn að velja hvaða heiti hann kýs að nota.



Guðríður Helgadóttir.



Sansevieria trifasciata - Indíánafjöldur



Sansevieria metallica

Indíánafjöldur tilheyrir spergils-ætt einkimblöðunga og hefur lengi vel verið staðsett í ættkvíslinni Sansevieria, en nýjustu grasfræði- fréttir herma að hún eigi að tilheyra ættkvíslinni Dracaena. Þær fréttir eru hins vegar svo glöðvolgar að við höldum okkur við gamla ættkvíslarheitið í þessum pistli. Plöntur af þessari ættkvísl eru með stuttum jarðstöngli í jarðvegi og upp af honum koma sverðlaga blöð sem geta verið mjög mismunandi á lengd, frá um 30 cm upp í nærri 2 metra, eftir því um hvaða tegundir og yrki er að ræða. Blöðin eru nokkur saman í hvirfingu, þykk og seig, fremur safaríkk og endast lengi. Þau eru í grunninn dökkgræn á lit en geta verið með ljósgrænar, gráhvítar eða gulleitar þverrákir eða gula eða hvíta blaðjaðra. Blöðin eru með þykka vaxhúð sem ver þau gegn útgufun. Indíánafjöldur getur blómstrað ef hún er á sólríku stað og eru blómin lítil og kremhvít, nokkur saman í óreglulegum klasa sem stendur upp úr miðri blaðhvirfingunni.

## Pola bæði hjarta og skuggsæla staði

Þessar tegundir þola sólríkan stað og geta jafnvel staðið í suðurglugga, svo framarlega sem potturinn er varinn gegn brennheitri sólinni. Plönturnar geta líka vel unað sér í hálfskugga innanhúss. Þær þola vel þurt loft og er það sérlega heppilegt því loftraki

í íslenskum húsum getur verið 20-30% sem er sáralítið. Vökvun þarf að taka mið af því hversu sólríkur vaxtarstaður plantnanna er. Plöntur í suðurglugga þarf að vökva miklu oftar en plöntur á skuggsælari stöðum, útgufunin er hægari í skugganum. Þetta eru nægjusamar plöntur sem er ágætt að gefa dauða áburðarblöndu af og til yfir sumarið en eins og með aðrar pottaplöntur er rétt að sleppa áburðargjöfinni alveg yfir dimmstu mánuðina, á þeim tíma eru plönturnar ekki í virkum vexti og taka ekki upp áburð sem neinu nemur.

Með tímanum mynda plönturnar nýjar hliðarhvirfingar og fylla smátt og smátt út í pottinn sem þær vaxa í. Þegar þær hafa fyllt vel út í pottinn er kominn tími á uppottun og er rétt að framkvæma slíkar aðgerðir snemma vors, rétt áður en plönturnar fara af stað í vöxt. Hægt er að uppotta plöntum þannig að þær fari bara í stærri pott en einnig getur reynt nauðsynlegt að minnka umfang plantnanna og skipta þeim niður. Það er tiltölulega auðvelt að fjarlægja hliðarhvirfingar og setja í nýja potta. Einnig er gaman að prófa að fjölga plöntunum með því að skera blað niður í ca 5 cm þykkar sneiðar og stinga neðri enda sneiðarinnar í raka mold, eftir nokkurn tíma myndast nýjar rætur og upp vex ný planta.

## Ólík yrki

Nokkrar tegundanna eru einna algengastar sem pottaplöntur í heimahúsum. Fyrst á listanum er sjálf indíánafjöldurinn (tannhvassa tengdamamma, *Sansevieria trifasciata* sem er með löng og upprétt blöð og sennilega sú tegund sem flestir kannast við. Nokkur yrki af þessari tegund eru einnig vinsæl, svo sem tengdapabbi, *Sansevieria trifasciata* 'Hahnii' sem er lágvaxinn og krúttlegur og yrkið 'Laurentii' sem er með gula blaðjaðra. Tengdamömmunál (indíánahöfðinginn), *Sansevieria cylindrica*, er, eins og latneska heitið gefur til kynna, með sívöl og þykk blöð sem geta orðið yfir 50 cm löng með tímanum.

## Óvenju auðveld í umhirðu

Þessar skemmtilegu plöntur eru auðveldar í umhirðu. Fyrir þá sem telja sig ekki geta ræktað neinar pottaplöntur heima við, eru þetta einmitt plöntur sem gætu kveikt áhuga og sjálfstraust til að feta sig fyrstu skrefin í hinum heilandi heimi pottaplantna.

Höfundur er garðyrkjufraeðingur.



## LÖGMENN GRANDA

LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

- Veitum alla almenna lögmannsþjónustu
- Fyrsta viðtal alltaf gjaldfrjálst
- Vönduð og persónuleg þjónusta

Marteinn Jónsson lögmaður // Tryggvagötu 11, 2. hæð, 101 Reykjavík // S: 626 9922 // marteinn@granda.is



## VERKVAL EHF.

Þjódum upp á eftirtalda þjónustu:

- Holræsahreinsun/lagnahreinsun
- Rotþróarhreinsun
- Götu- og gangstéttasópun
- Lagnamyndun
- Stíflulosun

Hægt er að hafa samband við Verkval ehf. í síma: 892-3762

eða senda póst á netfangið: verkval@verkval.is



## Cinderella

Incineration Toilets

„Þetta klósett er algjör snilli. Það mun aldrei stillast. Hjóðlætt. Ekkert mál að þrifa. Mæli hikaust með. Bestu kveður Ingibergur“

## BRENNSLUSALERNI

Hagkvæm lausn við skólþvandanámum

- ✓ Engin rotþró
- ✓ Ekkert jarðrask
- ✓ Einfalt í notkun og umgengni
- ✓ Auðvelt í uppsetningu
- ✓ Ekkert vatn
- ✓ Engin lykt



516-2600

vorukaup@vorukaup.is

## Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur. Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.- Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-

Markholt 2  
Mosfellsbæ  
sími 566 8144

Segðu **BLESS** við óværuna!



## YKKAR

pest control

ALLT TIL NAGDÝRAVARNA

-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruslunum



Matarkrókurinn:

# Bragðið af matnum

Hafliði Halldórsson  
hafliði@icelandiclab.is



Finnst okkur ekki öllum gott að borða góðan mat og eigum við ekki flest okkar uppáhaldsrétt eða -rétti? En hvers vegna finnst einum það gott sem öðrum finnst óæti? Hvar við ölumst upp og sú menning og venjur sem tíðkast þar hafa auðvitað mikið að segja, en líka hlutir sem hafa verið kortlagðir af vísindum.

## Bragðskyn

Bragðskynið er flókið samspil bragðs og lyktar, áferðar og hitastigs matarins. Allt þetta hefur áhrif á bragðið, matarlystina og hvort við njótum matarins og hvort okkur þykir ákveðin fæða bragðgód eða ekki. Bragðskyn okkar skiptist samkvæmt vísindunum í fimm grunnbrögð, en það er ekki ólíklegt að fleiri skilgreiningar bætist við síðar. Grunnbrögðin skiptast í: Sætu, sýru, seltu, beiskju og umami. Bragð og lyktarskyn er samofið og það má þjálfna til að auka næmni sem er það sem gerist hjá flestum sem eru duglegir að prófa sig áfram í eldhúsinu. Stundum finnum við þar tiltekið grunnbragð eitt og sér en oft eru einhver þeirra blönduð saman og finnum við þá flóknara sambland bragðs. Af framangreindum grunnbrögðum kannast fæstir við umami-bragðið en það bragð nefnist öðru nafni „monosodium glutamate“. Það finnst í litlu magni í mörgum matartegundum, m.a. í tómtum, þangi og kjöti.

Umami yfir upp önnur brögð þannig að samspil bragðanna verður oft og tíðum allt annað þegar umami er bætt við í matinn. Við upplifum brögðin fimm oft á mismunandi hátt en þar ráða ýmsir þættir, s.s. erfðir og fyrri reynsla. Við metum bragð tæknilega með þremur skynfærum, þ.e. finnum bragð, finnum lykt og finnum áferð en hin tvö, sem eru eftir, eru sjón og heyrn og með þeim skynjum við matinn enn betur og upplifunin magnast, t.d. þegar bitið er í brakandi ferskt grænmeti.



## Börn og bragðskyn

Eitt af því sem við þurfum flest að takast á við í lífinu er að matreiða fyrir sig og sína, því matur er jú næring fyrir fjölskylduna, en um leið eru máltíðir með okkar fólki dýrmætar stundir samveru og þess að skapa minningar.

Flestir foreldrar kannast við erfiðleika við að gefa börnum að borða og þróa smekk fyrir fjölbreytt mat. En það þarf þolinmæði til að kenna barni að þekkja mismunandi brögð og er ráðlagt að láta barnið smakka í allt að 15 skipti til að prófa og samþykkja nýja fæðutegund/bragð áður en foreldrar ættu að leggja árár í bát. Ansi margir gefast upp miklu fyrr. Erfðafræði hefur eðlilega áhrif á hvernig við skynjum bragð. Genasamsetning barna getur t.d. ráðið því hversu næm þau eru á beiskt

bragð á móti sætu bragði. Sem getur útskýrt að hluta af hverju sum börn eru matvandari en önnur; þau finna raunverulega beiskara, eða meira bragð.

## Hagnýtar upplýsingar?

Er eitthvað í þessu rausi sem getur gagnast þeim lesendum sem hafa áhuga á matreiðslu og voru hér sviknir um uppskrift? Í nútímanum eru ansi margir orðnir vanir mjög sætum mat, og við Íslendingar sem borðum hræðilega hátt hlutfall af gjörnum mat, sem merkilegt nokk er sjaldnast settur saman með heilsu okkar í huga, enda erum við „best“ í Evrópu í því að safna aukakílóum. Ég held að ansi margir hafi vanið sig á sætt bragð í mat umfram annað sem er alvöru vandamál. Hvet ykkur til að brjóta

upp þann vana með því að sleppa markvisst sætuefnum í annað en eftirrætti og kökur og halda áfram að þróa bragðskynið.

## Sýra eða sætt

Sýran dregur fram náttúrulegt bragð hráefnisins hvort sem það er fiskur, kjöt, grænmeti eða ávextir og getur verið safi úr sítrusávöxtum eða edik. Ef þið prófið að bæta sýru við til að bragðbæta og fíkríð ykkur áfram smátt og smátt er sennilegt að þið hafið verkfæri til að auka bragð og draga fram ferskleikann í góðu hráefni. Kreistið sítrónu yfir steiktan fisk eða grillað kjöt, setjið edik í sósuna og súpuna. Smakkið ykkur áfram og haldið áfram að þróa bragðskynið og bætið markvisst inn fleiri grunnbrögðum.

# KROSSGÁTA

258	FNÆSA	STJÓRNA	KÚGA	STUNDA	BEYGRUR	TEFJA	NAFN-GREINA	SVOLTIÐ	PUKRAST
GLEÐI-MERKI					ÓHEMJU				
GÆLU-NAFN					KNEYFA				
NÝLEGA					KVARS-STEINÞORA				
TVEIR EINS			NÁ-SKYLDUR					BOTN-VARPA	
FRJÓANGI			MATJURT						
	↓	RÖÐ	PUÐAR				GÆLUNAFN		
			HVÍLST				GRÆNMETI		
ÓHEFLAÐUR				TVEIR EINS		HRÓPA		Í RÖÐ	
				ÓFUGT				LYFTAST	
FÉMUNIR				HANGA Á			FÚI		
				AFSVAR			HREINSAD		
TVEIR EINS			EGGJA			TÍMABIL			SKYNFÆRA
			DRATTAST			ÓVILJUGUR			
ÞREYTA			FÍNGERÐ			RÓTA			
			HOLU-FISKUR			SPILLA			
			NAFN			EGNA			SKJÓL
			SPÝTA			TÍMASKEIÐ			
HLÉ				SJÚKT				ÓFUG RÖÐ	
				ÞESSI				STJÓRN-PALLUR	
FLÍK				MÍÐA				ÁKALL	
				ÓFUG RÖÐ				SEM	
ÞVAGA				KETIL-BUMBUR			NAFN		
SEMSÉ									URMULL

## Lausn á krossgátu í síðasta blaði

257	LEFFI	VEÐRUN	KJETTIST	VARSLA	MÓGLA	BJARGA	BÖLVAN-LEGA	VERKFERI	BRODDAR
KRINGUM	U	M	H	V	E	R	F	I	S
MYLJA	M	O	L	A	HLOT-SKIPTI	Ö	R	L	Ö
UNDIR-TYLLA	B	L	Ó	K	HJÓL-GJÖRD	F	E	L	G
ÓFUG RÖÐ	O	N		HALDAST	T	O	L	L	A
AFLEAUN			TOFTIR						HROTTA-LEGUR
	↓	ILMUR	PYKR	Á	Ð	U	R	FRAMKOMNA	F
			Í RÖÐ					ÓFUG RÖÐ	F
ÞÓ	S	A	M	T	EKKERT	N	Ú	L	L
			EINFALT					SMÁMYNT	A
RADTALA	A	N	N	A	R	S	K	O	R
					STIGA-EJÓLDI				VEGÐUR
					RÓANDI				HELIAR-MENNI
TVEIR EINS	G	G	VARP	K	A	S	T	FRERI	F
			SKROLLA					SETT	F
LOFTFAR	F	I	S	ÞRÖTT	K	E	I	L	A
			KRÆKJA						ÞUS
	I	K	L	F	R	A	H	J	Ó
		KLÓWRAST	BÁTUR				FRAR-TÆKJA		SKAMMIR
SKRUÐA	S	K	R	Æ	Ð	A	G	Á	R
						BYLJAN			TRE
VALDI	K	A	U	S	N	E	T	T	U
					SMÁ-GERÐUR				ÓFUG RÖÐ
ADDÁNDI	U	N	N	A	N	D	I	A	F
									EFTIR
KNJJA	R	Ó	A	M	I	K	I	L	L
				ÆRINN					STILLTUR
									R

www.bbl.is



## HUGARÍÞRÓTTIR



Ómar Olgeirsson og Stefán Jóhannsson stóðu sig best Íslendinga og uppskáru silfrið í tvímenningi Reykjavík Bridge Festival. Mynd / AJ



Gríðarlegur fjöldi spillara tók þátt í þremur mótum í Hörpu. Mynd / BP

## Glæsileg hátíð að baki

Norður		♠ Q10932 ♥ Q96 ♦ Q9843 ♣	
Vestur		Austur	
♥ J76 ♦ KQ986532 ♣ J6		♠ 84 ♥ J1074 ♦ K10875 ♣ A2	
Suður		♠ AK5 ♥ A ♦ AJ432 ♣ K1075	



Björn Þorláksson.

Allt gekk upp við framkvæmd Reykjavík Bridge Festival í Hörpu á dögnum. Bridgesamband Íslands hefur enn eina ferðina unnið stórvirki. Síðdegis á sunnudag, fyrsta febrúar, héldu mörg hundruð manns sáttir heim í mótslok eftir ofurmót, tvímenning og sveitakeppni. Veizla að baki!

Í tvímenningi hátíðarinnar gerðu Ómar Olgeirsson og Stefán Jóhannsson sér lítið fyrir og lönduðu öðru sætinu. Í sveitakeppninni stóð sveitin Tíminn og vatnið sig best af íslensku sveitunum, hafnaði í fjórða sæti. Ómar og Stefán voru þar líka um borð en með þeim spiluðu Hlynur Garðarsson-Jón Hersir Elíasson og Guðmundur Snorrason-Kjartan Ingvarsson. Vel gert!

Stórstjarnan Zia Mahmood lét sig ekki vanta á Reykjavík Bridge Festival og Zia stal senunni í sveitakeppninni með frumlegri blöfssögn í 4. umferð.

Norður gefur, Norður suður á hættu.

Eftir tvö þöss var opnað á tígli í suður. Zia sem sat með áttlit í hjarta en engin háspil í öðrum litum og eyðu í tígli „fúlaði“ á einu grand í umhugsunar! Lofaði 16-18 punktum og ballanseraðri hendi. Norður passaði hálf vankaður, makker Zia meldaði stayman, dobl hjá suðri sem vissi ekkert hvað var að gerast, Zia stökk ú í 4 hjörtu! Og fékk að spila þau dobluð, sem er ansi góður árangur í ljósi þess að NS eiga 650 í 5 spöðum. Þrjú þör fengu reyndar að vinna 6 spaða! Svona melda snillingar og gamlir refir!

Umsjón: Björn Þorláksson, bjornthorlaksson@gmail.com



Erfinginn:

## Helga Kolfinna

Nafn: Helga Kolfinna.

Aldur: 6 ára.

Stjörnumerki: Krabbi.

Búseta: Í Hlíðunum í Reykjavík.

Skemmtilegast í skólanum: Að reikna.

Áhugamál: Að fara í sund, leika með vinum mínum.

Tómstundaiðkun: Æfi fótbolta með Val.

Uppáhaldsdýr: Blettatígur.

Matur: Ristað brauð með smjöri, sveppasósa.

Lag: Morgunmatur með GKR.

Litur: Bleikur.


Mynd: Leynilíf gæludýra.

Fyrsta minningin: Þegar ég söng vitlaust í lagi í leikskólanum.

Ánægð með í fari mínu: Hvað ég er fyndin.

Skemmtilegasta sem ég hef gert: Keppa á fótboltamóti.

Hvað ætla ég að verða þegar ég verð stór: Ég vil verða mamma.



Viltu taka þátt? Hafðu samband. sigrunpeturs@bondi.is

## Dagur skákmeistari Reykjavíkur



Gauti Páll Jónsson.

Alþjóðlegi meistarinn Dagur Ragnarsson vann öruggan sigur á Skákþingi Reykjavíkur sem lauk nú á dögnum. Dagur tók eina hálf vinnings yfirsetu vegna taflmennsku erlendis en vann annars allar skákir sínar átta að tölu. Þetta er í annað sinn sem Dagur verður skákmeistari Reykjavíkur en hann náði einnig þeim titli árið 2024. Heilir tveir vinningar voru í næstu menn með 6½ vinning, þá Jóhann Ingvason, Halldór Grétar Einarsson og Bárð Örn Birkisson. Dagur náði sér síðan í þriðja sætið á hraðskákmóti Reykjavíkur að loknu Skákþinginu, fyrir neðan Björn Hólm Birkisson og Vignir Vatnar Stefánsson, sem vann allar skákir sínar nema gegn Degi. Reyndar endaði Dagur síðan daginn á að vinna stórmeistarann Braga Þorfinnsson 4-1 í netskákeinvígi Síminn Invitational.

Það er gömul hefð fyrir því að Skákþing gamalgróinna félaga fari fram snemma á hverju ári. Meðan þessi orð eru skrifuð, er Skákþing Vestmannaeyja enn í gangi, þar sem 10 skákmenn tefla allir við alla. Sterku Skákþingi



Dagur Ragnarsson vann öruggan sigur á Skákþingi Reykjavíkur. Mynd / Tómas Tandri.

Akureyrar lauk með sigri Símons Þórhallssonar en á dögnum var fjallað um sigur hans í Færeyjum, þar sem fjöldi Íslendinga tók þátt. Áskell Örn Kárasón, formaður Skákkfélagsins, reyndist mikill áhrifavaldur í mótinu fyrir Símon, með því að vinna Jón Kristin Þorgeirsson

í síðustu umferð. Jón Kristinn hristi tapið gegn Áskeli af sér með því að vinna Sigurð Daða Sigfússon 4-1 í netskákeinvígi í Símamótinu, sömu úrslit og hjá Degi gegn Braga.

Í kvöld, fimmtudaginn 12. febrúar, verður fimmtudagsmót hjá Taflfélagi Reykjavíkur, en einnig hraðskákmót á vegum Skákkdeildar Hauka, í veislusalnum Ásvöllum. Það er ekki á hverjum degi sem skákmenn geta valið um tvö reiknuð hraðskákmót á höfuðborgarsvæðinu! Haukar eru ekki eina félagið sem bryddar nú upp á nýjum skákviðburðum, en Skákkfélag Mosfellsbæjar ætlar einnig að halda mánaðarleg skákmót, á laugardögum. Hið fyrsta verður einmitt næstkomandi laugardag, þann 14. febrúar. Allar upplýsingar um mótið má nálgast á skakmos.is. Það verður gaman að fylgjast með þessum nýju mótum og vonandi eru þau komin til að vera. Að lokum minni ég á mótaáætlun Skáksambandsins á skák.is fyrir alla sem hafa áhuga á því að prófa að tefla. Það er eitthvað fyrir alla í boði!

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

Umsjón: Gauti Páll Jónsson, Gauti.pj@hotmail.com

## SUDOKUÞRAUTIR

Létt

1	5	8						2	7
		7	8	2	5	4			
2			3	7	1				
		5	1			8		3	
8			4		2	6		5	
	6	4		8	7				
		3						6	2
	7			1	4			3	
6		1		9					5

Miðlungs

						8		4	
	7	2						1	
5	1		7						3
		3				2			
				1	9			8	
			3	5		1			
4			9						
	2		5			7			
				3	8				

Þung

7		4						3	
					6				
	1		3					9	
	5					2			
			7	8					
	8	6	5	4					
			6					1	
	4	5				6			
1			9						8

Þyngst

		3	9				1		2
							6		
2		8			6		5	9	
					2				
			2	9					5
					8	5			7
		6	3		9			4	
7							8		
			4	7					

Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.



## Stjörnuspá

**Vatnsberinn** hefur nú fundið drifkraftinn á ný og trúna á sjálfan sig. Andlit mót sólu gerir gæfumuninn eins og hann hefur uppgötvað og ætti að halda þeirri vegferð áfram. Slaka vel á og þá munu ýmsar dyr opnast sem voru harðlæstar fyrir. Hlappatölur 6, 16, 11.

**Fiskurinn** hefur nýverið tekið ákvarðanir sem þarf að skrifa í stein. Hætta að rótera lífi sjálfs síns og annarra því festa og öryggi eru hér lykilorðin. Þó ekkert sé heilagt í raun, þarf líka að muna að halda sig við það sem ákveðið hefur verið svo allt fari nú vel. Hlappatölur 31, 13, 3.

**Hrúturinn** er nú að endurskrifa líf sitt og þarf að gera sér grein fyrir hvað það er sem hefur hamlað honum í fortíðinni. Hann þarf að hætta öllu volæði og gera sér grein fyrir að siendurtekin vorkunn gerir engum gott, en hins vegar væri ráð að fá aðstoð sérfræðinga. Hlappatölur 15, 56, 17.

**Nautið** finnur hvernig vorið umleikur það og áhyggjur vetrarins dvína. Af og til hefur nautið verið að sjá fyrir sér það líf sem það vill láta leika við sig og ætti að einblína sem fastast á þá tilveru. Þá verður hún nefnilega til, því hugsanir skapa heiminn. Hlappatölur 8, 18, 91.

**Tvíburinn** finnur hvernig rólegheitin umlykja sig og hversu gott það er að vera ekki á sífelldum æðibunugangi með allt og ekkert á þrjónunum. Þ.e.a.s. þeir tvíburar sem hafa farið eftir áramótaspá Bændablaðsins. Róin mun flytja fjöll og vegna hennar mun eitthvað koma skemmtilega á óvart fyrr en varir. Hlappatölur 28, 37, 12.

Heimur **krabbans** þyrfti svolitla yfirferð. Hlutirnir virðast á ágætu róli en nú þarf að setjast niður og gera áætlun vel fram í tímann. Hverja vill krabbinn umgangast og hver er hans hlutur í þeim efnunum. Hér er gott að stíga út fyrir þægindarammann og öryggið, jafnvel flytja erlendis um tíma. Hlappatölur 66, 17, 11.

**Ljónið** er nú hægt og sigandi að stíga skref í átt að betra lífi þar sem einungis valdar persónur hafa aðgang að honum. Svik og prettir einhvers sem hefur gert honum lífið leitt munu skella af öllu afli á gerandann – alveg þannig að ljónið mun reisa makkann og öskra af ánægju. Hlappatölur 39, 13, 19.

**Meyjan** hefur legið í veikindum eins og þorri landsmanna. Hún hefur þó nýtt tímann ágætlega – eða ætti að gera það, þær sem enn liggja, því þær hugmyndir sem vakna munu flytja fjöll. Meyjunn er þó bent á að fara sér hægt um þessar mundir, hvort sem varðar veikindi eða hugmyndir. Hlappatölur 18, 12, 3.

**Vogin** finnur, líkt og nautið, hvernig sólin skín og líf hennar léttist. Nú er um að gera að halda um taumana og halda áfram að elta sólargeisla því mikil lukka verður á vegi vogarinnar innan skamms. Enda á hún það sannarlega skilið. Hlappatölur 4, 5, 22.

**Sporðrekin** þarf að gera upp við sig hvort hann vilji í raun vera enn í því sambandi, eða þeim samböndum sem hann er. Er hjúskaparstaða hans í lagi? Vinahópurinn þéttur og heidarlegur? Nú er tíminn til að grísa úr það sem ekki veitir hamingju. Hlappatölur 88, 28, 90.

**Bogmaðurinn**, líkt og sporðrekin, þarf einnig að taka stöðuna þegar kemur að nánnum samböndum. Hann þarf þó að kafa enn dýpra í sjálfnið og gera sér grein fyrir hvenær hann var síðast hamingjusamur – í alvörunni. Stefna svo þangað aftur. Hlappatölur 13, 44, 5.

**Steingeitin** hefur unnið gott starf að undanförmu með sína nánustu og má vera ánægð með sig. Þó ýmsir vankantar kunni að leynast í hennar nánustu samböndum má hún vera viss um að hún er mörgum kær. Steingeitin má því brosa við sólinni og gleðjast í hjarta. Hlappatölur 45, 12, 33.



Á fjöllum Freyvangsleikhússins standa leikendur verksins, Tom, Dick & Harry, og skal engan undra að Jóhanna Jeanne Caudron í hlutverki Lindu, eiginkonu Toms, byrstir sig við þá bræður, enda uppátektarsamir með meiru. Tom, klæddur skyrtu, er leikinn af Bernharð Arnarsyni, Dick af Hjalmarí Arinbjarnarsyni, (standandi) og Harry í rauða gallanum af Jóhannesi Má Péturssyni. Mynd / Bubbi

### Áhugaleikhúsin:

# Ómetanlegt framlag til samfélagsins

Nú eru áhugaleikhúsin á fullu við að gíra sig í sýningar, en á vef **BÍL** má finna hinar ýmsu upplýsingar þess efnis. Einnig verður að segja frá tækninámskeiði á vegum Þjóðleikhússins sem getur komið áhugasömum til góða.

Gaman er að segja frá því að í fyrra, nánar tiltekið þann 12. ágúst, fagnaði Bandalag íslenskra leikfélaga 75 ára afmæli sínu, líkt og Þjóðleikhúsið, en formaður stjórnar BÍL, Ólöf Arnbjörg Þórðardóttir, segir í ársriti félagsins; „Þessi aldur markar ekki aðeins langa vegferð heldur einnig ómetanlegt framlag áhugaleikfélaga til íslenskrar menningar, samfélags og mannlífs um land allt.“

Áhugaleikhúsin telja nú yfir fjóra tugi víðs vegar um landið þar sem fólk úr öllum starfsstétum kemur að, enda um mikilvægan og merkilegan þátt menningarlífs okkar þjóðar að ræða.

#### Beint í æð

Áhugaleikhús Ísafjarðar, **Litli leikklúbburinn**, sem stofnað var árið 1965, hefur nýverið sett á fjalirnar gamanleikritið Beint í æð eftir Ray Cooney. Þar er allt á suðupunkti, misskilningur,

leyndarmál og ótrúlegar aðstæður sem fara hratt úr böndunum. Leikstjórn er í höndum Birgittu Birgisdóttur en alls koma um þrjátíu manns að uppsetningunni, þar af tíu leikarar.

Sýningar fara fram í Edinborgarhúsinu á Ísafirði dagana 13., 15., 19. og 21. febrúar kl. 20. Miða má fá á midix.is og er miðaverð 6.500 kr. (15% hópafsláttur ef keyptir eru 10 miðar eða fleiri.)

#### Tom, Dick og Harry

**Freyvangsleikhúsið í Eyjafirði** frumsýnir verkið Tom, Dick og Harry, einnig eftir Ray Cooney.

Líkt og höfundurinn er þekktur fyrir er um sprenglægleigan farsa að ræða, í þetta skipti um hjónin Tom og Lindu. Þau eiga von á manneskju frá ættleiðingarstofnun sem ætlar að líta á heimili þeirra, en bræðrum Toms, þó velviljaðir séu, tekst að setja allt á annan endann og klúðra fyrir þeim málum. Þetta er grínverk af bestu gerð sem mun heldur betur kítla hláturtaugarnar.

Bræður Toms, þeir Dick og Harry, eru sem sé ekki alveg skörpustu hnífarnir í skúffunni og eru með alls konar ráðabrukk og hugmyndir til þess að einfalda lífið, bæði fyrir

sjálfan sig og þau Tom og Lindu.

Inn í þetta fléttast svo ýmsar persónur sem flækja málin. Því má segja að það fari kannski ekki allt sem skyldi og flækjast málin allverulega.

Frumskýnt verður föstudaginn 20. febrúar nk. klukkan 20, en frekari sýningar verða á föstu- og laugardögum næstu þrjár vikur eftir frumsýningu. Nánari upplýsingar og miða má svo nálgast í síma 857-5598 og á tix.is.

#### Tækninámskeið Þjóðleikhússins

Á vefsíðu Bandalags íslenskra leikfélaga, [www.leiklist.is](http://www.leiklist.is), kemur fram að fræðsludeild Þjóðleikhússins muni standa fyrir tækninámskeiðum dagana 21. og 22. febrúar nk. Þar verður farið yfir helstu atriði er varða ljósa- og hljóðtækni.

Námskeiðið er ætlað ljósa- og hljóðmönnum áhugaleikhúsa, félagsmiðstöðva, framhaldsskóla og

þeirra sem vinna með ljós og hljóð á öðrum vettvangi.

Þátttakendur þurfa að hafa náð 17 ára aldri og hafa eitthvað fengist við ljósa- og hljóðvinnu áður. Námskeiðið verður kennt í Þjóðleikhúsinu og leiðbeinendur eru tæknimenn Þjóðleikhússins.

Námskeiðin standa dagana 21. og 22. febrúar og fara fram sem hér segir:

**Laugardagur 21. febrúar:** Ljós 09.30 - 12.30 og 13.30 - 15.00  
**Sunnudagur 22. febrúar** Hljóð 09.30 - 12.30 og 13.30 - 15.00  
Nánari upplýsingar og skráning er á vef Þjóðleikhússins.

Að þessu sögðu vil ég hvetja sem flesta til að kynna sér starf áhugaleikhúsanna í sínu nærumhverfi því þar ættu flestir að finna sinn sess – hvort sem er á sviðinu eða bak við tjöldin. /sp



Litli leikklúbburinn frumsýndi farsann Beint í æð á dögnum við mikla ánægju leikhúsgesta. Mynd / BÍL

## Vísna gáta

Þessi er langur og líka mjór  
leynist í nöfnum borga  
hann er kvísl og kaldur sjór  
krás sem margir torga.

Lausnin er eitt nafnorð með fjórar mismunandi merkingar. Lausnin verður birt á vef Bændablaðsins, [www.bbl.is](http://www.bbl.is), mánudaginn 19. janúar.

Umsjón: Guðbjörn Sigurmundsson  
Guðbjorn.Sigurmundsson@mk.is



www.velaval.is - Alltaf opið



**VÉLAVAL**

- Sendum um land allt -

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** [www.bbl.is/smaauglysingar](http://www.bbl.is/smaauglysingar)

**Verð:** Textaauglýsing kr. 3.200 m/vsk (innan við 140 slög) og kr. 7.500 texti + mynd.

**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

Sími: 563-0300 Netfang: [augl@bondi.is](mailto:augl@bondi.is)

**Jesús sagði:**

„Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.“

Matt. 28.20

biblian.is

## Lok á heita potta



Fjórar stærðir af lokum á lager, m/rúnuðum hornum, 1 cm svuntu, fjórum festingum, og prem styrktarbitum. Þykkt 12 cm. Verð kr. 85.000 Til í tveim litum.



**GODDI.IS** Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550

## Hársnyrtistofan Topphár

Dverghöfða 27, 110 Reykjavík

Bændur og búalið og allir hinir hjartanlega velcomin

Opið 8-17 virkar daga og 10-16 á laugardögum

Engar tímapantanir bara mæta!



## HYDRO Heitur Pottur



Þessi 6 manna heiti pottur er fullkominn fyrir fjölskylduna. Með einum legubekk og fimm venjulegum sætum veitir þetta líkan hámarks pláss til að slaka á.

Allir pottar með Wifi-Tengingu!

Verð aðeins kr. 850.000

Innbyggð LED ljósin breytast hægt í gegnum sjó

**GODDI.IS** Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550



Sólóeldavél til sölu. Tilboð óskast. Allar nánari upplýsingar í s. 867-1750.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosf. s. 894-5111 Opið 13-16.30 [www.brimco.is](http://www.brimco.is)



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 til 11.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



Infrarauður klefi, 150x120x200 sm. (BxDxH) Er með halogenljósum, bæði að utan og innan ásamt útvarpi m/blátannartengingu, m/fjarstýringu, kolefnahitaplötum og hreinsibúnaði. Viður er þöll (hemlock). Klefinn er mjög auðveldur í samsetningu. Orkunotkun er 2.100w. Verð aðeins kr. 260.000

**GODDI.IS** Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550



Pantaðu leigubíl í s. 588-5500.



Til sölu Hyundai Tucson, 4x4, dísil, árgerð 2016. Sjálfskiptur, ekinn 128.000 km. Verð kr. 2.590.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.

## BÓKLEGT VINNUVÉLANÁM Á NETINU

Nám sem gefur rétt til prófs á allar gerðir og stærðir vinnuvéla\* Opið allan sólahringinn

**VERÐ 70.000 kr.**

**VINNUVÉLA SKÓLINN**

[vinnuvelaskolinn.is](http://vinnuvelaskolinn.is)

- á íslensku og ensku



Slátturóbótarnir frá FJDynamics eru hannaðir fyrir fagfólk og kröfuharða notendur. Breið lína róbóta sem slá allt frá 2.000 m<sup>2</sup>–30.000 m<sup>2</sup> á dag. Frábær lausn fyrir golfvelli, íþróttavelli, verktaka, sveitarfélög o.fl. [www.agro.is](http://www.agro.is) - s. 823-7080 - [baddi@agro.is](mailto:baddi@agro.is)



Krone compriima cf 155xc, árgerð 2015, notuð um 12.000 rúllur. Stíflulosun, söxun, myndavél á pökkun Stillanleg rúllustærð, vélin alltaf geymd inni. Staðsett í Mýrdalnum. Verð kr. 5.500.000 +vsk. S. 894-0218 Atli.

## Útihúsgögn.is

### PANTANIR HAFNARI!

TRYGGIÐ YKKUR AFHENDINGU Í VOR HANDSMÍÐUÐ GÆÐAVARA

- Douglasgreni elk

info@utihusgogn.is [www.utihusgogn.is](http://www.utihusgogn.is)

FALLEG OG ÖÐRUVÍS!

- Fyrirtæki
- Bæjarfélög
- Heimili
- Sumarbústaðir
- Hótel
- Veitingastaðir



Borðbekkir



Garðbekkir



Borðsett 4 - 12 manna



Hringborð

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta. Úrvalið hefur aldrei verið meira.

## Nýtt heimilisfang Desjamýri 14



Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum. Skoðuðu úrvalið á [www.brimco.is](http://www.brimco.is) eða kíktu í helmsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3, 4 og 5 hesta.

**BRIMCO** DESJAMÝRI 14 - 270 MOSFELLSBÆ SÍMI: 894 5111 - [www.brimco.is](http://www.brimco.is)



**Claas Arion 460.**

Árgerð 2015. 140 hp.  
Notkun 5.200 klst.  
Ámoksturstæki og skófla.  
Verð kr. 7.800.000 +vsk.

**Valtra N114e.**

Árgerð 2020. 125hp.  
Notkun 2.400 klst.  
Ámoksturstæki og skófla.  
Verð kr. 10.500.000 +vsk.

**Taarup I-BIO.**

Árgerð 2007.  
Notkun 15.000 rúllur.  
Alltaf geymd inni.  
Verð kr. 1.850.000 +vsk.

**Kuhn HR 4004D pinnatæteri.**

Árgerð 2021. 4m vinnslubreidd.  
Vel með farinn.  
Verð kr. 2.300.00 +vsk.

**JCB 536-60 AGS.**

Árgerð 2018., Notkun 5.800 vst.  
Gafflar og Skófla. Vél í toppstandi.  
Verð kr. 7.200.000- án/vsk.

**JCB 535-95 Ind.**

Árgerð 2020. Notkun 4.900 vst.  
Gafflar með hliðarfærslu.  
Vél í toppstandi.  
Verð kr. 9.900.000- án/vsk.

**JCB 538-60AGS.**

Árgerð 2020. Notkun 2.600 vst.  
Gafflar og skófla.  
Verð kr. 8.900.000- án/vsk.



**www.velfang.is**  
**velfang@velfang.is**  
**Gylfaflöt 32, Reykjavík**  
**Óseyri 8, Akureyri**  
**Sími: 580-8200**

# ÁSCO

## STARTARAR OG ALTERNATORAR Í MIKLU ÚRVALI



### RAFGEYMAR OG RAFÞÚNAÐUR FYRIR DRÁTTAR- OG VINNUVÉLAR.

**ÁSCO**

Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is

BÍLARAFAVN



Riflegur afsláttur af síðustu snjó-  
blásurinum fyrir dráttarvélar og  
fjór hjól. Nýtt blað á [www.hardskafi.is](http://www.hardskafi.is)  
– [sala@hardskafi.is](mailto:sala@hardskafi.is) – S. 555-6520.



Til sölu björgunarskipið Ingibjörg  
2638 Arun Class smíðuð árið 1987.  
Í skipinu eru tvær Caterpillar 3408.  
Staðsett á Hornafirði. Opið er fyrir  
tilboðum í skipið. Ástand: Skipið  
hefur verið í virkri notkun fram á  
síðasta ár, vel við haldið. Frekari  
upplýsingar, [bjornj@landsbjorg.is](mailto:bjornj@landsbjorg.is)



Toyota Starlet '93 ekin 64.000  
km. Alltaf á Egilsstöðum. Tveir  
eigendur, beinskiptur, ryðlaus.  
Nánari upplýsingar og tilboð í  
s. 862-4180.



Manitou MRT 2540+ lyftari, árgerð  
2010, notaður tæplega 6.500 tíma.  
Karfa fylgir með. Ásett kr. 10.100.000  
+vsk. Guðmundur Þór s. 896-6887  
netfang: [gudmundurthor@stigandihf.is](mailto:gudmundurthor@stigandihf.is)



Caterpillar D6D jarðýta, árgerð 1978.  
Vél í toppástandi, miðað við aldur.  
Notuð innan við 20.000 vinnustundir.  
Verðhugmynd kr. 3.700.000.  
Upplýsingar í s. 847-1960 eða í  
netfangið: [gisljios@simnet.is](mailto:gisljios@simnet.is)



Er að selja nánast nýja Brenderup  
3.5 tonna kerru. Burðargeta 2.862  
kg. Innanmál á kerru er 4,1 m x  
1,85 m. Heildarlengd 5,5 m. Keypt  
og nýskráð í ágúst hjá Bílanaust,  
henni fylgir 3 ára ábyrgð. Með henni  
fylgja stuðningsfætur að aftan ásamt  
stórum meðfærlægum álsliskjum sem  
þola 3.800 kg. Verð kr. 1.500.000 m/  
vsk. Upplýsingar í s. 788-5040.




Til sölu SsangYong Rexton DLX,  
4x4, dísil, árgerð 2017. Sjálfskiptur,  
ekin 149.000 km. Verð kr.  
2.690.000 – notadir.benni.is –  
s. 590-2035.



Handbeygjuvél 3 m löng. Beygir allt  
að 2 mm galvblikk. Með landi að  
aftan. 4,25 m x 1,20 m. Óska eftir  
tilboði. Upplýsingar í s. 896-0679.



Plötusax. Klippir allt að 2,5 m og  
2 mm þykkt galvblikk. Frá Jörg  
og í toppstandi. Óska eftir tilboði.  
Upplýsingar í s. 896-0679.



Stór Cerama glerofn til sölu. Mikið  
af mótum, litum og verkferum.  
Endilega hafa samband við Kötu,  
s. 804-9306. Netfang. [kataogstjani@gmail.com](mailto:kataogstjani@gmail.com)



Til sölu Suzuki Vitara ALL-GRIP,  
árgerð 2017, ekin 91.000 km.  
Sjálfskiptur, dísil, fjór hjóladrífinn,  
ISOFIX í aftursætum, bakkmyndavél,  
litað gler, heilsársdekk. Tvílitur,  
grár/svartur með tvöfalda toppplúgu.  
Einn eigandi. Verð kr. 2.650.000.  
Upplýsingar í s. 895-5330 eða  
[erlag66@gmail.com](mailto:erlag66@gmail.com)



Til sölu M. Benz Actros árgerð 1999.  
Búkkabíll með sturtupalli í ágætu lagi.  
Ekin 925.000 km. Mjög snyrtilegur  
bíll sem var lengi kennslubílfreið.  
Innfluttur notaður á sínum tíma. Varð  
gjaldalaus árið 2024. Dráttarstóll  
undir palli. Einstaklega ljúfur í akstri.  
Fæst á kr. 1.500.000 enginn vsk.  
Staðsettur á Austurlandi. Uppl. gefur  
Balður í s. 861-1961.



Til sölu Opel Grandland X AWD  
Phev, 4x4, Bensín/rafmagn, árgerð  
2021, sjálfskiptur, ekin 64.000 km.  
Verð kr. 3.150.000 – notadir.benni.  
is – s. 590-2035.



Viðskiptatækifæri með ferðabíl til að  
draga tveggja hásinga vagn. Skemmti-  
lega hannaður. Opnast að aftan, lúga  
og gluggar. Gengið inn að framan.  
Gott vinnuplás, engin hlaup. Tæki og  
tól: Gas, 3ja fasa rafmagn, heitt og  
kalt vatn. Grill (gas) stórt kæliborð,  
4 djúpsteikingapottar, súpupottur,  
samlokugrill, bakarofn og tveggja  
hellna eldavél. Hitaskápur (simmar),  
smoothie/ísvél, 4 vaskar, skápláss,  
stór kælskápur og Chevy van 2002  
sjálfsk. Með rúmi aftast. Ásett verð  
kr. 4.500.000. Uppl. S. 820-5181.



Vel með farið. Honda TRX 500/  
FGA Fourtrax keyrt 3.000 mílur.  
Dráttarkrókur, grind framan og aftan,  
varatankur og ný dekk. S. 895-1040  
- Steini.



Rafmagnspottur, einfasa, 2.000  
wött, um 120 cm á hæð. Tilvalinn  
fyrir matvælavinnslu, litun á ull o.fl.  
Verð kr. 40.000. Er í Reykjanesbæ  
s. 774-1661.



Nýr krókheypisvallur 6 m langur, 6  
mm í botni og 4 mm í hliðum, hardox  
450. Loftvör. Verð kr. 1.700.000 +vsk.  
Upplýsingar í s. 866-3802.




Unimog 1974, fornbíll, mikið endur-  
nýjaður. Sólarsellur, dísilmiðstöð  
og helluborð. Afhentur með nýrri  
skoðun. Myndir á [www.sij.is](http://www.sij.is) um Unimog  
Verð kr. 4.300.000- bein sala.  
S. 777-1777 eða  
[UnimogE2022@gmail.com](mailto:UnimogE2022@gmail.com)



VW-Crafter. 4x4. Með álpani.  
Ótrúlega lipur og léttur í akstri.  
Árgerð 2020. Ekin aðeins 47.000  
km. Verð kr. 5.500.000 +vsk. Engin  
skipti. Geggjaður bíll. S. 893-8577  
[sverrisutgerdin@gmail.com](mailto:sverrisutgerdin@gmail.com)



Tilboð á nýrri 3ja öxla kerru. Pallur,  
stærð B 248 x L 503 cm. Sliskjur  
fylgja. Verð áður kr. 2.234.000 m/  
vsk. Tilboð nú, kr. 1.990.000 m/vsk.  
H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Plastgrindur í fjárhúsgólf. Þýsk  
hönnun og framleiðsla. Stærð 800  
x 600 mm. Möskevastærð 14 mm. H.  
Hauksson ehf. S. 588-1130.




Dísil hitari. 5 kw. 12 og 24 volt.  
Óll þjónusta. Verð kr. 53.900.  
Orkuþóndinn.is Tranavogi 3,  
104 Reykjavík. S. 888-1185.



**VETRARTÆKI**

-Mikið úrval á lager-

**PRONAR****Fjölplogar PUV „M“ Diagonal**

Með stjórnbúnaði. Án festiplötu.

- 2,6 m
- 2,8 m
- 3,3 m

**Fjölplogar PUV – Heavy Duty**

Með stjórnbúnaði. Án festiplötu.

- 3,6 m
- 4,0 m

**Slitblöð**

Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga

**Salt- og sanddreifari:**EPT15, 1,5 m<sup>3</sup>, rafstýring, 12V**Tokvam®****Fjölplogar VT320 & VT380**

Sterkir plógar fánlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.

Fjöldi aukahluta í boði.

**Salt- og sanddreifarar**

SMA510 / 150 cm  
SMA800 / 200 cm  
SMA1100 / 200 cm  
SMA1600 / 230 cm

Möguleiki á glussa yfirtengi

**Snjóblásarar**

241 THS Flex  
256 THS Flex

Fjöldi aukahluta í boði.



Nánari upplýsingar og verð má finna á á heimasíðu okkar [afvelar.is](https://www.afvelar.is)

**AFLVÉLAR**

Vesturhraun 3, 210 Garðabæ  
Gagnheiði 35, 800 Selfoss  
Njarðarnesi 1, 603 Akureyri  
Sími 480 0000 | [www.afvelar.is](https://www.afvelar.is)



Girðingarstaurar úr járn, 1.800 mm langir. Gataðir fyrir net og heitgalvaniseraðir, 3 mm. Staurarnir eru Y laga og extra sterkir, þar sem flaugin eru þrjú. Fáum takmarkað magn, verð kr. 1.178 +vsk. Erum að taka niður pantanir. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang: [jhh@hak.is](mailto:jhh@hak.is) [www.hak.is](http://www.hak.is)



Musso Sport árgerð 2004. Ekin 223.000 km. Er ekki á skrá. Þarfnast viðgerðar fyrir skoðun. Verð kr. 300.000. Frekari uppl. Halldór í s. 897-6083.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérþöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 [www.brimco.is](http://www.brimco.is) Opið frá kl.13-16.30.



10 fermetra A hús nýsmíðað af fagmönnum til sölu. Húsið er fullt tilbúið klætt með 120 mm ull og plastað. Rafmagnsefni fylgir með. Allar nánari uppl. í s. 696-6000.



Nýr Toho liðléttingur. Vél dísil Xinchai EURO 5. Lyftugeta eitt tonn. Verð kr. 1.980.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130



Gólfhiti, gólfraesing fyrir 16mm. rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra frá kr. 4.500 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á <https://www.golffraesing.is> s. 892-0808 - Oliver

# SALT- OG SANDKISTUR

GULAR OG GRÁAR – ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

## BORGARPLAST

STOFNAÐ 1971

# VINNUPALLAR

- ÖRUGGAR LAUSNIR -

## Verum sýnileg í myrkrinu

- Létt og nett ennisljós með 32 klst rafhlöðum
- Lýsir 100 metra
- Þrjár stillingar

[www.vpallar.is](http://www.vpallar.is)



„Náðarstund fyrir norðan“. Söguferð um slóðir Agnesar Magnúsdóttur. Fararstjórn og leiðsögn: Sigrún Valbergadóttir. Innifalið: Rúta frá og til Reykjavíkur - gisting x2 - fullt fæði, leiðsögn. Verð kr. 80.000 dagsetn. 15.–17.5. 8 sæti laus. „Vor í sveitinni“. Fuglaskoðunarferð. Fararstjórn og leiðsögn: Arinbjörn Jóhannsson. Innifalið: Rúta, gisting, fullt fæði, leiðsögn. Verð kr. 170.000. Dagsetning 28.5.–1.6. 10 sæti laus. Nánar á: [www.abbi-island.is](http://www.abbi-island.is) (velja íslensku)



Búskafa frá Harðskafa. Tvær útgáfur af flórsköfu og ein útgáfa fyrir fóðurganga. Hleðsluending allt að 100 mínútur. Stiglaus hraðastilling. Nýtt blað á [www.hardskafi.is](http://www.hardskafi.is) – [sala@hardskafi.is](mailto:sala@hardskafi.is) – S. 555-6520.



Lambheldu hliðgrindurnar. 420 x110. Möskvar 15x10. Frá kr. 29.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776, Aurasel.



Þú finnur Mercury utanborðsmótora hjá Hafsport.is Við bjóðum mótora frá 2.5 til 600 hp. Einnig rafmagnsmótora. Bjóðum upp á sölu og viðgerðarþjónustu og notum eingöngu viðurkenndar olíur og varahluti frá Mercury. Nánari upplýsingar má finna á [hafsport.is](http://hafsport.is), [thjonusta@hafsport.is](mailto:thjonusta@hafsport.is) og í s. 620-5544.



# BÆNDAGEDÐ

## Geðorðin 10

- Hugsaðu jákvætt, það er léttara
- Hlúðu að því sem þér þykir vænt um
- Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
- Lærðu af mistökum þínum
- Hreyfðu þig daglega, það léttir lund
- Flæktu ekki líf þitt að óþörfu
- Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
- Gefstu ekki upp, velgengi í lífinu er langhlaup
- Finndu og ræktaðu hæfileika þína
- Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast

[baendaged.bondi.is](http://baendaged.bondi.is)



## Kvenna athvarf

Opið allan sólarhringinn, sími 561 1205. Húsaskjól og aðstoð fyrir konur sem búa við ofbeldi í nánú sambandi. Einnig er boðið upp á ráðgjafaviðtöl fyrir konur.



### Subaru Legacy 2007

Fjór hjóladrífinn Subaru í fínu standi, ekinn 249 þ km og á heilmikið eftir.

Eitthvað um ryð, vantar annað útblástursrörið af tveimur, erfitt að opna hurð hægra megin farþegamegin.

Stendur við Lönguhlíð 19-25, sendið skilaboð í síma 662-4124, ef áhugi er fyrir hendi.

Öll tilboð athuguð, en setjum á hann 300.000 krónur.

4WD Subaru, pretty good condition, driven 249.000 km but has a lot left

Some rust, one of the two exhaust pipes is missing, difficulty opening the door on the right passenger side.

Located at Lönguhlíð 19-25, send a message, 662-4124 if interested.

All offers considered while we put 300.000 ISK on it.

### STEINULLARBÍLLINN

Sími: 577 4444  
892 9999

Björgvin V. Þórðarson

Steinullarbíllinn. Blásur steinull í loft, hólf og gólf. Blástur þýðir minni kuldabru. Minnkaðu hitatap, lækkaðu kyndikostnaðinn. Blásur í ný og einnig gömul hús, förum um allt land, erum við símann 577-4444.

### NETBERG

Rafverktakar  
S:572-7272


Netberg ehf. býður upp á fjölbreytta þjónustu – allt frá almennri rafvirkjavinnu, netlausnum (Starlink), myndavélakerfum og sólarorkalausnum. Til þjónustu fyrir bíla, ferðavagna, báta og hús. Netberg reddar þessu. S. 572-7272 – hafðu samband í dag.



Dísilhitnar. 5 kw. 12, 24 og 220v. Samsettir. Öll þjónusta. Verð kr. 58.900. Orkubóndinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavík s. 888-1185.



Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.



Langir gámarampar, fyrir 10 tonn. Heitgalvaniserað stál. Heildarlengd: 2.400 mm. Lengd á láréttum fleti: 1500 mm. Lengd á hallandi fleti: 900 mm. Breidd: 2.200 mm. Passa fyrir venjulega vörugáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang: jhh@hak.is



Leiðtogafundurinn í Höfða í Reykjavík árið 1986 – Raunsönn lýsing á atburðarásinni og andrúmsloftinu vafin inn í sendibréfaástarsögu. ÁSTARSAGA fæst á [www.ordlist.is](http://www.ordlist.is) og hjá [s.asmundsdottir@gmail.com](mailto:s.asmundsdottir@gmail.com)

### Einkamál

Vagninn á Flateyri óskar eftir félagsskap á laugardögum í vetur. Viðkomandi þarf að vera fjárhagslega sjálfstæður og skemmtilegur. Ef góð vinátta myndast eru afsláttarkjör í boði. Fullur trúnaður.

Hæ, vildi láta alla vita að nokkur laga minna eru komin á Spotify og YouTube. Sigurlaugur Oddur Jónsson.

### Húsnæði

Fjölskylda óskar eftir húsnæði til langtíma leigu í dreifbýli frá apríl/maí. Útihús eru nauðsynleg. Erna s. 662-5417 [ernasofie85@gmail.com](mailto:ernasofie85@gmail.com)

### Jarðir

Bújörð í Fljótunum óskar eftir ung- bómnda. Húsakostur þarfnast við halds. Opinn fyrir ýmsum hug- myndum. Sendið email á: [preseed.iceland@gmail.com](mailto:preseed.iceland@gmail.com)

### Óska eftir

Óska eftir eins fasa afrúllara, helst á Norðurlandi en skoða allt. Upplýsingar í s. 866-1039 - Kristján.

Kaupi vínýplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, [olisigur@gmail.com](mailto:olisigur@gmail.com)

Á ekki einhver frambúnað af ca 75 hp traktor sem fengist keyptur? Þarf ekki að vera með aflúrtaki. Óskar, s. 860-4514.

### Til sölu

Til sölu MF 135 módel '74. Mótur í góðu lagi. Þarf að taka útlitið í gegn. Upplögð vél til að gera upp. Verð kr. 150.000 Upplýsingar í s. 899-1612, Þórarinn.

Suburban árgerð 2016 til sölu. Með bilaða sjálfskiptingu. Tilboð. Sendið email á: [preseed.iceland@gmail.com](mailto:preseed.iceland@gmail.com)

Til sölu tvö framdekk á dráttarvél, stærðin er: 540x65x24. Adrimax nýlegt, hitt er eldra, af gerðinni Tireli. Upplýsingar gefur Guðmundur í s. 862-4080.

### Þjónusta

Byggingastjórn, ráðgjöf og teikningar, einnig sérsmiði/nýsmiði og viðgerðir á gluggum, hurðum og öðru sem varðar byggingar. Björn s. 869-2159.

**Bændablaðið**  
[www.bbl.is](http://www.bbl.is)

## SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ

# ALLAR GERÐIR TJAKKA



# VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði  
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • [www.vhe.is](http://www.vhe.is) • [sala@vhe.is](mailto:sala@vhe.is)

## Bændablaðið kemur næst út 26. febrúar



# HUGSAÐU STÆRRA MEÐ ÍSLENSKU LÍMTRÉ

Byggðu það sem þú vilt  
úr íslenskri framleiðslu.

limtrevirnet.is



■ **Hagkvæmt og hlýlegt** byggingarefni sem gerir bygginguna þína notalegri.

■ **Lægra kolefnispor** en stál og steypa.

■ **Sveigjanlegt efni** sem hentar fjölbreyttum byggingum.

■ **Svansvottað** með EPD blöð og vottanir sem einfalda byggingarferlið.

**Hafðu samband og kynntu þér möguleikana**

 **LímtreVirnet**

Aðalnúmer: 412 5300 | Netfang: byggingar@limtrevirnet.is

Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes





# AFLVÉLAR

**Fjór hjól**  
til afgreiðslu strax!



**30** years anniversary



**TILBOÐ**  
30 ára afmælisútgáfa

**Mammotion**  
víralausir slátturóbotar



**Kaupauki með öllum tilboðshjólum:**

Farangurskassi, hlífðarplata, bensínbrúsi,  
fram- og afturstuðari o.m.fl.

**LUBA<sup>3</sup>AWD**



360° LiDAR



NetRTK



AI-Vision

**MAMMOTION**



**FORPANTANIR**

GARÐABÆ | SELFOSSI | AKUREYRI | sími 480-0000 | [www.aflvelar.is](http://www.aflvelar.is)

